

ÞORVALDUR GUÐJÓNSSON

Lærir tómstunda-fræði

Nám Bílar Ferðir Börn

allt í MIÐJU BLAÐSINS



VÉLAR OG TÆKI

Vélar á vettvangi framkvæmdanna

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LATIBÆR

Oliver sagður styðja Orkuátakið

Breskir fjölmiðlar áhugasamir um Magnús Scheving

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. janúar 2007 — 9. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Eftirvænting við Hagatorg



Eygló Dóra Davíðsdóttir fiðluleikari, Egill Árni Pálsson tenór og Grímur Helgason klarinettuleikari þreyta frumraun sína með Sinfóníu-hljómsveit Íslands á morgun.

MENNING 24

Arftaki Díönu prinsessu

Kate Middleton, unnu-usta Vilhjálm prins, á margt sameiginlegt með hinni látnu tengdamóður sinni.



FÓLK 26

Jesús

Nafnið Jesús er ekki til í Manna-nafnaskrá.

TILVERAN 14




Sterkur Stjornusigur

Stjarnan vann mikilvægan sigur á Gróttu á útivelli í gær í DHL-deild kvenna.

ÍÞRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓMUGGA SYÐST - Í dag verður vaxandi austan og norð-austan átt sunnan til, 10-18 m/s síðdegis og í kvöld. Hægur annars staðar. Snjókoma eða slydda með suðurströndinni, annars úrkomulítið. Frost 0-12 stig, mildast syðst.

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Frásagnir af andlátí krönnun eru ýktar

Milnes þessu á milli. Söðubakana kynni að eynja áðvíkari af þaukar fæða eiga þu yfir í erlenda mynt. Húta-þarfaðar þaukar fæði þess vegna undan áðvíkari þaukar.

Fjármálafréttir

Frásagnir af andlátí krönnun eru ýktar

Milnes þessu á milli. Söðubakana kynni að eynja áðvíkari af þaukar fæða eiga þu yfir í erlenda mynt. Húta-þarfaðar þaukar fæði þess vegna undan áðvíkari þaukar.

Frásagnir af andlátí krönnun eru ýktar

Milnes þessu á milli. Söðubakana kynni að eynja áðvíkari af þaukar fæða eiga þu yfir í erlenda mynt. Húta-þarfaðar þaukar fæði þess vegna undan áðvíkari þaukar.

Frásagnir af andlátí krönnun eru ýktar

Milnes þessu á milli. Söðubakana kynni að eynja áðvíkari af þaukar fæða eiga þu yfir í erlenda mynt. Húta-þarfaðar þaukar fæði þess vegna undan áðvíkari þaukar.

Vill ræða framtíð veðmála á netinu

Dómsmálaráðherra nefnir möguleika til úrbóta í veðmálastarfsemi á netinu. Um 60 til 70 prósent spilaðfíkla spila á netinu. Formaður Samtaka áhugafólks um spilaðfíkn segir að koma þurfi í veg fyrir að fólk spili á erlendum netsíðum.

VEDMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra telur sjálfsagt að ræða um hvernig beri að haga lögum og reglum um skipan veðmálastarfsemi á netinu hér á landi í framtíðinni. Hann segist ekki hafa tekið afstöðu í málinu.

Björn segir að því hafi verið hreyft við sig óformlega hvort veita beri íslenskum aðilum leyfi til að reka veðmálaþjónustu á netinu. Hann segir að rökin sem nefnd hafi verið því til stuðnings séu að þá renni spilaféð ekki alfarið til erlendra fyrirtækja. Auk þess væri með því hægt að setja reglur til að takmarka áhættu fjárhættuspilara-

anna þannig að þeir geti einungis spilað fyrir ákveðna upphæð.

Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilaðfíkn, sat fund með Birni Bjarnasyni fyrir jól þar sem þeir ræddu þessi mál. Hann segir að 60 til 70 prósent þeirra sem leiti til samtakanna spili á netinu. Hann segist vita til þess að fólk hafi tapað milljónum í fjárhættuspilum þar og nefnir sem dæmi konu sem eyddi á þriðju milljón króna á tíu dögum.

Óvirkur spilaðfíkill á þrítugsaldri segist hafa eytt fimm milljónum í fjárhættuspil á netinu á tveimur árum. Hann byrjaði í spilaðkössun-

um en fór svo að spila á netinu því honum fannst fólkið sem stundaði spilasalina vera „ógeðslegt“. Að sögn mannsins eru spilaðassarnir stökkpallur yfir í fjárhættuspil á netinu.

Júlíus undirbýr greinargerð sem hann ætlar að senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Inntak hennar er að Alþingi þurfi að setja lög til að koma í veg fyrir að Íslendingar misnoti fjárhættuspil. Samkvæmt hugmyndum Júlíusar mun fólk þá ekki geta notað kreditkortin sín á erlendum síðum þar sem hægt er að spila fjárhættuspil.

- ifv / sjá síðu 6



Í SÓL OG SUMARYL Ferðalangar og heimamenn böðuðu sig í sól á Castel-ströndinni við Nice í Frakklandi í gær. Hitabylgja hefur verið í landinu undanfarið og náði hitinn tuttugu gráðum í gær. Á sama tíma er kuldabylgja hér á Fróni.

Hafrannsóknaskipin hafa fundið töluvert magn af loðnu djúpt norður af landinu:

Veiðistofninn loksins fundinn

SIÁVARÚTVEGSMÁL Hafrannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson hafa fundið loðnu á Kolbeinseyjarsvæðinu djúpt norður af landinu. Um hrygningarloðnu er að ræða af þeim árgangi sem á að halda uppi veiðunum á þessari vertíð. Hingað til hefur aldrei tekist að mæla þennan árgang, hvorki sem seiði, unglöðnu eða fullorðna loðnu, þrátt fyrir margítrekaða leitarleiðangra Hafrannsóknastofnunar.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að vart hafi orðið við loðnu á föstudag en skipin þurft að leita vars við Grímsey vegna veðurs. „Það er ekkert hægt að segja um hversu mikið þetta er



MOK Myndin er tekin um borð í loðnuskipinu Beiti NK 123 frá Neskaupstað. Kannski stýttist í svona veislu hjá loðnu-sjóómönnum.

enn þá en skipin vinna nú að mælingum á torfunni. Það kemur væntanlega í ljós á næstu tveimur sólar-

hringum hversu mikið magnið er.“ Mælingar á loðnutorfunni eru gerðar með sérstakri bergmáls-tækni og þegar hafrannsóknaskipin hafa lokið bráðabirgðamælingu er tekin ákvörðun um hvort ástæða sé til nákvæmari mælinga. „Ef í ljós kemur að torfan er stór þá tekur stuttan tíma að gefa út bráðabirgðakvóta út frá fyrstu mælingum. Það er þó alltof snemmt að hugsa um það núna.“

Tvö loðnuskip voru einnig við leit út af Langanesi í gær, á siglingu til móts við hafrannsóknaskipin. Þriðja skipið er á leiðinni á svæðið. Veður var þá ekki hagstætt og töluverð ísingarhætta, sem tefur fyrir skipunum við leit.

- shá



HUGO CHAVEZ Venesúelaforseti ásamt nýjum varaforseta sínum, Jorge Rodríguez, í Caracas í gær.

MYND/AP

Chavez sver embættiseið:

Boðar nýtt þjóð-nýtingaráttak

VENESÚELA, AP Við upphaf nýs sex ára kjörtímabils síns sem forseti Venesúela kynnti Hugo Chavez í gær áform um að þjóðnýta raforku- og fjarskiptafyrirtæki landsins og fleiri róttækar aðgerðir til að gera landið að hrein-sósíalísku hagkerfi.

Chavez, sem sver í dag embættiseið forseta í þriðja sinn, boðaði jafnframt að hann vildi breyta stjórnarskránni til að geta svipt seðlabanka landsins sjálfstæði sínu. Hann myndi enn fremur fela þjóðþinginu, þar sem samherjar hans hafa tögl og hagldir, að samþykkja „röð byltingarlaga“ í formi forsetatilskipana.

- aa

Framsóknarflokkurinn:

Mótar markmið í ESB viðræðum

STJÓRNMÁL Vinna er langt komin innan Framsóknarflokksins í mótun samningsmarkmiða í hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Sérstök Evrópunefnd flokksins, undir formennsku Orra Hlökkverssonar, hefur verið að störfum frá hausti 2005 og mun skila niðurstöðum á flokksþingi Framsóknar í mars.

Orri segir það ekki í verkahring nefndarinnar að kveða upp úr um framtíðarstefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum. Unnið sé samkvæmt ályktun flokksþingsins 2005 sem kveður á um upplýsingaöflun og mótun samningsmarkmiða.

- bps / sjá síðu 2

Lögmenn olíufélaganna:

Krefjast frávísunar málsins

DÓMSMÁL Lögmenn Einar Benediktssonar, Geirs Magnússonar og Kristins Björnssonar, forstjóra olíufélaganna á árunum 1993 til 2001, krefjast þess að máli ákærvaldsins gegn þremmenningunum verði vísað frá. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Einar er enn forstjóri Olís en Geir og Kristinn hafa látið af störfum sem forstjórar Olíufélagssins hf., nú Kers, og Skeljungs.

Ákæran á hendur Einari, Kristni og Geir er í 27 liðum en ákært er vegna almenns samráðs, markaðsskiptingar og samráðs við ákvörðun verðs á söluvörum, afsláttar, álagningar og viðskiptakjara.

- mh / sjá síðu 8

SPURNING DAGSINS



Birgir, á að varpa ASÍ fyrir bord?

„Það er líf eftir Alþýðusambandið, það er ljóst.“

Sjómannafélag Íslands hyggur á úrsögn úr Sjómannasambandinu til þess að losna úr Alþýðusambandi Íslands. Birgir Hólm Björgvinsson, framkvæmdastjóri Sjómannafélags Íslands, segir forystu ASÍ hafa fjarlægst grasrótna.

Tvítugur piltur ákærður:
Kveikti í tveim-ur BMW-bílum

DÓMSMÁL Tæplega tvítugur piltur var í gær ákærður fyrir Héraðs-dómi Reykjavíkur fyrir fíkní-efnabrot, stórfelld eignaspjöll og fjórtán umferðarlagabrot. Öll þessi brot framdi hann á um það bil níu mánaða tímabili.

Eignaspjöllin framdi pilturinn í júlí þegar hann bramlaði tvær BMW-bifreiðar á bílasölu, hellti síðan yfir þær bensíni og kveikti í. Báðar bifreiðarnar eyðilögðust og tvær aðrar sem stóðu nálægt þeim urðu fyrir skemmdum af völdum eldsins.

Þá var pilturinn margoft tekinn við akstur, sviptur ökuréttind-um, auk þess sem hann ók eitt sinn tvisvar á sömu bifreiðina og stórskemmdi hana.

- js

Írakstillögur Bandaríkjaforseta:
Gætu strandað á demókrötum

BANDARÍKIN, AP Daginn áður en George W. Bush Bandaríkjaforseti kynnr breyttar áherslur í Írak lagði Ted Kennedy, öldunga-deildarþingmaður demókrata, fram lagafrumvarp sem meinar forsetanum um aukafjárveit-ingar til að hrinda tillögum sínum í framkvæmd.

Demókratar ráða meirihlutanum á þingi.

Gordon Smith, öldungadeildarþingmaður repúblikana, staðfesti í gær að forsetinn leggi til fjölgun um 20.000 hermenn í Írak. Liðsaukanum væri ætlað að styrkja setulið Bagdad og í Anbar-sýslu, þar sem uppreisnar-menn sunnfia hafa haft sig einna mest í frammi.

- aa

BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER SE 32"

Nýskr. 12.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 23 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð 4.390.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

2 FRÉTTABLAÐIÐ 10. janúar 2007 MIÐVIKUDAGUR

Áhyggjur í Evrópu yfir endurteknum truflunum á flutningi orku frá Rússlandi:
Hörð afstaða Pútíns í olíudeilu

MOSKVA, AP Vladimir Pútín, forseti Rússlands, fyrirskipaði ríkisstjórn sinni í gær að draga úr olúframleiðslu vegna olíudeilunnar við Hvíta-Rússland sem gæti því dregist á langinn.

Rússland skrúfaði fyrir olíu leiðslur í gegnum Hvíta-Rússland til nokkurra Evrópulanda á mánu-dag. Ástæðan er sögð að Hvítrúss-ar ræni olíu úr leiðslunni.

Sérfræðingar segja að olíu-birgðir Hvíta-Rússlands endast í viku í mesta lagi en stjórnvöld neita að tjá sig um stöðuna. Pútín virðist telja dagaspursmál hve-nær Alexander Lúkasjenko, forseti Hvít-rússa, gefi eftir í deil-



JOSE MANUEL BARROSO, FORSETI FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB, OG ANGELA MERKEL, KANSLARI ÞÝSKA-LANDS Gagnrýndu Rússland vegna stöðvunar á olíuinnflutningi til Evrópu. Merkel sagði traust á Rússlandi sem olíuframleiðanda farið.

MYND/AFIP

unni vegna þverrandi olúbirgða í landinu að mati fréttaskýrenda.

Ár er síðan truflun varð á gas-flutningi frá Rússlandi vegna verðdeilu Rússa og Úkraínu-manna. Deilan hefur á ný vakið áhyggjur hve Evrópa er háð Rúss-land um orku.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Angela Merkel, kanslari Þýska-lands, tóku harkalega til orða í gær. „Óviðunandi“ væri að lönd, sem flytji eða framleiði orku, skrúfi fyrir án samráðs.

Merkel sagði að Þýskaland gæti ekki verið háð einum aðila um gas. Aðrir möguleikar væru nýting kjarnorku og endurnýtanleg orka.

- sdg

Framsókn mótar samningsmarkmið

Innan Framsóknarflokksins er mótun markmiða Íslendinga í hugsanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið á lokastigi. Málið hefur verið í vinnslu frá haustinu 2005 og verða niðurstöður kynntar á flokksþingi í byrjun mars.

STJÓRNMÁL Niðurstöður nefndar Framsóknarflokksins, sem falið var að afla upplýsinga og móta samningsmarkmið við Evrópu-sambandið, verða kynntar á flokksþingi framsóknar í mars-byrjun.

Orri Hlöðversson, formaður nefndarinnar, segir talsverða vinnu við upplýsingaðflun að baki og fram undan sé að vinna úr gögnunum og draga saman niður-stöður.

Nefndin hóf störf í ágúst 2005 og hefur starfað samkvæmt álykt-un flokksþings frá í febrúar sama ár. Í nefndinni sitja tveir fulltrú-ar hvers kjördæmis, auk þing-flokksformanns og þingmanna Framsóknarflokksins í utanríkis-málanefnd Alþingis.

Orri tekur skýrt fram að það sé ekki í verkahring nefndarinnar að kveða uppúr um hvort Fram-sóknarflokkurinn eigi að stíga einhver skref í átt til Evrópusam-bandsins eða ekki. „Við höfum ímyndað okkur að við séum í aðildarviðræðum án þess að taka afstöðu til þess hvort við eigum að fara í þær eða ekki.“

Nefndin hefur fjallað um helstu málaflokka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur til og segir Orri Ísland njóta sömu stöðu og Evrópusambandsríkin hvað þá áhrærir. „Við erum fylli-lega í takti við Evrópusambandið í þessum helstu málaflokkum sem við höfum unnið eftir,“ segir hann og nefnir vinnumarkaðsmál, umhverfismál og fjármagnsmark-aði. „Við erum miklu Evrópu-væddari heldur en við gerum



FRAMSÓKNARMENN PINGA Á myndinni eru meðal annarra Hjálmar Árnason þingflokksformaður, Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður Framsóknar-flokksins, og Ísólfr Gylfi Pálmason, fyrrverandi þingmaður. Myndin er tekin á fundi miðstjórnar á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



okkur grein fyrir dagsdaglega.“ Útaf standi klassísk ágreinings-mál á borð við landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, með þau hafi verið unnið sérstaklega og verða samningsmarkmið skilgreind. Sama gildi um öryggis- og varnar-

mál í viðum skilningi og svo mynt-mál.

Nefndarmenn koma úr ýmsum áttum og hafa ólíkar skoðanir á Evrópumálum. Í hópnum eru stjórnarmenn í Evrópusamtökun-um og fyrrum stjórnarmaður í Heimssýn – samtökum sem telja það ekki samrýmast hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Orri segir nefndarmenn hafa reynt að halda sig á ópólitískum nótum og nálg-ast viðfangsefnið með faglegum hætti. Þá hafi álita sérfræðinga á einstökum málum verið leitað.

Flokksþing Framsóknarflokks-ins verður haldið í Reykjavík dag-ana 2. og 3. mars. bjorn@frettabladid.is

Á hraðferð í heiminn:
Sexburar litu dagsins ljós

KANADA, AP Sexburar komu í heiminn í Kanada síðastliðna helgi, eftir aðeins sex mánaða dvöl í legi móður sinnar. Börnin vega aðeins 700 til 800 grömm og eru ekki mikið stærri en svo að þeir rúmast í lófa. Fyrsti sexburinn fæddist á laugardagskvöld og hinir fimm fylgdu í kjölfarið á sunnudagsmorgun.

Frægasta fjölburafæðing í Kan-ada hingað til var þegar Dionne-fimmburarnir fæddust árið 1934. Fæðingu þeirra var fagnað sem læknisfræðilegu kraftaverki en sorgleg örlög biðu þeirra. Yfirvöld dæmdu foreldra þeirra óháfa til að ala börnin upp.

- sdg



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Kaupþing hefur haldið sig frá evrópskum skuldabréfa-markaði í heilt ár, en tók fyrsta skrefið inn á hann aftur þegar góð kjör buðust í Sviss.

Skuldabréf fyrir 11,5 milljarða:
Kröfur lækka um ávöxtun

VIÐSKIPTI Kaupþing gekk í gær frá útgáfu skuldabréfa til þriggja ára í Sviss fyrir sem nemur 200 milljónum svissneskra franka, eða 11,5 milljörðum króna.

Guðni Niels Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings, segir kjörin með þeim bestu sem bankanum hafa boðist í nokkurn tíma, 28 punktar yfir LIBOR millibankavöxtum. Í sambærilegri útgáfu í Bandarík- unum fyrir áramót voru kjörin 70 punktar. „Við vildum vera vissir um að fara ekki aftur inn á Evrópumarkað nema að góð kjör væru í boði. Þetta sýnir að ávöxtunarkrafan á Kaupþing er að lækka,“ segir hann, en útgáfan er sú fyrsta hjá bankanum á Evrópumarkaði í rúmt ár.

- óka

Smyglari í Norrænu:
Tekinn með 40 hylki af sterum

LÖGREGLUMÁL Sterar og vaxtar-hormón fundust í bíl í Norrænu í gær af tollgæslunni á Seyðisfirði. Lögreglan sagði efnin falin í farangri: 200 stykki af vaxtar-hormónum og 40 hylki af sterum. Bílinn átti þar á þritugsaldri og viðurkenndi karlmaðurinn að efnin væru til eigin nota. Kaupverð er um hálf milljón króna.

- kdk

Enn ber á því að illa sé farið með erlenda starfsmenn á vinnumarkaði:
Varð að fara án launa sinna

VINNUMARKAÐUR Enn ber á því að illa sé farið með erlent vinnuafl á íslenskum vinnumarkaði. Youss-ouph Bayo frá Senegal bjó og starfaði á Íslandi í hálf t. Hann hafði búið á Spáni í fimmtán ár þegar hann kom til landsins í júlí.

Hjá Útlendingastofnun fékk hann þær upplýsingar að hann ætti að finna vinnu og vinnuveit-andinn myndi síðan útvega honum leyfi og kennitölu. Það gekk ekki eftir.

Youssouph Bayo, sem í gær bjóst við að yfirgefa landið í morg-un, segir að hann hafi starfað í hálf t. ár við garðyrkjustörf og hellulagnir hjá Má Ívari Henrys-syni, eiganda Járnvirkjans. Youss-ouph segir að á þessum tíma hafi hann búið hjá vinnuveitandanum í Meðalholti og aðeins fengið tíu og fimmtán þúsundkall í laun öðru hvoru.

Youssouph missti þolinmæðina um áramótin og óskaði eftir laun-unum en segir að þá hafi Már tekið af honum útidyralkilinn og lokað hann úti. Youssouph hafði sam-band við lögreglu, Vinnumála-stofnun og Trésmiðafélag Reykja-víkur til að innheimta launin sín. Halldór Jónasson, starfsmaður Trésmiðafélagsins, segist hafa reynt að hafa samband við vinnu-veitandan en án árangurs. Hann telur ekki mikla von um að inn-heimta takist.

Ekki náðist í Má Ívar Henrys-son, eiganda Járnvirkjans, í gær.

- ghs

ÓLÖGLEGUR Á ÍSLANDI Youssouph Bayo var ólöglegur við störf á Íslandi í hálf t. ár í fyrra. Hann telur sig eiga inni vangoldin laun hjá vinnuveitandanum. Hann bjóst við að fara úr landi í morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VAGLARUR



Útkall!



**Bjóðum fjölda flugsæta á frábæru verði,
frá 6.465 kr., aðra leið með sköttum!**

» Gefðu skammdeginu frí og skelltu þér til London, Kaupmannahafnar, Berlínar eða Friedrichshafen! Í tilefni af því að fjögur ár eru liðin síðan Iceland Express hóf sölu flugmiða bjóðum við fjölda flugsæta frá 11. janúar til 31. mars á sérstöku tilboðsverði.

Lægsta verð er aðeins 6.465 kr. aðra leið með sköttum og hefst sala á hádegi í dag kl. 12! Um er að ræða valdar dagsetningar til og frá Íslandi og er sætaframboð takmarkað.

Þú bókar á icelandexpress.is

**SALA HEFST
KL. 12:00 Í DAG**



Iceland Express



GENGIÐ 09.01.2007			
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	70,66	71,00
	Sterlingspund	137,27	137,93
	Evra	92,03	92,55
	Dönsk króna	12,348	12,420
	Norsk króna	11,164	11,230
	Sænsk króna	10,119	10,179
	Japanskt jen	0,5928	0,5962
SDR		105,66	106,28
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
		126,3699	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



HALASTJARNAN MCNAUGHT Halastjarna er brot úr ís, bergi og ryki á sporöskjula sporbaug um stjörnu sólkerfis.

Halastjarnan McNaught:
Sést vel með
berum augum

STJÖRNUFRÆÐI Halastjarnan McNaught sást vel á vesturhimni í gærkvöldi, en hún er á leið sinni gegnum innri hluta sólkerfisins. Í morgunsárið er hægt að sjá halastjörnuna, sem er í um hundrað milljón kílómetra fjarlægð frá jörðu, í austri.

Búast má við að halastjarnan sjáist fram til 14. janúar. Þegar hún fer sem næst sólinni er hún helmingi nær henni en Merkúr, sem er sú pláneti sólkerfisins sem er næst sólu.

Ping Framsóknarflokksins:
Á Hótel Sögu í
byrjun mars

STJÓRNMÁL Flokksþing framsóknarmanna, hið 29. í röðinni, verður haldið dagana 2. og 3. mars á Hótel Sögu í Reykjavík. Þingið er framhald þingsins sem haldið var í ágúst síðastliðnum en meginefni þess var að kjósa flokknum forystu. Fyrir þinginu nú liggur að fjalla um pólitísk málefni og leggja drög að kosningabaráttu vorsins.

Óskað hefur verið eftir athugasemdum vegna breytinga á aðalskipulagi:

Vill nýta orkuna heima fyrir

VIRKJANIR „Mér finnst það vera grundvallaratriði við veitingu framkvæmdaleyfa að framkvæmdirnar nýtist til uppbyggingar í næsta nágrenni við auðlindarnar. Miðað við þau áform sem uppi eru [stækkun álvers Alcan í Straumsvík] þá er ekki gert ráð fyrir því að orkan sem verður til vegna nýtingar auðlinda verði nýtt í heimahéraði og það er umhugsunarefni,“ segir Sigurður Jónsson, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en sveitarstjórnir sjá um að veita framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda.

Þegar hefur verið auglýst eftir athugasemdum vegna vinnu við aðalskipulag í uppsveitum Árnessýslu, það er Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



URRÍÐAFOSS Hann verður virkjaður nái áætlanir fram að ganga.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐURBOGI

við orkuafhendingu á tilsettum tíma,“ segir í fréttatilkynningu frá Landsvirkjun 15. desember síðastliðinn. Virkjunarleyfi hefur ekki verið gefið út af iðnaðar ráðuneytinu og þá eiga sveitarstjórnir í uppsveitum Árnessýslu eftir að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdaleyfi verður veitt.

- mh

Lækkun matarverðs minni en lofað var

Geir H. Haarde er sagður hafa staðið klaufalega að kynningu á lækkun virðisaukaskatts og lofað upp í ermina á sér. Verð lækki ekki um sextán prósent heldur níu til tíu prósent. Mjólkurverð hækkar ekki en það heitir raunlækkun.

VERÐLAG Yfirlýsing Geirs H. Haarde forsætisráðherra um að matarverð myndi lækka um allt að sextán prósent vegna lækkunar virðisaukaskatts hinn 1. mars var hraðsoðin og klaufaleg að mati Sigurðar Jónssonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu.

Á kynningarfundinum í október sagði Geir að ein afleiðing lækkunarinnar verði sú að matvæla-verð á Íslandi gerist sambærilegt meðalverði á Norðurlöndunum.

„Það er hálfgrætilegt að svo gott mál hafi verið hálfskemmt með slæmri kynningu,“ segir Sigurður, en hann telur tillögur Geirs „sveipaðar þoku“.

Sigurður bendir á að í nýjum útreikningum fjármálaráðuneytisins sé raunlækkunin 14,8 prósent. Af þeim séu hins vegar um tvö prósent til komin vegna lækkunar á veitingastöðum, 1,5 prósent vegna óútskýrðrar tollalækkunar á innfluttu kjöti og 0,8 prósent vegna þess að mjólkurverð hækki ekki.

„Hvernig það að hækka ekki leiðir til lækkunar, það er hagfræði sem við skiljum nú ekki alveg,“ segir Sigurður. Sé allt þetta dregið frá heildinni verði lækkun matarverðs í verslun um 10,6 prósent, að mati ráðuneytisins. „Við teljum að níu til tíu prósent lækkun á um sjöttíu prósentum af matarkörfunni sé nærri lagi,“ segir Sigurður og vill ekki ganga lengra fyrr en botn faist í fyrirhugaða tollalækkun á kjöti, sem sé enn óútfærð nánar.

Í forsætisráðuneytinu varð Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoð-



GRÆNMETI Það kemur líklega til með að lækka nokkuð minna en lofað var, þegar lækkun virðisaukaskatts á matvæli var kynnt.



SIGURÐUR JÓNSSON HJÁ SVP

armaður forsætisráðherra, fyrir svörum. Hún tekur ekki undir að yfirlýsing Geirs hafi verið vanhugsuð og telur að gagnrýni á lækkunina hafi að mestu verið svarað í bréfi til talsmanns neytenda fyrir jól, en þar stendur að utan kjöts, mjólkur og veitinga-

staða, geti lækkunin leitt til „rúmlega 10 prósent lækkunar á matvæla-verði“.

Um mjólkurverðið segir Ragnheiður að það sé hártogun að kalla þróun þess annað en lækkun: „Á hagfræðimáli þýðir „óbreytt verð“ raunlækkun.“

Spurð um eðli og áhrif boðaðrar fjórutíu prósent lækkunar á tollum á innfluttu kjöti, vísaði Ragnheiður á landbúnaðarráðuneytið. Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri þar, mun vera einn um að svara fyrir tollamál í ráðuneytinu. Hann svaraði hins vegar ekki blaðamanni, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gær.

klemens@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir:
Greiðslur reiknaðar á ný

FÉLAGSMÁL Tekin hefur verið ákvörðun hjá tveimur lífeyrissjóðum að fresta skerðingu eða niðurfellingu greiðslna til örorkulífeyrisþega til vors. Það eru lífeyrissjóðirnir Gildi og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sem ætla að reikna út greiðslurnar að nýju með því að framreikna greiðslur í samræmi við launavísitölu eins og Öryrkjabandalagið hafði krafist.

Ekki er vitað hvort hinir lífeyrissjóðirnir tólf geri hið sama en Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóða, segir málið til umfjöllunar þar.

- kdk



BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA Klappar Lúlla löggubangsa vinalega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögreglufréttir úr heimabyggð:

Ný kynningar-síða lögreglu

LÖGREGLUMÁL Íbúar á höfuðborgarsvæðinu geta nú skráð sig inn á nýja kynningarsíðu lögreglunnar og fengið sendar fréttir úr sínu hverfi. Dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, skráði sig inn á fréttavef Hlíðahverfisins, þar sem hann býr, er hann heimsótti höfuðstöðvar lögreglu höfuðborgarsvæðisins, eftir að hann hafði formlega opnað kynningarsíðuna.

Að því búnu undirrituðu ráðherra og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, nýtt skipurit í upplestrarsal lögreglustöðvarinnar.

- jss

Ný lóð við Rjúpnahæð:
Felldu tillögu Ólafs Pórs

STJÓRNMÁL Bæjarstjórn Kópavogs felldi í gær tillögu Ólafs Pórs Gunnarssonar, fulltrúa Vinstri grænna, um að fresta frekari undirbúningsvinnu við stofnun nýrrar lóðar við Rjúpnahæð á meðan hugur eigenda nærliggjandi lóðar yrði kannaður. Ólafur greiddi einn atkvæði með tillögu sinni.

Vildu aðrir bæjarfulltrúar fara hefðbundna leið og skipuleggja lóðina og auglýsa síðan eftir athugasemdum.

- gar



Sykurskert
Kókómjólk



KÓKÓ
mjólk

helmingi léttari!

Sykurskerta Kókómjólkinn inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.

Yfir 80% af mjólkursykri-num hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursþöpl.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

DREGUR ÚR FROSTI

Það er lægð á leiðinni upp að sunnanverðu landinu. Við það dregur úr frosti syðra en lengst af í dag verður talsvert frost norðan og austan til. Þegar lægðin nágast fer að snjóa við suðurströndina og í kvöld eru horfur á að loftið við sunnanvert landið mjakist yfir frostmarkið. Gerist það gæti úrkoma þrást yfir í slyddu eða rigningu. Næstu dagar verða fremur kaldir.


VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Austan og norðaustan	2°C	alskjáð
5-10, hvassast síðdegis.	4°C	hálfskjáð
Skýjað og úrkomulltið.	8°C	hálfskýjað
Minnkandi frost.	8°C	hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

VEÐURSPÁ


um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C	rigning	London	12°C	rigning
Þórshöfn	2°C	alskjáð	Paris	12°C	hálfskýjað
Oslo	4°C	hálfskýjað	Frankfurt	13°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	8°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	9°C	skúrir
Gautaborg	8°C	hálfskýjað	Berlin	11°C	hálfskýjað

» á morgun



» föstudagur



Alicante	20°C	hálfskýjað
Mallorca	18°C	heiðskirt
Algarve	14°C	hálfskýjað
Krit	17°C	hálfskýjað
Las Palmas	20°C	hálfskýjað

Blásu á keppinautana!

Hinnir og haf / SIA - 9070015



Besta ávöxtunin 2006

Eins og þessar nótur sýna voru SPRON Verðbréf með langbestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **43,18%***.

Um er að ræða **Alþjóðlegan hlutabréfasjóð**, en markmið hans er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu sem hentar sérlega vel fyrir þá sem vilja fjárfesta til langs tíma.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is


VERÐBRÉF

Vegmúla 2 - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun árið 2006 á alþjóðlegum hlutabréfasjóðum-global, reknur af innlendum rekstrarfélögum skv. www.sjodir.is

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

KJÖRKASSINN

Yfirlýsing frá borgarstjóra: Fjölgun kassa um 4 prósent ekki hundrað

BORGARMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri vill koma á framfæri leiðréttingu vegna umræðu um uppsetningu spilasalara í verslunarmiðstöðinni í Mjódd í fjölmiðlum undanfarna daga.

„Pau mistök voru gerð við samanburð spilakassa árið 2004 og 2006 að borinn var saman fjöldi spilakassa í Reykjavík árið 2004 og á landinu öllu árið 2006. Árið 2004 voru samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fjöldi spilakassa í Reykjavík 492. Á þeim tíma var heildarfjöldi á landinu 933.

Í lok ársins 2006 var heildar-fjöldi spilakassa kominn í 970 (fjölgað hjá HHÍ um 40 síðastliðin tvö ár). Ekki er vitað hvað fyrirhugað er að setja upp marga spilakassa í Mjóddinni. Um leið og beðist er velvirðingar á þessum tölulegu mistökum er dapurlegt til þess að hugsa að 970 spilakassar séu í gangi dag hvern í landinu.“

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ók á ljósastaur

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum á Kringlumýrarbraut við Fossvog með þeim afleiðingum að hann ók á ljósastaur. Slysíð varð um þrjú leytið í gær. Meiðsl mannsins voru ekki talin alvarleg en hann var fluttur á slysa-deild. Bíllinn skemmdist mikið.

Missti stjórn á bíl í hálkú

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálkú á Snæfellsnesvegi við Hitardal með þeim afleiðingum að hann hafnaði utan vegar. Ökumann sakaði ekki. Lögreglan í Borgarnesi vill vara fólk við því að mikil háлка hefur verið á svæðinu undanfarið. Margir hafi ekki aðstæður í huga við akstur.

Steve Jobs, forstjóri Apple, kynnti nýja tegund farsíma á ráðstefnu í San Francisco:

Apple heldur á farsímamarkað

TÆKNI Steve Jobs, forstjóri tölvufyrirtækisins Apple, tilkynnti innreið Apple á farsímamarkaðinn í gær. Símtækið iPhone er GSM-sími, tónlistar- og myndbandsspilari með breiðskjá, lófátölva með þráðlausri nettengingu og myndavél.

Tækinu er stjórnað með snertiskjá, en engir hefðbundnir takkar eru á því. Skjárinn, sem er 3,5 tommur á stærð, hefur hærri upplausn en þekkt hefur hingað til. Tveggja megapixla myndavél er einnig í tækinu, sem er tæpir tólf millimetrar á þykkt. Fjögurra eða átta gígabæta geymslupláss er til staðar, allt eftir útgáfum. Til sam-

anburðar er hægt að geyma um það bil eitt þúsund lög á fjögurra gígabæta minniskubbi.

iPhone mun kosta fimm til sex hundruð dollara í Bandaríkjunum, en hann verður fyrst seldur í júní. Evrópubúar þurfa að bíða lengur eftir tækinu, en Apple-menn segja iPhone koma til Evrópu í lok þessa árs.

Auk iPhone var tilkynnt um breytingu á nafni fyrirtækisins úr Apple Computers Inc. í Apple Inc. Einnig var aukin samvinna Google og Apple rædd.

Hlutabréf í Apple ruku upp um sjö prósent við fréttir af tækinu nýja.



IPHONE Tækið er GSM-sími, tónlistar- og myndbandsspilari með breiðskjá, lófátölva með þráðlausri nettengingu og myndavél, allt í senn.

Kona kom að innbrotsþjófi: Þjófur upptekinn í farsíma

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík leitar manns sem braust inn í íbúð á jarðhæð við Leifsgötu í gær. Þegar konan sem býr í íbúðinni kom heim sá hún mann standa fyrir utan með fartölvuna hennar í hendinni. Hann var að ræða í síma og heyrði hún hann segja. „Nú get ég borgað þér.“

Auk fartölvunar hafði þjófurinn vegabréf og greiðslukort á brott. Samkvæmt lýsingu var maðurinn um þrítugt, klæddur í svarta úlpu með hvítum loðkraga, dökkhærður og stuttklippur.

Lögreglan segist hafa góðkunningja grunaðann um verknáðinn.

Tapa milljónum á netinu

Formaður áhugasamtaka um spilafíkn vill loka landinu fyrir erlendum spilasíðum. Sumir sem spila á netinu íhuga sjálfsvíg. Dómsmálaráðherra nefnir aðgerðir til að koma í veg fyrir að spilaferni renni úr landi og til að takmarka fjárhagslega áhættu þeirra sem stunda fjárhættuspil á netinu.

SPILAFÍKN Á síðustu tveimur árum hefur því fólk fjölgað gífurlega sem spilar fjárhættuspil á netinu, segir Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS). Hann vill loka landinu fyrir erlendum fjárhættuspilasíðum, en um 60 til 70 prósent þeirra sem leita til samtakanna spila fjárhættuspil á netinu.

„Í síðustu viku hringdi í mig maður og sagði mér að konan hans væri búin að eyða á þriðju milljón króna í fjárhættuspil á netinu á nokkrum dögum,“ segir Júlíus. Að sögn Júlíusar var konan alltaf að spila í spilakössunum, en byrjaði svo að spila á netinu. „Spilafíklar flýja inn á heimili sín og spila í einrúmi svo þeir verði síður stimplaðir,“ segir Júlíus, og bætir því við að hann viti um að minnsta kosti fjóra spilafíkla sem frömdu sjálfsvíg árið 2006.

MUNU EKKI GETA NOTAÐ KORTIN

Ef íslenskum lögum verður breytt eins og Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks, vill munu Íslendingar ekki geta notað íslensk kreditkort til að spila fjárhættuspil á erlendum netsíðum. Íslendingar munu geta farið inn á heimasíðurnar en ekki spilað á þeim.

Að sögn Júlíusar verður það á ábyrgð kreditortafyrirtækjanna að sjá til þess að Íslendingar geti ekki notað kortin á síðunum. Það verður ólöglegt fyrir kortafyrirtækin að leyfa veðmalafyrirtækjunum að taka út af kortunum. Samkvæmt hugmyndum Júlíusar munu veðmalafyrirtæki á netinu þurfa að sækja um leyfi til íslenskra stjórnvalda til að bjóða upp á veðmalapjónustu.



SPILAFÍKN Á NETINU Spilafíklar eyða margir hverjir milljónum í fjárhættuspil á netinu.

VILDI EKKI LÁTA SJÁ SIG Í SPILASÖLUNUM

Óvirkur spilafíkill á þrítugsaldri, sem vill ekki láta nafn síns getið, segist hafa tapað fimm milljónum í fjárhættuspilum á netinu á tveggja ári tímabili. Maðurinn var í vinnu en spilaði fjárhættuspil á netinu inni á heimili sínu á næturnar, aðallega póker.

Hann segist hafa byrjað í spilakössunum en svo fór hann að spila á netinu eftir að hafa séð auglýsingar frá fjárhættuspilasíðum á íþróttasíðum netmiðla. „Mér fannst betra að spila heima hjá mér á netinu því mér fannst fólkið sem stundaði spilakassasalina svo ógeðslegt; ég vildi ekki láta sjá mig með þessu liði. En svo var ég auðvitað ekkert skárrí sjálfur,“ segir maðurinn og bætir því við að hann telji að yfirleitt byrji menn að nota spilakassana en fari svo að spila á netinu. „Spilakassarnir eru

stökkpallur yfir í fjárhættuspil á netinu. Maður er miklu fljótrari að eyða háum fjárhæðum þar á skómmum tíma,“ segir hann og bætir því við að spilavítin séu nú komin inn á heimilin.

Hann segist hafa hætt að spila á netinu fyrir um einu og hálfu ári, hann hafi ekki haft efni á því lengur því hann var orðinn svo skuldugur. Þá byrjaði hann aftur að spila í spilakössunum um tíma en hætti því fyrir um ári síðan eftir að hafa leitað til Samtaka áhugafólks um spilafíkn. „Ég gat þetta ekki lengur út af konunni minni og barni og samviskuþitið sem fylgdi þessu var þvillíkt. Mér fannst ég vera alger aumingi á þessum tíma,“ segir maðurinn.

Samanlagt segist maðurinn hafa eytt tugum milljóna í fjárhættuspil meðan hann stundaði þau.

Veldu létt og mundu eftir ostinum!

Karlmaður á Akureyri grunaður um að tæla unga drengi upp í bíl sinn: Foreldrar og börn óttaslegin

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri leitar manns sem hefur reynt að tæla þrjá drengi upp í bíl til sín í grennd við Síðuskóla. Drengirnir eru átta og níu ára.

Ólafur B. Thoroddsen, skólastjóri Síðuskóla, segist fyrst hafa heyrt af málinu á mánudaginn en þá hafi móðir eins drengjanna haft samband við hann. Drengurinn hafði sagt móður sinni frá því að á meðan hann var að leika á leikvelli skólans eftir að kennslu lauk hafi maður komið og reynt að lokka hann inn í bíl til sín. Á eftir tilkynnti móðirin um málið til lögreglunnar og segir Ólafur þá hafa komið í ljós að sömu ábendingar hefðu þegar verið tilkynntar.

Enginn drengjanna þáði boð mannsins og gátu þeir gefið lögreglu góðar upplýsingar um útlit bílsins sem hann ók en lýsing á



SÍÐUSKÓLI Maðurinn sem lögreglan leitar að hefur reynt að tæla litla drengi upp í bíl sinn þegar þeir hafa verið að leika í nágrenni skólans.

manninum sjálfum var ekki eins greinileg. Foreldrar barna við skólann hafa verið beðnir um að brýna fyrir börnum sínum að fara ekki upp í bíla hjá ókunnugum og láta vita ef þau fá slík boð. „Það eru heilagar reglur. Við erum öll mjög uggandi yfir þessu og erfitt

að vita af svona máli,“ segir Helga Þórey Sverrisdóttir, foreldri drengs við skólann. „Þetta má ekki fara út í mágsefjun en auðvitað eru allir hræddir, ekki síst börnin. Þetta er mjög óhugnanlegt mál og vonandi finnst þessi maður hið snarasta.“

OG NÚ ER FJÖR

rýmum fyrir nýjum vörum

Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



Sængurver

15-30% afsláttur



Hægindastólar

25-30% afsláttur



Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

Svefnsófar

15-30% afsláttur



Gravity Zero

Stillanleg rúm á
ótrúlegu tilboði



Tempur Premium

Örfá eintök af þessu
frábæra stillanlega rúmi
á kr. 360.000,-



Crown heilsurúm

160x200 með botni
og löppum á aðeins
kr. 84.900,-

Lítið útlitsgölluð rúm

á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn



Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir sænski utanríkisráðherrann sem hefur verið sakaður um að þiggja mútur frá rússnesku fyrirtæki?

2. Í hvaða landi er verðlag rúmlega 47 prósentum hærra en í löndum þar sem evra er gjaldmiðill?

3. Hvað heitir íslenski sjónvarpsmaðurinn sem lést í Skotlandi á sunnudaginn, 77 ára að aldri?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Sprengingin í Madrid í lok árs: **ETA lýsti yfir ábyrgð í gær**

MADRID, AP Aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, lýstu yfir ábyrgð á sprengjutilræðinu í Madrid 30. desember sem varð tveim mönnum að bana og slasaði 26 manns.

Tilkynningin kom í kjölfar þess að tveir meintir ETA-meðlimir voru handteknir í Frakklandi.

ETA ásakaði stjórnvöld fyrir að hafa ekki rýmt bílastæðakjallara flugvallarins sem sprengingin varð í þrátt fyrir þrjár viðvaranir um nákvæma staðsetningu sprengjunnar.

- sdg



KOMIÐ OG DANSIÐ!

LÆRÐU LETTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM! NÆSTU NÁMSKEIÐ 13. og 27. janúar

Námskeið vor 2007

- Svingnámskeið :** 13. og 27.janúar - 10. og 24.febrúar 10. og 24.mars - 14.apríl
- Línudansar** á þriðjudagskvöldum – Stök kvöld Námskeiðin hefjast 16.janúar
- Verðum ballfær – Blandaðir dansar** Hvert námskeið er 4 sunnudagskv. Kl. 20.30 – 22.30 Námskeiðin hefjast 14.janúar, 11.febrúar og 11.mars
- Salsa** Byrjendanámskeið 27.janúar Framhaldsnámskeið 10.febrúar
- Glidende Gásving** Byrjendanámskeið 24.febrúar
- Framhaldssving – Silfurmolar** 14.janúar kl. 16.30

Sjá dagskrá á heimasíðu www.komidogdansid.is

557 7700

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík kod@komidogdansid.is

8FRÉTTABLAÐIÐ10. janúar 2007MIÐVIKUDAGUR

Fasteignaskattar hækka mest

GJALDSKRÁRHÆKKANIR Fasteignaskattar af íbúðarhúsnæði lækka á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ og Reykjavík en haldast óbreyttir í Vestmannaeyjum. Hjá öðrum hækka fasteignaskattar um tíu til átján prósent. Þetta kemur fram í upplýsingum sem Verðlagseftirlit ASÍ hefur tekið saman.

Mest hækka fasteignaskattar

Hvað er fasteignaskattur? Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði sem hlutfall af fasteignamati, holræsgjöld og sorphirðugjöld. Lóðarleiga og vatnsskattar eru innheimt með fasteignagjöldunum.

í Skagafirði, eða um 17,7 prósent, á Ísafirði, í Fjarðabyggð og Garðabæ en mest lækka þeir á Seltjarnarnesi, um tólf prósent.

Álagningarprósenta holræsgjalda hækkar um átján prósent á Ísafirði. Þegar tekið hefur verið tillit til fasteignamats hækka holræsgjöld í öllum sveitarfélögum um 10-30 prósent nema í Vestmannaeyjum.

Sorphirðugjöld hækka í öllum sveitarfélögum nema í Árborg. Á Ísafirði hækka þau um helming. Þar eru gjöldin 29 þúsund krónur á ári en 7.200 krónur á Seltjarnarnesi.

Leikskólagjald fyrir átta tíma viston með fæði hækkar mest milli ára í Fjarðabyggð, eða um

Landssamtök landeigenda: **Berjast fyrir eignaréttinum**

ÞJÓÐLENDUMÁL Landssamtök landeigenda verða stofnuð á Hótel Sögu hinn 25. janúar. Samtökunum er ætlað að berjast fyrir því að eignaréttur landeigenda að jörðum þeirra sé virtur í svokölluðu þjóðlendumáli.

Stofnun samtakanna á rætur að rekja til fjölmenns baráttufundar gegn þjóðlendukröfum ríkisins á austanverðu Norðurlandi, sem haldinn var í haust. Fundarmenn kröfðust þess að fjármálaráðherra afturkallaði kröfur ríkisvaldsins í þinglýstar eignir í Þingeyjarsýslu. Jafnframt skoruðu þeir á ráðherra að endurskoða þjóðlendulögin.

- ghs

rúm ellefu prósent. Mest er lækkunin í Kópavogi og Hafnarfirði, tæp 23 prósent. Skóladagvist og aðrar almennar gjaldskrár hækka víða um fimm til tíu prósent. Útsvarsprósentan helst óbreytt.

- ghs

ÍRAK

Barist í Bagdad Íraskir og bandarískir hermenn áttu í gær í höggi við vel vopnum búna uppreisnarmenn í miðborg Bagdad. Átökin upphófust er skæruliðar réðust á varðstöðvar íraska stjórnarsins.

JAPAN

Fullgilt varnarmálaráðuneyti Japansstjórn, undir forystu hægri-mannsins Shinzo Abe, ákvað í gær að gera varnarmálaskrifstofu forsætisráðuneytisins að fullgildu varnarmálaráðuneyti. Er þetta liður í stefnu Abes um að styrkja og nútímavæða japanska herinn.

Lögmenn lögðu fram kröfu um frávísun

Lögmenn forstjóra olíufélaganna á árunum 1993 til 2001 krefjast frávísunar á málinu. Erum ekki að reyna að tefja þetta mál heldur viljum aðeins fá fram rétta niðurstöðu, segir lögmaður Kristins Björnssonar. Forstjórnarnir neituðu að tjá sig.



ÚR DÓMSAL Í GÆR Einar Benediktsson, Ragnar Tómas Arnason lögmaður, Geir Magnússon og Kristinn Björnsson sjást hér í dómali í Héraðsdómi Reykjavíkur. Lögmaður Einars er Gísli Baldur Garðarsson og lögmaður Kristins er Ragnar H. Hall.

FRÉTTABLAÐIÐ/STÖÐ2

það liggja fyrir álit fræðimanna um það að það séu ekki skilyrði til þess að gefa út ákæru. Saksóknari á ekki að gefa út ákæru nema að hann telji að það séu meiri líkur en minni á því að menn verði sakfelldir samkvæmt ákæru. Mér

SEX RÖK LÖGMANNA ÁKÆRÐU FYRIR FRÁVÍSUN

- Ákæra í málinu er ekki í samræmi við fyrirmæli í lögum um meðferð opinberra mála. Verknáðarlýsing óskýr hvað varðar ætlaða refsiverða háttsemi. Ákæran „hlaðin skriflegum útlistunum og málflutningi um ætlaða refsiverða háttsemi þeirra félaga sem ákærðu stýrðu sem ekki á heima í ákæruskjali.“ eins og orðrétt stendur í skriflegri frávísunarkröfu lögmanna ákærðu.
- Einstaklingur verður ekki gerð refsing við þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru.
- Ákæran er ekki reist á viðhlitandi rannsókn sakargifta.
- Við rannsókn málsins og útgáfu ákæru hefur verið brotið gegn reglum um réttarstöðu sakborninga með þeim hætti að ekki verður bætt úr undir rekstri málsins.
- Útgáfa ákæru í málinu er andstæð jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.
- Refsikrafa í málinu er andstæð banni við því að leggja oftan en einu sinni refsingu á aðila fyrir sömu háttsemi.

Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil	Innlausnarverð* á kr. 10.000,-
1989 2. fl. A 10 ár	15.1.2007 til 14.1.2008	kr. 46.223

* Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Lánasýslu ríkisins að Borgartúni 21, 2. hæð, hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 og í bönkum og sparisjóðum um land allt.

Reykjavík, 10. janúar 2007



LÁNASÝSLA RÍKISINS

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Söfnun upplýsinga um tjón vegna skriðufallanna:

Verulegt tjón á girðingum og túnum

EYJAFJÖRÐUR Verulegt tjón varð á girðingum og túnum á fjölda bæja í Eyjafjarðarsveit í aurskriðum og vatnavöxtum 20. desember. Endanlegt mat liggur ekki fyrir.

Trúnaðarmenn Bjargráðasjóðs í Eyjafirði meta tjónið og gera til lögu til stjórnar um hvernig skuli með fara.

„Víða er verulegt tjón á girðingum og ræktuðu landi en ég veit ekki hvað það er umfangsmikið,“ segir Bjarni Kristjánsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, sem telur tjón hafa orðið á tíu til fimmtán bæjum. „Menn standa frammi fyrir alveg nýju verkefni,“ segir Bjarni.

Beðið er niðurstöðu um hættu frekari skriðufalla en það er mál stjórnar Ofanflóðasjóðs.



FRÁ FLÓÐUNUM Í EYJAFIRÐI Unnið er að mati á tjóninu sem varð 20. desember en ljóst er að það er verulegt.

Norðurorka kannar orsakir skemmda á Djúpárdalsvirkjunum og Viðlagasjóður rannsakar eyðileggingu húsa í Grænuhlíð.

Bjargráðasjóður bætir tjón á ræktuðu landi og girðingum en Viðlagatrygging Íslands á fasteignum og lausafé sem er brunatryggt af völdum náttúruhamfara.

- bps

DEBENHAMS

útsalan af enn meiri krafti

50-70%

afsláttur af völdum vörum

Komdu og gerðu góð kaup!



Nýtt kortatímabil hefst á morgun

DEBENHAMS

SMÁRALIND



LÚRAÐ Í TRÉ Þessi kínverska risapanda ákvað að taka sér hvíld frá daglegu amstri og fékk sér lúr uppi í tré. Stefnir er að því að sleppa þessum dýrum, sem eru í útrýmingarhættu, aftur út í náttúruna eftir að 34 risapöndur fæddust í fyrra sem er met.

MYND/AFP

Bæjarstjóri Garðsins segir samkomulag um álverið í Helguvík vera málamiðlun:

Ánægð með niðurstöðuna

STÓRIÐJA „Þetta er málamiðlun, báðir þurftu að gefa eftir en ég er ánægð með niðurstöðuna,“ segir Oddný Guðbjörg Harðardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs, en fyrirhugað álver í Helguvík mun að mestu rísa innan landamarka þess.

Reykjanesbær, ásamt Hitaveitu Suðurnesja, hefur borið þungann af undirbúningi framkvæmda og lengst af var rætt um að álverið myndi rísa í landi Reykjanesbæjar. Skammt er síðan viðræður um aðkomu Garðsins að verkefninu hófust. Þeim lauk á dögunum með undirritun samkomulags sem bæjarstjórnirnar eiga eftir að fjalla



ODDNÝ GUÐBJÖRG HARÐARDÓTTIR
Bæjarstjóri í Garðinum.

um. Í því er meðal annars kveðið á um helmingsskiptingu fasteignagjalda, sem geta numið allt að eitt hundrað milljónum króna á ári.

Í ljósi þess að fasteignirnar munu standa í Garðinum má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að Garðurinn

njóti fasteignagjaldanna óskiptra. Oddný Guðbjörg segir að vissulega gildi sveitarfélagamörk samkvæmt lögnum en um sé að ræða samstarfsverkefni. Ekkert álver rísi ef engin eru höfnin og vegirnir. Þau séu í Reykjanesbæ. „Reykjanesbæingar hefðu getað ákveðið að hafa álverið í Reykjanesbæ. Í þessu felast tækifæri fyrir okkur og það sem mestu skiptir eru atvinnutækifærin fyrir íbúana.“

Oddný Guðbjörg vill enn fremur halda því til haga að enn sé um fyrirhugað verkefni að ræða sem eigi eftir að ganga í gegnum langt og strangt kynningar- og umsagnarferli.

- bps

Farfuglum fer fjölgandi:

Gistinætur um 105 þúsund

VIÐSKIPTI Gistinóttum á farfuglaheimilum fjölgaði um 12 prósent á síðasta ári frá árinu þar á undan. Gistinætur fóru nú í fyrsta sinn yfir 100 þúsund, voru tæplega 105 þúsund samkvæmt vef Ferðamálastofu. Uppsveiflan virðist endast fram á þetta ár. Mikið er um fyrirsurnir og bókanir á farfuglaheimilum þessa dagana.

Athygli vekur að gistinóttum á Farfuglaheimilinu í Reykjavík fjölgaði um 46 prósent síðustu þrjá mánuði ársins frá fyrra ári. Bretar og Þjóðverjar eru duglegastir að sækja þau 25 farfuglaheimili sem starfrækt eru hér á landi.

- bj

Jöfn tækifæri




Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og frambjóðendur flokksins bjóða til opinna funda um **sókn fyrir Ísland allt**



Akureyri • 10. janúar kl. 20 • Hótel KEA
Húsavík • 11. janúar kl. 20 • Veitingahúsið Salka
Borgarnes • 16. janúar kl. 20 • Hótel Borgarnes
Selfoss • 17. janúar kl. 20 • Hótel Selfoss
Ísafjörður • 18. janúar kl. 20. 30 • Hótel Ísafjörður
Reykjanesbær • 22. janúar kl. 20 • Víkin
Sauðárkrókur • 23. janúar kl. 20 • Kaffi Krókur
Vestmannaeyjar • 25. janúar kl. 20 • Alþýðuhúsið
Egilsstaðir • 29. janúar kl. 20 • Hótel Hérað

Allir velkomnir



Samfylkingin

www.samfylkingin.is



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðinni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN
90.9
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!



GAESLA VIÐ FORSETABÚSTAÐINN Í MÓGADISJÚ Sprengingar heyrðust í Mógadísjú, höfuðborg Sómalíu, í gær, daginn eftir að Bandaríkjaher hóf loftárásir á skæruliða í sunnanverðu landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin gera loftárásir á Sómalíu

Mikið mannfall varð í hörðum loftárásum Bandaríkjanna á skæruliða íslamista í Sómalíu. Meðal fallinna eru tugir óbreyttra borgara. Tilgangurinn mun að hafa uppi á grunuðum hryðjuverkamönnum.

SÓMALÍA, AP Bandaríkjaher hefur síðan á mánudag að minnsta kosti þrisvar sinnum gert loftárásir á Sómalíu. Árásirnar hafa orðið fjölda manns að bana, þar á meðal tugum óbreyttra borgara að því er vitni fullyrða.

Árásunum er beint gegn skæruliðum íslamista sem voru á flóttu eftir að her bráðabirgðastjórnar landsins hrakti þá frá höfuðborginni Mógadísjú með dyggri aðstoð frá Eþíópíuher. Bandaríkjamenn telja að meðal skæruliðanna hafi verið liðsmenn hryðjuverkasamtakanna al-Kaída, þar á meðal menn sem grunaðir eru um að hafa staðið að hryðjuverkaárásum á sendiráð Bandaríkjanna í Kenía og Tansaníu árið 1998

Bandarísk herskip hafa verið út af ströndum Sómalíu undanfarið í þeim tilgangi að hafa uppi á hinum grunuðu, sem talið var að ætluðu að reyna að komast út úr landinu.

Abdullahi Yusuf, forseti bráðabirgðastjórnarinnar, sagði fréttamönnum í gær að Bandaríkin hafi „rétt til þess að varpa sprengjum á grunaða hryðjuverkamenn sem réðust á sendiráð þeirra í Kenía og Tansaníu“. Einnig sagði Hussein Aidede forsetisráðherra að Bandaríkin hefðu „fullan stuðning okkar til árásanna“.

Í höfuðborginni Mógadísjú sögðu þó aðrir að árásirnar myndu auka enn á andúð landsmanna gagnvart Bandaríkjunum. Íbúar Sómalíu eru að stórum meirihluta múslímarnir og hafa engan veginn verið sáttrir við að herlið frá Eþíópíu hafi komið til að aðstoða bráðabirgðastjórnina, enda eru Eþíópíumenn flestir kristnir og hafa tvisvar átt í harðvítugu stríði við Sómalíu, síðast árið 1977.

Loftárásir Bandaríkjanna beindust meðal annars að eyjunni Badmado, sem er skammt frá bækistöðvum íslamísku skæruliðanna í Ras Kamboni sunnan til í landinu, ekki langt frá landamærum Kenía.


Bandaríkjamenn telja að menn tengdir Al Kaída hafi rekið þjálfunarbúðir í Ras Kamboni og þangað hafi liðsmenn Al Kaída komið. Þangað á líka Fazul Abdullah Mohammad, maðurinn sem talið er að hafi skipulagt árásirnar á sendiráðin 1998, að hafa flúið.

Starfhæf ríkisstjórn hefur varla starfað í Sómalíu frá árinu 1991, þótt þrettán sinnum hafi verið reynt að mynda stjórn þar síðustu sex árin. Bráðabirgðastjórnin sem nú er við völd var stofnuð árið 2004 með stuðningi Sameinuðu þjóðanna.

gudsteinn@frettabladid.is

Allt til alls!

Á góðu verði fyrir alla – alltaf



Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

Við bjóðum þig velkominn nýja verslun Múrbúðarinnar að Kletthálsi 7. Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns byggingavörum, verkfærum og tækjum á góðu verði fyrir alla – alltaf.

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Nýtt!
Flísar og parket
í úrvali á
frábæru verði

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-15



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri - Húsavík

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



PRÚÐBÚNAR YNGISMEYJAR Í TÓKÝÓ
Tvær japanskar konur glaðbeittar á leið sinni í athöfn sem haldin er árlega fyrir Tókýóbúa sem fyllt hafa 20. aldursárið.
NORDICPHOTOS/AFP

Dæmdur fyrir aðild að árásum 11. september:

Vitorðsmaður í 15 ára fangelsi

HAMBORG, AP Mounir el Motassadeq, Marokkómaður búsettur í Þýskalandi, var á mánudaginn dæmdur í fimmtán ára fangelsi fyrir að vera vitorðsmaður í árásum á Bandaríkin þann 11. september árið 2001.

Motassadeq var vinur þriggja hryðjuverkamannanna, þeirra Mohammed Atta, Marwan al-Shehhi og Ziad Jarrah. Hann hefur viðurkennt að hafa þekkt þá vel þegar þeir bjuggu allir í Hamborg. Einnig viðurkenndi hann að hafa farið til Afganistan árið 2000 og sótt þar þjálfun í búðum Al Kaida. Hins vegar segist hann ekkert hafa vitað af



MOUNIR EL MOTASSADEQ
Mál hans hefur verið að velkjast í dómskerfinu í Þýskalandi í fimm ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

áformum þeirra um að ræna farþegaþotum og fljúga þeim á byggingar í Bandaríkjunum.

Dómstóllinn telur hins vegar sannað að hann hafi í raun aðstoð-

að félaga sína með því til dæmis að millifæra peninga og greiða fyrir þá skólagjöld og húsaleigu.

Mál Motassadeqs hefur verið til umfjöllunar hjá þýskum dómstólum í rúmlega fimm ár. Þetta er í þriðja sinn sem dómur er felldur í málinu, en báðir fyrri dómarnir voru felldir úr gildi vegna galla.

Lögmenn Motassadeqs hafa áfrýjað þessum dómi, en óvíst er hvort hæstiréttur fellst á að taka dóminn til umfjöllunar. Lögmennirnir segja einnig koma til greina að fara með málið fyrir mannréttindadómstól Evrópu.

- gb

Náttúrulyf frá Mið-Ameríku:

Sagt lækna eiturlyfjafíkn

SVÍPJÓÐ Galdralyf bjargar fíklum frá fíkninni, eða svo er sagt. Í sænska blaðinu Aftonbladet er sagt frá stúlku, Júlíu frá Botkyrka í Svíþjóð, sem hafði verið háð eiturlyfjum í fimmtán ár þegar hún fór í meðferð til Prag þar sem hún var „læknuð“ af fíkninni með náttúrulyfinu Ibogain frá Mið-Afríku.

Ibogain hefur ofskeytni í för með sér. Í alfræðiritinu Wikipediu segir að það sé notað til að vinna gegn eiturlyfjaneyslu og að læknaðstöðvar hafi rísið í mörgum löndum þar sem lyfið er enn notað í tilraunaskyni. Níu dauðsföll hafa tengst lyfinu.

- ghs

BRASILÍA

Aurskriður kosta líf

Tæplega 40 manns hafa farist og þúsundir misst heimili sín í aurskriðum í suðurhluta Brasilíu vegna mikilla rigninga undanfarið. Meiri rigningu er spáð út vikuna og hefur neyðarástandi verið lýst yfir víða.

PÓLLAND

Meira atvinnuleysi

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá pólska vinnumálaráðuneytinu hefur atvinnuleysi aukist lítillega og er nú 14,8 prósent. Þetta er mesta atvinnuleysi í Evrópusambandinu, en þó lækkun frá því sem var. Árið 2003 mældist þar 20,7 prósent atvinnuleysi.

Stjórn hestamannafélagsins Andvara gekk á fund bæjaryfirvalda í Kópavogi:

Lofað að skurðum við hesthús verði lokað

FRAMKVÆMDIR Þorvaldur Sigurðsson, formaður hestamannafélagsins Andvara í Kópavogi, segir að bæjaryfirvöld hafi lofað því að loka öllum skurðum á Kjóavallahringnum fyrir helgi.

„Við sjáum til hvort það stenst,“ sagði Þorvaldur eftir fund með bæjaryfirvöldum í fyrradag. „Þeir hafa lofað bót og betrun í tvo mánuði.“

Þorvaldur segir að stjórn hafi sent „endalausán tölvupóst og verið á endalausum fundum“ út af framkvæmdum við fótboltahús, íþróttakademíu, skurðum undir vatnslagnir og blokkabyggingum í Kórahverfi þétt við og



ÞORVALDUR SIGURÐSSON

í kringum hestamannahverfið Heimsenda. „Þeir virða ekki hestamenn á nokkurn hátt þessir verktafar,“ segir hann.

Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi, segir að brýnt hafi verið fyrir verkðum á vegum Kópavogsbæjar að nota ekki reiðleiðir til aksturs. Eftir helgina

eigi verktakafyrirtækið Klæðning að hafa lokið öllum sínum framkvæmdum á svæðinu.

Sigbór Ari Sigbórsson, framkvæmdastjóri Klæðningar, segir að hann hafi ekki fengið kvartanir inn á borð til sín. Verkkaupinn hafi verið mjög hliðhollur hestamönnum og „við höfum reynt að sinna því eftir fremsta megni,“ segir hann.

„Við höfum ekki fengið eina einustu kvörtun inn á borð til okkar,“ segir Eiður Haraldsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Háfells, „en alltaf er hægt að gera betur.“

- ghs

„Ég er enginn jeppakall. Ég þarf bara að komast í bústaðinn, skilurðu?“



www.subaru.is

Gróft ofbeldi gegn börnum vaxandi

Börn eru lokkuð og tæld með aðstoð tölva eða farsíma. Þeim er hótað og þau eru hrædd. Par sjást ljót eineltismál, segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar. Tilkynningum um ofbeldi gegn börnum fjölgar.

BARNAVERND Barnaverndaryfirvöld hafa sívaxandi áhyggjur af ofbeldi sem börn verða fyrir í gegnum síma eða tölvur, að sögn Halldóru Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Tilkynningum til nefndarinnar um mál af þessum toga hefur farið fjölgandi. Sama máli gegnir um aðrar tegundir ofbeldis gegn börnum undir 18 ára aldri.

Ofbeldisverk í samfélaginu eru sívaxandi áhyggjuefni. Skammt er um liðið síðan þrír drengir gengu í skrokk á tveimur öðrum sem á vegi þeirra urðu og slösuðu þá, annan lífshættulega. Tvær ungar stúlkur réðust á hina þriðju með hafnaboltakylfu og misþyrmingum. Allir eru þessir einstaklingar yngri en 18 ára og heyra undir barnaverndarnefnd.

„Ofbeldi sem stundað er í gegnum tölvur og síma er nýtt fyrir okkur,“ segir Halldóra. „Það er verið að lokka og tæla og villa á sér heimildir. Það er verið að hræða börn og hóta þeim, jafnvel af öðrum börnum. Þarna sjáum við ljót eineltismál. Þarna eru krakkar að dreifa myndum af jafnöldrum



UNGLINGAR Samskiptasvæði í tölvum og farsímar eru í síauknun mæli notuð til að beita börn og unglinga ofbeldi. Par er lokkað, tælt og menn villa á sér heimildir. Börn eru hrædd og þeim hótað, segir framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar.

sínum, sem vilja það ekki. Og svo eru það eldri strákar eða karlmenn sem þykjast vera á sama aldri og stelpurnar sem þeir eru að spjalla við til að reyna að lokka þær til laga við sig. Þetta fer fram með símaskilaboðum og á spjallsíðum, blogg-síðum og öðrum samskiptasvæðum í tölvunum.“

Halldóra segir að alvarlegum ofbeldisverkum af hendi einstaklinga undir 18 ára hafi ekki farið fjölgandi á síðari árum, samkvæmt tilkynningum til barnaverndarnefndar. Þrjú síðastliðin ár hafi tilkynningar af þeim toga verið í kringum 75 á ári að meðaltali. Öðru máli gegni um tilkynningar vegna barna sem beitt séu ofbeldi. Árið 2005 hafi þær verið alls 446 vegna

barna búsettra í Reykjavík, en vel yfir 500 á nýliðnu ári samkvæmt bráðabirgðatölum. Í þessum hóp séu börn sem hafi verið beitt kynferðislegu, líkamlegu, tilfinningalegu og sálrænu ofbeldi. Stærsti hópurinn hafi verið beittur líkamlegu ofbeldi.

„Ég hef tilfinningu fyrir því að við séum með fleiri börn í dag sem eru í afskaplega góðum málum,“ segir Halldóra. „En sá hópur sem er ekki að fóta sig, en er í miklum erfiðleikum, stendur svo margfalt verr. Það virðist því vera að skapast breitt bil þarna á milli, það er að segja alls þorra barna sem gengur vel í lífinu og svo þessa hóps, sem í eru einhver prósent af hverjum árgangi.“

jss@frettabladid.is



BORPALLUR Tilraunaboranir á Golíatsvæði lofa góðu.

MYND/AP

Olíuleit undan ströndum Norður-Noregs:

Borað niður á nýja lind á Golíatsvæði

NOREGUR, AP Ítalska olúfyrirtækið Eni hefur borað niður á gjöfula olíulind á Golíat-leitarsvæðinu undan strönd Norður-Noregs. Norska olíumálaráðuneytið greindi frá þessu í gær.

Golíat-svæðið er í um 85 km fjarlægð frá nyrsta bæ Noregs, Hammerfest, og um 50 km suður af Mjallhvítarsvæðinu, þaðan sem útflutningur á jarðgasi hefst síðar á þessu ári. Tilraunaboranir hófust á Golíatsvæðinu í fyrra. Nýja borholan var orðin 1950 m djúp þegar komið var niður á olíulindina.

Olíumálaráðuneytið greindi einnig frá því í gær að kanadíska fyrirtækið Talisman Energy Inc. hefði óskað eftir heimild til að hefja á ný olíuvinnslu á Yme-svæðinu undan Suður-Noregi, en Statoil hætti olíuvinnslu þar árið 2001. Kanadíska fyrirtækið telur sig geta gert olíuvinnslu þar aftur arðbæra vegna hás olíuverðs og nýrrar tækni, sem gerir mögulegt að ná meiri olíu upp úr gömlum lindum sem fyllast af sjó.

Noregur er þriðji stærsti olíu-útflýgtjandi heims, eftir Sádi-Arabíu og Rússlandi.

- aa



„Við byggðum bústaðinn frá grunni og förum í hann allan ársins hring. Þess vegna keyrir maður oft í gegnum ýmislegt sem fólksbílar ráða ekki við.“

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni, halda áfram að kaupa sér Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugari í öllum akstri. AWD sídrífið tryggir það að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna. „Mér finnst jeppar of stórir en þessi er fullkomin blanda. Hann er hærri en venjulegur jeppingur svo maður

kemst út um allt. Sumir keyra jepplinga, ég keyri felujeppa.“ Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfu-legustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!“

Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðu fylgja frí vetrardekk með. Komdu og reynsluaktu Subaru í dag!

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.790.000,-** Forester LUX **3.090.000,-**

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.		
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453

SYMMETRICAL AWD

„ORÐRÉTT“

Kolsvartar stað-
reyndir

„Undirritaður hefur itrek-
að orðið fyrir því í rök-
ræðum um efnahagsmál
að vera sakaður um að
segja að allt sé að fara til
fjandans af þeim sökum
einum að benda á nokkrar
staðreyndir.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON,
FORMADUR VINSTRI GRÆNNA,
HEFUR ÁHYGGJUR AF VIÐSKIPTA-
HALLA.

Morgunblaðið, 8. janúar

Sprengjum í hófi

„Það er vissulega af hinu
góða að björgunarsveitir
skuli geta gengið í góða
sjóði og það er ágætt að
efla ferðapjónustu en
þetta magn er ekki nauð-
synlegt.“

INGA RÓSA ÞÓRDARDÓTTIR
PISTLAHÖFUNDUR HVETUR TIL
ÁRS HÖFSEMDAR AD ÁRAMÓT-
UM LIÐNUM.

Fréttablaðið, 9. janúar

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

STÆKKUN ÁLVERSINS Í
STRAUMSVÍK

Á að vera í
höndum íbúa

„Ég er frekar á móti
álverum yfirhöfuð.
Ég er að austan og
maður varla þorir
að tjá sig um álver
þar af ötta við að
vera bannfærður
á Reyðarfirði,
þó að skoðanir
á Egilsstöðum
sáu blendnari.
En ég er staddur
í Reykjavík núna,“ segir Björgvin
Gunnarsson hótelfarismaður, sem
stundum gengur undir nafninu Lubbi
klettaskáld, um fyrirhugaða stækkun
álversins í Straumsvík.

„Ég þekki ekki stöðuna jafn vel í
Straumsvík, en það er hálf asnalegt
hjá þeim að hótlaði því að fara. Við
ættum að halda þeim álverum sem
við erum með en annars er nóg
komið. Það hlýtur að vera hægt að
gera eitthvað annað. Svo getur verið
að álverið á Reyðarfirði endi með
að framleiða vopn fyrir Bandaríkja-
menn.“ Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri
Hafnarfjarðar, hefur lofað kosning-
um um stækkunina á næstunni og
Björgvin er hlynntur því.

„Mér finnst að þetta ætti að vera
í höndum íbúa svæðisins og að þeir
ættu að kjósa.“



**BJÖRGVIN
GUNNARSSON**
Hótelfarismaður

Nýlega varð nafnið Mu-
hammad vinsælla en
George í Bretlandi. Á
Íslandi bera, samkvæmt
þjóðskrá, 52 nafnið Múham-
eð eða útgáfur af því, svo
sem Mohammed, Mohamed
eða Mohammad. Nokkuð
fleiri, eða 61 ber hins vegar
nafnið Jesús sem fyrsta eða
annað nafn, og er það fólk
af báðum kynjum. Hvor-
ugt þessara nafna er til í
Mannanafnaskrá. Hvernig
stendur á því?



**KOLBRÚN LINDA
ÍSLEIFSDÓTTIR** For-
maður mannanafna-
nefndar.

„Ef það eru
littlir Jesúar í
Þjóðskrá hljóta
það að vera
börn af erlend-
um uppruna,“
segir Kolbrún
Linda Ísleifs-
dóttir, formað-
ur Manna-
nafnafnefndar.
Nafnið er held-
ur ekki á lista
yfir nöfn sem

Mannanafnafnefnd hefur hafnað,
og hefur því enn ekki verið sótt um
það. En myndi það verða sam-
þykkt? „Samkvæmt lögum þurfa
nöfn að geta tekið eignarfallsend-
ingu. Við gætum þurft að hafna
Jesú vegna þess að hann er eignar-
fallslaus. En það er hins vegar
hægt að beygja Múhameð,“ segir
Kolbrún og hlær. Ekki hefur þó
heldur verið sótt um nafnið Múh-
ameð enn sem komið er.

Aðrir trúarleiðtogar hafa unnið
sér hefð í íslensku. Tíu manns bera
nafnið Móses en nítján nefnast
Abraham. Jón er enn vinsælasta
karlmannsnafnið bæði á heildina
lítið og meðal nýskírðra. Rúmlega
5.000 drengir bera nafnið Jón sem
fyrsta nafn og næstum þúsund til
viðbótar sem annað nafn. Nafnið
er fengið úr Biblíunni og er styt-
ting á nafninu Jóhannes, sem merk-
ir Guð er náðugur, en nafnið
Jóhannes bera svo 930 Íslending-
ar. Nafnið Aron sækir á og er í
öðru sæti meðal nýskírðra, það
hefur 741 sem fyrsta nafn en nafn-
ið kemur úr Gamla testamentinu.
Ef áfram heldur mun það taka við
af Sigurði sem er í öðru sæti á
landsvísu en færast niður í fimmta
meðal nýskírðra.



JESÚS Á sér ekki eignarfall.



kenna tilvonandi kennurum
í HÍ að tala,“ segir Ingvaldur
og hlær.


Mikill tími fer í sönginn
en hún á einnig önnur
áhugamál.

„Ég var að taka inn
hesta um helgina og fer á
hestbak inn á milli. Hest-
arnir eru geymdir í Hafnar-
firði og ég reikna með að
fara á bak um næstu helgi.“
Ingvaldur fer líka reglulega
til Colorado í Bandaríkjunum
þessa dagana. „Maðurinn
minn og dóttir eru þar og
ég reyni að fara eins oft
og ég get. Ég flýg næst
út eftir rúma viku.“

ÞÝÐINGAR:

DISNEY BÆKUR
VINSÆLASTAR

■ Samkvæmt UNESCO er Lenín
fjórði mest þýddi rithöfundur
sögunnar, en fyrir ofan hann eru
Jules Verne og Agatha
Christie. Í fyrsta sæti er
Disneyfyrirtækið, sem
er talið sem einn höf-
undur. Shakespeare
er í 6. sæti, HC
Andersen í því 9.,
en Nýja Testa-
menti kemst
ekki nema í 13.
sæti og Biblían
öll í 23. Rétt fyrir ofan hana ríkir
Rene Goscinny, höfundur sög-
unnar um Gaulverjan Ástrík, en
fyrir aftan er Rússinn Tolstoy.

Nöfnin Múhameð og Jesús
finnast ekki í Mannanafnaskrá

MUHAMMAD ALI Breytti nafni sínu úr Cassius Clay. Ekki hefur enn verið lögð beiðni
um að fá sama nafn og hann.

Enginn er skráður með nafnið
Búdda nema Buddha bar. Sé miðað
við norræna goðafræði hafa 192
menn nafnið Óðinn sem fyrsta
nafn, 5.978 Þór og 141 Freyr, enda
þau trúarbrögð sem lengsta hefð
hafa á landinu.

„Ég held að ég geti fullyrt að
það sé enginn Guð eða Drottinn í
Þjóðskrá,“ segir Kolbrún.

Það er þó líklegt að mörg ný
nöfn minna vinnu séss hvað úr
hverju. „Það verður forvitnilegt að
sjá hver þróunin verður. Íslenskir
ríkisborgarar mega heita erlend-

um nöfnum séu þeir eða foreldr-
arnir af erlendum uppruna. Barn
af erlendum uppruna sem fæðist
hérlandis verður þó að taka upp
eitt íslenskt nafn.“

En hvað þarf til svo að nafn
eignist sess í íslensku?

„Almennt þurfa fimmtán Íslend-
ingar að bera nafnið til þess að það
öðlist gildi, en eftir því sem þeir eru
eldri, því færri þurfa að bera það.“

Taki allir Múhameðarnir og
Jesúsarnir sig saman er því líklegt
að nöfnin fái sinn sess í meðal vor.

valurg@frettabladid.is

Frönsku námskeið

Námskeið hefjast 15. janúar

Innritun í síma 552 3870 8-13. janúar

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum



Alliance Française

Netfang : alliance@af.is
veffang : www.af.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

Ferðapjónusta í Fröken Reykjavík

Þegar fyrirtæki sameinast verður oft til úr því und-
arleg blanda. Eitt slíkt hefur bæst í hópinn, því ferða-
þjónustan Lúxusferðir hefur keypt miðbæjarsjopp-
una Fröken Reykjavík, og úr verður nokkurs konar
ferðapjónustusjoppa.

„Það verða þarna tveir starfsmenn á vakt, annar
sér um sjoppuna og hinn sér um ferðapjónustuna.
Þarna verður sala á affreyningu og alls kyns ferðum
auk hefðbundinna sjoppuvara,“ segir Ólafur Helgi
Þorgrímsson sem er í forsvari fyrir ferðapjónust-
una.

Lúxusferðir hafa starfað síðan 2003. „Við erum
með fjórhjólafærðir og aðrar ferðir, en það verður
engin sérstök áhersla lögð á að kynna okkar ferðir
umfram aðrar.“

Sjoppan hefur lengi verið fasti í lífi miðbæjarbúa
en er strax farin að taka breytingum, til dæmis eru
spilakassarnir horfnir.

„Það var lítil hvatning fyrir okkur að halda spila-
kössunum. Þetta á eftir að fá mjög modern útlit,
verða stílhreint og flott.“

- vg



ÓLAFUR HELGI ÞORGRÍMSSON

Þjóðlegt og gott!

Bónustilboð í 2. viku 2007

EKKERT BRUÐ!

LAMBASÚPUKJÖT
II. fl. kílóverð nú:

279 KR.

Frosin KS lambasvið
kílóverð nú:

299 KR.

Merkt verð 399 KR.

**Súpukjöt
II. flokkur
Íslandslamb**

LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:

499 KR.

**Súpukjöt
I. flokkur**

Bónus býður betur!

OMEGA -3 olían er sögð minnka bólgur
(hiti, roði, þroti, sársauki) í liðum margra
gigtarsjúklinga. Hún er sögð góð til
mótunar heilahluta og þroska sjónhimnu.
OMEGA-3 olían er talin minnka hættu
á blóðtappa, vera góð fyrir blóðrásina,
hjálpleg í meðferð hjartasjúkdóma og
gagnleg við sóríasis/húðsjúkdómum.

300 töflur

998 KR.

OMEGA-3

300 lýsisperlur

300 LÝSISPERLUR

359 KR.

500 ml BÓNUSLÝST

359 KR.

KÍLÓ AF MÚSLÍ

198 KR.

**BÓNUS
MÚSLÍ**

Múslí 1 kíló

1 lítri

69 KR.

EPLASAFI

Eplasafi 1 lítri

Bónus jógúrtís

259 KR.

1 lítri

1 lítri af Bónus
jógúrtís með 3.5% fitu

8 klakar

179 KR.

BÓNUS

**BÓNUS
Heimilis
klakar**

8 klakar í poka

Aðeins
1. %
fitu

Steiktur Fiskibollur
1% Fitu

259 KR.

430g

Frosin ýsuflök með roði

Frosin ýsuflök
kílóverð nú:

499 KR.

MEÐ ROÐI

*Sjáðu
verðið!*

Ferskt ungnautahakk
8-12% fitu

FERSKAR KJÖTVÖRUR


UNGNAUTAHAKK

899 KR.

KÍLÓVERÐ

www.bonus.is

Svona erum við
> Kreditkortavelta Íslendinga í milljónum króna



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SÓMALÍA

Stríðshrjáð land á horni Afríku

Síðustu vikurnar hefur Eþíópíuher hjálpað her bráðabirgðastjórnarinnar í Sómalíu við að hrekja íslamska skæruliða frá völdum í höfuðborg landsins, Mógadísjú. Skæruliðarnir hafast nú flestir við syðst í landinu, skammt frá landamærum Kenía. Nú síðast blönduðu Banda-riksamenn sér í átökin með því að gera harðar loftárásir á skæruliðana, að sögn til þess að koma í veg fyrir að liðsmenn Al Kaída gætu flúið land.

Hvar er Sómalía?
Sómalía er rúmlega 637 þúsund ferkílómetra stórt



land austast á „horni Afríku“, liggur eins og „vaff“ á hlið austan við Eþíópíu og teygir sig út í Indlandshaf. Að sunnan á Sómalía

síðan landamæri að Kenía en að norðan að smárikinu Djibútí. Sómalía hefur tvísv-ar sinnum átt í harðvítugu stríði við Eþíópíu, fyrst árið 1964 og síðan árið 1977.

Hverjir búa í Sómalíu?
Íbúar landsins eru um tíu milljónir talsins, langflestir af sómölskum ættbálkum en þó eru þar um það bil 100 þúsund bantúmenn og um 30 þúsund arabar. Nánast allir íbúar landsins eru múslimar, nánar tiltekið

súnní-múslimar, en eitthvað er um kristna menn.

Hverjir fara með völdin?

Starfhæf ríkisstjórn hefur varla starfað í Sómalíu frá árinu 1991 þegar borgarastyrjöld hófst þar, þótt þrettán sinnum hafi verið reynt að mynda stjórn þar síðustu fimmtán árin. Bráðabirgðastjórnin sem nú er við völd var stofnuð árið 2004 með stuðningi Sam-einuðu þjóðanna. Forseti hennar er Abdulla-hi Yusuf Ahmed og forsætisráðherrann heitir Ali Mohammed Ghedi. Á síðasta ári náðu íslamskir skæruliðar völdum í stórum hluta landsins og hugðust koma á sjaralögum og klerkaveldi í Sómalíu. Þeir hafa verið sakaðir um að tengjast hryðjuverkasamtökunum al-Kaída en virðast nú hafa verið hraktir frá völdum að mestu.

SPURT & SVARÐ

VERÐLAG Á ÍSLANDI

Heimsmet Íslendinga

Verðlag á vörum og þjónustu fyrir venjubundið heimilishald er 47 prósentum hærra hér á landi en í Evrópusam-bandslöndun-um samkvæmt samantekt dónsku hagstofunnar árið 2005. Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytendasamtakanna.



JÓHANNES GUNNARSSON
Formaður
Neytendasam-takanna.

Af hverju er verðlag svona hátt á Íslandi? Í fyrsta lagi er það lega landsins og lítil markaður. Einnig tollar sem lagðir eru á erlendar vörur til að vernda innlendan land-búnað. Svo held ég að heildsalar leggi líka óvenjulega mikið á vörur hér á landi.

Hefur þetta alltaf verið svona? Já, frá því ég man eftir mér. Því miður eigum við Íslendingar heimsmet í verðlagningu.

Hvað er hægt að gera til að sporna við þessari þróun? Það hefur lengi verið krafa Neytenda-samtakanna að tollar á innfluttum landbúnaðarafurðum verði lækkaðir verulega og helst lagðir af. Sveit-arfélög og ríki þurfa að ýta undir samkeppni því íslenskur markaður einkennist allt of mikið af fákeppni.

Rannsókn og ákærumeð-ferð vegna umfangsmesta fíkniefnamáls sem komið hefur upp í Vestmannaeyj-um er lokið. Fjögur hafa verið ákærð og er þáttur 44 ára karlmanns þar veiga-mestur. Óljóst er hvenær málið, sem að mörgu leyti er reyfarakennt, verður tekið fyrir í dómi.

Rúmlega ár er liðið frá því umfangs-mikið fíkniefnamisferli kom upp í Vestmannaeyjum. Öðru fremur beindist rannsókn lögreglu að 44 ára karlmanni sem nú hefur verið ákærður. Tvær konur á þrítugsaldri og 32 ára gömul kona hafa verið ákærðar vegna málsins en þáttur þeirra er veigalíttill miðað við þátt karlmannsins.

Hinn 29. desember 2005 lagði lögreglan í Vestmannaeyjum hald á tæplega sautján grömm af amfet-amíni, ýmist í kúlu- eða duftformi. Efnin fundust í hliðartösku 32 ára konunnar, í hliðarvasa í bifreið sem hún var í og í hillusamstæðu í stofu á heimili meðákærðu að Strembugötu 10 í Vestmannaeyjum. Efnin voru í formi 14 kúlna, kúlulaga neyslueininga, og lítills magns af dufti.

Húsleitir skiluðu árangri
Við húsleitir lögreglu fannst umtals-

vert magn kannabisefna í húsum í Vestmannaeyjum sem var í eigu karlmannsins. Við húsleit 31. desember 2005 að Helgafellsbraut 7 fundust 17,2 grömm af kannabis-efnum í buddu í buxum í kjallara hússins. Sama dag fundust 62,6 grömm af kannabisefnum í pen-ingaskáp í kjallara hússins að Mið-stræti 19.

Við húsleit 2. janúar í fyrra fund-ust tæp 40 grömm af kannabisefn-um í kassa undir vinnuborði í bíl-skúr að Helgafellsbraut 7. Sama dag fannst síðan tæpt kíló af kanna-bisefnum í peningaskáp við bíl-skúrshurð ásamt 29 stykkjum af kannabisfræum.

Efni til sölu – peningafundur

Við enn eina húsleitina, 3. janúar 2006 að Vesturvegi 29, fundust síðan 125 grömm af kannabisefnum í vinnuvettlingi í skúffusamstæðu í eldhúsinu. Karlmaðurinn er ákærð-ur fyrir að hafa átt efnin sem fund-ust í ofanefndum húsleitum.

Ein kvennanna er ákærð fyrir að hafa selt eitt gramm af kannabis-efnum á 2.500 krónur að kvöldi 30. desember 2005. Einnig fundust tæp-lega hundrað grömm af kannabis-efnum ætluðum til söludreifingar og rúmlega fjögur grömm af tób-aksblönduðum kannabisefnum fundust í bifreið og einnig í kjall-araíbúð ákærðu að Strembugötu 10. Þá fundust einnig 52.000 krónur í íbúðinni sem talinn er hafa verið ávinningur af fíkniefnasölu.

Efnin sem ætluð voru til sölu fundust í hliðarvasa á hægri fram-hurð bifreiðarinnar, í boxi undir sjónvarpsskáp, í skál í hillusam-stæðu og milli bóka í stofu íbúðar ákærðu.

Meirihluti efnanna fannst í neðstu skúffu í kommöðu í svefn-herberginu að Strembugötu 10.

Við húsleitirnar fundust samtals 280.500 krónur. Í íbúð að Miðstræti 19 fundust 120.500 krónur í lausu en 160.000 krónur í merktu umslagi. Ótvírætt þykir að þessir peningar hafi verið ávinningur af fíkniefna-sölu.

Listi yfir skuldara og dollarar

Við rannsókn málsins fannst listi yfir fólk sem skuldaði fíkniefnasöl-um í Vestmannaeyjum vegna kaupna á efnun. Reyndist það happafengur fyrir lögreglu þar sem á milli tíu og fimmtán nafngreindir einstakling-ar voru á listanum sem eðli málsins samkvæmt auðveldaði eftirlit með fíkniefnaneytendum í bænum.

Við rannsókn málsins fannst búið af bandarískum dollurum, samtals um ein milljón íslenskra króna. Við rannsókn málsins þvertók maðurinn sem er ákærður fyrir að peningarnir væru tengdir pen-ingaþvætti, fíkniefnasölu eða ann-arri ólöglegri starfsemi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þvætti maðurinn peninga fyrir höfuðpaur-inn í málinu sem seldi og sendi efnin til Eyja en maðurinn sem ákærður er átti þrjár fasteignir í Eyjum er málið kom upp.

Höfuðpaurinn sleppur

Eins og algengt er í fíkniefnamál-um neituðu ákærðu öll að gefa vís-bendingar um hver mögulega gæti hafa selt eða sent fíkniefnin til Eyja.



HELGAFELLSBRAUT 7 Meirihluti fíkniefnanna fannst í peningaskáp við þetta hús.



MIÐSTRÆTI 19 Rúmlega 60 grömm af kannabisefnum fundust í kjallara þessa húss.



VESTURVEGUR 29 125 grömm af kannabisefnum fundust í vinnuvettlingi í þessu húsi við Vesturveg.



STREMBUGATA 10 Kannabisefni fundust í þessu húsi sem og stafræn vigt og rúmlega 50 þúsund krónur í peningum.



HÁSTEINSVEGUR 9 Tæplega tvö grömm af amfetamíni og rúmlega eitt gramm af kannabisefnum fannst við húsleit 31. desember 2005.



DOLLARAR Doll-arabúið fannst við rannsókn málsins en maðurinn sem er ákærður neitaði að það hefði verið illa fengið.

Tryggvi Kr. Ólafsson, rannsóknar-lögreglumaður í Vestmannaeyjum, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær þá niðurstöðu hafa verið von-brigði en benti jafnframt á að óal-gengt væri að þau sem tengdust fíkniefnamálum segðu til þeirra sem mögulega stæðu á bak við mis-ferlið. Það gera þau ekki vegna ótta við hefndaraðgerðir.

Fíkniefnasmyglurum tókst að færa sér í nyt starfslag sem viðhaft er í Herjólfu. Óþarft er að sýna skil-ríki er pantaðar eru ferðir með Herjólfu milli lands og Eyja. Þetta nýttu smyglararnir sér með því að panta far á röngu nafni og fylgjast vel með því hvort lögreglan hefði gott eftirlit við hafnirnar í Eyjum og í Þorlákshöfn. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vissi lögreglan af því að fylgst væri með eftirliti hennar í Eyjum og á Þorlákshöfn.

Áhrif á líf í Eyjum

Fíkniefnamálið hafði nokkur áhrif á lífið í Vestmannaeyjum enda íbúar í Eyjum slegnir yfir því að svo umfangsmikið fíkniefnamál skuli koma upp í bænum. Bergur Elías Ágústsson, sem var bæjarstjóri í Vestmannaeyjum þegar málið kom upp, sagði í viðtali við Fréttablaðið 12. janúar í fyrra að málið væri áfall fyrir íbúa í bænum. En hann ítrekaði jafnframt að það væri gott til þess að vita að lögreglan í Eyjum væri í stakk búin til þess að taka á stórum málum eins og þessu.

Óljóst er enn þá hvenær málið verður tekið fyrir í dómi.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

*Gallup maí 2006

- Vel lesið

AFSLÁTTARMÍÐAR

VELDU ÞÉR BÍL, KLIPPTU ÚT MIÐA OG FÁÐU AFSLÁTT

CR-V

AFSLÁTTUR

259.000 kr.



Honda CR-V ES, sjálfskiptur

ATH: Bíll á mynd gæti verið betri í akstri en þú reiknaðir með!

ACCORD

AFSLÁTTUR

150.000 kr.



Honda Accord Sport, 5 gíra

ATH: Bíll á mynd gæti verið kraftmeiri en þú reiknaðir með!

JAZZ

AFSLÁTTUR

105.000 kr.



Honda Jazz, sjálfskiptur

ATH: Bíll á mynd gæti verið rúmbetri en þú reiknaðir með!

honda.is



Nú bjóðum við Honda-ótrúleg tilboð. Honda er gæðastimpill á betra verði en þig grunar. Byrjaðu árið með því að spara þér tugi þúsunda. Honda bílar eru umtalaðir hvar sem þeir eru enda vel búnir, traustir, kraftmiklir og rúmgóðir. Komdu og fáðu afslátt sem þú hefur ekki séð áður; hagstæð bílalán eða rekstrarleigu. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Veldu þér bíl, klipptu út miða og komdu strax í Bernhard og gerðu Honda-ótrúleg kaup sem allir eru að tala um.



Frjálsir samningar eða ríkisstóriðjustefna?

Eignarnámstvímæli

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Nýlega veittu samtök ungra sjálfstæðismanna rit-höfundinum Andra Snæ Magnasyni frelsisskjöld Kjartans Gunnarssonar fyrir þá skuld að hafa beitt hugmyndafræði frjálshyggu í þágu náttúruverndar. Rétt er að stór hluti bókar verðlaunahafans, Draumalandið, á dýpri rætur í frjálslyndi en stjórnlyndi.

Engum lesanda lagasafnsins getur dulist að allt regluverk stórvirkjana og stóriðju hefur í nokkrum mæli byggst á stjórnlyndri hugmyndafræði. Hluta þeirra miklu og hörðu árekstra sem orðið hafa milli náttúruverndar og auðlindanýtingar má vafalaust rekja til þessa regluverks.

Að vísu er það svo að með raforkulögunum frá 2003 breyttist lagaumhverfið. Núverandi iðnaðarráðherra hefur haldið því fram að með þeirri lagabreytingu hafi það sem kallað hefur verið ríkisstóriðjustefna flust af borði ráðherra til fyrirtækja og sveitarfélaga er ráði þeim málum til lykta í frjálsum samningum.

Svo mikil var breytingin 2003 að vísu ekki. Lagaumhverfið var ekki leyst úr öllum fjötrum stjórnlyndra viðhorfa. Í raforkulögum er til að mynda sjálfvirk heimild ráðherra til þess að taka land og vatnsréttindi eignarnámi að kröfu virkjunaraðila.

Nú stendur til að virkja neðri hluta Þjórsár. Stækkun álvers Alcans í Hafnarfirði eða önnur ný álver kalla á þá framkvæmd. Landsvirkjun hefur þegar samið um verð á raforkunni. Virkjunarleyfi hefur hins vegar ekki verið gefið út. Aukheldur hafa engir samningar verið gerðir við landeigendur og rétthafa orkunnar. Samkvæmt lögum og venju er litið á þetta tvennt sem eins konar opinbera sjálfsafgreiðslu.

Að vísu háttar svo til í þessu falli að fyrirtæki fjármálaráðherra, Landsvirkjun, semur við fjármálaráðherra um stóran hluta vatnsréttindanna. Annar hluti þeirra er hins vegar í einkaeigu. Hér vaknar þessi spurning: Samræmist eignarnámsheimildin eðlilegum kröfum um samninga á frjálsum grundvelli?

Gott eitt er um það að segja að neðri hluti Þjórsár sé nýttur til orkuframleiðslu. En eiga rétthafarnir ekki að hafa sömu samningsstöðu og aðrir í frjálsum viðskiptum? Hví mega þeir samningar ekki stranda eða taka þann tíma sem þurfa þykir rétt eins og í venjulegum viðskiptum?

En álitaefnin eru fleiri. Er ljóst að krafa stjórnarskrárinnar um almannapörf sé fyrir hendi? Segja má að öll ný fyrirtæki séu í þágu almannahagsmuna. En er almannapörfin í þessu tilviki svo miklu ríkari en önnur nýsköpun í atvinnurekstri að hún réttlæti opinbert inngríp í samninga með eignarnámi?

Alþingi á að öðru jöfnu mat um það hvort almannapörf til eignarnáms er fyrir hendi. Sumir vilja leyfa dómstólunum sjálfstætt mat þar um. Hvað sem því líður er gilt að spyrja: Getur Alþingi framselt til ráðherra mat á almannapörf um eignarnám vegna viðskiptasamninga með svo almennum hætti og um svo ófyrirséðar hagsmuni sem raforkulögin gera ráð fyrir?

Fjármálaráðherra ræður hvort fyrirtæki hans óskar eftir eignarnámi.

Iðnaðarráðherra ákveður hvort þeirri heimild verður beitt. Hvor um sig eða báðir saman geta þeir mælt fyrir um hvort stjórnlyndi eða frjálslyndi ræður för.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

(Ó)opinberar heimildir

Nokkuð hefur verið rætt um grein Björns Bjarnasonar sem birtist í Morgunblaðinu á laugardag, þar sem hann skammar Morgunblaðið og Jón Ólafsson heimspeking. Jón Ólafsson svarar stuttlega á heimasíðu sinni, jonolafs.bifrost.is, þar sem hann segir: „Ég verð að játa að mér finnst merkilegt að Björn skuli eyða svo miklu púðri í að niða mig persónulega þótt vissulega skilji maður hvatir hans til að verja orð og gerðir föður síns, Bjarna Benediktssonar.“

Í kjallaranum

Það hlýtur að vera einstakt tækifæri fyrir sagnfræðinga í dag að komast



í kjallarann hjá Birni og gramsa duglega, ef fleiri samtíma minningar Bjarna Benediktssonar auk fleiri skjala er þar að finna. Út úr því gramsi ætti að vera vel hægt að skrifa nokkrar bækur um íslenska sögu.

Vonandi flæðir ekki í kjallarann

Guðmundur Magnússon, sagnfræðingur og fyrrur skjalavörður, er væntanlega einn af þeim sem hefðu ekkert á móti því að líta aðeins yfir þessi skjöl sem Björn geymir væntanlega heima hjá sér. Aðrir líklegir kandidatar til að vera að sniglast í kring um heimili Björns með vonarglampa í augum væru sagnfræðingarnir Valur Ingi-

mundarson, Þór Whitehead og Guðni Th. Jóhannesson. Guðmundur skrifar um það á heimasíðu sinni að skjöl sem þessi ættu heima í skjalasöfnum, opin almenningi og fræðimönnum. „Það er ekki við hæfi að einstaklingar geymi heima hjá sér skjöl sem eru opinber eða hálfopinber og orðið hafa til í opinberu starfi.“

Fjölgar enn konunum

Konum fjölgar enn á vikuriti Sigríðar Daggar Auðunsdóttur og Valdimars Birgissonar. Nú hefur Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir (Pálssonar) ráðið sig til starfa, en hún var um hrið blaðamaður Morgunblaðsins, auk þess að vera framkvæmdastýra Lands sambands sjálfstæðiskvenna.

svanborg@frettabladid.is

Frjáls vilji og nauðhyggja

Á miðöldum deildu lærðir menn um það hvort hinn venjulegi og almenni syndari, hefði frjálsan vilja, og gæti þannig forðast freistingar og talsnörur djöfulsins, eða að honum væri ákveðin forlög fyrirfram samkvæmt klukkaverki sköpunar Guðs og réði veslingurinn því engu um það hvort breytni hans stefndi sál hans til eilífrar glötunar ellegar sálhjálp. Ýmsir forystumenn prótestanta gegn ofurvaldi páfa og kaþólskrar kirkju gengu svo langt að staðhæfa að ætlunarverk Guðs væri svo fyrirfram ákveðið í smáatriðum, að breytni manna skipti engu máli; menn gætu aðeins frelsast frá fyrirfram ákveðinni forðæmingu fyrir trúna. Hugarfarið væri það sem gildi.

Þýski heimspekingurinn Hegel taldi framvindu sögunnar lúta ákveðnum lögmálum þar sem ákveðið ástand (tesa) leiddi af sér andstæðu sína (anti-tesu) og síðan upphæfust þessar andstæður í einni máttugri syntesu, sem sameinaði það besta úr tesu/syntesu, en skildi sorann eftir. Þannig var mannkynið á eilífri framfarabaut með þessu merkilega þrístökki Tíðarandans, sem einnig minnir á Heilaga þrenningu kristinnar og þarf þó ekki trúarbrögð til, því eins og allir vita þá segir fornt málæki: allt er þá þrennt er. Hegel taldi Tíðarandann hafa náð lokamarki Skaparans með Prússneska Ríkinu, sem væri Fullkomnunarinn sjálf.

Þýski gyðingurinn Karl Marx taldi sig snúa lærimeistara sínum, Hegel, á haus þegar hann fól Stéttabaráttunni að vinda sögunni fram í stað Tíðarandans, og þannig grundvalla framsókn mannkynsins með lögmáli, sem byggðist á efnislegri baráttu hversdagsfólks fyrir nauðsynjum sínum og nauðþurftum, og stefna að þjóðskipulagi, sem



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Í DAG | Umræðan um frelsið

tryggði þeim slíka réttláta tilhögun veraldargæða. Til þess þyrfti að útrýma bæði yfirstéttunum og Ríkinu og mundi þá renna upp upp sú gósentíð, sem líka var í árdaga mannkyns þegar lambið lá við hlið ljónsins og saup gams úr sama dalli og það, í friði og spekt. Ekkert var marxistum kærara en að vísa andstæðingum sínum á sorphauga Sögunnar, gengju þeir gegn því lögmáli sögulegrar framvindu, sem enginn mannlegur máttur fengi staðist gegn.

Það lýðræði, sem á undanförunum öldum hefur verið byggt upp á Vesturlöndum er grunnmúrað á þeirri sannfæringu að maðurinn hafi frjálsan vilja, og engin þau „lögmál“ séu til sem fá bugað hann.

Varla hafði reykurinn hjaðnað af þeim ríkjum marxista, sem svo sannarlega höfðu lent á sorphaugum Sögunnar, þegar ný tegund nauðhyggjumanna reis upp og og lýsti valdsmannslega yfir að tilgangslausi væri að andæfa gegn Lögmálinu. Annars vegar eru þar að verki svonefndir markaðshyggjumenn, sem telja lögmál Markaðarins ofar öllum hugarsmíðum breysks mannkyns. Hins vegar heims-

væðingarsinnar eða Globalistar, sem telja að Lögmálið stefni að einum markaði um allan heim, Markaðurinn leysi ekki aðeins þjóðríkið af hólmi heldur og trúarbrögðin og hvers kyns hindranir, sem heimskum lýð kann að detta í hug að setja í veg hans. Oftast renna þessir hópar saman í forðæmingu sinni á úreltu þjóðríkinu og upphafningu Markaðarins sem þess yfirsíkvitlega valds, sem leysir allar spurningar um réttlæti og siðferði.

Þannig á það að vara bundið efnahagslegu lögmáli að íslenska krónan sé ónýtt mynt og beri að henda henni fyrir alþjóðlega gjaldgenga mynt. Reynt er að telja okkur trú um að tilgangslaus sé að að spyrna móti inngöngu í Evrópusambandið. „Lögmál“ alþjóðasamrunans færir okkur þangað á færibaldi Tíðarandans, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Reynt er að telja okkur trú um að engu máli skipti hver eða hverjir eigi auðlindir Íslands. Alþjóðlegar fjárfestingar virði engin landamæri og það sé öllum jarðarbúum fyrir bestu.

Hver sá, sem samþykkur er rugli af þessu tagi, er að afneita lýðræðinu. Það lýðræði, sem á undanförunum öldum hefur verið byggt upp á Vesturlöndum, er grunnmúrað á þeirri sannfæringu að maðurinn hafi frjálsan vilja, og engin þau „lögmál“ séu til sem fá bugað hann. „Lögmál markaðarins“ eru að mestu mannanna verk og taka mið af þeirri siðferðis- og réttlætiskennd sem hverju sinni ríkir í þjóðfélaginu. Höfum hugfast að við búum í lýðveldi með lýðræðislegt stjórnarfar. Við getum gert hvað sem okkur sýnist, þegar okkur sýnist. Höfnum nauðhyggjunni og hefjum á loft fána hins frjálsa vilja. Við ráðum örlogum okkar sjálf, en engin utanaðkomandi „lögmál“.

Þjónustugjöld lækka í Kópavogi

UMRÆÐAN

Þjónustugjöld

Alþýðusamband Íslands vinnur nú að lögmáli á þjónustugjöldum sveitarfélaga og þó að könnuninni sé ekki lokið, hefur forseti ASÍ látið hafa það eftir sér að sambandið hafi miklar áhyggjur af hækkanði þjónustugjöldum sveitarfélaganna.

ASÍ þarf ekki að hafa áhyggjur af hækkanum á þjónustugjöldum hjá Kópavogsbæ. Stjórnendur Kópavogsbæjar hafa ákveðið að halda flestum þjónustugjöldum óbreyttum milli árána 2006 og 2007 en það jafngildir raunlækkun um a.m.k. 7% í þeirri verðbólgu sem nú er. Þannig verða leikskólajöld óbreytt á milli ára. Sömuleiðis verða gjöld fyrir skóladagvist og skólamáltíðir óbreytt og einnig verða gjöld félagsþjónustunnar vegna heimþjónustu, matarþjónustu og þjónustu á sambýlum óbreytt.

Útvarsprósentan, fasteignaskattur, vatnsskattur og holræsagjald eru einnig óbreytt milli ára. Afslátt-



GUNNAR I. BIRGISSON

ur er veittur af fasteignagjöldum samkvæmt ákveðnum reglum og er sá afsláttur svipaður að krónutölu milli ára. Eldri borgarar fá sérstakan afslátt af fasteignagjöldum í samræmi við heimildir laga og reglna.

Þær hækkannir sem verða, taka mið af verðlagshækkunum. Gjaldskrá bygginga-fulltrúa hækkar í samræmi við byggingavísitölu, auk þess sem lóðaleiga og sorpeyðingargjald hækka um tæp 7%. Þau gjöld standa því í stað að raunvirði.

Loks má nefna, að áfram munu foreldrar með börn á leikskólaaldri eiga kost á heimagreiðslum fyrir börn sín sem nema

þrjátíu þúsund krónum á mánuði eins og á síðasta ári.

Með ráðdeild í rekstri á undanförunum árum, hefur tekist að byggja upp sterka fjárhagsstöðu Kópavogsbæjar sem nú verður notuð með þessum hætti til að létta byrðarnar á hinum almenna bæjarbúa.

Gleðilegt ár.

Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.



Snjóblásararnir komnir í hús - Loksins á Íslandi -



10HP, Rafmagnsstart, drif, 16" hjól, 74 cm



5HP Briggs & Stratton, drif, 13" hjól, 61 cm

Allir þekkja hina landsfrægu varahluta- og viðgerðapjónustu okkar.

G. Tómasson ehf Súðavogi 6 sími: 577 6400 www.hvellur.com hvellur@hvellur.com



Mazda BT 50 er nýr pallbíll sem fyrirtækið sendir frá sér á árinu.



Opel Corsa hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR





BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smíðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Mikið úrval nýrra bíla

Á þessu ári verða þriðjung fleiri nýir bílar settir á Evrópumarkað en á síðasta ári. Nú hefst vertíð hjá bílaumboðunum að kynna þá bíla sem líta dagsins ljós í ár.

Vinsælasti bílaframleiðandi heims mun senda frá sér nýjan, sparneytinn og rúmgóðan fjölskyldubíl sem fengið hefur nafnið Toyota Auris. Bílnum er ætlað að leysa einn farsælasta bíl síðustu ára af hólm, Toyota Corolla hlaðbak. Auris er búinn 1,8 lítra vél og nýju fjöðrunarkerfi. Auris mun verða umhverfisvænn bíll, líkt og nýrri fjölskyldubíll frá Toyota.

Kia cee'd er fyrsti og eini bíllinn í Evrópu sem kemur með sjö ára ábyrgð frá framleiðanda og meðal annars valdi breska tímaritið Autocar það hugmynd ársins. Kia cee'd mun keppa á markaðnum í flokki millistórra fjölskyldubíla og samkvæmt upplýsingum frá Kia-umboðinu er mesta áherslan í hönnun bílsins lögð á öryggi og þægindi.

Nýr og heldur óvenjulegur Volvo kemur á markað snemma á árinu. Volvo C30 er minnsti bíllinn frá framleiðandanum í nokkra áratugi og er hann hugsaður sem sportlegur fjölskyldubíll. Vélarstærð bílsins verður frá 1,6 lítrum og upp í 2,4 lítra túrbó vél.

Ford S-Max er nýr stór og rúmgóður sjö manna fólksbíll sem kemur á markað héraðs í febrúar. Bíllinn verður fáanlegur í nokkrum útgáfum, meðal annars með 2,2 lítra V6 dísilvél. Aðaláhersla er lögð á kraft og þægindi.

Í apríl mun Citroën senda frá sér nýjan C4 Picasso sem er fjölnota fjölskyldubíll sem ætlað er að keppa á sama markaði og Ford S-Max. Hönnun bílsins þykir framúrstefnuleg og hefur nýstárlegt vökvakerfi hans vakið töluverða



Kia cee'd mun keppa við aðra millistóra bíla.



Nissan Qashqai er eini sjálfskipti dísilbíllinn á Evrópumarkaði.



Hinn sportlegi Volvo C30 er minnsti bíllinn frá framleiðandanum í nokkra áratugi.

athygli. Samkvæmt upplýsingum frá umboðinu er meðal annars hægt að lækka bíllinn niður að aftan með tölvustýringu þegar verið er að hlaða í farangursrými hans.

Japanski framleiðandinn Mazda mun senda frá sér kraftmikinn pallbíll sem fengið hefur nafnið Mazda BT 50 og er ætlað að veita Toyota Highlux og fleiri bílum í sambærilegum flokki, harða samkeppni.

Hekla mun í næstu viku kynna Skoda Roomster sem er nýr og afar rúmgóður fjölskyldubíll, sem þegar hefur fengið lofsamlega dóma í Evrópu. Bíllinn hlaut meðal annars fimm stjörnur í Euro n'cap prófinu.

Ingvar Helgason mun kynna glænýjan Opel Corsa í byrjun mars. Að sögn talsmanna fyrirtækisins eru tímamótabreytingar á bílnum því útlit hans byggist á nýrri hönnun. Bíllinn verður fáanlegur með bensín- og dísilvélum og hefur meðal annars fengið hæstu

einkunn í árekstrarprófum. Nissan Qashqai er nýr jepplingur frá Ingvari Helgasyni. Hann er fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur og með tveggja lítra dísilvél, en Qashqai er eini sjálfskipti dísilbíllinn á Evrópumarkaði í ár.

Gjörbreyttur Subaru Impreza mun líta dagsins ljós með haustinu. Útlit bílsins hefur tekið stakka-skiptum og er nýja Imprezan meðal annars fimm dyra, sem ekki hefur sést áður hjá Impreza. Að öðru leyti mun bíllinn byggja á sama grunni; tveggja lítra vél, fjórhjóladrifi og sportlegum aksturseginnleikum.

Í lok ársins 2007 mun nýr smájeppi að nafni Tiguan frá Volkswagen koma á markað. Bíllinn hefur þegar verið uppfærður litli bróðir Touareg-jeppans. Að sögn starfsmanna Heklu mun Tiguan setja ný viðmið í flokki smájeppa því bíllinn verður bæði kraftmikill og umhverfisvænn. Vélin í Tiguan verður aðeins 1,4 lítra en mun þrátt fyrir það skila 170 hestöflum. - vör



Skoda Roomster er rúmgóður fjölskyldubíll sem hlaut fimm stjörnur í Euro n' Cap prófinu.



Toyota Auris er hugsaður sem arftaki Toyota Corolla hlaðbaksins.



Volkswagen Tiguan er nýr smájeppi sem kemur á markað í lok ársins.

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærou í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar í dag

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir Breytingar Þjónusta

Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400



Andlitslyfting talin auka sölu

Ný gerð Hyundai Coupé er álitin eiga góða möguleika í Evrópu.

Þriðja kynslóð af Hyundai Coupé, sem nefnist einfaldlega Hyundai Coupé SIII, hefur vakið töluverða athygli. Ekki hvað síst vegna yfirhalningar sem bíllinn hefur fengið og þykir hafa heppnast einstaklega vel. Gera framleiðendur sér vonir um að hún eigi eftir að auka vegsemd bifreiðarinnar sem fer í sölu á Evrópumarkaði innan skamms.

Hinn nýi Hyundai Coupé er mun sportlegri en fyrri gerðir bílsins, en útlitsbreytingarnar taka til ýmissa þátta, þar á meðal bilgrindarinnar, ljósa og felgna. Er þá óupptalið það sem hefur verið breytt í bílnum inn-anverðum, til að mynda mælaborðinu, sem er almennt álitíð mun flottara og útbúið fleiri eiginleikum en áður. Þá má velja um svart eða rautt leðuráklæði á sætin, eða eftir því hvernig bíllinn er á litinn.

Vélarnar eru hins vegar þær sömu og áður. Minnsta gerðin er 1.6 DOHC 16V, 103 hestafl. Þar næst kemur



Nýr og endurbættur Hyundai Coupé.

gerðin 2.0 DOHC 16V 141 hestafl. Sú stærsta er 2.7 V6 DOHC 24V, en hún skilar 165 hestöflum.

Eins og fyrr sagði eru framleiðendur Hyundai Coupé SIII vongóðir um að yfirhalningin muni auka sölu á bílnum. Sala á fyrri gerðum hefur ekki gengið sem skyldi og telja sumir að þar spili helst inn í útlit þeirra, sem þótti ekki samrýmast kröfum nútíma-neytenda.

- rve



Meðal bíla sem frumsýndir verða á Detroit-bílasýningunni er Mazda Ryuga hugmyndabíllinn.

Ballið byrj- að í Detroit

Bílasýningin í Detroit hófst 7. janúar síðastliðinn. Bílasýningin er ein sú mikilvægasta fyrir framleiðendur.

Í 99 ár hefur athygli bílaheimsins beinst að Detroit í ársbyrjun. Þá sýna allir helstu bílaframleiðendur heims afurðir sínar, bæði þær sem ætlaðar eru fyrir markaðinn sem og hugmyndabíla sem eingöngu eiga að vekja athygli og umtal.

Á síðasta ári sóttu tæplega 800.000 manns sýninguna. 91 framleiðandi sýndi afurðir sínar, 70 bíla og 33 hugmyndabíla. Fjöldinn er svipaður í ár en ljóst er að áherslan hefur færst í átt að umhverfisvernd og orkusparnaði. Hybrýð bílar, dísilvélar og lífrænar orkugjafar eru fyrirferðarmiklir en inn á milli slæðist staka bensínsvelgur með 500 hestafla vél.

Síðasta ár var erfitt fyrir marga bílaframleiðendur en þó eru nokkrir sem koma sterkir til leiks í Detroit með fullar hendur fjár. Lamorghini hefur aldrei selt fleiri bíla og Toyota stefnir hraðbyri á að verða stærsti bílaframleiðandi í heimi.

Bílasýningin í Detroit stendur yfir 7. til 21. janúar en hún verður opnuð almenningi 13. janúar.

Leiðrétting

Ranghermt var í Fréttablaðinu sl. laugardag að þeir sem njóta ferðapjónustu fatlaðra gætu pantað bíl samdægurs.

Frestun hefur orðið á gildistöku nýrra reglna um að fatlaðir geti pantað bíl með minnst þriggja tíma fyrirvara. Samkvæmt upplýsingum frá Maríu Rúnarsdóttur, verkefnastjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, er ekki ljóst á þessari stundu hvenær þær breytingar taka gildi. Fréttablaðið mun fylgjast með því máli en harmar að hafa gefið rangar upplýsingar nú í byrjun árs.

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

FM957



HLUSTENDA-VERÐLAUN FM 95.7

23. JANÚAR Í BORGARLEIKHÚSINU

BEIN ÚTSENDING Á SIRKUS TV

NETKOSNINGIN ER HAFIN Á WWW.FM957.IS OG Á WWW.MINNSIRKUS.IS





Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

allt

nám o.fl.

Loforð um bætt námshegðun í upphafi skólaannar eru algeng meðal nema. Sumt er hægara sagt en gert og mikilvægt að sofna ekki á verðinum. Gerið áætlanir og standið við þær. Takið einn dag í einu.



Rope Yoga

stúdíó

Ármúla 44

Skráning í gangi

Kennari: Emma Bjarnadóttir

Uppl.: s. 860 2173 - info@egER.is - www.egER.is

Frönsku námskeið

Námskeið hefst 15. janúar

Innritun í síma 552 38 70, 8.-13. janúar

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Netfang : alliance@af.is
veffang : www.af.is

Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.

“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþbyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

6 VIKNA HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ HEFST 8. FEBRÚAR (17-19)
2 VIKNA NÁMSTÆKNINÁMSKEIÐ HEFST 20. JANÚAR (10-13)

SKRÁNING Á HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ ER HAFIN

Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



Viðar Hreinsson og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir hjá Reykjavíkurakademíunni stefna á óvæntar uppkomur með hinni nýstofnuðu miðlunardeild, Varp.

Ætlum að koma á óvart

Varp er heiti á nýrri miðlunardeild Reykjavíkurakademíunnar sem í ár fagnar tíu ára starfsafmæli sínu. Markmiðið er að bjóða upp á nýstárlega fræðslu og miðla þeim hafsþjó þekkingar sem er að finna innan veggja akademíunnar.

Hjá Reykjavíkurakademíunni eru starfandi um áttatíu fræðimenn og -konur á ýmsum sviðum, þar með taldir nemendur í framhaldsnámi. Flest á sviði félags- og hugvísinda.

Akademían býður upp á sameiginlega vinnuáðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, stuðlar að þverfaglegu og alþjóðlegu

samstarfi sem og þekkingarmiðlun. „Í hefðbundnu háskólaumhverfi er hver grein oft útaf fyrir sig og fræðimenn sitja því oft einir. Akademían er sameiginlegur vettvangur sem getur verið spennandi tækifæri til að endurskoða viðhorf sín og aðferðir,“ segir Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri akademíunnar.

Nafnið Varp er engin tilviljun og segir allt sem þarf um starfsemi deildarinnar. „Varp táknar í senn fæðingu nýrra hugmynda, að verpa, og miðlun þeirra, að varpa,“ segir Viðar. Starfsemi deildarinnar er í þróun og leitað verður ýmissa leiða í fræðslustarfinu. „Við munum bjóða upp á málþing, námskeið, ráðstefnur og fyrir-

lestra sem verða sniðnir að þörfum mismunandi hópa, svo sem skóla, fyrirtækja og almennings,“ segir Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, mannfræðingur og varaformaður akademíunnar, sem er í forsvari fyrir miðlunardeildina.

Að sögn Viðars og Ólafar er eitt af markmiðunum að fjalla um vanrækt svið sem akademían hefur þekkingu á og sem dæmi nefnir Viðar nýrri menningarsögu Íslands. „Við ætlum ekki að spyrja hvað fólk langar að læra, við ætlum frekar að miðla því sem við kunnum og koma á óvart,“ segir Viðar.

Sjá nánari upplýsingar um miðlunardeildina Varp: www.akademia.is

Lært að lesa

Lestrarskóli Helgu Sigurjónsdóttur hefst laugardaginn 13. janúar.

Að þessu sinni býður skólinn upp á tvö námskeið. Annars vegar Að kenna lestur, en það verður haldið laugardaginn 13. janúar milli 10 og 15. Námskeiðsgjald er 15.000 kr. og eru námsgögn innifalin. Hins vegar er lestrarnámskeið ætlað börnum fjögurra til fimm ára og þeim sem borið hafa upp á sker í lestri. Námskeiðið er kennt hálf tíma í senn, fjórum sinnum í viku, í tveimur hópum milli 8.00 og 8.30 og 8.30 og 9.00. Námskeiðið kostar 25.000 kr. og eru námsgögn innifalin.

Í lestrarskólanum læra fjögurra til fimm ára börn að lesa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Námskeið í bridge

Skráning stendur yfir í byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Bridgeskólinn hefur starfað í 30 ár og því býr nokkur reynsla að baki kennslunni. Öll árin hefur skólinn boðið upp á námskeið fyrir byrjendur og lengra komna og engin undantekning er þar á í ár.

Námskeið fyrir byrjendur hefst 22.



janúar og fyrir lengra komna 24. janúar. Námskeiðin eru tíu kvöldstundir frá kl. 20 til 23, byrjendur á mánuðögum og lengra komnir á miðvikudögum.

Upplýsingar er hægt að nálgast á netinu á bridge.is og í síma 564 4247. Skráning fer fram símileiðis daglega milli 13 og 18.



Fjöldi dýra þarf að fódra snemma morguns.

Vinamorgunn í Húsdýragarðinum

ÁRSKORTSHAFAR Í HÚSDÝRAGARÐINUM GETA TEKIÐ ÞÁTT Í MORGUNVERKUNUM NÆSTA SUNNUÐAG.

Sunnudaginn 14. janúar verður Húsdýragarðurinn lokaður öðrum en árskortshöfum sem er boðið að koma snemma og taka þátt í morgunverkunum. Hafist verður handa klukkan 7.45 og byrjað á mjóltum og þrífum hjá svinunum en þeir sem ekki geta vaknað svo snemma geta mætt klukkan 9.00. Þá verður farið í hest- og fjárhúsin og fjósið og þrifið undan dýrunum. Klukkan 10.00 verður farið í hreindýrahúsið og er hreindýrunum gefið klukkan 10.30. Eftir að búið er að gefa hreindýrunum liggur leiðin að selalauginni þar sem yngstu börnin fá að kasta fiskum til selanna. Síðast verður svo farið í loðdýrahúsið og dýrunum þar gefið.

Hægt er að skrá sig í vinamorgunninn með því að hringja í Húsdýragarðinn eða senda tölvupóst og fá þeir sem taka þátt tíu prósentu afslátt á veitingum í kaffihúsinu að morgunverkunum loknum.



Eigum við Íslendingar einkarétt á Njálu?

Má syngja á hvaða tungumáli sem er?

Nigel Watson mun halda fyrirlestur í húsi Sögufélagsins við Fischersund um menningar-eign og munnlegar frásagnir. Fyrirlesturinn fer fram 11. janúar kl. 20.00.

Watson kys að útskýra umfjöllun-arefni fyrirlestursins með nokkrum spurningum. Mega flytjendur tileinka sér frásagnir og söngva úr hvaða hefð sem er? Eru í því fólgnar gripdeildir á óápreifanlegum menningararfi annarra eða er þess háttar tileinkun einmitt frjó rót skapandi misskilnings?

Í heimi þar sem alþjóðleg valda-og viðskiptatengsl minna enn

mjög á nýlendutímann krefst saga alþjóðlegra menningartengsla nánari rannsóknar sem og sambandið milli ritaðrar og munnlegrar sagnahefðar. „Get ég sem sögu- maður frá Wales gert þess háttar tilkall til Mabinogi, hins velska sagnakvæðis?“ spyr Watson. Watson hefur starfað sem flytjandi, leikhúsmáður, tónlistarfræðingur, kennari og kennismiður hér og þar í heiminum í fjóra áratugi. Hann bjó á Íslandi 1975 og hefur sótt landið heim reglulega síðan, flutt einleiki og sagnakvæði hér og kennir nú í janúarmánuði hraðnámskeið um blústónlist og sam-berandi tónlistarfræði við mann- fræði- og þjóðfræðiskor Háskóla Íslands.

- tg



Um 51,1 milljón króna er ætluð til atvinnuleikhópa á fjárlögum árið 2007.

Styrkir til leik- listarstarfsemi

Menntamálaráðherra hefur ákveðið verkefnastyrki til starfsemi atvinnuleikhópa árið 2007.

Alls bárust þrjár umsóknir um samstarfssamninga og sóttu 38 aðilar um styrki til 69 verkefna. Á fjárlögum 2007 eru 51,1 milljón króna til atvinnuleikhópa. Til ann-arra atvinnuleikhópa en Hafnar- fjarðarleikhússins komu nú til úthlutunar samtals 34,4 milljónir króna.

Eftirfarandi hlutu styrk:
Brilljantín / Halldóra Malin Pétursdóttir o.fl., 800 þús. kr. til upp- setningar á leikverkinu Power of Love eftir Halldóru Malin Péturs- dóttur.

Kómedíuleikhúsið / Elfar Logi Hannesson o.fl., 900 þús. kr. vegna leiklistarhátíðarinnar Act alone sem er helguð einleikjum.

Möguleikhúsið / Pétur Eggerz o. fl., 4 millj. kr. til uppsetningar á leikritinu Í gær og á morgun eftir Svein Einarsson.

Nútímadanshátíð í Reykjavík / Ólöf Ingólfsdóttir o.fl., 4 millj. kr. vegna nútímadanshátíðar í Reykjavík.

Vatnadansmeyjafélagið Hrafn- hildur / Halla Margrét Jóhannes- dóttir o.fl., 5,6 millj. kr. vegna verkefnisins Draugaskipið.

Draumasmiðjan / Margrét Péturs- dóttir o.fl., 4,5 millj. kr. til upp- setningar á leikverkinu Óþelló, Desdemóna og Jagó.

Sokkabandið / Elma Lís Gunnars- dóttir o.fl., 5,2 millj. kr. uppsetn- ingar á nútímasöngleiknum Hér og nú.

Stoppleikhópurinn / Eggert Kaab- er o.fl., 2,4 millj. kr. til uppsetning- ar á leikritinu Hvar er tindurinn? eftir Þorvald Þorsteinsson.

Artbox/Evrópa kvikmyndir / Rake! Garðarsdóttir o.fl., 7 millj. kr. til uppsetningar á leikritinu Faust.

Hafnarfjarðarleikhúsið Hermóð- ur og Háðvör, 20 millj. kr. skv. samstarfssamningi.



Mímir býður meðal annars upp á námskeið um Manga teiknimynda- gerð Japana.

Skráning hafin

Mímir símenntun býður upp á fjölbreytt námskeið, bæði hagnýt og til skemmtunar, nú á vorönn.

Skráning á námskeið vorannar stendur yfir en hún fer fram bæði í gegnum síma og á vef- síðu Mímis, www.mimir.is. Námskeiðum Mímis er skipt niður í fjóra flokka. Þeir eru gagn og gaman, menning og listir, tungumál og íslenska fyrir útlandinga. Námskeiðin innan hvers flokks fyrir sig eru fjölbreytt, en sem dæmi má taka námskeiðin Lífsstíll og markmiðasetning, Skrautritun, Feng shui fyrir heimilið, Manga – meira en bara myndir og orð – japanskar myndasögur, og auðvitað ýmis tölvunámskeið og námskeið fyrir börn og ungl- inga.

- tg

Tónlistarnám fyrir þig!

tónheimar hafa þá sérstöðu að nemendur læra að *spila* á píanó og rafmagnsgítar *eftir eyranu* og bókstafshljómum. Inn í námið fléttast tón- og hljómfraði. Skemmtilegt og hagnýtt nám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Láttu drauminn rætast!

Vorönn tónheima hefst 15. janúar

Píanó

- Byrjendur og framhald
- 4 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir
- Eldri borgarar

Rafmagnsgítar

- Byrjendur og framhald
- 10 ára og eldri
- Unglingar
- Fullorðnir

Netstuðningur í námi

Skráning á www.tonheimar.is og í síma 846 8888 alla daga frá 9-18.

Spilaðu eftir eyranu

tónheimar

Tónheimar Fákafeni 9 tonheimar@tonheimar.is www.tonheimar.is

Kennarar

ÁSTVALDUR INGVAR ADALHEIDUR VIGNIR ÞÓR RAFN VIGNIR ÞÓR LAUPEY ARNÍÐIS PÁLMI

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Bóknám - Verknám

130 áfangar í boði

Stafræn myndvinnsla - Stafræn myndvinnsla fyrir byrjendur og lengra komna

Raungreinar - Náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði, landfræði og stærðfræði

Fjölmiðlafræði - Greinaskrif, myndvinnsla, ljósmyndun o.fl.

Rafmagnsfræði - Heiti og hugtök, útreikningar og raflagnir

Hjúkrun - Almenn aðhlyning, skyndihjálp og næringarfræði

Viðskiptagreinar - Bókfærsla, lögfræði og markaðsfræði

Myndlist - Teikning, skúlpúr og menningarsaga

Tungumál - Danska, enska, spænska og þýska

Tölvugreinar - Upplýsingatækni og ritvinnsla

Húsasmíði - Uppbygging, smíði og burðarvirki

Lögfræði - Réttarfar, viðskiptalögfræði


Íþróttir - Fjallgöngur

Innritun í FB

Miðvikudagur 10. janúar frá kl. 17:00 til 19:00

Fimmtudagur 11. janúar frá kl. 17:00 til 19:00

Netinnritun á www.fb.is (kvöldskóli)



Ég nota Sterimar, það hjálpar



- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking



Fæst í apótekum

Vasta hux'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!



Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



Ciöru finnst skemmtilegast að leika sér úti þegar hún er ekki í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í hljómsveit með mömmu

Ciara Margrét Eyberg Hudson
er sex ára nemandi í Lækjar-skóla í Hafnarfirði.

Ciöru finnst mjög gaman í skólanum. „Við erum alltaf að leika okkur úti og læra að lesa og fáum alltaf nýja bók til að lesa. Ég á eina vinkonu sem er besta vinkona mín og heitir Rósa María,“ segir Ciara og bætir því við að þegar hún sé ekki í skólanum finnst henni skemmtilegast að fara út að leika sér með vinkonu sinni.

Töluvert hefur verið að gerast hjá Ciöru síðustu mánuði því auk þess að hafa byrjað í skóla síðasta haust eignaðist hún litla systur í sumar. „Hún er sjö mánaða að verða átta mánaða og heitir Áróra. Mér fannst gaman að eignast systur en ég á bara eina og svo einn fósturbróður sem heitir Sveinn Andri.“

Þegar Ciara var sjálf svona lítil eins og litla systir átti hún heima í Þýskalandi. „Ég man samt ekkert

eftir því, ég fæddist í útlöndum og svo flutti ég til Íslands,“ segir hún.

Ciara segir að litla systir hennar sé með mömmu hennar og pabba í herbergi en hún á sjálf sérherbergi. „Herbergið mitt er mjög flott. Ég á fullorðinsrúm, það er ekki svona feitt, bara mjótt. Ragnhildur frænka mín gaf mér það því einn strákurinn hennar sem er orðinn unglingur átti það en ég fékk það.“

Dýr eru í miklu uppáhaldi hjá Ciöru og hún á einn dverghamstur. „Hún heitir Katla. Hún þvær sér alltaf eitthvað svona,“ segir Ciara og nuddar nefið á sér með báðum höndum og hlær. „Hún hleypur svo um í búrinu og stundum tek ég hana úr því. Samt er hún með beittar tennur og ef maður verður eitthvað vondur við hana þá bitur hún. Hún beit mig einu sinni því ég var ekki búin að halda á henni nógu lengi. Ég hef oft leikið við hamsturinn minn og ég er alltaf að gefa henni að borða eitthvað en

hún borðar það aldrei því henni finnst bara laufabrauð gott. Mig langar líka rosalega mikið í kött eða hvolp eða eitthvað.“

Ciara segir að jólin hafi verið mjög góð hjá henni og skemmtileg. „Ég fékk svona playstation-tölvu og Bratz-leikinn í jólagjöf,“ segir hún og brosir út að eyrum. „Ég fékk líka Barbie og Playmo í jólagjöf og svo fékk ég góðan mat, kjöt og eitthvað svona gott að borða.“

Þegar Ciara verður stór ætlar hún að verða hljómsveitarkona. „Mamma var einu sinni í hljómsveit og ég ætla bara að vera með henni í hljómsveit. Hún var að spila og þá var ég lítil.“ Ciara er ákveðin í því að hún ætli sjálf að spila á flautu í hljómsveitinni en þegar hún er spurð að því hvað mamma hennar eigi að spila á hugsar hún sig aðeins um og segir svo: „Ég ætla bara að láta hana vera lækni og svo stundum í hljómsveitinni.“

emilia@frettabladid.is



Um hundrað börn slasast árlega hér á landi við að falla úr innkaupakerrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Aðgát við innkaupin

Fjöldi barna slasast árlega við að falla úr innkaupakerrum.

Mikilvægt er að foreldrar séu sér meðvitandi um það að aldrei má líta af börnum sem sitja í innkaupakerrum og hafi ákveðin atriði í huga.

Ef belti er í kerrunni á að nota það. Þó að barnið sé spennit þýðir það þó ekki að líta megi af því.

Börn eiga ekki að vera laus í

vöruhluta kerrunnar. Þau eru mun lausari þar en í sætinu og geta steipt sér fram úr kerrunni á andartaki.

Ekki á að leyfa börnunum að hanga utan á kerrunni eða leika sér með hana því það getur einnig verið hættulegt fyrir þau.

Eldri börn eiga ekki að ýta kerrum með yngri systkinum sínum eða leika sér í eða á kerrum sem þau sitja í.

- eð

Bútasauður í barna-herberginu

Fátt er fallegra að breiða yfir barnarúmið en litríkt bútasaumsteppi.

Bútasaumsteppi þarf ekki að vera flókið að búa til og jafnvel hægt að gera þau án þess að nokkuð þurfi að sauma saman. Ef klipptir eru niður réttthyndir bútar úr mismunandi litu flísefni og klippt aðeins upp í brúnirnar á þeim er auðveldlega hægt að binda þá saman og búa til fínasta bútasaumsteppi.

Börnin geta meira að segja bundið teppið saman sjálf ef þau fá aðstoð við að klippa búтана niður.

- eð

Úr litríku flísefni má búa til falgleg bútasaumsteppi.



Þessir krakkar bíða spennt eftir holla matnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haframjölið vinsælla en sandur

Smábarnaskólinn við Ránargrund er fyrir börn á aldrinum níu mánaða til tveggja ára.

Hjallastefnan í leikskólamálum er mörgum að góðu kunn og nú hefur verið opnaður smábarnaskóli í Garðabæ undir sömu merkjum. Hulda Hákonardóttir veitir skólanum forstöðu en hann er ætlaður börnum á aldrinum níu mánaða til tveggja ára. „Skólinn var opnaður í nóvember síðastliðnum og hefur vakið mikla athygli og góð viðbrögð,“ segir Hulda og bætir því við að börnin sem eru í skólanum núna séu öll orðin eða alveg að verða eins árs vegna biðlista.

Hjallastefnunni er fylgt en ekki út í ystu æsar. „Í venjulegum Hjallastefnuskóla er ekki mikið af leikföngum heldur áherslan lögð á sköpunargleði og samskipti en svona lítil börn eru lítið að spá í hvert annað. Þau læra mest á því sem þau hafa í höndunum. Svo það skiptir máli hvað það er. Krakkar á þessum aldri læra af efniviðnum sem þau hafa í höndunum og umhverfinu og hér erum við að þjálfra skynjun og lána þeim hluti með mismunandi lit, lögun og áferð til að læra af.“

Í smábarnaskólanum eru tuttugu og tvö börn og dvalarlengd er eins og foreldrar óska eftir, frá fjórum og upp í átta og hálfan tíma eða bara hefðbundinn leikskóladagur. „Húsnæðið sem við erum í er mjög sérstakt,“ segir Hulda. „Þetta er gamalt einbýlishús niðri við sjó sem var lagað að starfsemiinni og gert barnvænna. Það sem við höfum umfram alla leikskóla er að við erum með bílskúr þar sem er vagnageymsla svo börnin geta sofið úti í fersku lofti en eru samt alveg í skjóli. En auðvitað geta börnin líka sofið inni ef foreldrar vilja.“ Bílskúrin er tvískiptur og í hinum endanum er leiksvæði þar sem meðal annars má finna innisandkassa og litla



Innisandkassinn þjálfar börn í því að vera úti að leika.

rennibraut. „Innileikvöllurinn er ætlaður til að brúa bilið yfir í það að fara út að leika,“ segir Hulda. „Mörg börnin eru svo nýfarin að labba að þau hafa kannski aldrei labbað í skóm. Þau eru klædd í útiföt og æfa sig að fara út að leika án þess að lenda í vindhviðum og regni sem auðveldlega feykja smáfólki um koll.“

Annað sem markar Smábarnaskólanum við Ránargrund sérstöðu er næðið. „Það að vera með svona lítil börn gerir það að verkum að það er mikil ró í húsinu. Á svefntíma er algjör kyrrð í húsinu því allir eru í sama takti.“ Matur er sendur frá Hjallastefnuskólanum Ásum. „Reglulegar og örar máltíðir eru geysilega mikilvægar fyrir svona lítil börn svo það eru ávaxtatímar milli máltíða. Ef þau fá vel að borða og drekka vatn á meðan þau leika sér þá una þau sér svo miklu betur.“ Það er líka hægt að sameina þetta á skemmtilegan hátt. „Meðan við bíðum eftir sandkassanum fylltum við stóran bala af haframjöli og leyfðum börnunum að moka og leika sér með það. Þau borðuðu haframjolið fyrst og töluvert meira af því en sandinum núna,“ segir Hulda og hlær. „En haframjöl er bara hollt, sérstaklega ef maður passar að þau fái nóg vatn með.“

Nánari upplýsingar um smábarnaskólann Ránargrund og Hjallastefnuna má finna á www.hjalli.is.

- bb



Haframjöl er miklu hollara en venjulegur sandur.

Fyrsta orðið var Toyota

Óðinn Andrason þriggja ára hefur mikinn áhuga á traktor-um.

„Við þurftum að setja traktorinn saman,“ segir Óðinn Andrason þriggja ára skýr strákur á Akureyri sem að sögn foreldra sinna hefur mikinn áhuga á bílum, traktor-um og öðrum stórum vélum. Óðinn á mikið safn af alls kyns traktorum og bílum auk þess sem hann fékk stóran flottan traktor í jólagjöf frá mömmu sinni og pabba. Auður, mamma hans, segir að aðrar gjafir hafi ekki fengið mikla athygli þegar traktorinn hafi komið í ljós undan jólapappírnum.

„Fyrsta orðið sem hann sagði var ‘Toyota,‘ segir mamma hans hlæjandi og bætir við að Óðinn sakni jeppans sem þau hafi nú selt. Óðinn segist kannski ætla að verða bóndi svo hann geti keyrt traktora og gröfur allan daginn. „Við erum með stóran traktor í sveitinni og það er gaman að leika sér á honum,“ segir hann en mamma hans bætir inn í að um gamlan ónýtan traktor sé að ræða.

Litlu bræður Óðins, tvíburarnir Askur Freyr og Ás Teitur, hafa einnig gaman af að leika sér með traktorana og Óðinn leyfir þeim að leika með sér. „Þeir sitja oft í kerrunni og láta Óðinn keyra sig um stofuna,“ segir mamma þeirra.

- íðh



Óðinn dregur bræður sína um alla stofu í kerrunni á traktorunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



Askur Freyr, Óðinn og Ás Teitur leika sér mikið saman að traktorum og bílum.

Allt að 60% afsláttur af barnafatnaði
Glamourmom
brjóstagjafabolir á 30% afslætti



ÚTSALA

10% afsláttur af öllum öðrum vörum út þessa viku

Móðurást
Hamraborg 7 s; 564 1451
www.modurast.is



Það er ekki sama veðrið í Sydney í Ástralíu og Sidney í Montana.

13.000 kílómetra stafsetningarvilla

Það borgar sig að vita hvert maður er að fara eins og þýskur ferðamaður fékk að reyna.

Rúmlega tvítugur þýskur ferðamaður sem var á leið til að heimsækja kærustuna sína í Sydney í Ástralíu tók á sig 13.000 kílómetra krók vegna vankunnáttu sinnar í stafsetningu. Tobi Gutt ætlaði sér í fjögurra vikna frí til Ástralíu og var klæddur í stuttbuxur og léttan bol, klæðnað eins og hæfir í Ástralíu á þessum tíma árs, en á síður við í smábænum Sidney í fjallahéraðinu Montana í Bandaríkjunum þar sem alvöruvetur er við lýði eins og annars staðar á norðurhveli jarðar. „Mér fannst þetta

dálítið skrítið en ákvað samt að segja ekkert,“ segir Gutt í viðtali við þýska blaðið Bild. „Ég sannfærði sjálfan mig um að það væri ekkert vitlaust að fljúga til Ástralíu í gegnum Bandaríkin.“ Tobi millilenti nokkrum sinnum í Bandaríkjunum á leið sinni til Montana en það var ekki fyrr en hann var um það bil að stíga um borð í áætlanarvél til Sidney, sem er olfubær með tæplega fimm þúsund íbúa, að hann áttaði sig. Tobi eyddi síðan þremur dögum á flugvelli í Montana áður en hann gat fest kaup á nýjum miða til Ástralíu. Það borgar sig greinilega að vita hvert maður er að fara, eða að minnsta kosti hvernig það er skrifað. - bb

Fjallasvæðin toppurinn á skíðamennskunni

Kaldbakur er eitt hæsta fjallið í Eyjafirði. Þangað getur fólk komist á snjótroðara með Kaldbaksferðum ehf.

„Í síðustu ferð sem farin var komu eldri borgarar, svo hingað kemur fólk á öllum aldri,“ segir Sigurbjörn Höskuldsson, eigandi Kaldbaksferða ehf., sem kemur fólki upp á Kaldbak, eitt hæsta fjall Eyjafjarðar, með snjótroðara. Hægt er að þiggja far með troðurunum niður aftur auk þess sem Sigurbjörn býður einnig upp á snjóþotur en flestir taka með sér skíði eða snjóbretti og renna sér niður.

„Við byrjum aftur núna um miðjan janúar,“ segir Sigurbjörn og bætir við að beðið sé eftir dagsbirtu og meiri snjó. „Við hefðum getað farið af stað fyrir jólin en svo fór snjórinn aftur,“ segir hann og bætir við að hann hafi boðið upp á þessar ferðir frá árinu 1998 og aðeins einn vetur hafi dottið úr vegna snjóleysis. Sigurbjörn segir að vinsældir ferðanna upp á Kaldbak séu alltaf að aukast. Þeir séu nú komnir með tvo troðara svo flutningsgetan sé orðin helmingi meiri. „Mest er að gera í kringum páskana. Margir ætla að eyða nokkrum dögum á skíðum hér fyrir norðan og vilja þá kannski breyta um umhverfi. Fjallasvæðin eru líka toppurinn á skíðamennskunni.“

Sigurbjörn segir skíðaferið niður Kaldbak misjafnt en að



“Í góðu skyggni sést austur á Langanes, í blómapottana í gluggunum á Kópaskeri auk þess sem þú sérð yfir Akureyri, inn allan Eyjafjörðinn, yfir Hrísey og Dalvík.”



„Svæðið er mjög snjóríkt og það hafa margir haft á því orði að þetta sé framtíðarskiðasvæði Íslands,“ segir Sigurbjörn.

snjótroðarinn slétti leiðina þótt margir velji að fara ótroðnar slóðir. „Við höldum slóðinni vel við en svo er hægt að fara frjálst niður og nota slóðina aðeins til leiðbeininga svo fólk lendi á svipuðum stað og ferðin hófst og lendi ekki í ógöngum. Útsýnið af toppnum er alveg frábært. Í góðu skyggni sést austur á Langanes, í blómapottana í gluggunum á Kópaskeri auk þess sem þú sérð yfir Akureyri, inn allan Eyjafjörðinn, yfir Hrísey og Dalvík. Ferðirnar eru skemmtilegastar í góðu veðri og við förum ekki af stað nema í skaplegu veðri enda

engin kynning á ferðamennsku að berjast upp sama hvað tautar og raular.“

Ekki er búið að gefa út gjaldskrá fyrir árið en samkvæmt gjaldskrá ársins 2006 var ókeypis fyrir sex ára og yngri á meðan ferðin kostar 1.500 fyrir 6-12 ára og 3.000 krónur fyrir 16 ára og eldri. „Svæðið er mjög snjóríkt og það hafa margir haft á orði að þetta sé framtíðarskiðasvæði Íslands. Hingað er stutt að keyra frá Akureyri og veðrið hérna er gott, engin norðvestan átt og sólín skín í andlitið á leiðinni niður.“

indiana@frettabladid.is



ÁRSHÁTÍÐIR HELGARFERÐIR

**Komdu með mér
til Færeyja!**

Davíð Samúelsson
ferðaráðgjafi
Sími: 861 3426

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Nokkrir dagar í Boston

HEILLANDI BORG Í EVRÓPSKUM
ANDA.

Til 9. mars næstkomandi býður Icelandair upp á ódýrar tilboðsferðir til Boston í Bandaríkjunum. Um er að ræða þriggja til sjö náttu ferðir en skilyrði er að gist sé aðfaranótt sunnudags. Ferðin kostar frá 53.600 krónur á mann en í því er innifalinn flugmiði (skattar og þjónustugjöld) ásamt gistingu á Courtyard by Marriot Boston Tremont hótelinu. Boston hefur löngum talist „evrópsk“ borg í þeim skilningi að byggingar og mannlíf þar í borg, minna á borgir í Evrópu. Þar eru mörg falleg og áhugaverð söfn, skemmtileg hverfi og fjöldi veitingastaða sem gaman er að heimsækja. Nánast daglega eru haldnir góðir tónleikar, hvort sem er úr blús-, djass-, klassíska eða poppheiminum en ef fólk skyldi vera meira fyrir íþróttir þá er upplagt að bregða sér á hafnaboltaleik í Boston. Fyrir utan borgina er skógi vaxin náttúra og þar má meðal annars finna Harvard-háskólann, Salem, Cape Cod og Martha's Vineyard.



Boston er af mörgum talin evrópsk í anda.



„Við byrjum aftur núna um miðjan janúar,“ segir Sigurbjörn og bætir við að beðið sé eftir dagsbirtu og meiri snjó.

Vel hannað vefsvæði

Icelandair hefur verið útnefnt til alþjóðlegra vefverðlauna.

Icelandair hefur verið útnefnt til alþjóðlegra Technology For Marketing (TFM) verðlaunanna fyrir best hannaða vefsvæði ársins (Best Website Design of the Year), en verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í London 6. febrúar. Icelandair er eina íslenska fyrirtækið sem hlotið hefur útnefningu til verðlaunanna, en keppt er í 12 flokkum. Icelandair keppir í sínum flokki við fyrirtækin Orange, Dabs, Odeon og Xchange Wales.

Verðlaunin verða afhent í tengslum við Technology for Marketing sýninguna sem fram fer í Olympia í London. TFM er virt sýning í Bretlandi á sviði markaðs-, sölu- og auglýsingatækni.

Dómnefnd er skipuð virtum aðilum úr viðskiptalífinu, sérfræðingum í markaðsmálum og frá háskólum. Meðal þeirra fyrirtækja



Vefsvæði Icelandair þykir mjög vel hannað.

sem hlutu útnefningu til verðlauna eru auk Icelandair: Big Brother Quiz, Britannia Building Society, Ford Retail, Hewlett Packard, Nike Run London, Nissan, Orange, Royal & SunAlliance, Tesco, The Times, The Tussauds Group, Vodafone, Bergens Tidende Newspaper og Yell.com en keppt er í 12 flokkum.



Margt fallett að sjá

ÚTIVIST STENDUR FYRIR FERÐ
UM LANGJÖKUL 19.-21. JANÚAR.

Marga markverða staði er að sjá á Langjökli og er stefnan meðal annars sett á að skoða íshella við Flosaskarð, Þursaborg og Fjallkirkju.

Ferðin er ætluð mikið breyttum jeppum. Þá þurfa menn að hafa VHF talstöð með í ferðalagið. Hægt er að leigja sér talstöðvar á skrifstofu Útivistar.

Frekari upplýsingar um ferðalagið má finna inni á heimasíðu Útivistar, www.utivist.is, og með því að hafa samband í síma 562 1000.

Hlutabréfaárið 2007
Fjármála-
fyrirtækin
draga vagninn



Skógrækt
Getur breytt
útblæstri í peninga



Forstöðumaður
Hagfræðistofnunar
Heillaður af
hagfræði



Bættu við gjald- eyri í lok árs

Nettóstaða viðskiptabankanna í erlendum gjaldeyri jókst um rúmlega 80 milljarða króna í desember og var 188,5 milljarðar króna í árslok, að því er fram kemur í morgunkorni Glitnis.

Gjaldeyrisstaðan er sögð jafngilda tæplega 23 prósentum af eigin fé bankanna. „Og hefur það hlutfall ekki áður verið jafn hátt,“ segir Glitnir. Samkvæmt reglum Seðlabankans má nettóstaða hvers banka ekki fara yfir 30 prósent af eigin fé nema tilgangurinn sé að verja eiginfjárlutfall bankans. „Líklegt er að slík undanþága hafi verið veitt einhverjum bankanna þriggja og má telja líklegast að það sé Kaupþing.“

Í Morgunkorninu er velt upp þeirri spurningu hvort fleiri bankar kunni að fylgja fordæmi Straums-Burðaráss og færa eigið fé sitt yfir í evru. „Þróun gjald-eyrisjafnaðarins gæti gefið vísendingu um að slíkt ferli sé í gangi hjá einhverjum bankanna.“

- óká

Næstmest verðbólga hér

Verðbólga mældist 2,1 prósent á ársgrundvelli innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í nóvember á síðasta ári. Þetta er 0,4 prósentu-
stiga hækkun frá sama tímabili árið áður.

Þetta er nokkur viðsnúningur frá fyrri verðbólgutölum á fjórða ársfjórðungi innan aðildarríkja OECD en verðbólgan lækkaði um 0,2 prósent í september en hélst óbreytt í október.

Verðbólgan í nóvember var eftir sem áður hæst í Tyrklandi eða 9,9 prósent en næstmest hælendis eða 7,3 prósent. Minnsta verðbólgan mældist líkt og fyrr í Japan, eða 0,3 prósent, og í Sviss en þar mældist hún 0,5 prósent.

- jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Til Hollands | Oddaflug, eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar, hefur fært 19,77 prósent hlut sinn í FL Group til Oddaflugs BV í Hollandi vegna hagstæðari skattumhverfis þar.

Greina Kaupþing | Citigroup hefur birt greiningu á Kaupþingi og metur bankann á þúsund krónur á hlut. Morgan Stanley hefur einnig gefið út mat sem hljóðar upp á 953 krónur á hlut.

Betri afkoma | Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs jókst um 52 milljarða króna á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs. Þetta er 30,1 milljarði hagstæðari niðurstaða en ári áður.

Evruskráning undirbúin | Kauphöllin vill að fyrirtæki landsins hafi val um hvort þau skrái hlutabréf sín í krónum eða evrum. Vonast er til að svo geti orðið á seinni hluta þessa árs.



Fyrsta krónubréfið | Bankinn ABN Amro gaf í vikunni út fyrsta krónubréf ársins fyrir þrjá milljarða króna. Bréfið er með gjalddaga 11. janúar 2008 og ber fjórtán prósentu vexti.

Geysir stofnað | FL Group, Glitnir og V GK-Hönnun hafa stofnað fjárfestingarfélagið Geysir Green Energy. Félagið mun fjárfesta í verkefnum tengdum sjálfbærri orkuframleiðslu.

Góð spá | Greining Glitnis spáir því að úrvalsvísitalan hækki um fimmtung á árinu. Það er nokkuð meira en árið 2006 þegar vísitalan hækkaði um 15,8 prósent.

Frásagnir af andláti krónunnar eru ýktar

Miðlun peningastefnu Seðlabankans kynni að verða skilvirkari ef bankar færðu eigið fé yfir í erlenda mynt. Hluta-
bréfamarkaður færir hins vegar undan áhrifasviði bankans.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Frásagnir af andláti krónunnar eru dálítið ýktar,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, og telur að ef til vill hafi verið ofmetin í umræðunni áhrifin af því ef fjármálafyrirtæki færðu eigið fé sitt yfir í erlenda mynt. Taki hins vegar mörg fyrirtæki upp á því að gera upp í evrum segir hann að hlutabréfamarkður hér breytist og færir undan áhrifavaldi Seðlabankans.

„Það eitt að innlánsstofnun færði eigið fé sitt í erlenda mynt hefur ekki úrslitaáhrif á miðlun peningastefnu Seðlabankans,“ segir Ásgeir og bendir á að ef erlendum banki myndi kaupa íslenskan, eða hefja starfsemi hér, væri hann með erlent eigið fé. „Eftir stendur að útlán og innlán einstaklinga og fyrirtækja í krónum verða óbreytt. Vaxtaleiðnin í gegnum bankakerfið, frá stýrivaxta-
ákvörðun Seðlabankans yfir í ákvörðun um útlánavexti bankanna verður sú hin sama.“ Að sumu leyti segir Ásgeir gæti jafnvel peningamálastefna Seðlabankans virkað betur ef bankarnir væru með erlent eigið fé vegna samspils gengishreyfinga og Basel-reglna um eiginfjárlutfall banka. En það þýðir að í hvert sinn sem krónan hækkar, lækkar eiginfjárlutfall bankastofnana mælt í innlendri mynt og kostnaðurinn við innlend útlán eykst á eiginfjárgrunni. Við þetta mun eigið fé í erlendri mynt vinna með peningamálastefnu Seðlabankans og mögulega auka virkni peningamálaðgerða. Þetta er algerlega öfugt við það sem nú er, þar eigið féð er í innlendri mynt en stór hluti efnahagsreiknings

í erlendri. Þannig til að mynda jók gengishækkun krónunnar 2004-2005 eiginfjárlutfall íslenskra banka og gerði innlend útlán ódýrari.

Ef hins vegar mörg íslensk fyrirtæki færu að færa eigið fé sitt í evrum eða aðra erlenda gjaldmiðla myndi það leiða til þess að hlutabréfamarkaðurinn lenti utan við áhrifasvið peningamálastefnu Seðlabankans að einhverju leyti. Þá væri hægt að kaupa hlutabréf á móti láni í evrum og krónan stæði þar alfarið fyrir utan. Ásgeir segir svo álitamál hversu mikil áhrif peningamálastefna Seðlabankans hafi á hlutabréfamarkað, enda hafi hann hækkað í gegnum allt stýrivaxtahækkunarferli bankans. „Hlutabréfamarkaður virðist hins vegar gríðarlega viðkvæmur fyrir gengi krónunnar. Hann yrði því ef til vill ekki jafnvikur ef hann væri ekki undir krónunni.“

Ásgeir segir ljóst að krónan sé orðin mjög óvinsæl en er afar vantrúaður á að hér verði tekin upp evra með einhliða aðgerð vegna þess hversu mikill kostnaður yrði því samfara. „Ef við ætluðum að taka upp evruna einhliða yrði íslenska ríkið að taka erlent lán fyrir að minnsta kosti nokkur hundruð milljarða króna, til þess að skipta út peningamagninu sem er í umferð sem væri fremur dýr aðgerð auk þess sem erfitt væri að vera án lánveitenda til prautavara. Það er efalaust að gengisóstöðugleiki krónunnar er að verða mjög þung byrði á íslensku atvinnulífi sem virðist ætla að þyngjast eftir því sem útrásinni vindur áfram. Hins vegar hefur krónan að einhverju leyti verið gerð að blóraboggli því óstöðugleiki hennar er aðeins endurvarpið af þeirri þenslu sem ríkir í atvinnulífinu.“

Fjármálafyrirtæki áfram í sviðsljósinu

Greining Glitnis spáir fjórum félögum yfir 30 milljarða hagnaði árið 2006.

Gangi spá Greiningar Glitnis eftir um 21 prósentu hækkun Úrvalsvísitölunnar á árinu 2007 fer vísitalan yfir 7.750 stig.

Samanlagður hagnaður þeirra félaga sem Glitnir spáir fyrir um verður um 250 milljarðar króna á árinu sem var að líða, þar af nam hagnaður á fjórða ársfjórðungi 88 milljörðum króna. Sem fyrr eru það fjármálafyrirtæki og fjárfest-

ingafélög sem taka stærstan hluta af hagnaðarkökunni.

Kaupþing, FL Group, Landsbankinn og Exista högnuðust öll yfir þrjátíu milljarða króna á síðasta ári miðað við spár Glitnis og Straumur var þar nálægt. Heildarhagnaður mun dragast saman á árinu 2007 frá nýliðnu ári sem einkenndist af miklum gengis- og söluhagnaði.

Að mati Glitnis skila rekstrarfélögin lakari ávöxtun en fjármálafyrirtækin í ár. Aðstæður eru samt sem áður ágætari í ársbyrjun, frekari ytri vöxtur fyrirtækja er í sjónmáli sem verður studdur með góðu aðgengi að fjármagni og auknum sýnileika íslenskra fyrirtækja erlendis. Spáð er hagnaðaraukningu á árinu 2008 frá árinu 2006. - eþa/ sjá síðu 8

120
1886
2006

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
13,3%*

GBP
5,7%*

USD
5,3%*

EUR
3,2%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjald-eyrisreikningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. desember 2006 - 3. janúar 2007.

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
365	3%	3%
Actavis	5%	5%
Alfesca	-2%	-2%
Atlantic Petroleum	2%	2%
Atorka Group	3%	3%
Bakkavör	1%	1%
FL Group	8%	8%
Glitnir	4%	4%
Hf. Eimskipafélagið	0%	0%
Kaupþing	8%	8%
Landsbankinn	8%	8%
Marel	1%	1%
Mosaic Fashions	-2%	-2%
Straumur	3%	3%
Össur	0%	0%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Lán Landsbankans meðal þeirra bestu Vill víkjandi lán

Skuldabréfaútgáfa Landsbankans á Bandaríkjamarkaði upp á jafnvirði 158 milljarða íslenskra króna í ágúst í fyrra er á lista fagtimaritsins Credit Magazine, einu stærsta tímariti heims um fjármála- og skuldabréfamarkaði, yfir bestu lántökur síðasta árs.

Í rökstuðningi tímaritsins fyrir útnefningunni segir að skuldabréfaútgáfa bankans hafi boðað breytta tíma fyrir íslenska banka sem fyrr á árinu hafi sætt neikvæðri gagnrýni matsaðila. Ennfremur segir í rökstuðningnum að tímaritið hafi valið lántökur, sem hafi verið vinsælar á



LANDSBANKINN Skuldabréfaútgáfa Landsbankans í Bandaríkjunum er á lista stærsta fagtimarits heims um fjármála-markaðinn yfir bestu lántökur síðasta árs.

MARKAÐURINN/HARI

meðal fjárfesta, sem gengu vel á erfiðum mörkuðum og hafi valdið straumhvörfum.

Þá er bent á að lántakan hafi borið vott um gott aðgengi

Landsbankans að fjármálamörkuðum þrátt fyrir umrót í umhverfi íslensku bankanna í fyrra og staðfest mikið traust skuldbréfafjárfesta á Landsbankanum og langtímastefnu hans.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að skuldabréfaútgáfan, sem var hluti af reglulegri endurfjármögnun bankans, hafi verið í samvinnu við Bank of America, Citigroup og Deutsche Bank. Upphaflega hafi staðið til að gefa út skuldabréf fyrir einn milljarð dala en vegna mikillar eftirspurnar hafi fjárhæðin verið aukin í 2.250 milljónir dala.

- jab

Stjórn Icelandic Group leggur fyrir hluthafafund, síðar í mánuðinum, að hún fái heimild til að taka víkjandi lán með sérstökum skilyrðum er veiti lánardrotni rétt til að breyta skuldinni í hlutafé.

Stjórnin fengi þá heimild félagsins til að taka lán að upphæð allt að fimm milljörðum króna til fimm ára. Lánveitanda er heimilt að breyta höfuðstól skuldarinnar að viðbættum vöxtum í hluti í Icelandic í desember 2011. Þá getur hann einnig á vaxtagjald-dögum, þeim fyrsta 31. desember 2007, breytt öllu láninu eða hluta þess, að lágmarki tuttugu prósentum höfuðstólsins, í hlutafé.

- eþa

Fjárfestingarsjóðir kæra stjórn Stork

Gefin voru út hlutabréf til að eyða áhrifum hluthafa.

Bandarísku fjárfestingasjóðirnir Centaurus og Paulson hafa fyrir Viðskiptaráði Áfrýjunardómstóls Amsterdam í Hollandi farið fram á lögðann á aðgerðir sem stjórn fyrirtækjasamstæðunnar Stork hefur gripið til vegna hluthafafundar 18. þessa mánaðar. Þá hafa sjóðirnir farið fram á að rannsakaðir verðir stjórnunar-hættir innan samstæðunnar.

Stjórn Stork samstæðunnar gafm 19. desember síðastliðinn út hlutabréf til Stichting Stork sem jafngilda 50 prósentum kosningabærra hluta í félaginu, að undanskildu einu atkvæði. Með því segja sjóðirnir að búið sé að taka frá hluthöfum í Stork allt ákvörðunarvald og fer fram á að tekið verði fyrir notkun hlutanna við atkvæðagreiðslu á hluthafafundinum síðar í mánuðinum. Sjóðirnir segjast harma að þurfa að leita til dómstóla í viðleitni til að vernda rétt hluthafa, en heimildin til sértækrar hlutabréfaútgáfu líkt og stjórn Stork greip til



YFIRMENN STORK FYRIRTÆKJASAMSTÆÐUNNAR Hans Bouland, framkvæmdastjóri vélahlutaframleiðslu Stork, Sjoerd Vollebregt, forstjóri samstæðunnar og Maarten Schonfeld, fjármálastjóri Stork.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

er einungis sögð hafa verið til að verjast fjandsamlegri yfirtöku.

Hluthafar Stork og stjórn samstæðunnar hafa deilt síðan í haust þegar samþykkt var á hluthafafundi að selja frá samstæðunni hliðarstarfsemi, en stjórnin er á móti þeirri stefnu.

Hér heima bíður Marel niðurstöðu í deilunni, en auk þess að vera í hópi hluthafa, hefur félagið hug á að kaupa matvæla-vinnsluvélahlutann Stork Food Systems.

- óká

Ráðlagt að senda ekki frá sér afkomuviðvörðun

Greiningardeild Kaupþings taldi að Mosaic hefði átt að senda frá sér afkomuviðvörðun eftir að afkoma félagsins var langt frá spám. Ráðgjafar Mosaic úr Kaupþingi voru á öðru máli.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Afkoma tískuverslanakeðjunnar Mosaic Fashions var langt undir væntingum greiningardeilda bankanna á þriðja ársfjórðungi. Mosaic skilaði 1,4 milljóna punda tapi (195 milljónum króna) á tímabilinu en til samanburðar gerði meðaltalsspá bankanna út frá upphaflegum spám ráð fyrir að hagnaður félagsins yrði 7,8 milljónir punda eða 1,1 milljarður króna. Greiningardeild Kaupþings telur að full ástæða hefði verið fyrir félagið að senda frá sér afkomuviðvörðun til Kauphallarinnar. Bréf í Mosaic lækkuðu um nítján prósent á síðasta ári, þar af um þrettán prósent á fjórða ársfjórðungi og um 4,4 prósent á síðasta viðskiptadeginum 2006.

Richard Glanville, fjármálastjóri Mosaic, sagði í samtali við Markaðinn að ekki hefði þótt ástæða til að gefa út afkomuviðvörðun að fenginni ráðgjöf íslenskra ráðgjafa sem er Kaupþing. Bæði töldu menn að íslenski markaðurinn hefði verið vel upplýstur um erfiðar aðstæður í breskri smásölu út frá skrifum sérfræðinga og fjölmiðla og auk þess birti félagið reikninga sína fjórum sinnum á ári sem eigi að gefa góða mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. „Ég tel að í Bretlandi þar sem menn tilkynna um afkomu félaga með sex mánaða millibili verði þetta mun mikilvægara. Þar sem við greinum frá afkomu okkar á þriggja mánaða fresti voru skilyrði fyrir afkomuviðvörðun ekki til staðar að okkar mati.“

Bent hefur verið á að mikil hlýindi í Bretlandi í haust hafi dregið úr sölu á fatnaði og þá á Oasis, stærsta vörulínan sem skapar 40-45 prósentum af heildartekjum félagsins, í vandræðum. Þótt vel gangi í erlendri útrás félagsins verða 80 prósent af tekjum Mosaic til á heimaslóðum.

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, hjá greiningu Landsbankans, vill ekki taka svo sterkt til orða að þörf hefði verið á afkomuviðvörðun þótt uppgjör



TÍSKUSÝNING Á VEGUM MOSAIC FASHIONS SEM FRAM FÖR SUMARIÐ 2005 Stjórnendur Mosaic ákváðu í samráði við ráðgjafa að senda ekki frá sér afkomuviðvörðun.

hefði klárlega verið undir væntingum. Áætlanir stjórnenda Mosaic hafa verið að lækka jafnt og þétt yfir reikningsárið í kjölfar uppgjöra. „Það hefur verðmyndandi áhrif á Mosaic að þeir eru ekki að ná markmiðum sínum.“

Guðmunda Ósk segir að stjórnendur Mosaic sjái ekki fram á viðsnúning hjá stærstu vörulínu félagsins fyrr en um næstu páska. Smásöluverslun í Bretlandi er í lægð og bendir hún á að breskir smásalar hafi verið að greina frá dræmum sölutölum í aðdraganda jóla. Nóvembersalan gekk illa hjá Mosaic í Bretlandi en samkvæmt forsvarsmönnum Mosaic var viðsnúningur í kringum jólasöluna sem Glanville staðfestir.

Glanville segir ennfremur að janúar hafi farið vel af stað hjá keðjunni. „Eftir langt tímabil af niðurstöðum sem hafa verið undir væntingum erum við bjartsýnir á framhaldið. En því má ekki gleyma að hlutirnir breytast hratt á þremur til fjórum vikum hjá okkur í smásölu.“

Mestur seljanleiki bréfa í Straumi

Fjögur félög í Kauphöll Íslands voru með veltuhraða yfir einum á nýliðnu ári sem merkir að allt útgefið hlutafé félaganna hafi skipt um hendur á tímabilinu. Þetta kemur fram í Vegvísi Landsbankans.

Félögin fjögur eru FL Group, Glitnir, Landsbankinn og Straumur-Burðarás. Mesta aukn-

ingin varð hjá Straumi á milli ára þar sem hlutfallið var tæplega 1,8. Almennt var veltuhraði hlutabréfa svipaður og árið 2005.

Veltuhraði er mikið notaður til að meta seljanleika hlutabréfa og þar með hversu góð verðmyndun bréfanna er. Hann er reiknaður sem hlutfall milli veltu og hlutafjár félaga.

- eþa

LÍTUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000

Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.



HYUNDAI hefur gæðin

NÝJUNG

NÚ GETUR ÞÚ SKILAÐ STAÐGREIÐSLUNNI Í FYRIRTÆKJABANKA GLITNIS

Glitnir kynnir nýjung sem eykur þægindi í fyrirtækjarekstri. Nú er hægt að standa skil á staðgreiðslu skatta í Fyrirtækjabanka Glitnis.

- Allt á einum stað
- Þú sparar tíma og fyrirhöfn
- Betra yfirlit yfir skattgreiðslur og rekstur
- Þú getur einnig greitt virðisauka-skattinn í Fyrirtækjabankanum

Fyrirtækjabanki Glitnis er eini netbankinn sem býður þessa þjónustu.

Þú færð frekari upplýsingar um staðgreiðsluskil í Fyrirtækjabankanum, hjá fyrirtækjafulltrúanum þínum, í síma 440 4000 eða á www.glitnir.is.



GLITNIR

Miðstöð Samskipa í Belgíu

Samskip hefur tekið upp samstarf við hafnaryfirvöld í Zeebrugge í Belgíu um uppbyggingu gámamiðstöðvar vegna aukinna umsvifa Evrópuflutninga Samskipa í samstarfi við belgíska gámalöndunarfyrtækið PSA HNN.

Vikulegar siglingar Samskipa á milli Zeebrugge og hafna á Írlandi hefjast í þessum mánuði en áform eru uppi um enn frekari flutninga til og frá Zeebrugge.

Í tilkynningu frá Samskipum er haft eftir Ásbirni Gíslasyni, forstjóra fyrirtækisins, að Rotterdam verði eftir



SKIP SAMSKIPA Í ROTTERDAM Samskip ætla að byggja gámamiðstöð í Zeebrugge í Belgíu vegna aukinna umsvifa í Evrópu.

MARKAÐURINN/HREINN

sem áður þungamiðja í Evrópuflutningum Samskipa en vegna aukinna umsvifa hafi orðið brýnt að hefja markvissa uppbyggingu annarra gámamiðstöðva á meginlandinu. - **jab**

Sýr kaupir fasteignir Teymis

Lýsing hf. og Sýr ehf. hafa undirritað samning um fjármögnun á kaupum Sýr ehf., sem er í eigu þeirra Gunnars Hjaltalín og Þórarins Ragnarssonar, á eignum Teymis hf. Kaupverð nemur 2,3 milljörðum króna. Teymi mun eftirleiðis leigja húsnæðið til næstu tíu ára, að því er fram kemur í tilkynningu frá Lýsingu.

Fasteignirnar eru hús Skýrr í Ármúla, hús Securitas í Síðumúla, atvinnuhúsnæði EJS við Grensásveg og húsnæði Kögunar á Lynghálsi. Þá var að auki undirritaður samningur um fjármögnun á Köllunarklettsvegi 2, sem er í langtímaleigu til ýmissa aðila.

- **jab**

VIÐ UNDIRRITUN

Frá vinstri: Ólafur Helgi Ólafsson, framkvæmdastjóri Lýsingar, Börkur Grímsson, ráðgjafi fasteignafjármögnunar Lýsingar, og Gunnar Hjaltalín og Þórarinn Ragnarsson, eigendur Sýr ehf.



Stöðva umferð á föstudaginn

Fjarskiptaumferð um CANTAT-3 sæstrenginn verður stöðvuð næstkomandi föstudag og gert ráð fyrir að hann verði sambandslaus fram undir lok þessa mánaðar.

Í tilkynningu Farice kemdur fram að áætlað sé að viðgerðarskipið Pacific Guardian verði komið á bilunarstað CANTAT-3 sæstrengsins næsta laugardag, en viðgerð á að ljúka 22. janúar samkvæmt áætlun. „Vegna erfiðra aðstæðna og veðurskilyrða kunna dagsetningar þessar að breytast,“ segir í tilkynningunni.

- **óká**



HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPPINGS Virði bankans hafði aldrei verið meira en við lokun markaða á mánudaginn.

Kaupþing aldrei verðmætara

Verðmæti bankans er komið í 670 milljarða króna.

Kaupþing, verðmætasta fyrirtæki landsins og eitt fjölmennasta hlutafélagið, hefur aldrei verið metið hærra á hlutabréfamarkaði. Bankinn stóð í 905 krónum á hlut á mánudaginn og var því metinn á 670 milljarða króna, eða sem svarar vel til hálftrar árlegrar landsframleiðslu Íslands og hálftrar heildareignar lifeyrissjóðakerfisins. Frá áramótum hafa bréf

Kaupþings hækkað um 7,61 prósent.

Þetta er þó ekki hæsta gengi Kaupþings frá upphafi því um miðjan febrúar fyrir rétt tæpu ári fóru bréfin hæst í gengið 999. Bankinn seldi nýtt hlutfé til erlendra fjárfesta í október og jók hlutfé sitt um tíu prósent sem gerir það að verkum að virði hans hefur aukist.

- **eþa**



KAUPIN Á POLIMOON KYNNT Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, kynnti á mánudag kaupin á Polimoon.

MARKAÐURINN/HEIDA

Stefnt að skráningu Promens innan tveggja ára

Umsvif Promens hafa margfaldast eftir kaupin á Polimoon. Heildarvelta í lok ársins 2006 nam yfir 700 milljónum evra en var tuttugu milljónir í byrjun árs 2005.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Stefnt er að skráningu Promens innan tveggja ára. Ekki fæst upp gefið til hvaða kauphalla er helst horft til. Bækur félagsins verða jafnframt eftirleiðis gerðar upp í evrum. Þessar breytingar koma í kjölfar kaupa Promens á norska fyrirtækinu Polimoon sem gengu í gegn um áramótin. Atorka, sem á ríflega 82 prósent hlutfjár í félaginu, hyggst eftir sem áður leika lykhlutverk í eignarhaldi á félaginu. Fyrir yfirtökuna var Polimoon skráð í Kauphöllinni í Ósló en nú er unnið að afskráningu þess.

Það má segja að Promens hafi tekið stakkaskiptum frá því í upphafi árs 2005 þegar félagið var með tuttugu milljónir evra í veltu. Í lok árs 2006, eftir umrædd kaup á Polimoon, var veltan komin í 710 milljónir evra á ársgrundvelli. Promens rekur nú sextíu verksmiðjur í tuttugu löndum, 5.400 starfsmenn starfa hjá félaginu og 160 þúsund tonn af plasti eru framleidd árlega. Einungis tvö prósent af umsvifum Promens eiga sér nú stað á Íslandi og félagið er orðið leiðandi í plastiðnaði á heimsvísu.

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, og Arne Vraalsen, forstjóri Polimoon, kynntu á mánudag hugmyndina að baki kaupunum. Í máli Ragnhildar kom fram að stjórnendur Promens sæju mikla möguleika á frekari vexti, bæði á núverandi mörkuðum, í Asíu og Austur-Evrópu. Promens var fyrir kaupin sérhæft í hverfissteypu en Polimoon er hins vegar sérhæft í framleiðslu á ýmsum tegundum umbúða, auk þess að framleiða hluti fyrir bíla- og rafeindaíðnað. „Við vorum búin að horfa á Polimoon í nokkurn tíma og sáum það sem áhugaverðan kost sem félli vel inn í okkar stefnu. Við sjáum þetta sem gullið tækifæri til að fara inn í aðra tækni en hverfissteypuna til að geta haldið áfram að vaxa og taka stærri skref. Félagið er með sterka stöðu í Evrópu og við sjáum fram á mjög áhugaverð tækifæri til að vaxa saman í framtíðinni.“

Verðið sem Promens greiddi fyrir Polimoon var 35 norskar krónur á hlut, sem samsvarar um 165 milljónum evra. Kaupin voru fjármögnuð með eigin fé og breytanlegum lánum sem eru sölutryggð af Atorku og Landsbanka Íslands, auk lánsfjármögnunar frá norska bankanum DnB NOR.

Gott framboð á ýsu og þorski

Meira framboð var á ýsu og þorski á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku miðað við aðrar tegundir. Meðalverðið var í hærri kantinum eða 177,28 krónur fyrir kílóíð sem er 38,15 krónum yfir meðalverði síðasta árs, sem hækkaði um 24 prósent á milli ára, að því er fram kemur á vef Fiskifrétta.

Líkt og fyrri vikur seldist mest af ýsu í vikunni, eða 714 tonn, en 164,04 krónur fengust fyrir kílóíð af slægðri ýsu.

Þorskur var líkt og áður í öðru sæti yfir mest seldu tegundirnar en 574 tonn seldust af þorski í vikunni og fengust 271,03 krónur fyrir kílóíð af

slægðum þorski.

Athygli vekur að mjög lítið framboð var á öðrum tegundum og seldust einungis þrjár aðrar þeirra yfir 20 tonnum. Það voru ufsi, steinbítur og keila, sem skiptu með sér næstu þremur sætum yfir mest seldu fisktegundir á mörkuðunum í liðinni viku.

- **jab**

NÝVEIDDUR FISKUR Ufsi var á meðal fimm fisktegunda sem seldust yfir 20 tonn um á fiskmörkuðum í síðustu viku.

MARKAÐURINN/GVA



Í magnaðri sveiflu

Himinn og haf / SÍA



Það er ekkert lát á uppsveiflunni hjá SPRON Verðbréfum, því eins og sjá má af þessum nótum voru SPRON Verðbréf með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,2%.***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON.** Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst til 31. desember 2006 á ársgrundvelli skv. sjodir.is.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Frekari uppsagnir í vændum hjá GM

Rick Wagoner, forstjóri bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM), greindi frá því á föstudag að fyrirtækið gæti þurft að segja fleiri starfsmönnum upp á þessu ári. GM sagði upp 34.000 manns í fyrra og ákvað að loka tólf verksmiðjum til að draga úr viðvarandi hallarekstri fyrirtækisins.

Bílaframleiðandinn skilaði 10,6 milljarða dala taprekstri á þarsíðasta ári. Það jafngildir tæpum 749 milljörðum íslenskra króna og horfði stjórn GM til þess að bæta afkomuna með uppsögnum og öðrum aðgerðum í fyrra. Fyrirtækið ætlar sömu-

leiðis að auka starfsemi sína á nýmörkuðum á borð við Indland og Kína.

Rekstur bandarískra bílaframleiðenda var nokkuð þungur á síðasta ári, ekki síst vegna hækkana á eldsneytisverði sem fékk bíla kaupendur til að hugsa sig tvisvar um áður en þeir festu kaup á nýjum bílum. Sala á bílum frá þremur stærstu bílaframleiðendum vestra dróst mikið saman í fyrra. Á sama tíma jókst sala á nýjum bílum hjá japanska fyrirtækinu Toyota og stefnir í að það verði söluhæsti bílaframleiðandi í heimi um mitt þetta ár.

- jab

Feitir fastir í metorðastiganum

Niðurstöður könnunar sem gerð var í Bretlandi á síðasta ári benda til að þeir sem eru yfir kjörþyngd séu ólíklegri til frama innan veggja fyrirtækja en þeir sem eru um eða undir kjörþyngd.

Í könnuninni, sem breska ráðgjafafyrirtækið The Aziz Corporation stóð fyrir, birtast ýmsir fordómar í garð þeirra sem eiga í baráttu við aukaklíoín. Þar á meðal eru tveir þriðju hlutar yfirmanna í Bretlandi vissir um að þeir sem eigi við offituvandamál að stríða séu fórnarlömb fordóma og festist í metorðastiganum þegar stöðuhækkanir koma



FEITIR FESTAST Í STÖÐUNNI Meirihluti breskra stjórnenda telur að feita starfsmenn skorti sjálfsaga og að þeir hafi minna þol en þeir sem grennri eru og færast þeir því síður upp metorðastigann.

MARKAÐURINN/REUTERS

til tals. Stjórnarmaður ráðgjafafyrirtækisins, segir niðurstöðurnar benda ótvírætt til þess að útlit skipti miklu máli á frama-

brautinni. Þar skipi líkamsþyngd og útlit veigamikinn sess.

Í rannsókninni kom meðal annars fram að 70 prósent stjórnenda í fyrirtækjum telji að þeir sem eru yfir kjörþyngd búi yfir litlum sjálfsaga. Þá telja 67 prósent að feita starfsmenn skorti þol og kraft til að takast á við daglegt amstur af sama alefli og grennri starfsmenn.

„Auðvitað geta stjórnendur fyrirtækja ekki gengist við fordómum sínum og rætt um þá opinskátt enda eiga þeir þá á hættu að vera kærðir,“ segir stjórnarformaðurinn.

- jab



TONY FERNANDES Vélar nýs lággjaldaflugfélags í Asíu taka á loft og sinna flugi á milli Asíu og Evrópu í júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýtt lággjaldafélag í Asíu tekur á loft

Asíska lággjaldaflugfélagið Air Asia greindi frá því á blaðamannafundi á föstudag að félagið ætli að setja á laggirnar nýtt lággjaldaflugfélag í samstarfi við flugfélagið Fly Asian Express. Nýja félagið mun heita Air Asian X og sinnir millilandaflugi á milli Kína, Indlands og Evrópu frá og með júlí í sumar. Þá hyggur félagið á samstarf við fleiri lággjaldaflugfélög.

Air Asia var stofnað fyrir tæpum sex árum. Tvær farþegaflugvélar flugu undir merkjum þess í SA-Asíu í fyrstu en þær eru nú 20 talsins. Félagið hefur vaxið mikið undanfarin misseri og hefur félagið brugðist við aukinni eftirspurn með því að kaupa hundrað A320 farþegaþotur frá Airbus. Þá lýsti Tony Fernandes,

stofnandi flugfélagsins, því sömuleiðis yfir á blaðamannafundinum, að svo geti farið að hundrað þotur verði keyptar til viðbótar.

Kvisast hefur út að verð á farmiðum félagsins verði með minnsta móti, allt niður í 2,84 pund aðra leiðina frá Malasíu til Lundúna í Bretlandi. Það svarar til tæpra 288 íslenskra króna.

Allt var á huldu um fréttir af Air Asia frá byrjun síðustu viku þegar félagið greindi frá því að stór tilkynning yrði birt í vikulok-in. Fjölmíðlar veltu lengi vöngum yfir fréttunum og töldu jafnvel að félagið ætlaði í samstarf við önnur lággjaldaflugfélög, jafnvel bresku félögin Easyjet og Virgin. Sá grunur reyndist ekki á rökum reistur.

- jab

Hluthafar gegn yfirtöku Vodafone

Hluthafahópurinn State Street, sem fer með 1,7 prósentu hlut í breska farsímarísanum Vodafone, vill að félagið falli frá yfirtöku tilraunum í 67 prósentu hlut indverska farsímafélagsins Hutchison Essar.

Ástæðan er aðkoma indverska fjárfestahópsins Hinduja Group í yfirtökubaráttu um hlutinn og óttast State Street að baráttan geti orðið Vodafone kostnaðarsöm.

Breska viðskiptablaðið Financial Times segir fimmtán framkvæmdastjóra hjá Vodafone hafa flogið austur til Mumbai á Indlandi um síðustu helgi ásamt fulltrúum frá endurskoðendafyrirtækinu Ernst & Young til að glugga í bækur Hutchison Essar og sjá fjárhagsstöðu þessa fjórða stærsta farsímafyrirtækis á Indlandi. Aðrir bjóðendur hafa fram til þessa ekki fengið að skoða bækurnar þrátt fyrir ítrekaðar óskir um slíkt.



HÖFUÐSTÖÐVAR Essar Minnihlutahópur í indverska farsímafélaginu Hutchison Essar er í oddastöðu og getur fellt öll tilboð í meirihluta félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vodafone lýsti fyrst félaga yfir áhuga á kaupum á hlut Hutchison Whampoa í indverska farsímafélaginu.

Nokkur farsímafélög víða um heim hafa lýst yfir áhuga á kaupum á hlutum, þar á meðal hinn helmingurinn af félaginu, Essar, sem er í oddastöðu með 33 prósentu eignarhlut. Fari svo að hluturinn verði seldur Vodafone er hugsanlegt að Essar leiti til dómsstóla til að hnekkja ákvörðuninni.

- jab

Slóvenar ánægðir með nýjar evrur

Slóvenar tóku upp evruna um áramótin. Þeir eru fjarri því að vera óvanir nýjum gjaldmiðlum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Slóvenar gengu formlega í myntbandalag Evrópusambandsins á nýársdag og varð Slóvenía

13. landið af 27 aðildarríkjum ESB til að taka upp evru sem gjaldmiðil. Slóvenía er eina landið af þeim tíu löndum sem gengu í myntbandalagið fyrir þremur árum til að taka upp evrur.

Að sögn Seðlabanka Slóveníu hefur innleiðing evrunnar gengið mjög vel fram til þessa en landsmenn hafa fram til mánudags í næstu viku til að venjast evrunni sem gjaldmiðli. Þá verða þeir að leggja tólarum, gjaldmiðli sínum, og taka upp hinn nýja gjaldmiðil. Landsmenn eru ekki óvanir umskiptum á gjaldmiðlum því Slóvenar tóku upp tólarinn árið 1991 þegar þeir lýstu yfir sjálfstæði frá fyrrum Júgóslavíu.

Þá eru Slóvenar síður en svo ókunnir evrum því margir landsmenn fara í verslunarferðir til Ítalíu

og Austurríkis, sem eru með evrur. Þá hafa stjórnvöld í Slóveníu hægt og bitandi vanið landsmenn við nýja gjaldmiðilinn allt frá mars á síðasta ári með verðlagningu vara í báðum gjaldmiðlum.

Andrej Bajuk, fjármálaráðherra Slóveníu, segir

vonir standa til að umskiptin hafi jákvæð áhrif á efnahagslífið og lífsskjör landsmanna. Taldi hann breytingarnar geta gengið yfir á næstu sex til tólf mánuðum.

Bajuksagði enn fremur að inn-ganga Slóvena í myntbandalag ESB sýndi fram á styrka efnahagsstöðu landsins miðað við hin löndin á Balkanskaganum. Geti svo farið að Slóvenar verði fyrirmynd þeirra nágrannalanda, sem horfi til þess að taka upp evruna. Rúmenar og Búlgaría, sem gengu í ESB á síðasta ári, hafa sömuleiðis sótt um aðild að myntbandalaginu. Að sögn Bajuks þurfa stjórnvöld landanna hins vegar að

taka sig á í peningamálastjórn ætli þau að uppfylla strangar kröfur myntbandalagsins og taka upp evruna sem gjaldmiðil.



ANDREJ BAJUK Fjármálaráðherra Slóveníu flaggar hinn nýju mynt landsmanna sem tóku upp evrur úr veskjum sínum um áramótin.

MARKAÐURINN/AFP

EVTRAN DREIFIR ÚR SÉR Á FIMM ÁRA AFMÆLINU

Slóvenía var 13. aðildarríki Evrópusambandsins til að taka upp evruna sem gjaldmiðil um síðustu áramót. Fimm ár eru síðan evran var tekin upp í aðildarríkjum myntbandalagsins. Búlgaría og Rúmenía biða aðildar að myntbandalaginu en fleiri lönd hafa tengt gjaldmiðla sína við gengisskráningu evrunnar.

Aðildarár

1957	1995
1973	2004
1981	2007
1986	
1990	

Evrulöndin





HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 22. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólki sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:

1. Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflökki í lengri tíma.

2. Uppfræðari ársins

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

3. Framlag til æskulýðsmála

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

4. Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

5. Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

6. Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar með því að fara inn á **visir.is**, með tölvupósti á netfangið **samfelagsverdlaun@frettabladid.is** eða bréfleiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík**. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **22. febrúar**.





HORFT ÚT UM KAUPHALLARGLUGG-ANN Greining Glitnis spáir því að Úrvalsvísitalan hækki um 21 prósent á árinu og fari yfir 7.700 stig. Árið 2006 einkenndist af miklum sölu- og gengishagnaði fjármálafyrirtækja og fjárfestingarfélaga og því mun draga úr hagnaði milli árunna 2006 og 2007. Hagnaður eykst aftur árið 2008.

MARKAÐURINN/VALLI

Fjármálafyrirtækin draga áfram vagninn

Útlit er fyrir að hlutabréfaárið 2007 verði betra en það síðasta að mati greiningar Glitnis sem reiknar með því að hagnaður fyrirtækja verði um 88 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi og yfir 250 milljarðar fyrir nýliðið ár. Hagnaður á yfirstandandi rekstrarári lækkar frá 2006 vegna minni söluhagnaðar en mun aukast á ný árið 2008 þegar rekstrartekjur yfirvinna söluhagnað. *Eggert Þór Aðalsteinsson* gluggaði í spána.

Uppgjörstímabilið er í nánd í Kauphöll Íslands og biða fjárfestar spennir eftir fyrstu tölum. Greining Glitnis ríður á vaðið með fyrstu afkomuspá ársins en von er á svipuðum skýrslum frá kollegunum í Kaupþingi og Landsbankanum á næstunni. Í afkomuspánni frá Glitni er spáð fyrir um afkomu flestra fyrirtækja í Kauphöll Íslands á fjórða ársfjórðungi nýliðins árs auk afkomu félaganna árin 2007 og 2008.

LANGLEIDINA Í 8.000 STIG

Ekki verður annað sagt en að rífandi gangur sé á hlutabréfamarkaði um þessar mundir en Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 5,6 prósent frá áramótum þegar þetta er ritað. Greining Glitnis áætlar að vísitalan hækki um 21 prósent á þessu ári sem yrði öllu meiri hækkun en á síðasta ári þegar Úrvalsvísitalan hækkaði um 15,8 prósent. Þetta myndi þýða að Úrvalsvísitalan stæði í um 7.750 stigum í lok árs.

Aðstæður eru góðar á hlutabréfamarkaði, horfur eru á góðri afkomu fyrir árið í ár og kennitölur félaga eru hagstæðar. „Við teljum að núverandi verðlagning markaðarins sé fjárfestum hagstæð miðað við vænta afkomu og arðsemi ársins 2007,“ segja sérfræðingar Glitnis. Útlit er fyrir frekari útrás og vöxt bæði fjármálafyrirtækja og annarra félaga sem dragi enn frekar úr þýðingu innlends efnahaglífs fyrir rekstur fyrirtækjanna. Að mati greiningardeildarinnar eru það þó fjármálafyrirtækin sem koma til með að draga vagninn, enda eru mörg rekstrarfélaganna að ná tökum á þeim fyrirtækjakaupum sem þau hafa verið að ráðast í og sýna því lakari ávöxtun.

Glitnir telur ennfremur að erlendir fjárfestar verði meira áberandi í eigendahópum fyrirtækjanna en áhugi þeirra hefur farið vaxandi á íslenskum fyrirtækjum. Aukin erlend umræða um hagkerfið og íslensku bankana hefur gert það að verkum að erlend fjármálafyrirtæki eru farin að greina íslenska banka. Sameining Kauphallar við OMX eykur einnig sýnileika íslenska markaðarins.

Helsta hættan, sem hlutabréfamarkaðnum stafar ógn af, er núverandi ójafnvægi í hagkerfinu. Harkaleg lending þess, til dæmis með skjótri lækkun krónunnar, gæti dregið markaðinn niður en mjúk lending yrði hins vegar jákvæð fyrir hann.

KAUPPING OG FL SLÁ MET

Því er spáð að heildarhagnaður þeirra fyrirtækja sem Glitnir skoðar verði um 250 milljarðar króna fyrir árið 2006, þar af yfir 88 milljarðar króna á síðasta ársfjórðungi. Fjármálafyrirtæki og fjárfestingarfélög taka stærstan skerf sem endranær, enda einkenndist árið 2006 af miklum sölu- og gengishagnaði hjá þeim. Fjögur félög skila yfir þrjátíu milljarða króna hagnaði og það fimmta kemst þar nærri. Rétt er að taka það fram að Glitnir spáir ekki fyrir um eigin afkomu.

Arðsemi eigin fjár verður góð fyrir árið 2006 eða um 26 prósent.

Kaupþing leiðir listann fyrir árið 2006 sem var mjög viðburðaríkt hjá bankanum. Honum er spáð 11.945 milljóna króna hagnaði á fjórða ársfjórðungi og yfir 79 milljarða hagnaði fyrir allt síðasta ár. Þetta yrði langmestur hagnaður í sögu nokkurs íslensks fyrirtækis, en bankinn hafði, sem kunnugt er, slegið ársmetið strax eftir fyrstu níu mánuðina 2006.

FL Group skilar næstmestum hagnaði fyrir árið eða yfir 45 milljörðum. Hann fellur að mestum hluta til vegna söluhagnaðar á Icelandair Group á síðasta ársfjórðungi. Gangi spá Glitnis eftir um 35.542 milljarða hagnað á fjórða ársfjórðungi er það örlítið meira en methagnaður Kaupþings á þriðja ársfjórðungi þegar bankinn innleysti mikinn hagnað af sölu bréfa í Exista.

ÓVISSA MEÐ LANDSBANKANN

Glitnir reiknar með að bæði Landsbankinn og Exista skili yfir þrjátíu milljarða króna hagnaði fyrir 2006 og Straumur-Burðarás verði með 28 milljarða. Afkoma Landsbankans á síðasta ári hefur verið yfir væntingum Glitnis og er búist við góðum innri vexti í ár. Greining Glitnis gerir ráð fyrir ríflega 7,5 milljarða hagnaði á síðasta ársfjórðungi en óvissa felst í söluhagnaði á eignarhlutum LÍ í CRa og Gretti.

Undirstaða hagnaðar Exista á síðasta ári byggist á gengishagnaði af hlutabréfum, einkum í Kaupþingi og Bakkavör. Horfur á þessu ári og því næsta eru góðar þar sem Glitnir gerir ráð fyrir hækkunum á eignarhlut í Kaupþingi og batnandi reksturs rekstrarfélaga eins og VÍS. Exista er því eina fyrirtækið tengt fjármálaþjónustu sem mun auka hagnað sinn á milli 2006 og 2007, Glitnir reiknar með 46 milljarða hagnaði

Exista á árinu og að aðeins Kaupþing skili hærri tölum í hús.

Afkoma Straums var nokkuð sveiflukennd á síðasta ári. Gengishagnaður á fyrsta ársfjórðungi skapaði meginhluta hagnaðar síðasta árs. Fjórði ársfjórðungur gæti einnig orðið ágætur en félagið hefur eflt mjög tekjuþætti er snúa að vaxta- og þóknunartekjum.

Afkoma Actavis og Bakkavarar fyrir árið 2006 slagar hátt í tíu milljarða og verður góður hagnaður hjá félögunum á fjórða ársfjórðungi. Í forsendum Glitnis er gert ráð fyrir að Bakkavör fái tryggingabætur vegna bruna frá árinu 2004 en bæturnar eru hærri en bókfært virði eigna. Þá skilar Alfesca miklum hagnaði fyrir fjórða ársfjórðung.

Hf. Eimskipafélagið verður með yfir tíu milljarða hagnað á síðasta ársfjórðungi gangi spáin eftir. Þar er um að ræða mikinn söluhagnað af eignum í Avion Group, en næsta ár mun einkennast af mikilli samþættingu. Í vel dreifðum eignasöfnum er mælt með yfirvogun á bréfum í Eimskipafélaginu sem þýðir að félagið muni skila betri ávöxtun en markaðurinn til næstu þriggja til sex mánaða. Aðeins eitt annað félag er sett í yfirvogun en það er Kaupþing.

SÖLUHAGNAÐUR LÆKKAR

Glitnir setur sig í völvustellingar og spáir fyrir um árið 2007 og ennfremur árið 2008 sem er nýmæli þar á bæ. Býst hann við því að hagnaður fyrir yfirstandandi rekstrarár lækki á milli ára sem skýrist aðallega af því að árið 2006 einkenndist af miklum söluhagnaði fyrirtækja. Vænt V/H gildi markaðarins hækkar þannig úr 10,4 í 11,8 fyrir árið 2007 og vænt arðsemi eigin fjár fer úr 26 prósentum í 17,7 prósent.

Hins vegar er gert ráð fyrir að samanlagður hagnaður ársins 2008 verði meiri en fyrir árið 2006. „Við gerum því ráð fyrir að vöxtur stöðugra rekstrartekna nái á tveimur árum að yfirvinna hinn mikla söluhagnað af eignum og aðra einskiptis hagnaðarliði frá árinu 2006,“ segja sérfræðingar Glitnis.

SPÁ GLITNIS UM AFKOMU KAUPHALLARFÉLAGA 2006 OG Á 4. ÁRSFJ. *

	Afkoma 2006	4. ársfj. 2006
365 hf.	Spá ekki	-7
Actavis	9.726	3.188
Alfesca	1.637	1.807
Atorka Group	6.143	716
Bakkavör	9.587	4.511
Exista	31.043	6.748
FL Group	46.519	35.542
Hf. Eimskipafélagið	5.172	10.128
Icelandic Group	-672	-984
Kaupþing	79.170	11.945
Landsbankinn	32.800	7.557
Marel	104	38
Mosaic Fashions	1.974	705
Straumur-Burðarás	28.005	7.167
Vinnslustöðin	15	-73
Össur	287	-359
	251.510	88.629

* Bankinn spáir ekki fyrir um eigin afkomu. Allar tölur í milljónum króna

Helsta hættan, sem hlutabréfa-markaðnum stafar ógn af, er núverandi ójafnvægi í hagkerfinu. Harkaleg lending þess, til dæmis með skjótri lækkun krónunnar, gæti dregið markaðinn niður en mjúk lending yrði hins vegar jákvæð fyrir hann.


SPÁ GLITNIS UM AFKOMU FJÁRMÁLA- OG FJÁRFESTINGARFÉLAGA 2006-2008

	2006	2007	2008
Kaupþing	79.170	57.879	66.886
FL Group	46.519	28.664	31.393
Landsbankinn	32.800	24.184	28.958
Exista	31.043	45.988	54.289
Straumur-Burðarás	28.005	19.750	22.108
Alls	217.537	176.465	203.634

Allar tölur í milljónum króna

PERLAN.

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



ALLT Í STEIK

4. janúar - 28. febrúar



4ra rétta matseðill ásamt sértíloboði á vlnum

Verð frá **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bourguinonne,
lambahrygg, kjúklingabringu eða
– í fyrsta sinn á Íslandi –
Pétursfisk (John Dory).

Borðapantanir í síma 562 0200

Þorraganga

19. janúar

Hin árlega Þorraganga Perlunnar um Öskjuhlíðina. Eftir gönguna
bíður heitt rommkakó og hefðbundið þorrablot með öllu tilheyrandi;
súru, nýju, reyktu, kæstu og sterku!

Sjávarréttahlaðborð

Hefst í mars

Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upp-
lifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Marg-
verðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir
heitra og kaldra fiskrétta. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Hringbraut



Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is



ISEN



KAUP

HBO



VÍKING

ora

LINDSAY

BAKKUS



GUINIA

Drifing eld



KOLEFNI BUNDIÐ Í SKÓGUM
Alþjóðasamningar um leiðir til að draga úr útblæstri hafa búið til möguleika á viðskiptum með útblásturskvóta. Þannig geta fyrirtæki jafnað út útblástur frá iðnaði sínum með því að „binda hann“ í umhverf-isvænum verkefnum á borð við skógrækt.

MARKAÐURINN/KRISTINN GUNNARSSON



Með skógrækt má breyta útblæstri

Reiknað hefur verið út að viðskipti með kolefniskvóta kunni að gera skógrækt hér arðbæra á fleiri en einn málið og komst að því að aðstæður hér eru sagðar hagfelldari en annars staðar til að nýta sér möguleikana í ins leggja áherslu á að reglur um útblástur verði almennar og að samkeppnisstaða fyrirtækja verði ekki skekk um viðskipti með kolefnisbindingu hér, en „íslenska ákvæðið“ í Kyoto-bókuninni útilokar millilandaviðskipti

Forvígismenn skógræktar hér á landi sjá tækifæri í viðskiptum með útblásturskvóta þar sem á hagkvæman hátt megi binda kolefni í skógrækt hér á landi. Ísland er aðili að alþjóðasamningum um takmörkun útblásturs, þótt við Kyoto-bókunina hafi verið gert sérstakt ákvæði um séraðstæður hér. Á móti getur landið ekki tekið þátt í viðskiptum með útblásturskvóta sem hafinn er annars staðar í heiminum. Þetta kann þó að breytast þegar

gangi eftir allar þær álversframkvæmdir sem hér munu vera á teikniborðinu, að landið fari fram úr þeim heimildum sem Kyoto-bókunin gerir ráð fyrir.

GRÓÐI EFTIR 33 ÁR
Í grein Arnórs Snorrasonar, skógfræðings á Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá, í nýjasta hefti Skógræktarritsins sem Skógræktarfélag Íslands gefur út, er í fyrsta sinn gerð tilraun til að setja verðmiða á nýskógrækt hér á landi.

Í greininni kemur fram að verði nýskógrækt hér þrefölduð, þannig að skógur þeki hér um fimm prósent af láglendi árið 2040 megi, miðað við 1.700 króna markaðsverð á kolefnistoni í Evrópu í haust, hafa verulegar tekjur af skógrækt þegar fram í sækir. Árin 2040 til 2080 segir hann tekjur geta numið tveimur milljörðum á ári og þá er búið að gera ráð fyrir kostnaði. Hann segir ljóst að hagnaður vegna kolefnisbindingar geti þannig auðveldlega staðið undir fjárfestingu í nýskógrækt.

„Stóri óvissuþátturinn er verðmæti losunarheimilda. Það verð stýrist mjög af því hve vel þjóðum heims tekst að takast á við vandann og draga úr losuninni,“ segir hann en kveður um leið líklegt að í næstu samningum um losunarheimildir verði krafist enn frekari samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda sem þá muni eflaust skila sér í hærra verði á losunarheimildunum. Aðspurður áréttar Arnór að hvort sem haldið verði áfram að gróðursetja fimm milljónir plantna á ári, eins og nú er, eða farið í aukna gróðursetningu sem áætluð var með landshlutaverkefnum verði hagnaður af nýskógrækt eftir árið

2040. „Við förum þá að hafa hreinar tekjur af þessari starfsemi á hverju ári, út frá þeim forsendum sem liggja að baki greininni. Og það er svo sem ekkert bendir til þess að verð á losunarheimildum lækki. Þrýstingurinn er frekar í hina áttina.“ Arnór áréttar að nægt landrými sé fyrir hendi, enda nemi fimm prósent landrýmis ekki nema 215 þúsund hekturum. „Það er alveg landrými til að halda áfram, spurningin er bara hvað þjóðin vill gera.“

LAGAUMHVERFI VANTAR
Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá segir lykilatriði að ræktun nýrra skóga sé samkvæmt Kyoto-bókuninni jafngild leið og að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Þá segir hann að hér á landi séu meiri möguleikar á að nýta þá leið en í löndum Evrópu, enda landrými nægt. „Við eigum mikið af illa fögnu landi sem nýtist til lítils annars en að horfa á það,“ segir hann og bendir á að möguleikarnir til þess að binda kolefni með þessum hætti séu mestir í löndum þar sem ekki er mikill skógur fyrir, þar sem hægt er að rækta hann upp og ekki er mikil samkeppni um nýtingu á landinu til annarra nota.

„Á hinum Norðurlöndunum eru ekki sömu möguleikar á að nýta nýskógrækt sem leið til að draga úr losun. Svíþjóð er að 70 prósentum vaxin skógi, Finnland að 80 prósentum og Noregur vaxinn skógi alls staðar nema í fjöllum og lítið er um láglendi. Danmörk er mjög þéttbýl og mjög þéttbær landbúnaður og þar af leiðandi mikil samkeppni um not á því landi,“ segir hann og bætir við um Suður-

SKÓGRÆKTAR-MENNIRNIR
Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður og Arnór Snorrason skógfræðingur á Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

MARKAÐURINN/ANTON BRINK



næsta samningstímabil sáttmálans tekur gildi eftir árið 2012.
Skógræktarmenn segja að hefja verði strax undirbúning til að vera í kjörstöðu þegar fram í sækir, enda sé skógrækt áratugaverkefni. Líklegt er talið að settar verði enn frekari hömlur á losun gróðurhúsalofttegunda og þar með verði útblásturskvótar enn verðmætari en nú. Þá sé jafnvel fyrir séð,



Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK

Daewoo (R) Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings
á lager.

Smurþjónusta fyrir
stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum
yfirbreiðslur á vagna.

[SÉRBLAÐ UM VINNUVÉLAR – MIÐVIKUDAGUR 10. JANÚAR 2007]

Vélar og tæki



EFNISYFIRLIT

VÉLAR Á VETTVANGI
FRAMKVÆMDANNA

Vélarnar við höfnina BLS. 2

DREKI SEM HEGGUR OG
PLANTAR TRJÁM

Nýjung í landbúnaði BLS. 4



GEISLASPILARINN GERIR
GÆFUMUNINN

Andri Stefánsson ekur
lyftara BLS.4

VINNUVÉLAR SÍFELLT
UMHVERFISVÆNNI

Nýr Evrópustaðall BLS. 6

ÞÆGILEGUR OG
SPARNEYTINN

Reynsluakstur á Renault
Trafic sendiferðabíl BLS. 8

BJART FRAMUNDAN Á
NORÐURLANDI

Helgi Kristjánsson hjá Grími
á Húsavík er bjartsýnn BLS. 10

GÁFU VINNUVÉLAR Á
HAMFARASVÆÐIÐ

Caterpillar í rúm 80 ár BLS.12

Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Fjölmörg merki í boði

Vélar og þjónusta er fyrirtæki sem byggir á gömlum merg, með sölu-umboð fyrir fjölda merkja í þunga-vinnuvélum, lyfturum og landbúnað-artækjum.

Af þungavinnuvélunum má nefna HYDREMA sem hafa staðið sig vel við íslenskar aðstæður. Nú hafa Vélar og þjónusta flutt inn fyrstu beltagröfurnar frá HYDREMA og fyrstu hjólagröfurnar koma í febrúar.

Vélar og þjónusta er einnig með umboð fyrir hinar kínversku YUCHAI-þungavinnuvélar. Þessar

vélar eru útbúnar CUMMINGS- eða PERKINS-mótorum, glussakerfi og dælum frá Toshiba og beltagangfrá Bridgestone. Einnig er Vélar og þjónusta með umboð fyrir VENIERI sem framleiðir traktorsgröfur og hjóla-skóflur í ýmsum stærðum.

Meðal fleiri merkja sem boðið er upp á eru Hyster-lyftarar, McCormik-dráttarvélar, og hevinnslutæki frá CRONE, McHale og fleirum.



Schäffer Lader „smá“hjólasjóflur

Liðstýrðu Schäffer Lader liðléttingarnir hafa verið framleiddir í meira en 50 ár. Fjörutgerðir eru fánlegar og þær minnstu eru innan við 80 sm á breidd.

Liðstýring Lader gerir þeim kleift að smjúga um í miklum þrengslum, um leið og þeir hafa þann kost að hlífa undirlaginu. Þó að liðléttingur taki krappa beygju á grasfleti veldur hann litlum skemmdum, en snúningsradiusinn á minnstu vélinni er 55 sm. Vegna þess hve vel liðléttingur-

inn fer með landið hafa til dæmis Kirkjugarðarnir í Reykjavík keypt nokkrar vélar og Egilshöllin notar liðlétting við vinnu á gervigrasinu þar. Allar vélarnar eru fjórhjóladrifnar og er lyftigeta minnstu vélanna um tonn en þrjú tonn á þeim stærstu.

Umboðsaðili Schäffer Lader á Íslandi er Jötunn Vélar ehf á Selfossi sem einnig flytja inn Valtra og Massey Ferguson dráttarvélarar ásamt ýmsum öðrum vélbúnaði.



Schäffer Lader vélar eru meðal annars notaðar í Kirkjugörðum Reykjavíkur.

VERKTAKAR KYNNIÐ YKKUR KEESTRACK MALARHÖRPURNAR



Sterkbyggðar og afkastamiklar hörpur frá Belgíu. Auðveldar í flutningi og notkun. Stærðir frá 16 - 30 tonna. B.M.M. Sími 894-3836



Bjarni Ástvaldsson starfsmaður hjá Íslenskum aðalverktökum og Pétur Pétursson gröfustjóri hjá Ísar.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

Vélar á vettvangi framkvæmdanna

Hvarvetna þar sem framkvæmdir standa yfir blasa við vinnuvélar, stórar og smáar.

Rétt við Ingólfsgarð þar sem varðskipin lágu áður fyrr og Faxaskáli vitnaði um veldi Eimskips er hafin bygging tónlistarhúss. Niðri í djúpum grunni er unnið að þéttari bindingu járna og þótt mannhöndin sé þar að verki þá kemur krani líka að góðum notum við að færa járnin til. Aðeins austar með ströndinni er verið að stækka landið með stórgryti sem sturtað er í sjóinn og malarpuði lagður ofan á. Þar eiga vinnubúðir Íslenskra aðalverktaka að standa en þeir hafa byggingu tónlistarhússins með höndum. Grjótið kemur upp úr grunni í Borgartúninu þar sem sprengt er og grafið fyrir enn einu stórhýsinu. Óflugir bílar eru svo í förum eftir Sæbrautinni með hnallungana.

Pétur Pétursson er að jafna úr grjóthlóssum á glænýrri Hyundai-gröfu sem hann segir með þeim stærri og betri á landinu. Hann hefur stjórnað gröfum í átta ár og hefur því samanburðinn. Meðal annars kveðst hann hafa verið upp við Kárahnjúka í eitt ár við að fleyga inni í göngum og fleira sem til féll og ekki viljað missa af þeirri reynslu. Nú starfar hann hjá fyrirtækinu Ísar sem er verktakafyrirtæki í bryggjuframkvæmdum. Hann er að spjalla við Bjarna Ástvaldsson sem vinnur hjá Íslenskum aðalverktökum og hefur gert frá árinu 1973. Lengst af kveðst Bjarni hafa verið í steypustöð á Keflavíkurflugvelli en nú hafa fært sig til borgarinnar. Spurður hvort hann búist við að verða við tónlistarhússbygginguna næstu mánuði og ár svarar hann brosandi. „Ég veit ekkert hvar ég verð eftir morgundaginn. Þá gæti ég verið kominn austur á land.“

-gun



Borað fyrir sprengjum í Borgartúninu.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



Járnin eru þétt bundin í grunninum og krani kemur að góðum notum við að færa til þungavörna.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



Grjótinu mokað á bíl sem flytur það í landfyllinguna austan við Ingólfsgarð.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



Þrjátíu og fjögurra tonna Komatsu-grafa og fjörutíu og fimm tonna Hyundai-grafa jafna úr hlössunum sem sturtað er í uppfyllinguna.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

allt bílar

Alla laugardaga



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun

B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi.



Kangoo

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.670.000

Verð frá kr. 1.341.365 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 26.386

Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Renault, leiðandi merki í atvinnubílum í Evrópu!

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. **Notagildi**, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.**

Renault, leiðandi merki í atvinnubílum í Evrópu.



Trafic

Master

Renault Trafic

Verð frá kr. 2.380.000

Verð frá kr. 1.911.646 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 37.345

Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.

Renault Master

Verð frá kr. 2.820.000

Verð frá kr. 2.265.060 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 44.137

Fjármögnunarleiga kr. 35.452 án vsk.



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

www.renault.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendra myntkörfu með 20% útborgun, með og án/vsk.



Dreki sem heggur og plantar trjám

Nýlega flutti fyrirtækið Imtex inn nýjung í landbúnaðarvélum hér á landi. Vélin er af gerðinni Mensi Muck A91 4X4 Forest og er allt í senn skurðgrafa, skógarhöggs- og trjáplöntunarvél.

Guðjón Ólafsson er eigandi „græna drekans“ eins og vélin er réttilega kölluð. Hönnun græna drekans er eins og sjá má á myndinni býsna framtíðarleg „Það má alveg segja að þessi vél komist nokkuð auðveldlega yfir móa og mel. Hún er þannig útbúin að öll fjögur hjólin eru á sérstökum örmum sem hægt er að færa til með glussatjökkum. Armarnir miða allir að því að halda húsinu beinu og ökumaðurinn stýrir þeim öllum.“ segir hann. Töluverð þörf er á skógarhöggsvél hér á landi að mati Guðjóns. „Elstu bændaskógarnir eru komnir á þann aldur að það þarf að fara að grisja þá. Hingað til hefur eftirspurn eftir skógarhöggi þó ekki verið mikil hér á landi, en með tilkomu þessarar

vélar þá margfaldaðist hún, enda afkastar hún á við tíu manna skógarhöggsflokk.“

Vélin getur einnig verið trjáplöntunarvél, en þá er settur þar til gerður haus framan á einn arminn og segir Guðjón að græni drekin hafi margt fram yfir aðrar plöntunarvélar. „Þessi vél gerir meira heldur en bara að planta trjám því hún skiptir um jarðveg, plantar og ber á.“ En er vélin jafn afkastamikil við plöntun og skógarhögg? „Hún er kannski ekki alveg á við 10 manna vinnuflokk í beinum afköstum, en hún kemst nær allt og hún gerir svo margt sem tekur aðra gífurlega langan tíma að gera. Það er í rauninni ekki hægt að bera þetta saman við mannshöndina, en samanborið við aðrar plöntunarvélar þá er engin önnur gerð til sem getur gert þetta.“

Græni drekin er fjölnota skógarvél sem kemst leiðar sinnar.

MYND/GUÐJÓN ÓLAFSSON

Úrval vinnuvéla

flestar gerðir til afgreiðslu strax



Yuchai YC18



Yuchai YC55



Yuchai YC85



Yuchai YC135



Venieri VF-1.33B



Venieri VF-10.33B



Venieri VF-763B



Venieri VF-963



McCormick C-Max 105



McCormick CX 105



McCormick MC 115



McCormick XTX 200



Hydrema M1400C



Hydrema 912C



Hydrema



Gæði á góðu verði

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi



Stendur stoltur fyrir framan nýja lyftarann sem er af gerðinni Jungheinrich DFH 545.

FRETTABLAÐIÐ/HRÖNN

Geislaspilarinn gerir gæfumuninn

Andri Stefánsson vinnur á lyftara hjá timburdeild Húsa-smiðjunnar.

Andri Stefánsson hefur unnið hjá timburdeild Húsa-smiðjunnar í fjögur ár. Þar vinnur hann með skólanum um helgar og einnig yfir sumar-tímann og er stór hluti starfsins að vinna á lyftara. „Þetta er nýr lyftari sem við fengum í vor. Áður fyrr var maður ekki á neinum sérstökum lyftara, maður mætti bara og tók einhvern. Það er allt annað líf eftir að þessi nýi kom og nú skellir maður sér alltaf á hann“, sagði Andri, hæstánægður með nýja lyftarann sem Húsa-smiðjan hefur fest kaup á.

Lyftarinn er af gerðinni Jungheinrich DFH 545 og er lyftigeta hans fjögur tonn. Hann hefur hliðar- og sundur-saman færslur og er mun kraftmeiri en gömlu lyftararnir. „Aðalmunurinn er samt sá að

þessi er með geislaspilara öfugt við þessa gömlu sem við vorum með. Það er alveg ómögulegt að vera í svona vinnu og keyra um á tæki sem hvorki er með geislaspilara né útvarp. Þessir gömlu voru alltaf bíl-aðir og voru alltaf í viðgerð. Því var ekki annað í stöðunni en að skella sér á nýjan í staðinn fyrir þetta gamla drasl“, sagði Andri.

„Svo er miðstöðin svo fljót að hitna í þessum nýja sem er mikill kostur þegar maður er að vinna úti. Þannig að hitinn er fljótur að koma. Maður kemur sér bara vel fyrir í upphafi vinnudagsins, skellir sér í lyftarann og hlustar á fina tónlist. Svo reynir maður bara að sitja þarna og dunda sér þar til vinnudagurinn er búinn.“

- egm

Nýr Renault Midlum

Renault Midlum er kominn í nýrri útgáfu með aflmeiri og sparneytnari vélum og aðgengi-legri innréttingu. Í grunninn er að sögn Bjarna Þ. Sigurðssonar, sölustjóra B&L atvinnubíla, um tvær nýjar vélar að ræða sem koma í stað annars vegar 4 lítra og hins vegar 6,2 lítra véla og eru breytingarnar það miklar að tala má um kynslóðaskipti í þessu sambandi. „Stærri vélin er 6 strokka 7 lítra vél sem verður fáanleg bæði í 240 hestafla og 280 hestafla útgáfu.“ Smærri vélin er 4 strokka 5 lítra vél í 160, 190 eða 220 hestafla útgáfum,

þar sem sú síðastnefnda togar 800 Nm við 1200-1700 sn.m. og er það mun meira tog en gamla 6 lítra vélin skilaði í þeirri útfærslu. Við þetta má svo bæta að þrátt fyrir aflmeiri vélar eru þær ekki síður sparneytnari.

Samhliða nýju vélunum er Midlum kominn með nýja inn-réttingu. „Hönnunin tekur algjör-lega mið af þeirri vinnuáðstöðu sem stýrishúsið þarf að bjóða. Þá er gírstöngin orðin áföst mæla-borðinu og í hárréttri lengd frá stýrinu.“ Midlum er að grunni til 4x4 eða 4x2 grindarbill og fáan-legur í fjölmörgum útfærslum.



Í nýrri útgáfu af Renault Midlum er vélin aflmeiri og sparneytnari.



**STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT**

Flytjum allar gerðir vinnuvéla



Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR
DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800

Dalvegi 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

MASSEY FERGUSON



Vinstra megin:
Power Control
handfang



Hægra megin:
Gírstöng og AutoDrive
snúningsrofi

MF 6400 - nútímatækni.
Markmiðið er einföld, rökrétt og hröð vinna.

90 - 145 hö

MF 6400 *Dyna-6* Byltingarkennd ný gírskipting



MASSEY FERGUSON

Hin nýhannaða MF Dyna-6 gírskipting skapar alveg ný viðmið í meðferð, viðkynningu, sveigjanleika og afköstum.

Dyna-6 byggir á margreyndum eiginleikum MF Dynashift gírskiptingarinnar. Dyna-6 er með sex kúplingsfríum milligírurum í staðinn fyrir fjóra hefðbundna sem víkka notkunarsviðið mikið og gefa hámarksafköst við allar aðstæður.

Og ekki nóg með það. Í nýju MF 6400 línunni höfum við sameinað nýjustu og framúrstefnulegustu tækni MF. Þess vegna hefur MF 6400 línán hlotið verðlaunin "New Equipment Award" á Royal Show í Englandi.

Hafðu samband við sölumenn okkar til að fá nánari upplýsingar.

JÖTUNN • VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Réttu vélamar í verkið!

Áratuga frábær reynsla af NEW HOLLAND vinnuvélunum á Íslandi eru bestu meðmælin!

NEW HOLLAND



Eigum fyrirliggjandi úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum -Veldu vél sem hentar þínu verki!



MULTI ONE
fjölnota tæki

HANWOO
brotfleygar

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
www.sturlaugur.is



{ vélar og tæki }



Sífelzt verða kröfurnar meiri um að vinnuvélar mengi sem minnst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuvélar sífelst umhverfisvænni

Evrópski staðallinn Euro-4 tók gildi í október á síðasta ári sem setur aukinn þrýsting á framleiðendur vinnuvéla um að gera framleiðslu sína umhverfisvæna.

Að sjálfsgöðu er reynt að framleiða vinnuvélar sem menga sem minnst og eru kröfurnar varðandi það sífelst að aukast. Ólafur Árnason hjá Brimborg segir að sérstakir staðlar varðandi mengun hafi mikil áhrif en það er algjörlega í höndum framleiðenda að uppfylla þá. Áhrifin eru að mestu leyti jákvæð en einnig setur þetta framleiðendum þrengri skorður og kemur niður á verði á vinnuvélum.

„Það eru sérstakir staðlar sem þarf að fara eftir varðandi mengun. Það eru evrópskir staðlar sem þarf að uppfylla og tóku svokallaðir Euro-4 staðlar gildi frá og með október 2006. Það eru sjálfir fram-

leiðendurnir sem þurfa að framvísa gögnum og sýna að farið sé eftir þessum stöðlum,“ sagði Ólafur. Engir sérstakir íslenskir staðlar eru því notaðir heldur löggjöf sem gildir fyrir alla Evrópu.

„Þessi löggjöf er sífelst að þróast og koma Euro-5 staðlarnir árið 2009. Það er því alltaf verið að gera tæki umhverfisvænni og þróunin í þeim málum hefur verið ör síðustu ár. Kröfurnar verða alltaf meiri og meiri og stöðugt er verið að setja aukinn þrýsting á framleiðendur. Þessu fylgir mikil kostnaðaraukning, þetta kemur út í verðið og hefur talsverð áhrif á það,“ sagði Ólafur.

- egm

Traust og örugg fjarskipti: **maxon** talstöðvar fyrir húsbílinn eða jeppann.

Vandaðar talstöðvar sem hafa margsannað gildi sitt í áraraðir í vinnuvélum, lögreglubílum og leigubílum.

Þjóðum 4 rása og 99 rása Maxon bílstöðvar ásamt ísetningu á ótrúlega lágu verði.



maxon
bílstöðvar



maxon
handstöðvar



Nett, frábær loftnet á flestar gerðir bifreiða.

MÚLARADIÓ
rafeindapjónusta

HELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211



Jón Tryggvi Unnarsson er ánægður í starfi.

Þar sem mannlegan kraft þrýtur

Jón Tryggvi Unnarsson hjá Feðgum ehf. segir krana-stjórnun nákvæmisverk.

„Að vinna á krana allan daginn hefur sína kosti og galla,“ segir Jón Tryggvi Unnarsson, kranastjóri hjá Feðgum ehf. sem er jafnframt inntur eftir því hvort það felist einhverjar hættur í starfinu. „Maður þarf að passa sig á að drepa ekki sjálfan sig og aðra þegar maður er á krananum,“ segir hann og hlær. „En að öllu gríni slepptu þá þarf maður að vanda sig mjög mikið. Maður þarf alltaf að vera á varðbergi og passa sig á að gera allt rétt,“ segir Jón Tryggvi.

„Dagsformið hverju sinni ræður hvernig það gengur að vinna á vélinni, það lýsir starfinu kannski best að segja að við kranastjórnun vinni hugur og hönd saman.“ Þegar Jón Tryggvi er spurður út í hvort hann sé búinn að vinna við þetta

lengi svarar hann því til að hann sé búinn að vera nógu lengi en líki starfið mjög vel.

Um þessar mundir er Jón Tryggvi og fyrirtækið sem hann vinnur fyrir, Feðgar ehf. að vinna við að byggja nýja sundlaug í Vallarhverfinu í Hafnarfirði og byrjuðu þeir á því verki í ágúst og er verktíminn rúm tvö ár. „Þetta tekur allt sinn tíma enda verðum við að skila af okkur vel og vandlega unnu verki,“ bætir Jón Tryggvi við.

„Ég er nú satt best að segja ekki á krana allan daginn því ég vinn einnig við hífingar sem ganga eiginlega út á það að færa þunga hluti frá A til B. Þar sem mannlegir kraftar ráða ekki við kem ég sterkur inn,“ segir Jón og hlær dátt.

-ohh

SCHMIDT**Snjótennur**
allar stærðir**TARRON****AFLVÉLAR**Vesturhrauni 3
Garðabæ
Sími 480 0000**SCHMIDT****Saltdreifarar**
Nido Stratos**AFLVÉLAR**Vesturhrauni 3
Garðabæ
Sími 480 0000**impex**

Viðurkönnð vara - gótt verð

STÁL
í flestar
gerðir
brothamraSími 534 5300
impex@impex.is www.impex.is**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**

Partur-Spyrman-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

TOPCON**Verktakar og aðrir framkvæmdamenn**Topcon 3D GPS til sýnis og sölu á Komatsu PC290LC-8.
Komið, prófið og sannfærast.Leitið upplýsinga hjá Unnsteini,
Kraftvéllum Dalvegi 6-8 Kópavogi
í síma 535-3500 eða 840-1566.**KRAFTVÉLAR**Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi
Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

Öll réttindi áskilin. Einungis til kynningar.

Leitaðu til sérfræðinga
í ítrustu nákvæmni.

Með nýju Komatsu-gröfunum, WB93R-5 og WB97R-5 hefur þú fulla stjórn á hlutunum. Aðgerðum er stjórnað með stýrisprota eða hefðbundnum stjórnstöngum; hvort tveggja vinnur fullkomlega með álagsskynjandi glussakerfinu (CLSS) og tryggir lipra, jafna og hárnákvæma stjórn frá einni aðgerð til annarrar.

Þróað glussakerfið býr gröfurnar einstökum eiginleikum, afkastagetu og sparneytni, m.a. með álagsstýrðu glussaflæði sem hagar átaki tjakka með tilliti til hleðslu.

Til viðbótar veitir rúmt og vel búið stjórnhúsið þægilega vinnuáðstöðu og óviðjafnanlega útsýn til allra hliða og uppfyrir sem niðurfyrir.

Það gerist ekki betra hjá gröfum!

**KOMATSU**

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

**NOTUÐ
TÆKI****JCB JC 330LC Beltagrafa**
Árgerð 2003 - V.st. 10.100**JCB Traktorsgrafa**
Árgerð 2000 - V.st. 4.000**JCB JC 330LC Beltagrafa**
Árgerð 2005 - V.st. 3.100**JCB Teletruk**
Árgerð 2006 - V.st. 960**VÉLAVER^{HF}**Símar 588 2600
www.velaver.is**Hardox plötur**

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Margföld ending og slitþol!

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

A góðum járnnum**HÉÐINN**Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

HANN ER MÆTTUR

Skotbómu-
Lyftarinn
Frá JLG

Lipur
Öflugur
Öruggur



JLG

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn
Fjór hjólastýrður
Lyftigeta: 3.400 KG
Lyftihæð: 6.050 MM
Gafflar: 1.200 MM
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is

Reynsluakstur



Renault Trafic er fallegur útlits auk þess sem lögun hans hentar vel til flutninga á vörum og hlutum þar sem rýmið er nýtt til hins ýtrasta.

FRETTABLAÐID/GVA

Þægilegur og sparneytinn

Fyrsta útgáfan af Renault Trafic kom út í núverandi mynd árið 2002 og var hann þá valinn sendibíll ársins í Evrópu. Nú er hann kominn í nýrri útgáfu með nýrri 2,0 lítra dísilvél.

Um leið og billinn er ræstur kemur á óvart hversu lítið heyrir í vélinni, en maður á von á því að sullandi dísilhljóðið fylli stýrishúsið, en að nokkrum sekúndum liðnum tekur maður ekki lengur eftir vélarhljóðinu. Vélin sem er 115 hestafla 2,0 lítra dísilvél togar í fullum afköstum 240 Nm við 1.600 sn/m og eyðir um 7,9 lítrum á hundraðið við blandaðan akstur. Vélin tók vel við sér og hélt góðum skriði þegar ekið var upp brekkur og getur maður ímyndað sér að hún eigi ekki í miklum vandræðum þótt billinn sé fullhlaðinn, en gert er ráð fyrir að billinn geti tekið allt að 1,200 kílóa hlass.

Auðvelt er að koma hlassi fyrir í bílnum, en hann er þannig hannaður að afturendi bílsins nær nokkuð vel yfir kantinn svo vel sé hægt að koma hlutum inn í hann, auk þess sem hann er lágur. Einnig er rennihurð á honum báðum megin. En bílnum er auðveldlega hægt að breyta í níu manna smárútu, sem er í raun aðeins ein útfærsla af bílnum því hann er nánast hægt að sniða eftir eigin höfði.

Hann er afar lipur í akstri og sérstaklega þægilegur. Helst var yfir því að kvarta að þegar þurfti að nota handbremsuna þvældist armþúðinn við bílstjórásætið ansi mikið fyrir. Auðvelt var að bakka honum eftir speglunum, sem eru tvískiptir og útsýni úr bílnum er mjög gott.

Stýrishús Renault Trafic er afar notalegt. Vel fer um bílstjóra, hægt er að stilla sætið á alla mögulega vegu. Rýmið er gott og vel sést á



Hurðirnar að aftan opnast í 180°, en hægt er að sérpanta á hann hurðir sem opnast 250° og leggjast þá að hlið bílsins.

FRETTABLAÐID/GVA



Öll stjórtæki eru handhæg og auðvelt að ná til þeirra. Gírstöngin er í góðri hæð.

FRETTABLAÐID/GVA

mælaborðið og þægilegur armþúði er við bílstjórásætið, sem truflar þó aðengi að handbremsu eins og áður sagði. Trafic er fyrst og fremst vinnubíll og því er stýrishúsið vinnustaður bílstjórans og augljóslega lagt mikið upp úr því að þörfum hans sé mætt og honum líði vel þær löngu stundir sem hann eyðir í bílnum. Hólf eru fyrir drykkjarmál, smádót og pappíra í mælaborði svo að einfalt er að teygja sig í hluti eða leggja þá frá sér án þess að það trufla aksturinn, auk þess sem hljómtækjum er fjarstýrt úr stýri.

Renault Trafic er lipur og sparneytinn vinnubjarkur.

kristineva@frettabladid.is



Rennihurð er báðum megin á bílnum.

FRETTABLAÐID/GVA

Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK 
– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Jarðýtur



Hjólaskóflur



Jarðvegsvaltarar



Flokkunarskóflur

Vélar & tæki



Beltagrófur

ÚRVAL VINNUVÉLA OG TÆKJA

Þegar fjárfesta á í vinnuvélum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvélarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvélar.

Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig.

Hafðu samband við söludeild véla & tækja að Bæjarflöt 4 í Grafarvogi síma 4 400 540 og aflaðu þér upplýsinga.



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði



Helgi Kristjánsson segir að álversframkvæmdir við Húsavík myndu efla alla atvinnu á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Bjart framundan á Norðurlandi

Vélaverkstæðið Grímur á Húsavík hefur starfað í sautján ár en hjá fyrirtækinu vinna um 20 manns. Helgi Kristjánsson framkvæmdastjóri segir margt hafa breyst á þessum árum.

Vélaverkstæðið Grímur á Húsavík hefur verið starfandi í sautján ár en það var stofnað á grunni eldra fyrirtækis sem hafði starfað á Húsavík um nokkurra áratuga skeið. Það má segja að Grímur sé nokkurs konar fjölskyldufyrirtæki en Helgi Kristjánsson er framkvæmdastjóri og Ásgeir Kristjánsson bróðir hans er annar tveggja verkstjóra Gríms.

„Það er margt búið að breytast á þeim sautján árum sem fyrirtækið hefur starfað,“ segir Helgi Kristjánsson framkvæmdastjóri. „Nú erum við mest að vinna verkefni í ýmiss konar vélaviðhaldi og nýsmiði úr járn. Fyrstu árin unnum við mikið í þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki en það hefur dregist saman undanfarið.“

Helgi segir verkswæði Gríms nokkuð stórt. „Við höfum mest verið að vinna austan Vaðlaheiðar en

höfum einnig sinnt verkefnum fyrir sunnan, til dæmis á Nesjavöllum og austur á landi. Við höfum mikið verið í því að þjónusta gufuaflsvirkjanirnar hér á svæðinu og erum núna að smíða ofan á væntanlegar borholur á Norðausturlandi. Þá höfum við í gegnum tíðina unnið mikið við gufuaflsvirkjunina í Kröflu.“

Það starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu og er það mat Helga að bjart sé framundan.

„Ég hef fulla trú á að farið verði í álversframkvæmdir hér við Húsavík og að sú gufuorka sem er til staðar hér á svæðinu verði nýtt með byggingu virkjana. Það myndi auka verulega lífsmöguleika ýmiss konar fyrirtækja á svæðinu, bæði í uppbyggingu og þjónustu. Þetta hefur verið deyjandi svæði hér undanfarin ár og við þurfum á nýjum tækifærum að halda,“ segir Helgi.

–öho

Mun aldrei láta vélina af hendi

Matthías Ottósson heldur mikið upp á sjö tonna hjólavél sem kemur frá Frakklandi.

Matthías Ottóson hjá Mottó ehf. á sitt uppáhaldstæki. Það er sjö tonna hjólavél sem kemur frá Frakklandi og segir Matthías að þessari vél ætli hann aldrei að sleppa enda hefur hún reynst honum óhemju vel í gegnum árin. „Þessi vél er frönsk og heitir Mecalac, sjö tonna hjólavél með 360° snúningi.

Ég keypti hana eftir bæklingi á sýningu og var hræddur þegar ég síðan sá hana, var ekki alveg með það á hreinu hvað ég hefði verið að kaupa þarna,“ sagði Matthías en hann átti svo sannarlega ekki eftir að sjá eftir kaupunum.

„Ég kunni ekkert á þessa vél en það kom franskur maður með henni sem kenndi mér. Þegar maður hafði



Vélin hans Matthíasar hjá Mottó ehf. hefur reynst vel.

FRÉTTABLAÐIÐ

lært á hana komst maður að því að hún hentaði vel í öll minni verkefni. Þetta er mjög hentugt og fjölbreytt verkfæri sem hefur komið sér ótrúlega vel,“ sagði Matthías Ottóson en hjólavélin hans er af árgæro 1991 og hefur hún svo sannarlega staðist tímans tönn.

– egm

Scania vinsælt hérlandis

Scania bílafyrirtækið var stofnað árið 1891 í Svíþjóð. Fyrirtækið var þá reiðhjólaverksmiðja. Síðan sameinaðist reiðhjólaframleiðslan fyrirtækinu Vabis, sem á þeim tíma framleiddi vagna af ýmsum toga. Sameinuð framleiddu fyrirtækin jafnt flutningabíla og fólksbíla, eða allt fram til 1929 þegar síðasti fólksbíllinn rann af færíbandinu.

Umboðsaðili Scania á Íslandi er Hekla og hefur umboðinu gengið vel að markaðssetja vörumerkið. Síðastliðin sex hefur Scania að meðaltali



2006 var metár í sölu Scania á Íslandi.

verið með 30,8 prósent markaðshlutdeild í sínum geira og öll árin verið mest selda vörubifreiðin í flokki II, en í þann flokk falla bílar með eiginþyngd yfir 16 tonnum.

–tg

NÝI ÖKUSKÓLINN

ÖLL vinnuvélaréttindi
ÖLL ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn ef húsinu Klettagörðum 11

S: 588-4500 www.et.is

impex
Viðurkað vara - gætt verð

STÁL

í flestar gerðir brothamra



Sími 534 5300
impex@impex.is www.impex.is

Flutningatæki

Frystivagnar, beislisvagnar, flutningakassar og gámapagnar.
Kynntu þér vörulínuna frá Krone.



Betra verð – fáðu tilboð!

Kælivélar, einangrunarpil, milligólf, vörulyftur og annað sem tengist landflutningum. Seljum einnig varahlutir í eldri gerðir Krone og Norfrig flutningatækja.

ALORKA

www.alorka.is

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080



Iveco Trakker
Árgerð 2006 sýningarbíll



VW LT35
Árgerð 2004 - Ekinn 103.000 km



Iveco EuroCargo
Árgerð 1999 - Ekinn 305.000 km



Iveco EuroCargo
Árgerð 1997 - Ekinn 253.000 km



Mercedes Benz
Árgerð 2001 - Ekinn 293.000 km



Iveco Trakker
Árgerð 2004 - Ekinn 120.000 km



VÉLAVERÐ
Símar 588 2600
www.velaver.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða



Vígurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Traust dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.




Vígurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓSin FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et EHF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



HYWEMA

Vörubílalýftur



Færanlegar vinnuvélaýftur
Fyrir fólksflutningabíla, vörubíla, vinnuvélar og önnur tæki
Með hinum þekkta Hywema sjálflæsandi öryggisbúnaði.
Lyftigeta allt að 60 tonnum
Þýsk gæðavara, 40 ára reynsla ISO 9001



AFLHLUTIR

Völuteigur 4 s. 544-2045
www.aflhlutir.com

allt atvinna

Alla sunnudaga

Caterpillar í rúm 80 ár


Caterpillar er eitt stærsta vörumerki heims á sviði vinnuvéla. Upphaf Caterpillar má rekja 117 ár aftur í tímann og í dag má hluti frá Caterpillar finna jafnt í traktorum sem þungum hernaðartækjum.

Árið 1890 gerðu tveir menn hvor hjá sínu fyrirtækinu í Bandaríkjunum, Benjamin Holt og Daniel Best, framúrstefnulegar tilraunir með ýmsar gerðir af gufuknúnum vinnuvélum í landbúnaði. Má segja að þar hafi öld vinnuvélanna fyrir alvöru hafist.

Árið 1904 setti framleiðslufyrirtæki Holts fyrsta gufuknúna beltatraktorinn á markað. Næstu 20 ár urðu stórstígar framfarir í þróun landbúnaðarvinnuvéla. Fyrri heimsstyrjöldin markaði tímamót í þróun landbúnaðarvéla, því þörfin eftir þeim var mikil, bandamenn notuðu vélar frá Holt í hernaðaraðgerðum sínum.

Samkeppnin á milli Benjamins Holt og Daniels Best harðnaði mikið á næstu árum, en fyrirtækin tvö sameinuðust að lokum undir merkjum Caterpillar Tractor Co. árið 1925. Seinna sama ár setti fyrirtækið á markað fyrsta traktorinn sem knúinn var áfram af díselvél. Framfarir í vélbúnaði Caterpillar urðu hraðar á næstu árum og árið 1942 valdi bandaríski herinn að nota Caterpillar vélar í M4-skriðdreka sína sem komu að miklum notum í erfiðum landhernaði þeirra í Evrópu.

Árið 1950 urðu enn önnur tímamót í sögu fyrirtækisins þegar Caterpillar færði út kvíarnar og opnaði útibú í Bretlandi, það fyrsta á erlendri grundu. Með því opnaðist stór Evrópumarkaður sem fyrirtækið hefur verið fyrirferðarmikið á allar götur síðan. Þrettán árum síðar leiddu Caterpillar og japanski risinn Mitsubishi



Caterpillar hefur þróast mikið síðustu áratugi.

saman hesta sína á Japansmarkaði. Shin Caterpillar Mitsubishi eins og fyrirtækið heitir í Japan, er annar stærsti framleiðandi á þungavinnuvélum á Asíumarkaði.

Í upphafi 9. áratugarins rambaði fyrirtækið á barmi gjaldþrots og á tímabili á árunum 1981-1983 var áætlað tap fyrirtækisins um það bil ein milljón dollara á dag. Árið 1986 breytti fyrirtækið nafni

sínu í Caterpillar Inc. Fyrirtækið fór að styrkjast aftur á ofanverðum 9. áratugnum og lagði um það bil 1,8 milljarð dollara í áætlun sem miðaði að því að nútímavæða vörumerkið fyrir alheimsmarkað. Áætlunin heppnaðist með ágætum og Caterpillar vegnaði vel á tíunda áratug tuttugustu aldar. Um aldamótin fagnaði Caterpillar 75 ára afmæli sínu og í upphafi

21. aldar fór fyrirtækið að stefna að því að gera þungavinnuvélar sínar umhverfisvænni en áður hafði þekkst. Árið

2005 vakti Caterpillar svo athygli þegar fyrirtækið gaf fjölmargar vinnuvélar til íbúa á hamfarasvæðum í Asíu eftir að flóðbylgjan reið yfir í lok ársins. Um þessar mundir er Caterpillar áfram einn allra sterkasti og öflugasti framleiðandi á vélbúnaði og þungavinnuvélum á alheimsvísu, fyrirtækið framleiðir um það bil 300 mismunandi vöruflokka fyrir vinnuvélar, bifreiðar og herbúnað. Í fyrra var Benjamin Holt tekinn inn í frægðarhöll uppfinningamanna í Bandaríkjunum fyrir frumkvöðlastarfssemi sína á sviði vinnuvéla í upphafi 20. aldar.

-vör

Hágæða vörur á góðu verði

auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA



aldrei
að skafa

Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto
Feel the drive

Parlok vörubílabretti úr polyethylen



SV vörubílademparar viðhaldsfriir - mjög sterkir



Ryðfríir kassar

margar gerðir
frábært verð



Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum

Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330

Verkfæralagerinn



Blað 210mm laser – Hjólsög 1600w kr. 9760,- stgr.
Blað 185mm laser – Hjólsög 1400w m/ aukablaði kr. 6750,-
Blað 185mm laser – Hjólsög 1400w m/ aukablaði kr. 8995,-
Ø 140 Hjólsög 750w kr. 3625,-
Hjólsög Metal og Wood 1650w kr. 3625,-
Ø 185 24T / Ø 185 48T
Hjólsagir frá kr. 3.625,- stgr



Flisasagir 450 w kr. 7625,- stgr.
Minna land 450 w verð frá kr. 6120,-stgr.



Tífsög kr. 8260,- stgr.



Fræsarar 9540,- verð frá kr. 7795,- stgr.



Þurrgeymir m/ starti kr. 13.347,- stgr.



Transarar 160 AMP kr. 12.995,-
100 AMP kr. 9720,-



Rafstöðvar
Bensín / 2300 w / 5.5 HP kr. 44.750,- stgr.
Bensín / 950w / 2.4 HP kr. 34999,- stgr.
Blönduð / 2 HP 17995,- stgr.



Háprýstjupvottatæki
1650w / 390 l/h kr. 7315,- stgr.
1600w / 390 l/h á hjólum kr. 8250,- stgr.
1500w / 360 l/h sjálfvirk start/stopp kr. 10750,- stgr.
1800w 360 l/h kr. 16250 stgr.



Hleðslutæki
Verð frá kr. 3860,- stgr.



Strigar frá kr. 85,- stgr.



Plastkassi 45 x 26 x 29 cm kr. 4720,- stgr.
57 x 26 x 26 cm kr. 5310,- stgr.



Taska kr. 9590,- stgr.



Taska kr. 2520,- stgr.



Taska kr. 4695,- stgr.



Föndursett
160w / 15000 – 35000 rpm kr. 3750,- stgr.



Bílaþvottakústar kr. 1865,- stgr.



Hjólátjakkar (2 tonna) frá kr. 3260,- stgr.



Stigar frá kr. 13.995,- stgr.



Stigi 4785,- stgr.
Stigar frá 2997,- stgr.



Hleðslukastarar
55 w 1.000.000 Candle Power kr. 1430,- stgr.
25 w 500.000 Candle Power kr. 1450,- stgr.
75w 2.000.000 Candle Power kr. 1580,- stgr.



Penslar frá kr. 245,- stgr.



Trönur frá kr. 2650,- stgr.
Borðtrönur frá kr. 785,- stgr.



Skrúfjárn 6 stk. kr. 1050,- stgr.
Verkfæarakassi kr. 3995,- stgr.



LED Höfuðljós
3 Stillingar 2/4/8 LED kr. 1885,-



Bilaviðgerðarbretti kr. 6999,- Verð frá kr. 4855,- stgr.



Viðgerðarstóll kr. 5520,- stgr.



kr. 1495,-stgr.
Trésagir frá kr. 940,- stgr.



¼ " Topplykasett
33 stk kr. 4995,- stgr.



Lofthöggvélar
850w 5125,- stgr.
850w í tösku 6750,- stgr.
1500w í tösku 12.250,-



Hleðsluskrúfjárn
4,8 v / 200 rpm / 5h kr. 1725,- stgr.

Klaufhamrar
Tréskaft frá kr. 195,- stgr.
Fiberskaft frá kr. 245,- stgr.
Stálskaft frá kr. 265,- stgr.



Lástöng
kr. 1365,-
verð frá kr. 450,- stgr.



Tangir
Verð frá kr. 175,- stgr.



Hleðsluborvél 18v
1 klst. Hleðsla kr. 8250,- stgr.
Verð frá kr. 2135,- stgr.



Verkfæralagerinn ehf.
Skeifan 8
108 Reykjavík
Sími 5886090. - Fax 5885040
v@simnet.is

Opið 21 Des 09,00-22,00
22 " 09,00-22,00
23 " 09,00-22,00
24 " 10,00-13,00
25 " Lokað
26 " Lokað

27 " 10,00-18,00
28 " 09,00-18,00
29 " 09,00-19,00
30 " 10,00-16,00
31 " Lokað



vetrarnaglar fyrir lyftara
auðveld isetning

JÖTUNN • VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is



VOGEL®

Smurkerfi

allt að **10 ára** ábyrgð

Sjá nánar á rotor.is

rotor

www.rotor.is

RÓTOR EHF. HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900

Nýtt! Meirapróf Nýtt!

Nýtt Nú er hægt að velja á milli kvöld- og helgarnámskeiða.

Næstu námskeið: Garði 13. jan og 15. jan.

Vestmannaeyjum 3. feb.

Reykjavík 24. feb.

Ath.! Verkalýðsfélög og svæðisvinnumiðlanir taka þátt í kostnaði.
Skráning í sínum 581 2780, 822 2908 og 692 4124

Ökuskóli S.G.



Guðmundur segir fyrirtækið hafa vaxið jafnt og þétt en þeir hafi byrjað með eina gröfu á sínum tíma.

Óvenjulega mikið að gera í janúar

Guðmundur Gunnarsson er annar tveggja stofnenda fyrirtækisins GV gröfur á Akureyri. Hann segir nóg af verkefnum að hafa og að janúar fari óvenju vel af stað.

Fyrirtækið GV gröfur á Akureyri hóf störf árið 1995 og átti í upphafi bara að vera lítið fyrirtæki. „Við vorum tveir sem stofnuðum fyrirtækið, ég og Valdimar Kristjánsson og höfum unnið hjá fyrirtækinu frá stofnun þess. Við byrjuðum með eina gröfu þá og erum búinir að stækka jafnt og þétt á þessum árum. Núna starfa að jafnaði milli tuttugu og þrjátíu manns hjá fyrirtækinu, mismargir eftir árstíma,“ segir Guðmundur Gunnarsson, annar stofnenda fyrirtækisins.

Hann segir verkefnið fjölbreytt. „Við vinnum mikið í sambandi við gatnagerð og allar lagnir sem tilheyra því, bæði fyrir síma, rafmagn, og frárennsli svo eitthvað sé nefnt. Þá erum við að vinna við hitaveitulagnir og höfum meðal annars

unnið við þær í Stykkishólmi og á Eskifirði. Annars eru flest verkefni okkar á Akureyri og í nágrenni bæjarins.“

GV gröfur hafa undanfarið unnið við niðurrif gamalla húsa á Glerár-eyrum en þar stendur til að byggja við verslunarmiðstöðina Glerártorg. „Það hefur gengið mjög vel en það er mikið magn sem við erum að flytja í burtu. Það má ætla að það séu um 20-25 þúsund rúmmetrar af efni.“

Guðmundur segir gott ástand á svæðinu um þessar mundir. „Það hefur verið nóg að gera allt síðasta ár. Núna er það mikið að gera að það líkist hávertiðinni á sumrin. Við höfum verið að vinna til níu á kvöldin núna í janúar sem er óvanalegt fyrir þennan árstíma.“ –öho



Bensindrífna hjólbörur. Vélknúna hjólbörur sem ganga fyrir bensíni. Henta vel í garðinn, á byggingarstaði eða þar sem flytja þarf hluti til og frá.

Litlar vinnuvélar

Vinnuvélar og tæki fást í ýmsum stærðum. Hérna gefur að líta minni gerðir sem hægt er að verða sér úti um á leigumarkaði Byko.



Rafmagnsknúin sláttuor. Lítt og meðfærilegt sláttuor. Hentar vel á minni flatir og á staði þar sem sláttuvél nær ekki til.



Staurabor, sem gengur fyrir bensíni. Hentar vel við uppsetningu á sólpalli, girðingum eða byggingu á sumarbústað.



BRIGGS & STRATTON Akralind 4 201 Kópavogur

MHG VERSLUN Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@unng.is

Leysir af hólmi K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,6 kg / Skurdd. 14,5 cm.

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurddýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurddýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurdd. 14,5 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurddýpt 14,5 cm

Partner K3500 / Þyngd 7,9 kg / Skurdd. 26,8 cm.

Partner HP 40 bensínvæðsla fyrir: Partner K2500 & Partner K3500 Þyngd 88 kg / 18 hó B&S

Skurðvagn

DIMAS hand - kjarnabörur

DIMAS hringagurblöð

DIMAS ELD 20/ELD 45/ELD 70/ELD 90 Þurr & blaut steinsigunarblið

DIMAS kjarnabörur

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD

The smart way. **DIMAS**



SKF



Fatigue load limit		Steady load		Limiting speed		Designation
C ₁₀	C ₉₀	C ₁₀	C ₉₀	n ₁		
1.43	0.67	0.028	70 000	0.0063	61801	
2.25	0.98	0.043	87 000	0.01	61901	
5.4	2.36	0.10	60 000	0.025	* 6001	
5.07	2.36	0.10	56 000	0.037	16101	
7.28	3.1	0.132	50 000		* 6201	

- Kúlulegur
- Keflalegur
- Veltilegur
- Rúllulegur
- Flangslegur
- Búkkalegur



LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800

<http://www.landvelar.is> - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



S: 555 6006 • www.skf.is
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður



STRAUMRÁS

Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288

INTERPUMP



HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR



- Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Sjóþolnar og glussadrifnar
- Bensín drifnar
- Háþrýstislöngur og fittings
- Spissar og framlengingar
- Hvirfilspissar (túrbó)












STRAUMRÁS

Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288



LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800

<http://www.landvelar.is> - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is



STRAUMRÁS

Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288



KÖNIG

Keðjur fyrir trukka



- Betra grip í snjó og ís
- Hafa miklu betra hliðargrip í beygjum
- Eru mun þægilegri í akstri
- Þær trufla hvorki ABS né Anti spin kerfin
- Endast lengur vegna þess að það er minna álag á hliðarkeðjum. Álagið dreifist á fleiri festingar á langböndum
- Hægt er að snúa keðjunum við án þess að skemma dekkinn.

**Allt að 40%
meiri ending**



Stilling

Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÓP · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF · SÍMI 520 8006
www.stilling.is



ri í peninga

máta. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér bindingu kolefnis. Samtök atvinnulífs-
kt. Stjórnvöld vinna að umgjörð utan með útblásturskvóta að sinni.

Evrópu þar sem skógur geti vaxið gildi það sama og í Danmörku. „Þar er miklu meiri samkeppni um landið til matvælaframleiðslu. Nánast allt akuryrkjaland í heiminum er þar sem áður stóð skógur áður en menning varð til.“ Aðalsteinn segist vita til þess að á Norðurlandabúar hafi litið til þess að hér kynni að vera hægt að fjárfesta í kolefni með skógrækt og að óformlegar þreifingar hafi átt sér stað í þá átt.

Aðalsteinn bendir á að ungir skógar hér á landi, sem gróðursettir séu eftir 1990 og teljist þar með „Kyoto-skógar“ bindi um þessar mundir um átta prósent af heildarlosun Íslendinga af gróðurhúsalofttegundum á ári hverju. Hann segir að ef farin yrði leiðin sem Arnór stingur upp á í grein sinni í Skógræktarritinu værum við eftir tæpa hálfa öld komin í þá stöðu að helmingur allrar losunar hér á ári hverju yrði bundinn í skógum. „Svo bætist við að kolefni er að verða verðmæti,“ segir hann og telur ekki loku fyrir það skotið að í framtíðinni kynnu gjaldmiðlar landa að styðjast við kolefnisfót, með sama hætti og gullfót áður. „Í hverju í tonni koltvísýrings sem ekki er losað eða er bundið með einhverjum hætti er u svo mikil verðmæti. Þetta kemur til viðbótar við önnur hefðbundin verðmæti sem tengd hafa verið skógrækt svo sem timbur, skjól, minni jarðvegseyðing og aðrir slíkir hlutir.“

Enn er þó margt á reiki um hver næstu skref verða í reglusetningum um bindingu gróðurhúsalofttegunda og ekki mikil umræða um málið í atvinnulífinu hér.

Aðalsteinn segir umræðuna lengra komna, til dæmis á vettvangi Evrópusambandsins, þar sem nú síðast hafi borist fregnir af sérstökum skatti sem leggja eigi á flug til og frá Evrópu vegna flugsins. „Svo gáfu Norðmenn í jólagjafir bundið tonn af koltvísýringi.“ Til þess að markaður geti orðið til hér segir Aðalsteinn að ekki vanti annað hér en laga-umhverfi. „Tryggja þarf eignarhaldsákvæði á þessum kvóta sem er að verða til. Ég bind vonir mínar við það að þessi lagarammi verði til og þá kemur skógrækt sjálfkrafa til sem einn liðurinn í því umhverfi sem til verður.“

UNNIÐ AÐ RAMMA UM VIÐSKIPTI
Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri á skrifstofu sjálfbærrar þróunar og alþjóðamála í umhverfisráðuneytinu segir að eins og nú sé búið um hnútana getum við ekki selt úr landi kolefniskvóta út af „íslenska ákvæðinu“ svokallaða. „Í þeirri loftslagsstefnu sem núna er í gildi er ekki gert ráð fyrir miklum viðskiptum innanlands. Við höfum talið að við yrðum innan okkar skuldbindinga. Til dæmis erum við ekki með mikið af fyrirtækjum hér sem fá úthlutað kvótum í Evrópu. Að miklu leyti eru það orkuver sem brenna olíu, kolum og jarðgasi. Álver eru til dæmis ekki þar á meðal. Hins vegar er ekki útlíkað að hér þróist einhver kolefnismarkaður í framtíðinni. Síðan er þetta auðvitað pólitískt metnaðarmál að sýna að við séum á réttri leið og sýnum viðleitni til að minnka losun og auka bindingu.“

Í ársbyrjun 2005 fór af stað fyrsti vísirinn að kvótakerfi Evrópusambandsins með kolefnisbindingu þótt við hér séum ekki þátttakendur í því. „Það er hins vegar ekki ólíklegt að þetta þróist þannig í framtíðinni að til verði nokkurs konar kolefnishagkerfi og við munum taka þátt í því.“

Til skemmri tíma litið hefur þjóðin ákveðnar útblástursheimildir og segir Hugi spár hafa bent til þess að við yrðum innan þeirra. „Ef hins vegar verður farið í alla þá stóriðju sem verið hefur í umræðunni, til dæmis stækkun í Straumsvík, álver í Helguvík og á Húsavík þá erum við komin yfir þessar heimildir í lok tímabilsins,“ segir hann og kveður því nokkra óvissu ríkjandi um hvað við tekur árið 2013. „Það er auðvitað nokkuð sem við þurfum að gera ráð fyrir.“

Hugi segir að þótt rætt hafi verið um skort á lagaramma um kolefnisviðskipti hér hafi fyrsta skrefið í þá átt þegar verið stigið í lögum um skráningu gróðurhúsalofttegunda sem samþykkt voru á Alþingi síðasta vor. „Þar er kveðið á um að við setjum upp svokallað skráningarkerfi, sem segja má að sé nokkurs konar rafrænn banki fyrir heimildir. Þetta er nokkuð sem öll ríki þurfa að setja upp samkvæmt Kyoto-bókuninni, og er forsenda fyrir því að svona viðskipti geti farið fram. Árið 2008 úthlutar skrifstofa Kyoto-bókunarinnar okkur heimildum sem lagðar verða inn á þetta skráningarkerfi eða netbanka og okkur svo frjálst að deila því út á reikninga til einstakra fyrirtækja. Þá geta menn verslað með slíkar heimildir.“ Hugi segir nefndina sem vann að undirbúningi þessara laga, en hún er á vegum umhverfis- iðnaðar- og fjármálaráðuneytis, hafa fengið umboð til að halda áfram störfum og bæta við lögum með það fyrir augum að tryggja að við yrðum innan okkar skuldbindinga. „Þó að spár bendi til þess að við verðum fyrir innan, teljum við að það þurfi að vera til reglur um úthlutun á þessu íslenska ákvæði, bæði til að skapa ákveðna festu varðandi það og eins ef til kæmi einhver starfsemi umfram það sem nú er inni í spám,“ segir Hugi og bætir við að í lok þessa árs sé gert ráð fyrir því að línur hafi skýrst í þessum efnun.

HUGA ÞARF AÐ JAFNRÆÐI FYRIRTÆKJA
Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins, segir að í kolefnisbókhalði fyrir Ísland sem skila eigi inn á skrifstofu alþjóðasamningsins um loftlagsmálefni sé heimilt að setja að hluta kolefni sem bundið sé í skógum og landgræðslu. „Og að hluta er slík binding nú þegar inni í bókhalðinu. Ríkin sem aðilar eru að loftslagssamningnum hafa beitt ýmsum aðferðum til að létta það sem þau þurfa að gera að öðrum kosti, þar er með talin skógrækt og landgræðsla og síðan að ráðast í verkefni í þróunarríkjum eða öðrum aðildarríkjum sem

tekið hafa að sér skuldbindingar samkvæmt Kyoto, til dæmis í austantjaldsríkum og víðar.

Þetta gera menn í töluvert miklu mæli.“ Pétur segir í raun ekki skipta máli fyrir umhverfið hvort dregið verði úr útstreymi með því að binda í skógrækt hér á landi eða með bindingu í öðrum skógum eða verk-efnum í þróunarríkjum. „Ef menn vilja hér fara þessa leið þá höfum við lagt á það ríka áherslu að hér yrði reynt að hafa þær aðgerðir eins hagkvæmar og frekast er unnt.“

Pétur bendir á að verð kolefnisheimilda sveiflist til og frá og því í raun erfitt að gefa sér nokkuð um framtíðarhagkvæmni þess að binda útblástur í skógum hér á landi. „Verðið á kolefnistonni í Evrópusambandinu er á milli fjórar og fimm evrur og er líklega svipað við að ráðast í verk-efni í þróunarríkjum. Íslensk skógrækt held ég að sé ekki endilega mjög samkeppnishæf við það.“

Pétur segir að varðandi reglur um bindingu útblásturs þurfi að hafa hér almennar reglur sem atvinnulífið hér og í öðrum löndum gangist undir á svipuðum tíma. „Og að ekki sé þá verið að skekkja samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart öðrum löndum.“ Hann segir að standi vilji manna til þess að opna fyrir heimildir fyrirtækja til að binda útblástur í skógum þurfi að opna fyrir að hægt sé að binda hann eftir öðrum leiðum erlendis líka. Tryggja verði að gera megi hlutina á eins hagkvæman hátt og frekast sé unnt. „Á næstu áratugum verður mest aukning í útstreymi í þróunarríkjum og þar er helst bent á Indland og Kína,“ segir Pétur. „Atvinnulífið leggur því áherslu á að leita megi hagkvæmustu leiða og þær verði ekki bundnar við Ísland. Í þessu er ekki frekar en í öðrum viðskiptum hægt að líta einangrað á eitt ríki.“

Pétur segir nýjar tillögur Evrópusambandsins gera ráð fyrir að frá 2004 til 2006 fái fyrirtæki í flugi úthlutað meðalútstreymi frá starfseminni, en alla aukningu þurfi þau að ná sér í annars staðar frá. „Það gera menn ekki með skógrækt á Íslandi. Menn ná sér þá í heimildir þar sem þær eru hagkvæmastar og ódýrastar. Það getur verið með margvíslegum verkefnum víðs vegar um heim og inn í þá röð þarf íslensk skógrækt að raða sér,“ segir hann og bendir á að sem stendur bendi ekkert til annars en Ísland fái staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni.

„En hvað síðan tekur við þegar Kyoto-tímabilinu lýkur árið 2012 vita menn bara ekki. Um það á eftir að semja á alþjóðavísu og ólíklegt að það takist fyrr en 2009 eða 2010. Það eru því nokkur ár í að menn sjái hvað tekur við af þessu.“



VIÐ ÞINGVALLAVATN Hægt er að reikna út hversu mikið þarf að rækta til að bæta upp losun gróðurhúsalofttegunda frá hvers konar starfsemi. Þannig gæti skógrækt á sem nemur einum hektara lands bundið losun frá einkabíl í hundrað ár.

MARKAÐURINN/GVA

Gróðurhúsaáhrif jöfnuð út með skógrækt

Starfsmenn Iðntæknistofnunar hafa reiknað út hversu mikinn skóg þurfi að rækta til að binda þann koltvísýring sem reksturinn losar. Í nýjasta hefti Skógræktarrits Skógræktarfélags Íslands kemur fram að starfsmennirnir ætli sér að rækta skóg til að draga úr gróðurhúsaáhrifum rekstursins og að þeir geri það í kjölfar aukinnar umræðu um hlýnun veðurfars.

Við útreikninginn var gengið út frá að allir 65 starfsmenn stofnunarinnar kæmu akandi á einkabíl til vinnu og að meðalakstur þeirra vegna vinnunnar væri um 20 kílómetrar á dag. „Vitað er að meðalbinding koltvísýrings vegna skógræktar á Íslandi er 4,4 tonn á hektara á ári þau 90 ár sem það tekur skóginn að vaxa upp,“ segir í ritinu og er niðurstaðan því sú að rækta þyrfti rúma 18 hektara af skógi til að reka Iðntæknistofnun „án útblásturs“ í 80 til 90 ár.

Á hinum Norður- löndunum eru ekki sömu möguleikar á að nýta nýskógrækt sem leið til að draga úr losun. Svíþjóð er að 70 prósentum vaxin skógi, Finnland að 80 prósentum og Noregur vaxinn skógi alls staðar nema í fjöllum og lítið er um láglendi. Danmörk er mjög þéttbýl og mjög þéttbær landbúnaður og þar af leiðandi mikil samkeppni um not á því landi,

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Preytan af stýrivöxtunum stýrir umræðu um banka og gjaldmiðil.

Mikilvægt að nota rétt rök og forsendur

Að undanfögnu hefur borið nokkuð á umræðu um þau vaxtakjör sem almenningur í landinu býr við. Þessi umræða er vel skiljanleg eftir langvarandi hávaxtaskið. Fjármagnskostnaður er afar hár hér á landi og ekki að undra að hinir skuldsettu þreytist á ástandinu.

Talsverðs misskilnings virðist gæta í þessari umræðu. Þannig er á það litið að viðskiptabankarnir ráði þessum háu vöxtum og maki á þeim krókinn. Skammtíma vextir banka, svo sem yfirdráttarvextir og vextir af óverðtryggðum skuldabréfum eru afleið stæð af stýrivöxtum Seðlabankans. Bankarnir kaupa fé á grundvelli þeirra vaxta og selja með sinni álagningu sem felur meðal annars í sér áhættumat af lánunum.

Í þessari umræðu er gjarnan gripið til samanburðar við vaxtakjör í öðrum löndum og það talið til röksemda fyrir vaxtaokri bankanna. Þessi samanburður er ótækur, þar sem evra og króna eru ekki sama varan. Krónan er margfalt dýrari í innkaupum en evran þegar horft er til skammtíma vaxta. Yfir lengra tímabil er krónan nokkru dýrari en evran, þar sem vaxtamunur milli myntanna er jafnan skuldurum í íslenskum krónum í óhag.

Þegar slíkt hávaxtatímabil er í sársaukafullum lokahnykk er ekki að undra að formælendum krónunnar fækki. Hins vegar þurfa menn í slíkri umræðu að halda til haga réttum forsendum og rökum. Sú hagsveifla sem nú hyllir undir lok á hefði ekki orðið okkur auðveldari með evru sem gjaldmiðil. Hugsanlegt er að agi evrunnar hefði gert hagstjórn markvissari, en erfitt er að segja til um það. Þeir sem verja krónuna hafa rétt fyrir sér í þeim málflutningi að evra hefði skapað okkur enn verri stöðu en núverandi kerfi.

Ástæðan er einfaldlega sú að hér hefur farið saman gríðarleg erlend fjárfesting og uppstokkun í fjármálakerfinu og atvinnulífinu. Sú stóra breyting er senn að baki og þegar rætt er um skipan gjaldmiðlamála þarf að horfa lengra fram á veginn. Líklegt er að eftir því sem vægi sjávarútvegs og landbúnaðar minnkar í hagkerfinu, því líkari verði hagsveiflan hér á landi hagsveiflunni á evrusvæðinu.

Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi og krafa um stöðugleika er einnig rök með að krónan fái ekki staðist þegar til lengdar er horft.

Líklegt er að án inngríps, sem væri afar hættulegt, muni fjármálastofnanir færa eigið fé úr krónum í evrur. Slíkt mun sennilega hafa takmörkuð áhrif á hagkerfið. Hins vegar mun sú breyting að fyrirtæki skrái bréf sín í evrum gera það að verkum að hlutabréfamarkaðurinn verður utan áhrifasviðs peningamálastjórnarinnar. Sú breyting er í farvatninu.

Stundum er látið að því liggja að upptaka evru sé einkum stórfyrirtækjunum í hag. Stórfyrirtækin eru í óðaönn að kasta frá sér krónunni og slík breyting gagnvart þeirra starfsemi fremur staðfesting á raunveruleika, en grundvallarbreyting. Til lengri tíma horft eru þær grundvallarspurningar sem lúta að framtíðarskipan peningamála fyrst og fremst spurning um almenna hagsæld til framtíðar og hvort hér muni starfa í einhverjum mæli stöndug alþjóðafyrirtæki.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

MARKAÐURINN

FYLGI FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.**AUGLÝSINGASÍMI
550 5000**

Sterkur grundvöllur í lífeyrismálum þjóðarinnar

Eignir Íslendinga í lífeyrisréttindum og lífeyrissparnaði nema nú rúmum 1.400 milljörðum króna og hafa vaxið úr rúmum 300 milljörðum á síðastliðnum tíu árum. Einn helsti styrkur íslenska lífeyriskerfisins er sá að það er svokallað þriggja stöða lífeyriskerfi sem byggist á tekj tengdum lífeyri frá almanna tryggingum, almennri aðild að sjóðmynduðu samtryggingarkerfi lífeyrissjóðanna og viðbótarlífeyrissparnaði í séreign. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við ráðleggingar Alþjóðabankans.

Þótt meðalaldur hér á landi sé mun lægri en í flestum nágrannaríkjunum fjölgar einstaklingum í eldri hópum hraðar en í þeim yngri. Gert er ráð fyrir því að fram til ársins 2040 muni vinnandi mönnum á Íslandi, 18 til 67 ára, fækka um helming í hlutfalli við ellilífeyrisþega. Nú eru um sex einstaklingar á vinnumarkaði á móti hverjum ellilífeyrisþega en um 2040 verður það hlutfall komið niður í þrjá vinnandi einstaklinga á hvern ellilífeyrisþega. Af þessari ástæðu verður sífellt mikilvægara að byggja upp sjóðmyndandi lífeyrissjóði því að öðrum kosti þarf að leggja þyngri byrðar á skattgreiðendur framtíðarinnar eða búa við skertan lífeyri.

Í þessu sambandi erum við í öfundsverðri stöðu samanborið við mörg nágrannaríki okkar sem byggja lífeyriskerfi sitt að verulegu leyti á svo kölluðu gegnumstreymiskerfi, þannig að skattgreiðslur renna beint til að greiða lífeyri í stað þess að lífeyrisgreiðslur myndi sjóð til framtíðar. Þjóðverjar eiga til að mynda ekki nema sem nemur um fjórum prósentum af landsframleiðslu sinni í lífeyrissjóðum og Danir rúmlega þriðjung. Til samanburðar námu eignir Íslendinga í lífeyrissjóðum um 123 prósentum af landsframleiðslu árið 2005 sem er næst hæsta hlutfall allra OECD ríkjanna. Þessi staða mun bæta samkeppnisstöðu okkar

ORD Í BELG

Tómas N. Möller,
forstöðumaður
Verðbréfa- og
lífeyrisþjónustu
Landbankans



gagnvart mörgum af samkeppnislöndum okkar í framtíðinni þar sem atvinnulífið í þessum löndum mun þurfa að standa undir aukinni skattbyrði til að bera kostnað vegna aukinna lífeyriskuldbindinga.

HVAÐ RÆÐUR MESTU UM FJÁRHAGSLEGA STÖÐU VIÐ STARFSLOK? Þótt staða íslensku þjóðarinnar í heild sé öfundsverð hvað lífeyrismál varðar þá þurfa einstaklingarnir sjálfir að taka ábyrgð á eigin lífeyrisafkomu. Það má vel færa rök fyrir því að fjárhagsleg kjör okkar við starfslok byggist ekki síður á þeirri fyrirhyggju sem við sýnum í þessum málum en á menntun okkar og launum sem við höfum yfir starfsævina. Hér hafa margir þættir áhrif. Í því sambandi er vert að huga að því hvort lágmarksiðgjald sem nú er greitt, sé nóg til að byggja upp þann lífeyri sem við sækjumst eftir við starfslok. Þetta skiptir ekki síst máli þegar haft er í huga að lífslíkur hafa almennt aukist.

MIKILVÆGI SAMSPILS SAMTRYGGINGAR OG SÉREIGNAR

Í lífeyrissjóðalögunum er miðað við að menn ávinni sér að lágmarki rúmlega helming af launum miðað við að þeir greiði iðgjald til lífeyrissjóðs yfir heila starfsævi, þ.e. fjórutíu ár.


Svo dæmi sé tekið um áunnin réttindi hjá stórum lífeyrissjóði þá má sá sem greiðir tólf prósent iðgjald af 250.000 kr. launum frá 27 ára til 67 ára aldurs gera ráð fyrir að fá sem nemur um sextíu prósentum af þeim launum (m.v. 3,5 prósentu ávöxt-

un). Hér má þó hafa í huga að í flestum tilvikum eru laun við lok starfsævi nokkuð hærri en meðallaun yfir alla starfsævina og því má gera ráð fyrir því að lífeyrir samkvæmt þessu verði nokkuð minni en sextíu prósent af lokalaunum. Til að vega upp á móti þessari tekjuskeringu kjósa margir að byggja upp viðbótarlífeyrissparnað í séreign. Miðað við sömu forsendur, næmu útgreiðslur sex prósentu viðbótarlífeyrissparnaðar um 35 prósentum af launum, miðað við að uppsafnaður sparnaður, 15,5 milljónir króna, sé tekinn út á tuttugu árum, frá 67 til 87 ára aldurs. Hann hækkar því lífeyri upp í sem nemur 95 prósentum af þeim launum sem gert er ráð fyrir í dæminu. Þetta dæmi sýnir, þótt með nokkurri einföldun sé, að ekki er nóg að leggja til hliðar tólf prósent af launum nema viðkomandi sé reiðubúinn að taka á sig allnokkra tekjuskeringu við lok starfsævinnar.

Með þessum orðum er alls ekki verið að draga úr mikilvægi samtryggingarkerfisins. Þvert á móti er því hér haldið fram að réttindi í samtryggingardeildum séu mikilvæg og nauðsynleg til að tryggja okkur ævilangan lífeyri. Tilgangurinn er einungis sá að benda á að með eðlilegu samspili réttinda í sameign og séreign getur hver og einn tryggt sér traustan lífeyri og varið sig betur fyrir áhrifum breytinga sem hann hefur engin áhrif á, svo sem aukinni örorkubyrði lífeyrissjóða og hækkanði lífaldri. Auk þessa gefur séreignarlífeyrir okkur aukinn möguleika á sveigjanlegum starfslokum.

Mikilvægi þess að huga að framlagi til uppbyggingar lífeyris á ekki síður við um þá sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og taka hluta tekna sinna út í formi arðs af rekstri eða með öðrum hætti þar sem framlag til öflunar lífeyrisréttinda og lífeyrissparnaðar er hlutfall af skattskyldum launum.

EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐA SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU 2005



UM VÍÐA VERÖLD

Franskir flýja skattinn

Economist | Auðugir Frakkar virðast hafa lagt land undir fót og flutt búferlum til landa þar sem skattaumhverfið er þeim hagstæðara, ef



marka má nýjasta tölublað Economist. Í blaðinu er greint frá einum þeirra, rokkgoðinu Johnny Hallyday, sem flutti til Sviss fyrir nokkrum árum til að sleppa undan klóm franska hátekjuskattsins. Hallyday, sem er á sama stalli og Elvis Presly í hugum Frakka, er 63 ára en í fullu formi og treður reglulega upp auk þess sem hann hefur gefið út um eina til tvær plötur á ári hverju frá upphafi ferils síns árið 1960. Halliday segir hátekjuskattinn þynni í augum enda reiknist sér til að um 70 prósent tekna sinna renni í franska ríkiskassann. Búferlaflutningar Hallidays og fleiri Frakka í hans stöðu hefur sett góðan vin hans, forsetaframbjóðandann Nicolas Sarkozy, í slæma stöðu. Sarkozy vill afnema hátekjuskattinn en þykir ekki líklegur til að ná fylgi almennings þar eð breytingin myndi koma auðmönnum einum til góða.

Twístígandi bílaframleiðendur

Forbes | Bandaríska viðskiptatímaritið Forbes segir bílaframleiðendur vestanhafs leita ýmissa leiða til að minnka útblástur bíla undir merkjum



fyrirtækjanna, draga úr eyðslu þeirra og gera þá umhverfisvænni á allan hátt. Tímaritið segir framleiðendurna hins vegar ekki ætla að laga alla þættina þrjá heldur horfi þeir til þess að gera einungis eina breytingu í bili á bílunum og því viti þeir ekki í hvorn fótinn þeir eigi að stíga. Forbes bendir á að fyrirtækin hafi gert ýmsar tilraunir og leitað ýmissa leiða til að bæta ökutæki framtíðarinnar. Þeir viti hins vegar ekki nákvæmlega hvernig umhverfisvænni bíla þeir vilji sjá á markaðnum á næstu árum. Þessi hringlandaháttur framleiðendanna hefur þeim hins vegar orðið ærið kostnaðarsamanum og verði bílafyrirtækin að hætta að horfa til markmiðsins heldur einblína frekar á leiðina sem þeir ætli að fara, að mati Forbes.

ÚTGAUFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

Sveigjanleiki í orði og á borði

Sveigjanlegur vinnutími og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs er eitthvað sem margir starfsmenn geta hugsað sér. En í hverju felast þessi hugtök og er eitthvað að marka þau? Samkvæmt Hagstofu Íslands unnu konur að meðaltali 35,6 tíma á viku en karlar 47,8 tíma á viku á síðasta ári eða um 42 klukkustundir að meðaltali. Til samanburðar vinna Norðmenn 38,6 tíma á viku en Bretar 43,1 tíma á viku.

Sveigjanleiki er margbreytilegur og þarfir starfsmanna eru ólíkar. Eitt getur hentað einstakl-

ingi, annað barnafólki og enn annað eldri starfsmönnum. Áður var algengt, og er enn, að sveigjanleiki fælist í bíl til umráða frá fyrirtæki og bónusgreiðslum. Nú hefur sveigjanleiki líka færst yfir í persónulegri þarfir, s.s. aðstöðu til líkamsræktar eða fría fatahreinsun, og mörg erlend fyrirtæki bjóða bæði upp á barnagæslu eða vistun fyrir aldraða foreldra. Takmarkið er að starfsmenn þurfi ekki að fá samviskubít gagnvart fjölskyldu við vinnu sína eða samviskubít gagnvart vinnu með fjölskyldunni.

Jafnvægi þar á milli er markmiðið. Sveigjanlegur vinnutími getur falist í hlutastarfi, sveigjanlegum vinnustundum þar sem óunnar vinnustundir færast yfir á næsta mánuð eða að starfsmaður fær frelsi til að skila inn vissum tímafjölda á mánuði. Sveigjanlegur vinnutími hjá breska fyrirtækinu Alliance and Leicester felst m.a. í að barnafólki er boðið að vinna samkvæmt starfsári skóla og því mögulegt að taka frí þegar skólinn er lokaður.

Á vefsíðunni money.cnn.com er vitnað í lista tímaritsins Fortune yfir hundrað fyrirtæki sem starfsfólki líkar best að vinna hjá

(100 best companies to work for), þar er greint frá því hvað kemur fyrirtækjum í tíu efstu sæti varðandi jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Þar kemur í ljós að fyrirtækin hafa ýmist upp á að bjóða 37,5 tíma vinnuviku, ótakmarkað veikindaleyfi, niðurgreidda barnagæslu, eða eyða miklu fé í menntun og þjálfun starfsmanna. Eitt fyrirtækjanna á listanum byrjar alla fundi á uppbyggjandi bæn og annað býður upp á fjárhagsstuðning við ættleiðingar og frjósemisaðgerðir.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



SPÁKAUPMAÐURINN

Ef leikföngunum fækkar

Við spákaupmenn notum ýmis leikföng til að stytta okkur daginn. Eitt alskemmtilegast leiktækið fyrir utan afleiðusamninga eru gjaldeyriskrossar. Þetta eru rússíbanarnir í tívolígarði markaðarins. Ótrúlega gaman að taka eina feita krónustöðu og finna hvernig adrenalinið flæðir um æðarnar þegar maður bíður eftir því að sjá hvort maður hafi ekki veðið rétt. Og hvílík uppskera þegar vel tekst til. Og kikkið. Vá!

Ég myndi því sakna krónunnar ef hún hyrfi, bara vegna þess að ég þekki orðið vel til þessara skrýtnu skepnu. Hún hefur mjólkad mér vel í gegnum tíðina enda hef ég kunnað henni að klappa, eins og konan í þjóðsögunni.

Hins vegar er mér ljóst að ég get ekki horft bara á krónuna sem skemmtilegt leikfang fyrir mig og mína líka. Ég er ekki svo firrtur í minni iðju að ég geri mér ekki grein fyrir því að krónan er blákaldur raunveruleiki fyrir þá sem hvorki hafa vit né getu til að leika sér að henni. Í þeim tilvikum er auðvitað hættu á að afurðin verði vélstrokkad tilberasmjör, svo vitnað sé í frægan ritdóm um Vefarann mikla frá Kasmír.

Það er sterkur orðrómur á markaði um að Kaupþing hafi verið á leið að skrá eigið fé sitt í evrum og gera upp í þeirri mynt. Davíð hafi stoppað þá og það skýri fýluna yfir því að Straumur Burðarás fór þessa leið. Það er ekkert sem mun stöðva þá lest. Síðan verða öll hlutabréf kominn í evrur og þá fer maður óhræddur í stórar stöður án þess að hafa miklar áhyggjur af innlendu hagsveiflunni. Það er auðvitað minna adrenalín og meira öryggi, en eftir því sem árin færast yfir, þá minnkar þörfin fyrir adrenalín. Reyndar vex þörfin fyrir einhver önnur efni, en ég nenni ekki að spá í það í bili. Den tid den sorg.

Krónan er ekki mjög ríkur þáttur í mínu lífi. Ég drekk lítið af mjólk og lambakjöt er ekki uppistaðan í fæðunni. Ég skulda ekki krónu þessa dagana, ená talsvert í evrum og ég á eitthvað af krónum á peningamarkaði, og eitthvað í óverðtryggðum skuldabréfum. Þar fyrir utan á ég krónuskráð bréf í fyrirtækjum sem hafa megnið af tekjum sínum í öðrum myntum en krónu og svo náttúrulega slatta í verðbréfum í útlöndum. Mér ætti því að vera nokk sama þótt einum rússíbana verði lokað í tívolíinu mínu. Ég finn mér bara annan hef ég finn hjá mér þörf fyrir salíbunu, en meðan hann er opin, þá mun ég auðvitað græða á því.



Hvert einasta herbergi með útsýni

– einstakar aðstæður fyrir fundi og ráðstefnur

Á Hótel Búðum er frábær aðstaða til að þjappa saman vinnuhóp eða til að halda fundi og allt að 40 manna ráðstefnur fjarri skarkala hversdagsins.

Náttúrufegurðin skapar einstaka og óvenjulega umgjörð og frá þessu stórbotna umhverfi stafar jákvæðum straumum til sköpunar. Herbergin eru gullfalleg og hvert einasta með guðdómlegt útsýni.

Að loknu fundahaldi er síðan hægt að slaka á, njóta rómaðrar matargerðar Hótel Búða, kanna nánasta umhverfi eða skreppa á jökul.



Hótel Búðir Sími 435 6700 budir@budir.is www.budir.is



Ef þú vilt gleðja góðan starfsmann eru gjafakortin okkar frábær hugmynd.

Allar upplýsingar í síma 435 6700 eða á www.budir.is

Opið alla daga – allan ársins hring Aðeins tveggja stunda akstur frá Reykjavík!

Heillaður af hagfræði

Evrúmræðan á ekki að vera dægurmál, almenningur ber byrðarnar af peningamála-stjórn Seðlabankans og hagfræðikenningar geta í eðli sínu verið fallegar. Þetta var meðal þess sem **Gunnar Ólafur Haraldsson**, nýr forstöðumaður Hagfræðistofnunar, sagði *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* frá.

Gunnar Ólafur Haraldsson hefur lengi verið heillaður af hagfræði, svo heillaður að hann segir jafnvel um sínar eftirlætishagfræðikenningar að þær séu „fallegar“. Má því leiða líkur að því að hann muni una sér vel í starfi forstöðumanns Hagfræðistofnunar, sem hann tók við um áramótin. „Hagfræðin fjallar um mannlega hegðun, það hvernig fólk, fyrirtæki og hópar hegða sér við alls kyns aðstæður í hamingjuleit sinni, ef maður á að gerast heimspekilegur,“ segir hann. Hjá Hagfræðistofnun fer Gunnar fyrir flokki sex manna og kvenna sem sinna rannsóknar- og þjónustuverkefnum á ýmsum sviðum. Þau svið sem stofnunin hefur lagt hvað mesta áherslu á eru náttúrauðlinda- og umhverfismál, heilsuhagfræði og þjóðhagfræði, almenn efnahagsmál og hagstjórn.

VÍÐA KOMIÐ VIÐ Á LÍFSLEIÐINNI

Gunnar hefur komið víða við á leið sinni til Hagfræðistofnunar. Hann er hagfræðingur að mennt, hefur meistaraþráðu í sjávarútvegsfræðum auk þess sem hann er með doktorsþróf í hagfræði frá Frakklandi. Af fyrri störfum hans má nefna að hann var um tíma hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun og svo Þjóðhagsstofnun. Á árunum 2002 til 2005 var hann hagfræðingur í forsætisráðuneytinu, í stjórnartíð Davíðs Oddssonar. Að þeim tíma loknum vatt Gunnar kvæði sínu í kross og tók við starfi verkefnastjóra hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Dvaldi hann meðal annars um tíma í Níkaragva. Samhliða störfum sínum hefur Gunnar haft annan fótinn í akademíunni og gegndi fyrst stöðu adjúnkts og svo dósentis við Háskólann á Bifröst, auk þess sem hann hefur kennt við Háskóla Íslands. Til Bifrastar réði hann sig svo í fullt starf í febrúar í fyrra þar til hann tók við stöðu forstöðumanns nú um áramótin.

Þrátt fyrir að hafa unnið náið með Davíð Oddssyni í forsætisráðuneytinu segist Gunnar ekki vera pólitískur og vill hvorki staðsetja þær hagfræðikenningar sem hann aðhyllist til vinstri né hægri. „Ég get nefnt ágæta hagfræðinga sem spanna allt sviðið. Mér finnst ekki rétt að flokka fræðikenningar með þessum hætti. Ég held að oft sé erfitt að fullyrða nokkuð um að hægri menn bulli meira um hagfræði en vinstri menn, eða öfugt.“

EVVAN Á EKKI AÐ VERA DÆGURMÁL

Gunnar hefur eins og aðrir sína skoðun á mál-efnum evrunnar og krónunnar. Hann telur að ekki sé búið að skoða nægilega vel allar hliðar málsins til þess að hægt sé að taka ákvörðun um að kasta krónunni. „Það hefur til að mynda ekki verið fullskoðað hvernig við myndum haga hagstjórninni, með lítil sem engin áhrif á gjaldmiðilinn. Að taka upp evruna getur líka haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn og þau áhrif hafa heldur ekki verið rannsökuð ofan í kjólinn. Þetta er ekki bara spurning um að telja kostina og ókostina. Það þarf að vega og meta hversu þungt þessir kostir og ókostir vega. Spurningin um fyrirkomulag þessara mála á ekki að vera dægurmál.“

Gunnar telur ekki ráðlagt að taka upp evru



GUNNAR ÓLAFUR HARALDSSON, NÝR FORSTÖÐUMAÐUR HAGFRÆÐISTOFNUNAR HÍ Gunnar telur ekki ráðlagt að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið, gæfist þess kostur.

án þess að ganga í Evrópusambandið, gæfist þess kostur. „Ef við tækjum upp evruna þyrftum við strax að reyna að aðlaga íslenska hagkerfið sem best að sveiflum í evrópska hagkerfinu. Sögulega séð hefur Ísland oft verið í uppsveiflu á meðan Evrópa er í niðursveiflu og öfugt. Ef við tækjum upp evruna án þess að ganga í sambandið gætum við lent í því að vera með lága vexti í uppsveiflu og háa vexti í kreppu.“ Hann bendir líka á að þótt Íslendingar tækju upp evruna væru hagstjórnarvandamál hvergi nærri úr sögunni. „Áhrifin af uppsveiflu eða niðursveiflu koma alltaf einhvers staðar fram. Ef það gerist ekki að hluta til í gegnum gengið, þá gerist það bara einhvers staðar annars staðar. Svo má heldur ekki gleyma því að við verðum ekki laus við áhrifin af gengissveiflum þótt við tökum upp evruna. Aðrir gjaldmiðlar sveiflast líka, þetta verða þá bara ekki gengissveiflur sem verða til af ástandinu hérna innanlands. En sveiflurnar myndu vissulega minnka.“

ALMENNINGUR BER ÞYNGSTU BYRÐARNAR

Ýmsir hafa haldið því fram að evran muni, hvort sem okkur líkar betur eða verr, lauma sér bakdyramegin inn í íslenskt efnahagslíf, samfara því að umsvif íslenskra stórfyrirtækja verði í sífellt meira mæli í erlendum gjaldmiðli. Fullyrt hefur verið að það myndi gera peningamálastjórn Seðlabankans áhrifalaus. Það er því ekki hægt að sleppa Gunnari án þess að fá hans sýn á hvaða áhrif það hefði á stjórnina ef stærstu fyrirtæki landsins tækju upp á því að færa bókhald sitt í evrum. „Ég sé ekki að þetta myndi breyta miklu frá því sem nú er, því að stórum hluta hafa stýrivextir Seðlabankans ekki virkað sem skyldi. Bankarnir hafa nú þegar greiðan aðgang að erlendu lánsfjármagni og eru því að miklu leyti undanskildir áhrifum af stýrivöxtum Seðlabankans. Ég held það sé alltaf, þrátt fyrir allt, almenningur í landinu sem ber þyngstu byrðarnar af peningamálastjórninni.“

„Það hefur til að mynda ekki verið fullskoðað hvernig við myndum haga hagstjórninni, með lítil sem engin áhrif á gjaldmiðilinn. Að taka upp evruna getur líka haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn og þau áhrif hafa heldur ekki verið rannsökuð ofan í kjólinn. Þetta er ekki bara spurning um að telja kostina og ókostina. Það þarf að vega og meta hversu þungt þessir kostir og ókostir vega. Spurningin um fyrirkomulag þessara mála á ekki að vera dægurmál.“

Æ fleiri nýta sér kosti flugsins

Flugfélag Íslands bætir í sumar við flugleiðum til að mæta aukinni eftirspurn. Fjöldi farþega jókst um átta prósent í innanlandsflugi í fyrra. Framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands segir viðhorf til flugs hafa breyst.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

„Samskipti Íslendinga við bæði Færeyinga og Grænlandinga hafa verið að aukast, viðskiptalega og menningarlega séð, á undanförnum árum. Svo virðist því sem Íslendingar séu að uppgötva grannþjóðir sínar.“

Árið 2006 var gjöfult fyrir Flugfélag Íslands og jókst farþegafjöldi milli ára um átta prósent. Fjöldi farþega í innanlandsflugi fylgir nokkuð vel efnahagssveiflum og því er ekki að undra að farþegafjöldi hafi aukist mest til Egilsstaða á síðasta ári. Hefur hann rúmlega tvöfaldast á fjórum árum: Sextíu þúsund farþegar flugu þangað

árið 2002 en við lok síðasta árs voru þeir tæplega 130 þúsund. Aukinn farþegafjöldi má að mestu leyti rekja til framkvæmdanna á Austurlandi og hliðaráhrifa þeim tengdum. „Það er augljóst að framkvæmdirnar á Austurlandi hafa haft mikið að segja,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Hann segir það þó hafa komið á óvart hversu farþegum hafi fjölgað mikið á öðrum flugleiðum. Það telur hann að helst megi rekja til þess að æ fleiri sjái nú kosti flugsins og leyfi sér að nýta þá, auk þess sem innspýtingin í atvinnulífið fyrir austan hafi áhrif víðar en þar. „Farþegum til Akureyrar fjölgaði til að mynda mikið, sem

kom skemmtilega á óvart. Það er líka mikið líf á Akureyri um þessar mundir og uppgangur, bæði í mennta- og menningarmálum.“

Flugfélag Íslands flýgur á sjö áfangastaði innanlands. Flogið er frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða og í október var flug hafið aftur til Vestmannaeyja. Frá Akureyri er svo flogið til Grímseyjar, Vopnafjarðar og á Þórshöfn. Þar að auki er flogið til Grænlands og Færeyja. Þær ferðir segir Árni njóta síaukinna vinsælda. „Samskipti Íslendinga við bæði Færeyinga og Grænlandinga hafa verið að aukast, viðskiptalega



ÁRNI GUNNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FLUGFÉLAGS ÍSLANDS Farþegum fjölgaði um átta prósent hjá Flugfélagi Íslands á nýliðnu ári.

MARKAÐURINN/GVA

og menningarlega séð, á undanförnum árum. Svo virðist því sem Íslendingar séu að uppgötva grannþjóðir sínar.“

Töluvert hefur verið lagt í markaðsstarf í tengslum við komur erlendra ferðamanna hingað til lands. Það virðist hafa skilað sér vel og er hlutfall erlendra ferðamanna um tólf til fimmtán prósent af heildarfarþegafjölda Flugfélags Íslands og hefur farið hratt vaxandi á undanförunum árum. Þetta

segir Árni bæði skýrast af breyttum ferðavenjum og auknum fjölda fólks frá löndum utan Evrópu. „Dvalartími erlendra ferðamanna hefur verið að stytta. Meðal annars þess vegna eru margir, sem vilja sjá sem mest af landinu, sem nýta sér kosti flugsins. Fjölgun ferðamanna frá Japan og Kína hefur líka haft sitt að segja. Þeir eru þekktir fyrir að vilja sjá sem mest á sem skemmstum tíma.“

Í sumar tekur Flugfélag Íslands upp tvær nýjar flugleiðir og verður í báðum tilfellum flogið þrisvar í viku. Annars vegar verður beint morgunflug í tengslum við millilandabrottfarir í Keflavík og flug seinnipartinn frá Keflavík til Akureyrar. Þar að auki verður í boði beint flug til höfuðborgar Grænlands, Nuuk, sem ekki hefur verið boðið áður.

FRAMKVÆMDASTJÓRI KLAKS ehf. Lifandi starf í spennandi umhverfi

Við leitum að traustum, drífandi og þrautseigum einstaklingi með brennandi áhuga á nýsköpun og rekstri fyrirtækja.

Um starfið

Framkvæmdastjóri veitir faglega ráðgjöf til sprotafyrirtækja um gerð viðskiptaáætlana, auk þess að greiða fyrir aðgengi að fjármagni. Samskipti við fjárfesta og nýsköpunarsjóði eru veigamikill þáttur í starfinu. Ein meginstoða Klaks er íslenskur vettvangur Seed Forum International, en þar eru viðskiptahugmyndir kynntar fyrir innlendum sem erlendum fjárfestum.

Hæfniskröfur

- Góð menntun á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Reynsla af stofnun sprotafyrirtækis er mikill kostur
- Tengsl á sem flestum sviðum íslensks viðskiptalífs
- Bakgrunnur úr háskólasamfélaginu er enn fremur kostur

Umsóknarfrestur er til 19. janúar 2007.

Umsóknir sendist til Þórðar Sverrissonar, stjórnarformanns Klaks ehf., thordur@nyherji.is Borgartúni 37 105 Reykjavík

Klak ehf. er framsækið nýsköpunarhús sem kemur að mótun, mati og útfærslu viðskiptahugmynda sem byggjast á nýsköpun og upplýsingatækni. Framtíðarsýn Klaks er að vera á meðal fremstu nýsköpunarhúsa á sviði upplýsingatækni og eftirsóknarvert sem samstarfs- og þjónustuaðili meðal sprotafyrirtækja og fjárfesta. Klak ehf. er dótturfélag Nýherja hf.

klak
NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND

PIPAR • SJA • 70014

Skipulagt tengslanet er lykillinn að árangri þíns fyrirtækis

Námskeið á Hótel Loftleiðum
fimmtudaginn 25. janúar 2007 kl. 09.00 - 17.00

Útflutningsráð Íslands stendur fyrir dagsnámskeiðið undir heitinu „Networking for Business Success“ með leiðbeinandanum Stephanie Peckham frá breska fyrirtækinu Magic of Networking. Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja sem vilja byggja upp og viðhalda sterku tengslaneti sínu um allan heim eru sérstaklega hvattir til þátttöku.

Verð er 24.900 kr. ásamt veitingum. Takmarkaður þátttakendafjöldi.

Skráning fer fram með tölvupósti á utflutningsrad@utflutningsrad.is eða í síma 511 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðið gefa Hermann Ottósson, forstöðumaður, hermann@utflutningsrad.is og Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, inga@utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚR LEIKNUM EVE ONLINE Fjölspilunartölvuleikurinn Eve Online er að stærstum hluta forritaður með Python forritunarmálinu. CCP ætlar ásamt Dohop að halda ráðstefnu um forritunarmálið á mánudag.

Ráðstefna um Python-forritun

Íslensku tæknifyrirtækin CCP og dohop, sem þróa og reka samnefnda fargjaldaleitarvél halda, í samvinnu við alþjóðlegu samtökin Python Software Foundation, ráðstefnu um Python-forritunarmálið í Salnum í Kópavogi, mánudaginn 15. janúar næstkomandi. Aðgangur er ókeypis en tilgangurinn er að kynna forritunarmálið betur fyrir íslenskum áhugamönnum um forritun.

Aðalfyrirlesari er Steve Holden, einn fremsti sérfræðingur heims í notkun, kennslu og þróun forritunarmálsins, að því er segir í tilkynningu um komu hans.

Þetta er önnur heimsókn Holdens en hann kom hingað til lands síðast í sumar og hafði umsjón með átaksverkefni CCP sem miðaði að þróun ákveðinna hluta Python-forritunarmálsins en tölvuleikurinn EVE Online, sem hannaður er og rekinn af CCP, er að stærstum hluta forritaður með Python.

Að sögn Halldórs Fannars Guðjónssonar, tæknistjóra CCP, er notkun Python að aukast bæði hér og erlendis og því skiptir miklu máli að tæknimenntað fólk kunni skil á forritunarmálinu. „Það má segja að ráðstefnan sé okkar viðleitni til að styðja við bakið á íslenskri hátækni og kynna forritunarmál sem getur nýst afar vel í atvinnulífi og kennslu hér á landi á komandi árum,“ segir Halldór.

- jab

GÍSLI ÞORSTEINSSON

Frá Vodafone til Matís ohf.

Gísli Þorsteinsson hefur verið ráðinn sem markaðs- og kynningarstjóri Matís ohf. Gísli hefur verið upplýsingafulltrúi Vodafone og lýkur þar störfum á næstu dögum.

Matís er hlutafélag að fullu í eigu ríkisins, en í því sameinast starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókn Keldnaholti (MATRA) og Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Félagið var stofnað nú í haust.

- óká

Alesca verðlaunað

Dótturfélag Alfesca í Skotlandi, Farne, sópaði til sín verðlaunum þegar matvælaverðlaunin „Food and Britain“ voru afhent á Svaoyhótelinu í London í desember síðastliðnum.

Í fréttatilkynningu frá Alfesca segir að Farne hafi hlotið fern verðlaun. Það hafi verið útnefnt útflutandi ársins í Skotlandi, útflytjandi ársins í frystum og kældum matvörum, útflytjandi ársins í vörumerkjum stórmarkaða og útflytjandi ársins í flokki drykkja og matvara.

- hhs

KVÖLDVERÐUR
OG FYRIRLESTUR
Á NORDICA HOTEL
MEÐ EINUM
HELSTA
ÁHRIFAMANNI
Í BANDARÍSKU
VIÐSKIPTA- OG
STJÓRNMÁLA LÍFI

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA II



UNDIR RÆÐU MANNS ÁRSINS Á HÓTEL SÖGU Frá vinstri má hér merkja Jón G. Hauksson, ritstjóra Frjálsrar verslunar, Geir H. Haarde forsætisráðherra, Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóra útgáfufélagsins Heims, Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, og Jón Helga Guðmundsson athafnamann oft kenndan við Byko.

MARKAÐURINN/HEIDA

Yfirtaka þriðja hvern mánuð frá árinu 1999

Frjáls verslun valdi Róbert Wessman, forstjóra Actavis, mann ársins í viðskiptalífinu.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, var valinn maður ársins í viðskiptalífinu af dómnefnd tímaritsins Frjálsrar verslunar. Geir H. Haarde afhenti Róbert viðurkenningu tímaritsins í hófi sem haldið var honum til heiðurs á Hótel Sögu fyrir helgi.

Í ræðu sinni fór Róbert í stuttu máli yfir sögu Actavis en fyrirtækið hefur vaxið með undraverðum hætti síðustu ár. Taldist honum til að frá árinu 1999 hefði að jafnaði verið tekið yfir fyrirtæki þriðja hvern mánuð, slíkur hafi vöxturinn verið.

Var þetta í nítjándá sinn sem Frjáls verslun útnefnir mann ársins, en það hefur verið gert allt frá árinu 1988 þegar saman voru tilnefndir þeir Sigtryggur Helgason og Jóhann Jóhannsson í Brimborg.

Formaður dómnefndar Frjálsrar verslunar er Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heims sem gefur út tímaritið, Jón G. Hauksson ritstjóri Frjálsrar verslunar, Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, Gylfi Magnússon prófessor og Jón Helgi Guðmundsson í Byko.

- óká



RÓBERT WESSMAN Í ræðu sinni eftir að hafa verið valinn maður ársins fór Róbert Wessman, forstjóri Actavis, í stuttu máli yfir sögu fyrirtækisins.

MARKAÐURINN/HEIDA

Eimskip kaupir Alla Geira

Eimskip hefur keypt alla hluti í flutningafyrirtækinu Alli Geira hf. á Húsavík. Seljendur eru fjölskylda Aðalgeirs Sigurgeirssonar heitins sem stofnaði fyrirtækið fyrir 50 árum og Hannes Höskuldsson. Fyrir átti Eimskip hf. rúmt 51 prósent í fyrirtækinu sem sameinaðist Skipaafgreiðslu Húsavíkur fyrir nokkrum árum. Starfsmönnum fyrirtækisins hefur þegar verið tilkynnt um söluna en 33 starfa hjá Alla Geira hf. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi hjá fyrirtækinu.

- iáh

Ný stjórn FME tekin við

Viðskiptaráðherra hefur skipað nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins til næstu fjögurra ára. Skipunin tók gildi fyrsta þessa mánaðar.

Í aðalstjórn sitja Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, sem er formaður stjórnar, Sigríður Thorlacius lögfræðingur, varaformaður stjórnar og Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri.

Í varastjórn eru Kjartan Gunnarsson skrifstofustjóri, Þuríður Jónsdóttir héraðsdómslögmaður og Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabankans.

Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, sem verið hafði stjórnarformaður frá ársbyrjun 2001, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Í tilkynningu viðskiptaráðuneytisins eru honum færðar „bestu þakkir fyrir frábært starf í þágu Fjármálaeftirlitsins“.

- óká

STEVE

AÐALRITSTJÓRI OG EIGANDI FORBES MAGAZINE

FORBES

MÍÐASALA OG ALLAR UPPLYSINGAR Á

MÍÐI.IS OG Í SÍMA 511 2255

NORDICA HOTEL 6. FEBRÚAR

ÞESSI VIÐBURÐUR ER Á VEGUM
CONCERT EHF - NÁNAR Á CONCERT.IS



Microsoft og Ford bæta ökumenningu

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford og hugbúnaðarísinn Microsoft kynntu í síðustu viku hugbúnað í bíla sem gerir ökumönnum kleift að raddstýra ýmsum rafbúnaði í bílum sínum, svo sem spílurum og farsíma.



STJÓRARNIR RÆÐA MÁLIN Alan Mulally, forstjóri Ford, ræðir við Bill Gates, stofnanda og stjórnarformann Microsoft, á ráðstefnu Ford þegar hulunni var svipt af samstarfinu um helgina. MARKAÐURINN/AFP

Hugbúnaðurinn skilur þrjú tungumál en með honum getur ökumaður greint frá því hvaða lög hann vill heyra í græjum á borð við iPod-spilara og í hverja farsíminn á að hringja í. Búnaðurinn verður innbyggður í tólf nýjar bílategundir undir merkjum Ford sem koma á markað á þessu ári.

Að sögn stjórnenda bandarísku bílasmiðanna er mikil eftirspurn eftir handfrjálsum tækjabúnaði á borð við þennan í bíla vestanhafs og sér fyrirtækið fram á að

geta plægt geysistöran markað fyrir tæknina í Bandaríkjunum til að byrja með.

Tækjabúnaðurinn, sem nefnist Sync, þykir vera ágætt viðbragð Microsoft til að stækka markaðshlutdeild sína og sækja á nýja markaði utan tölvugeirans. Á móti kemur að Ford þykir hafa landað ágætu tækifæri til að bæta afkomu sína á bandaríska bílamarkaðnum, sem hefur dregist nokkuð saman síðastliðin ár. Aðrir bílaframleiðendur munu vera að vinna að innleiðingu svipaðrar tækni í bíla sína.

- jeb


100 dala tölvan tilbúin í sumar

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Vonir standa til að hundrað-dala-tölvan svokallaða, sem reyndar heitir XO, verði tilbúin og komin í almenna dreifingu um allan heim í júlí í sumar. Eins og nafnið gefur til kynna mun tölvan kosta 100 Bandaríkjadali eða um 7.000 íslenskar krónur en hún er ætluð fátækum börnum, ekki hvað síst í þróunarlöndunum, sem fram til þessa hafa staðið utan við tæknivæðinguna.

Fyrstu tölvurnar, sem þróaðar hafa verið í bandaríska tækniháskólanum MIT síðastliðin tvö ár, fara til Brasilíu, Argentínu, Úrúgvæ, Nígeríu, Líbýu, Pakistan og til Taílands.

Í tölvunni er 366 MHz örgjörvi frá AMD og þráðlaus nettenging. Hún hefur engan harðan disk en 512 MB vinnsluminni og tvö USB-port, sem gerir það að verkum að hægt er að tengja jafartæki við tölvuna. Þá keyrir tölvan á einfölduðu stýrikerfi frá Linux en ræður við stýrikerfi frá Microsoft og Apple auk þess sem henni fylgja ritvinnsluhugbúnaður, vafri og RSS-fréttabjónusta svo notendur geti fylgst með gangi heims-málanna.



NICHOLAS NEGROPONTE Höfundur 100-dala tölvunnar kynnrir hana á fundi Alþjóða efnahagsstofnunarinnar (WEF) í Davos í Sviss fyrir ári. MARKAÐURINN/AFP

Nicholas Negroponte, sem unnið hefur að þróun tölvunnar hjá MIT, vísar því á bug að hundrað-dala tölvan sé strípuð og einfölduð útgáfa af hefðbundnum tölvum. Hann geti

vel hugsað sér að leggja eigin tölvu og nota XO-tölvuna. „Hún verður mun betri á margan hátt,“ segir hann í samtali við fréttastofuna Associated Press.

P E N I N G A M A R K A Ð S S J Ó Ð I R

Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í evrum ávöxtun í dollurum ávöxtun í krónum ávöxtun í pundum
4.0%* **6.2%*** **13.8%*** **4.6%***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, USD, EUR og GBP.

Hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000.

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/11/06-29/12/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útibuum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING



DEMANTASJÓNVARPIÐ Hönnuðurinn Jeffrey Link við hlið viðhafnarútgáfu flatsjónvarpsins frá Philips. MARKAÐURINN/AFP

Einstakt sjónvarp

Hollenski viðtækja- og tækni- framleiðandinn Philips kynnti sérstaka viðhafnarútgáfu af Philips Ambilight flatsjónvarpinu á árlegu tæknisýningunni í Las Vegas í Bandaríkjunum á sunnudag um síðustu helgi. Tilfnið er að fyrirtækið hefur selt milljón sjónvörp af þessari gerð.

Hönnuðurinn Jeffrey Link á

heiðurinn að viðhafnarútgáfunni sem er skreytt 2.200 eðaldemöntum.

Ekkert hefur verið gefið uppi um hvort sjónvarpið, sem er einstakt í sinni röð, fari í almenna sölu en Philips hefur neitað að gefa verðið upp. Hins vegar má gera ráð fyrir að viðtækið muni kosta skilinginn og vel það. - jeb

Nýir margmiðlunarsímar

Finnski farsímaframleiðandinn Nokia kynnti þrjá nýja og næfurþunna margmiðlunarfarsíma og lófátölvu undir merkjum fyrirtækisins á tæknisýningunni í Las Vegas í Bandaríkjunum um síðustu helgi.

Farsímarnir, sem eru í svokallaðri N-seríu, eru talsvert minni en fyrri gerðir símanna. Þeir eru 13,7 millimetrar í þvermál og koma á markað á fyrsta fjórðungi þessa árs. Samkvæmt Nokia seldust tæplega 40 milljónir farsíma af þessari gerð á síðasta ári en stefnt er að því að selja allt að 280 milljónir margmiðlunarfarsíma á næstu tveimur árum.

Símarnir ráða



við tónlist á mp3-formi, geta ráfað um netið og eru með tveggja megadíla innbyggða myndavél. Þá munu dýrari gerðir símanna hafa innbyggða myndbandsupptökuvél.


Nokia kynnti sömuleiðis nýja handtölvu á tæknisýningunni. Tölvan, sem sömuleiðis er hluti af N-seríu Nokia, keyrir á stýrikerfi frá Linux. Vafri tölvunnar þykir léttur í vöfum auk þess sem tölvan er með innbyggða vefmyndavél sem styður við Wi-Fi-tækni. Þá stefnir Nokia sömuleiðis á að samhæfa tölvuna samskiptaforritinu Skype, sem gerir tölvunotendum kleift að hringja á milli tölvu með lágum tilkostnaði. Tölva þessi kemur fljótlega á markað í Bandaríkjunum og í Evrópu.

- jeb

LÓFATÖLVA FRÁ NOKIA Finnski farsímaframleiðandinn Nokia býst við mikilli söluaukningu á næstu árum á lófátölvum og farsímum sem styðja við margmiðlunartækni og hafa ýmsan innbyggðan tækjabúnað.

Hæsta ávöxtun 2006

Ávöxtunartölur 2006*



* Samkvæmt gögnum frá Lánstrausti hf., sem birtir ávöxtun sjóða á Íslandi á hlutlausan hátt, er Peningamarkaðssjóðurinn með hæstu ávöxtunina 2006 miðað við sambærilega sjóði.


Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 12,6% nafnávöxtun frá 30. desember 2005 til 29. desember 2006.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðu okkar, **www.vsp.is**.

Engin kaup- eða sölupóknun.

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfabjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is**.





Úr Kaupthing í Kaupthing

Iceland Review sendir reglulega smáfréttir og pistla á ensku út á öldur netsins. Einn pistill þessa dagana er smá yfirferð á því helsta sem hefur verið að gerast í rólegri tíð hér norður á Fróni. „John Cleese seems to be everywhere in the country. Not literally of course, but his face is plastered on huge billboards for KB Bank (excuse me, Kaupthing – another Icelandic bank has re-branded itself).“ er meðal þess sem er títt. Vandinn er bara sá að enginn í útlöndum þekkir fyrirbærið KB Bank. Kaupþing hefur frá upphafi heitið Kaupthing á erlendum mörkuðum og ef einhver kannast við KB skammstöfunina, þá eru það þeir örfáu útlendingar sem kunna að kannast við Kaupfélag Borgfirðinga.

Að evra eða ekki evra

Fullyrt er á markaði að fjármálafyrirtækin vilji í stórum stíl færa eigið fé sitt í evrur. Þannig gengur sú saga að Seðlabankinn hafi stöðvað Kaupþing í að ganga þetta skref, en síðan hafi Straumur-Burðarás farið þessa leið. Gjaldeyrisjöfnuður bankanna gefur svo til kynna að ef heldur fram sem horfir verði ekki um stóra breytingu að ræða verði skrefið stigið til fulls. Eigið fé verði mest megnis komið í evrur hvort eð er.

Verður allt að vopni

Íslands ógæfu verður allt að vopni, var eitt sinn sagt þegar hver óaranin rak aðra. Kaupþingsmenn hafa fengið sinn skerf að undanfögnu. Þannig hefur auglýsingum þeirra verið snúið upp á háa vexti og miklar skuldir landsmanna með grátandi fólki. Þar við bætist umræða um flotræfilshátt vegna auglýsinga með John Cleese og svo hefur árlegt parti í London verið milli tanna einhverra.

Nú er það reyndar svo að partið í London er ekki á vegum Kaupþings, heldur er það einkapartí Ármanns Þorvaldssonar. Þannig að það er óþarfi að snúa því upp á bankann. Engum kemur við hvernig Ármann kys að gleðja vini og vandamenn, auk þess sem telja má að þrátt fyrir kostnað af veislunni megi auðveldlega finna marga sem eyða stærri hluta launa sinna í djamm en Ármann.

4,9% hækkun úrvalsvisitölnunnar í síðustu viku. 1.000 krónur á hlut sem Citigroup, stærsta fjármálafyrirtæki heims, metur Kaupþing á. 21% hækkun úrvalsvisitölnunnar á árinu 2007 ef spá Greiningar Glitnis gengur eftir.

KYRON

FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

Á FRÁBÆRU VERÐI!

KYRON X-TRANSITION

TURBO DIESEL INTERCOOLER

141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskiptur

Glæsileg, þægileg innrétting

Byggður á grind og með hátt og lágt dríf

SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.

Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON, því stuttur reynsluakstur segir meira en mörg orð.

Umboðsaðilar:

Bílasalan ÓS, Akureyri - s 462 1430
Bílhorni hjá Sissa, Keflavík - s 420 3300
Bílasala Austurlands, Egilsstaðir - s 471 3005

Bílahúð Benni

Tangarhöfða 8-12
s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is

„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E-TRADE í gegnum Landsbankinn býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu í síma 410 4000.

120 1886 2006

Banki allra landsmanna í 120 ár

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

bílaLand B&L



Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230. Opíð virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Tilboðsbílar



Daewoo Nubira, nýskr. 12/2000, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, brúnn, ekinn 80.000 þ. Verð 480.000 tilboð 250.000.



Nissan primera, nýskr. 06/1998, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, rauður, ekinn 151.000 þ. Verð 420.000 tilboð 250.000.



Renault Laguna II, nýskr. 01/2003, 1800cc 5 dýra, ssk., dökkgrænn, ekinn 75.000 þ. Verð 1.590.000 tilboð 1280.000.



Renult Scenic II, nýskr. 05/2005, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 16.960 þ. Verð 1.930.000 tilboð 1590.000.



Renault At Trafic, nýskr. 11/2004, 1900cc 6 dýra, beinskiptur, gulur, ekinn 107.000 þ. Verð 1.730.000 tilboð 1450.000.



Suzuki Jimny JLX, nýskr. 06/2002, 1300cc 3 dýra, fimmgíra, grár, ekinn 84.000 þ. Verð 890.000 tilboð 690.000.

Verð frá 500.000 til 1.500.000.-



Renault Scenic, nýskr. 04/1998, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, grár, ekinn 141.000 þ. Verð 440.000.



Renault Scenic II, nýskr. 11/2003, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 51.000 þ. Verð 1.390.000 .



Toyota Avensis, nýskr. 10/2000, 1800cc 5 dýra, fimmgíra, rauður, ekinn 79.000 þ. Verð 980.000.



Toyota Corolla, nýskr. 07/2003, 1600cc 5 dýra, ssk., hvítur, ekinn 57.000 þ. Verð 1.480.000.



Volkswagen Passat, nýskr. 04/1998, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, grár, ekinn 141.000 þ. Verð 660.000.



Volvo V40, nýskr. 07/1999, 1600cc 5 dýra, fimmgíra, gulur, ekinn 123.000 þ. Verð 690.000.

Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-



Renault Laguna II, nýskr. 01/2006, 2000cc 5 dýra, ssk., ljósgrár, ekinn 7.000 þ. Verð 2.790.000.



Renault Megane II, nýskr. 05/2004, 1600cc 5 dýra, ssk., ljósgrár, ekinn 27.000 þ. Verð 1.720.000.



Renault Scenic II, nýskr. 06/2004, 2000cc 5 dýra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 39.000 þ. Verð 2.090.000.



Suzuki Grand Vítara, nýskr. 12/2003, 2700cc 5 dýra, ssk., ljósbrúnn, ekinn 30.000 þ. Verð 2.290.000.



Toyota Avensis, nýskr. 03/2004, 2000cc 5 dýra, fimmgíra, hvítur, ekinn 230.000 þ. Verð 1.690.000.



Toyota Avensis, nýskr. 08/2004, 1800cc 5 dýra, ssk., ljósgrár, ekinn 17.000 þ. Verð 2.180.000.

Atvinnubílar



Nissan Vanette, nýskr. 08/2001, 2300cc 5 dýra, fimmgíra, hvítur, ekinn 119.000 þ. Verð 930.000.



Renault At Master, nýskr. 06/2004, 0cc 6 dýra, fimmgíra, dökkblár, ekinn 96.000 þ. Verð 2.590.000.



Renault Kangoo, nýskr. 06/2001, 1400cc 5 dýra, fimmgíra, hvítur, ekinn 86.000 þ. Verð 720.000.



Renault At Master, nýskr. 02/2006, 2500cc 6 dýra, fimmgíra, hvítur, ekinn 25.000 þ. Verð 3.200.000.



Renault AT Trafic, nýskr. 11/2003, 1900cc 6 dýra, fimmgíra, hvítur, ekinn 44.000 þ. Verð 1.650.000.



TOYOTA HIACE Nýskr: 06/2005, 2700cc 5 dýra, Fimmgíra, Grænn, Ekinn 18.000 þ. Verð: 2.380.000

Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is

Margir möguleikar á fjármögnun, t.d. allt að 100% lán í 84 mánuði

Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:

Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074

Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrúkur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230



Hummer 6,5 skr 12/1995 ekin aðeins 25.000km. Yfirbyggður Björgunarsveitarbíl í reglubundnu viðhaldi. 44" Neldg ný Groundhawk, 44" breyttur, lækkuð drif, loftlæstur bæði drif, loftdæla og búnaður til að dæla í á ferð eða hleypa úr. Oliumiðstöð, útbúinn fyrir sjúkrabörur, sæti fyrir 9 manns m/ökumanni & fl. & fl. Ásett verð 4.600.000kr. Óskum eftir tilboði. Nánari upplýsingar gefur Hjálmar Bílasölu Austurlands s. 471 3005 & 896 6434 www.austurland.is/bilasala

Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21, 700
Egilsstaðir
Sími: 471 3005
www.austurland.is/bilasala



Hyundai Tucson Diesel, nýskr. 7/2005 ssk. ek. 37.000 dráttarkr. sumar, vetrard. off. áhv. 2.300.000 verð tilb. 2.750.000. Góð kaup. Bilás. Akranesi s. 431 2622 www.bilas.is

Bílasalan Bílás
Þjóðbraut 1, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas



Hyundai H-1 sendibíll árgærd 8/2001, diesel ekin 140 þús.km., sk.'08, verð 680.000. Uppl. í s.

821 6292 & 562 1717



Nissan Patrol SE árgærd 8/2000 sjálfskiptur, 7 manna, ný 33"nagladekk, dráttarbeisli, verð 1.950.000. S. 821 6292 & 562 1717.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



HYUNDAI ACCENT Nýskr. 09/2000, 1500cc 3 dyra, Fimmgríra, Ljósgrár, Ekin 90.000 þ. Verð: 490.000

Bílalans, B & L
Grjóthálsi 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Bílar til sölu



Tilboð !

Renault Mégane árg.'00, ek. 115þ.km. Toppbíl í toppstandi á glænýjum dekkjum. Verð 450 þ. Uppl. 8482143



Útsala Útsala! Stóruútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500.000 afsláttur á nýjum bílum. Bíllinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærugjippi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Diesel! Þú finnur hvernig lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Toyota yaris.

Vel með farin Yaris, árg.'06. Ek. 12þús. Uppl.í s. 896 1112.



Til sölu er MMC Lancer árg. 6/'04., sjálfsk. Ekin 70 þús. Spioler, cd, rafm. Verð 1.290.000 kr. Áhv. 980.000 kr. 15 þ. á mán. Uppl. í s. 822 4167. skoða ýmis skipti.



Hyundai Starex, 4x4, árg. 2000, diesel, ekin 160 þús., 30" dekk., Listaverð 1.280 þús. Sími 847 7663.



MMC Pajero diesel, árg 2002, með öllu, 33 tommu breyttur. MEÐ ÖLLU. Ekin. 90.000km. Enginn skipti. Verð 3.750.000kr. Uppl í s. 847 7663.



Land Cruiser 100 VX, árg.'01, ek. 100 þ. Uppl. í s. 893 0320.

Toyota Corolla STW Árg 1996 ek.172 5 gíra. Vel með farinn bíll ,nýleg tímareim, dráttarkrókur ofl. Verð 290þ.

uppl. í s. 897 6040.

Avensis wagon árg. '00. Ek. 110þ. Ssk., dráttarkúla. Vetrar og sumardekk. Verð 850þ. Áhv. 550þ. Uppl. í s. 565 4757 & 825 0655.

Sjálfskiptur

Til sölu er Daihatsu Cuore árg. '00. Ekin 85 þús. Skoðaður '07. Ásett verð 400.000 kr. Tilboð 280.000 kr. 100% lán mögulegt. ath skipti. Uppl. í s. 822 4167.

Land Rover Freelander '02 1.8bsk,svartur,e.29000km,ABS,HDS,rafmagn i rudum/speglum,solluga,CD,krokur,nagladekk.Verð 200.000+yfirtaka a lani ca.980.000. S.862 4933.

Tilboð

Til sölu Ford Escord van árg. '96. Vinnubíll sem selst fyrir lítið. S. 898 4534.

0-250 þús.



Toyota Corolla árgærd '95. Vel með farinn, sjálfskipt, með air condition. S. 824 5352.

Til sölu Mitsubishi Lancer station. Árg '99, beinskiptur, skoðaður '07, kúla, ný tímareim. Góður bíll, verð 250þ eða tilboð. S. 860 3574.

Tilboð 160 þús.

VW Polo '96, 5 dyra, ek. 120 þús., sk. '07. Listaverð 250 þús. Verð 160 þús. S. 691 9374.

250-499 þús.



Til sölu Hyundai Sonata árg. '97, ek. 112 þús., 3 l V6, fjarstart, cruise control, auðveld kaup. Verð 270þ. Uppl. í s. 692 9181.

VW Polo 1.0, Árg. 01, ek. 60þ. Vökvast. Reyklaus. Sum+vetrad. á felgum. Verð 460þ. S. 660 6214.

Nissan Primera Station árg. '99. Ek. 133 þús. Nýskoðaður, ný kúpling, nýr rafgeymir, nýsmurður, sumar+vetrardekk. Tilboðsverð 350 þús. S. 820 6217.

Nissan Almera '00, 1400 beinsk., ek. 120 þús., fæst gegn yfirtöku. Áhv. 400 þús. vaxtalaus, alborgun 15 þús. á mán. S. 663 5665.

500-999 þús.

Nissan Almera luxury, '01, hvítur, ek. 145 þús. Blaumpunkt Audio system. S. 867 8243.

2 milljónir +



Pajero Dakar
3,2 diesel 05/2005 ek.40 þ,
sjálfsk., leður, toppluga, dökkblár.
Verð: 4.650.000kr
Upplýsingar í s. 893 3236.

Opel OPC árg. '06, ek. 5 þús., flottur sportbíll, 18" felgur, leður, 240 hö. Verð 2.390 þús. Uppl. í s. 696 1388.



Nissan Terrano Luxury. Vínrauður/grár, árg.2004, 3 l. disilvél, sjálfskiptur, ek. 62 þ.km. Dekurbíll, einn eigandi. Verð 2.690.000.Uppl.í s. 820 1110.

Jeppar



BMW X5'01. Ek.64þ. Vel útbúinn. Ný dekk ofl. Ásett 3.290þ. Ákv.1.300þ. Staðgr.afsl. S.694 6094



8,1 lítrar pr.100km! Toyota Highlander lúxusjeppinn er búinn öflugri 208 hest-afla HYBRID vél. Umhverfisvæn blönduð benzín/rafmagnstækni sem notar 36% minna benzín en sambærilegur Toyota Landcruiser! Nú þarf ekki að kaupa úrelta díselbíl til að spara eldsneytið. Nýju HYBRID bílarnir eru komnir á markaðinn og eyða minna eldsneyti en allt annað sem fyrirfinnst. Mjög hagstætt verð frá USA og bíllinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Nissan Patrol '99 ek. 190 þús., 35". Verð 1.850 þús. Ath skipti. Uppl. í s. 694 1908.



Patrol 8/03 . Á 38". Fallegur bíll í toppstandi. Verð 3.490 þús. Áhv. 2.940 þ. (43 þús/mán afb) Uppl. í s. 822 4167.



Toyota Landcruiser '05 Diesel til sölu. Breyttur fyrir 35"Ssk., ek. 55þ. Ásettverð 4.990 þús. Tilboðsverð 4.690 þús. Uppl. í síma 660 0602.



Pajero Dakar
3,2 diesel 05/2005 ek.40 þ,
sjálfsk., leður, toppluga, dökkblár.
Verð: 4.650.000kr
Upplýsingar í s. 893 3236.



Toyota Land Cruiser 80 VX 38" '92, læstur að fr. og aft. Aukatankur, loftdæla, vhf, cb, nmt, gps, ek. 328 þús. Verð 2.190 þús. Skipti möguleg. S. 863 9905.

Pallbílar



Tilbúinir til afhendingar! Eigum splúnkunnýjan Dodge RAM 3500 LARAMIE pallbíll með leðri og miklum aukabúnaði til afgreiðslu strax í dag á Íslenskum númerum. Eigum einnig nýjan Jeep Commander 7 manna lúxusjeppa með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Hringdu núna í síma 552 2000 til að fá nánari upplýsingar. Gerðu okkur sanngjarnt tilboð og þú færð bílinn afhentan í dag. Þú finnur hvernig lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Toyota Hilux '06, nýskr. maí '06. Bíllinn er keyrður 20 þús. Verð 3.850.000 kr. 35" breyttur, loftlæs. í báðum hásingum, sér loftdæla til að dæla í dekk, Lægri drifhlutföll 4,88, spilbiti, dráttarbeisli, grind að framan, IPE tveggja geisla ljóskastarar, ryðvörn & klæðning í pall frá Plastver. Uppl. í s. 896 8311.

Vélsleðar



ArticCat M7 árg 2005 141" Tilbúinn á fjölli í topp standi. Tilboð 880þ. S. 897 2209.



Lynx Rave RC 800cc 2006 árg. og Lynx Xtrim 800cc 2006 árg lítið eknir. Ásett 1.275.000 kr/stk. Fäst á mjög sanngjörnu verði. öðrum sleðanum fylgir Garmin GPS tæki ásamt farangurskassa. Lynx er slyngur eins og refur, fljótur eins og fálki, sterkur eins og Sveinbjörn. Uppl. hjá Sveinbirmi s. 660 8267.

Vélsleði óskast. Ski-doo renegade 800 árg.'04-'05 aðeins vel með farinn og lítið ek. kemur til greina. Sími 660 3099.

Hjólhýsi



Adria Classica 563 UK árgærd 2005 Aukahlutir: Alde hitakerfi, Markisa, 80w Sólarsetla, Hljómflytningstæki Verð 2.380.000,- Tilboð 2.200.000,- S:511-2200 eða www.seglagerdin.is

Fellihýsi

Fellihýsi á tilboði

9 feta fellihýsi Palomino Colt með for-tjaldi, 2006 árg. Verð nýtt 1.200.000kr. Selst á aðeins 890 þ. Uppl. í s. 822 1920 & 660 7577.

Tjaldvagnar



Stórglæsilegur Holidaycamp /Egir 2006 4 manna tjaldvagn með Kassa á beisli, Yfirbreiðslu, Gashellur í borði Verð 600.000,- Tilboð 500.000,- S:511-2200 eða www.seglagerdin.is

Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur Ó. Nikulásason ehf s. 552 0110.

Lyftarar



Körfubílaíleigan.

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.



Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutabjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

Bátar

30 rúmlesta skipstjórnarnám

Fjarnám við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 4708070 Umsóknarfrestur til 18. janúar.

Varahlutir



Bílapartasalan Ás

Skútauraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, MMC, Freelander og fl. Opíð mán.-föst. 9-18. lönðalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Ópið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapart-ar@bilapartar.is

Partar s. 565 3323
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740.
Sem betur fer hefur orðið mikil vakning á undanförunum árum um samfélagslega ábyrgð atvinnulífs og einstaklinga sem með margvíslegum hætti leggja smærri og stærri verkefnum fjárhagslegt lið eða veita þeim stuðning með öðrum hætti. Á sama tíma og fjölmiðlar leggja þar sitt af mörkum með víðtækum áhrifum sínum á hverjum degi verða þeir jafnframt að gæta þess að það „aðhald“ sem Fréttablaðið stærir sig af sl. sunnudag verði ekki til þess að fæla fólk og fyrirtæki frá vel meintum stuðningi af ötta við útúrsnúning og afbökun í ábyrgðarlausri fjölmiðlaumfjöllun.

Lóðauðthlutun og fjármögnun grunnskóla í Kópavogi

UMRÆÐAN
Skólamál

Það hlýtur að vekja ýmsar spurningar þegar auðmaður fer fram á að bætt sé við lóð, sem ekki er á skipulagi, til að fullnægja óskum hans af því að hann fékk ekki úthlutað lóð þegar dregið var.

Enn frekari spurningar vakna þegar hann kemur á fund bæjarstjóra með þetta erindi viku eftir að þeir tveir undirrita samkomulag um fjárveitingu fyrirtækis á hans vegum til skóla í bænum, og auk þess situr skólastjóri viðkomandi skóla í bæjarstjórn fyrir sama flokk og bæjarstjórninn. Hér er vísað til beiðni Þorsteins Vilhelmssonar um að bætt



GUÐBJÖRG SVEINSDÓTTIR

verði við lóð við götuenda á Rjúpnahæð í Kópavogi. Þess ber að geta að þessi beiðni mun enn vera óafgreidd til umfjöllunar í eðlilegum farvegi. En verði hún samþykkt verður það væntanlega gegn vilja minnihlutans, allavega vinstri grænna. Slík samþykkt væri í hæsta máta óeðlileg, en kannski bara venjulegt dæmi um spillingu. Það væri í sjálfu sér alvarlegt, en öllu alvarlegri er þó hinn endinn á þessari sögu, sem er fjárstyrkur tveggja fyrirtækja, eignarhaldsfélaganna Norvik hf. og Ránarborgar ehf., sem er í eigu Þorsteins Vilhelmssonar, til Lindaskóla í Kópavogi.

Um er að ræða 17 milljóna króna styrk næstu þrjú ár til að „hefja

markvisst skipulag á viðbótar enskukennslu og samþættingu í íþróttahreyfifærni og útikennslu í 1.- 4. bekk á tímabilinu 2006-2009“. Markmiðið er að haustið 2009 verði 35 stunda kennsla á viku orðin að veruleika. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir svipað fyrirkomulag hafa verið tekið upp í Kópavogsskóla síðastliðið haust (Mbl. 21. des). Hann telur það „mikilvægt að fyrirtækin taki þátt í menntun barnanna okkar“. Það er kannski smekksatriði hvort það sé til marks um metnað að kria fé út úr fyrirtækjum til að halda uppi kennslu í grunnskólum, sérstaklega þegar forsvarsmenn bæjarins guma af sterkri fjárhagsstöðu. En hvað sem því líður, þá er hér um háþólitískt mál að ræða. Það er grundvallaratriði hvort eigi að reka

opinbera skóla, þó ekki sé nema að hluta, fyrir styrki frá einkafyrirtækjum. Nógu vafasamt er hvort eigi að leita til fyrirtækja um styrki til einstakra viðburða í skólanum, en hér er um viðvarandi starfsemi að ræða. Bæjarfélaginu ber að leggja fé til slíkrar starfsemi. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja felst fyrst og fremst í því að kjör og aðbúnaður starfsmanna séu í góðu lagi, að vera samfélaginu til nokkurs gagns og starfa í sátt við umhverfið. En það er í fyllsta máta óeðlilegt að opinberir skólar séu reknir með styrkjum frá fyrirtækjum. Slíkt er í rauninni afturhvarf til fyrri tíma. Það er ekki hlutverk eignarhaldsfélaga að taka þátt í menntun barnanna.

Höfundur er varabæjarfulltrúi vinstri grænna í Kópavogi.

Síðasti dagur Síðasti séns Stórútsölu Veiðihornsins lýkur í dag!

- Neoprenvöðlur með vöðlutösku aðeins 7.495
- Öndunarvöðlur frá 10.995
- Veiðijakkar vatnsheldir með útöndun frá 8.995
- Veiðivesti frá 1.995
- Kaststangir frá 1.995
- Vandaðir hólkar fyrir veiðistangir aðeins 1.500
- Flugustangir frá 2.995
- Kasthjól frá 995
- Fluguhjól frá 2.995
- 10 spúnar aðeins 1.995

Úrval af veiðifatnaði sem er að detta út úr vöruvali okkar á mikið lækkuðu verði
Útsalan er líka í netverslun Veiðihornsins Veidihornid.is
Útsalan stendur aðeins í eina viku

***Ekki missa af útsölunni í Veiðihorninu
Komdu strax í dag***



Veiðihornið Hafnarstræti 5 • Veiðihornið Síðumúla 8 • veidihornid.is

Kópavogi, 9. janúar 2007
Þorsteinn Vilhelmsson
Þóra Hildur Jónsdóttir



+

Sambylismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ólafur Jónsson
Grænutungu 7, Kópavogi,

sem lést 31. desember verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjúkrunarheimili aldraðra í Sunnuhlíð í Kópavogi.

Anna Sigríður Gunnlaugsdóttir

Bjarni Ólafsson

Anna Ólafsdóttir

Hafðís Ólafsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Indriðadóttir

Björn Jónsson

Guðmundur Einarsson



+

Okkar ástkæri,
Jón Ægisson
Tunguvegi 6, Njarðvík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. janúar. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 12. janúar kl. 14.00.

Susana Valsdóttir

Ástþór Ingi Jónsson

Ægir Guðlaugsson

og aðrir aðstandendur.

Berglind Jónsdóttir

Stefán Ægisson



+

Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,
Jóhanna Björnsdóttir
læknir, Bergþórugötu 9, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 30. desember, verður jarðsugin frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 11. janúar klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar LSH, sími 543-1159.

Ásta Ásbjörnsdóttir

Jónína Ósk Pétursdóttir

Pétur Björnsson

Hólmsteinn Björnsson

Guðrún R. Björnsdóttir

Lilja V. Björnsdóttir

Birna Björnsdóttir

og fjölskyldur.

Hulda Ásbjörnsdóttir

Margrét Þorvaldsdóttir

Þorgerður Ása Tryggvadóttir

Jón Ómar Finnsson

Ríkharður Reynisson



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Þórhallsdóttir
frá Sauðadalssá,

sem lést á Heilbrigðisstofnunni á Hvammstanga 1. janúar, verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju föstudaginn 12. janúar kl. 14.00.

Elín Þormóðsdóttir

Þóra Þormóðsdóttir

Eggert Óskar Þormóðsson

Guðbjörg Erna Þormóðsdóttir

ömmu- og langömmubörn.

Þórður Skúlason

Heimir Ágústsson

Arndís Helland



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Ásgerður Alda Guðmundsdóttir
Árskógum 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu 6. janúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

Páll Gunnar Halldórsson

Erla Benediktsdóttir

Halldór Pálsson

Sigurlaug Pálsdóttir

Lára Margrét Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Friðbjörn Sveinbjörnsson

Svanur Tómasson



+

ROD STEWART ER 62 ÁRA Í DAG

„Að halda tónleika er eins og að fá ótrúlega fullnæggingu. Síðan er allt búið og þú veist ekkert hvað þú átt að gera næst.“

Söngvarinn heimsfrægi fæddist þennan dag árið 1945.

tímamót

timamot@frettabladid.is



+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Guðbjörn Jónsson
Grandavegi 1,

sem lést þriðjudaginn 2. janúar sl. verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 12. janúar kl. 15.00.

Sigríður María Sigmarsdóttir

Símar Guðbjörnsson

Þórunn Helga Guðbjörnsdóttir

Björgvin Guðbjörnsson

Aðalheiður Ósk Guðbjörnsdóttir

og barnabörn.

Jóhanna Ingibjörg Ástvaldsdóttir

Kristinn Svavarsson

Kristín Jónsdóttir

Örn Valdimarsson



+

Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Gunnar Helgason

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki sunnudaginn 7. janúar. Jarðsungið verður frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 20. janúar kl. 14.00.

Sigurlaug Jónsdóttir

Jón Júlíusson

Helgi Dagur Gunnarsson

Gunnar Gunnarsson

Þorgeir Gunnarsson

Anna María Gunnarsdóttir

Elisabet Jóna Gunnarsdóttir

og afabörn.

Kristín Jóhannesdóttir

Helga Sigurðardóttir

Elin Steingrimsdóttir

Þorleifur Konráðsson



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sæunn Þuríður Gísladóttir
til heimilis að Hrafnistu í Reykjavík,

lést föstudaginn 5. janúar.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,

Margrét Kjartansdóttir

Gísli Kjartansson

Svava Kjartansdóttir

Ingibjörg Kjartansdóttir

börn og barnabörn.

Sólberg Vigfússon

Júlíana Aradóttir



+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,
Hólmfríður Gísladóttir
fyrirverandi talsímakona frá Seyðisfirði, síðast til heimilis að Brekkugötu 14, Vogum,

andaðist 4. janúar á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 12. janúar kl. 13.00.

Guðmundur Sigurðsson Kolbrún Dagbjört Sigurðardóttir Gísli Örn, Guðmundur Rúnar, Sveinn Gumi, Sigurður Hólmur og Elísabet Rósa.

PETTA GERÐIST: 10. JANÚAR 1946

Fyrsti fundur SP

Pennan dag fyrir 61 ári funduðu Sameinuðu þjóðirnar í fyrsta sinn í Westminster Central Hall í London. Einni viku síðar hittist Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í fyrsta sinn og lagði fram stefnu sína. Hinn 24. janúar sama ár lögðu fulltrúar Sameinuðu þjóðanna, sem samanstóðu af 51 þjóð, fram sína fyrstu tillögu. Óskuðu þeir eftir því að kjarnorka yrði einungis notuð á friðsaman hátt og að öllum kjarnorkuvopnum og öðrum stórhættulegum vopnum yrði eytt.

Grunnurinn að Sameinuðu þjóðunum hafði verið lagður árið 1944 í Washington D.C. Þar var lagt til að alþjóðleg stofnun



BAN KI MOON Nýr framkvæmdastjóri SP kemur frá Suður-Kóreu.

yrði sett á laggirnar sem myndi sjá um að halda friði og öryggi í heiminum eftir síðari heimsstyrjöldina. Stofnunin átti að hafa meiri völd en þjóðadeildin sem hafði ekki tekist að koma í veg fyrir útbreiðslu heimstyrjaldarinnar.



BÆJARSTJÓRASKIPTI Í GÆR Sigrún Björk Jakobsdóttir boðar engar stórbreytingar sem nýr bæjarstjóri Akureyrar, en hún tók við af Kristjáni Þór Júlíussyni í gær.

SIGRÚN BJÖRK: ORÐIN BÆJARSTJÓRI

Mjög spennt

Sigrún Björk Jakobsdóttir tók við embætti bæjarstjóra Akureyrar af Kristjáni Þór Júlíussyni seinnipartinn í gær. Sigrún Björk hefur setið í bæjarstjórn Akureyrar síðan 2002, og hefur verið forseti bæjarstjórnar frá kosningunum á síðasta ári. Hún sagði tímamótin leggjast mjög vel í sig þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. „Ég er bara mjög spennt að takast á við þetta,“ sagði Sigrún, sem sagði breytinguna vissulega vera mikla. „Þetta er auðvitað stór breyting og mikil tímamót bæði fyrir mig og bæinn,“ sagði Sigrún, sem er fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra á Akureyri. Sigrún segist þó ekki geta spáð fyrir um hvaða áhrif sú tímamót eigi eftir að hafa. „Það er annarra að dæma um það, það er ekki hægt að segja neitt annað svona í upphafi máls. Ég ætla að vinna þetta starf eins vel og ég get og vonast til þess að þess sjáist merki,“ sagði hún.

Sigrún boðar engar stórbreytingar á stefnu bæjarins á næstunni. „Akureyrarbær er með mjög góða stefnu í flestum sínum málum, og við vinnum eftir henni og eins eftir málefna-samningi meirihlutflokkanna. Ég held því starfi bara ótrauð áfram,“ sagði hún. Sigrún hefur verið búsett á Akureyri frá 1997. Aðspurð hvort hún sé komin til að vera svarar Sigrún ákveðin: „Hiklaust.“ sunna@frettabladid.is



+

Ástkær bróðir okkar og mágur,
Sævar Níelsson
Melgerði, Fáskrúðsfirði,

lést 5. janúar sl. á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Jarðsungið verður frá Fáskrúðsfjarðarkirkju kl. 14.00 föstudaginn 12. janúar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Aðalbjörg Níelsdóttir Georg Einarsson
Guðrún Níelsdóttir Eiríkur Ólafsson



Þegar andlát ber að

Athliða útfararþjónusta í 16 ár
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Kjarnafæði þakkar viðskiptavinum Bónuss fyrir frábærar móttökur á vörum sínum

Kofareykt sveitabjúgu frá Kjarnafæði.

269.- kr./kg.
Merkt verð 299.- kr./kg.

Blóðmör ósoðinn og frosinn frá Kjarnafæði.

347.- kr./kg.
Merkt verð 579.- kr./kg.

Lifrarpylsa ósoðin og frosin frá Kjarnafæði.

359.- kr./kg.
Merkt verð 599.- kr./kg.

Texaspylsa frá Kjarnafæði.

419.- kr./kg.
Merkt verð 699.- kr./kg.

Einiberjakryddað lúxus lambalæri frá Kjarnafæði.

1.113.- kr./kg.
Merkt verð 1.855.- kr./kg.

Lang vinsælustu bjúgun í Bónus!

10% afsláttur



40% afsláttur

Vinsælasti kjötbúðingurinn í Bónus!

40% afsláttur

Vinsælasta kryddlegna lærið í Bónus!

40% afsláttur



Spægipylsa

frá Kjarnafæði.

Gullverðlaun í fagkeppni MFK!

1.889.- kr./kg.
Merkt verð 2.699.- kr./kg.



Pepperoni

frá Kjarnafæði.

Gullverðlaun í fagkeppni MFK!

1.915.- kr./kg.
Merkt verð 2.735.- kr./kg.

30% afsláttur

30% afsláttur



allt & sumt

STUÐ MILLI STRÍÐA Ég er fávíti

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FANN SÉR LÍF Á NETINU



Ég er einföld manneskja og eyði tíma mínum yfir Skjá einum, drekk brennivín á virkum dögum og hangi á netinu. Ég er samt til og hugsa þótt tilvera mín sé ekki eftir-sóknarverð eða spennandi. Ég er með alveg hell-ing af skoðunum og veit ýmislegt betur en þið hin. Stjórnmalamenn-irnir sem eru alltaf að gaspra í sjónvarpinu eru fífl og fallega og fræga fólkið í Séd&heyrð og Mann-lífi eru kórónaðir fábjárar sem eiga upphaf sitt og endi á glans-pappírnum. Gervimanneskjur. Þetta veit ég vegna þess að ég er alvöru maður. Venjulegur maður

sem keyrir enn á sumardekkjum, skuldar tryggingar og átti að fara með bílinn í skoðun fyrir hálfu ári. Ég veit þetta allt vegna þess að ég kaupi matinn minn í Bónus og borða fiskbollur upp úr dós. Sjálfsmynd mín er dælduð og mér líður ekki vel en samt er ég yfir þetta pakk hafinn enda er ég ekta þrátt fyrir allt. Internetið hefur sem betur fer gefið mér tækifæri til þess að tjá mig og láta í mér heyra en áður en spjallrásirnar þar opnuðu var ég að springa af því ég þurfti að byrgja allar mínar meiningar innra með mér. Málefnn.com breyttu á sínum tíma lífi mínu og þar hef ég fengið útrás í nokkur ár. Þrasað við fólk á mínu plani og látið ráðamenn kenna á þísknum

mínum. Nú er þetta ball búið vegna þess að allir nafnlausu vinir mínir þarna eru búnir að stofna Mogga-blogg og tjá sig nú undir eigin nafni og jafnvel mynd og fá meiri athygli en ég þoli. Mér finnst ég ekki nógu klár til að stofna Mogga-blogg. Ekki enn. Ég hef samt sem betur fer fund-ið mér enn betra athvarf á Barna-land.is. Þar hefur safnast saman fólk sem er verr statt andlega en ég og slúðrar um fallega og fræga fólkið. Ég þekki samt enga fræga en er búinn að vera duglegur að búa til sögur sem hitt liðið étur upp og finnst ég vera ógeðslega vel tengdur. Þarna er ég kóngur í ríki mínu og samt á ég ekki einu sinni börn og hef aldrei skipt á kúkableiu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



50
+ 80
1. vinningur
130
milljónir

Bónus-
vinningur
27
milljónir

Bónuspotturinn
nálgast það að
verða sá stærsti
frá upphafi.

Potturinn stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 80 milljónir og bónusvinningurinn í 27 milljónir sem er að nálgast það að verða sá stærsti frá upphafi.

Vertu með fyrir kl. 17. í dag

V Í K I N G A
LOTTO
Alltaf á miðvikudögum!
lotto.is

PEUGEOT

ÁR SJÖUNNAR

OPNAR MEÐ SJÖUTILBOÐ

ALLT AÐ
320.000 KR
AFSLÁTTUR
Í LJÓNAMERKINU

ALLT AÐ
166 þús. kr.
AFSLÁTTUR



807 2,0 Hdi

ALLT AÐ
320 þús. kr.
AFSLÁTTUR



1007 City

ALLT AÐ
136 þús. kr.
AFSLÁTTUR



307 1,6 SW

ALLT AÐ
115 þús. kr.
AFSLÁTTUR



307 1,4

ALLT AÐ
100 þús. kr.
AFSLÁTTUR



206 1,4 S-line

ALLT AÐ
289 þús. kr.
AFSLÁTTUR



407 1,8

ALLT AÐ
129 þús. kr.
AFSLÁTTUR



307 1,6 Station

ALLT AÐ
169 þús. kr.
AFSLÁTTUR



407 SW 2,0

DÆMI UM AFSLÁTT

	Tilboðsverð	Verð áður	Afsláttur
1007 City 1,4 Hdi diesel, 5 gíra	1.599.000	1.919.000	320.000
206 1,4 S-line bensín, 5 gíra	1.564.000	1.664.000	100.000
307 1,4 bensín 5 dyra, 5 gíra	1.770.000	1.885.000	115.000
307 1,6 Station, 5 gíra	1.990.000	2.119.000	129.000
307 1,6 SW bensín 5 gíra	2.120.000	2.256.000	136.000
407 1,8 4dyra bensín 5gíra	2.090.000	2.379.000	289.000
407 SW 2,0 bensín sjálfsk.	2.630.000	2.799.000	169.000
807 2,0 Hdi diesel sjálfsk. 7 manna	3.765.000	3.599.000	166.000

Bílar á mynd geta verið með aukabúnaði

www.peugeot.is

Ár sjöunnar er runnið upp. Komdu og lyftu þér upp og sjáðu Peugeot 1007, 307, 307 SW, 307 Station, 407, 407 SW og 807 á einstöku sjöutilboði; frábær afsláttarkjör í boði, bílalán og rekstrarleiga. Peugeot sjöan er meistarahönnun með víðáttu í innanrými, hlaðin tækninýjungum og ýmsum völdum búnaði sem þú getur hæglega bætt við, allt eftir þínum óskum og þörfum. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Vertu gáfnaljón, komdu í Bernhard, Vatnagörðum, og tryggðu þér sjöutilboð.

07



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24 • 26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
7 8 9 10 11 12 13

Miðvikudagur

SÝNINGAR

- ☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.
- ☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur** sýna 45 vonarstjórnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórnum í hinum vestræna heimi, þeim **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum**. Sýningin stendur til 21. janúar.
- ☐ 13.00 **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.
- ☐ 13.00 Listaverk **Guðrúnar Bergsdóttur** eru til sýnis í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Ein allsherjar sínfónía fjölskrúðugra lita og forma. Verki Guðrúnar vitna um hina óheftu tjáningu sem sprettur fram úr hugarheimi hennar. Sýningin stendur til 21. janúar.
- ■ **SÍÐUSTU FORVÖÐ**

☐ 12.00 **Smámyndasýningu Art Iceland.com** sem staðið hefur yfir í gallerí þeirra við Skólavörðustíg 1a undanfarið lýkur 14. janúar. Tuttugu listamenn eiga verk á sýningunni sem er opin til kl. 18 í dag.

☐ 14.00 **Stefán Boulter** heldur sýninguna **„Ósagðar sögur“** á Café Karolínu á Akureyri. Á sýningunni mun Stefán sýna teikningar sem eiga sér þann möguleika að verða myndasaga. Sýningin stendur til 12. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



HVAÐ ER HANN AÐ SPÁ? Rithöfundurinn Ian McEwan er með nýja bók í smíðum.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Von á góðu

Ian McEwan er með nýja skáldsögu í undirbúningi sem kemur út í Bretlandi á vormánuðum; *On Chesle Beach*. *Laugardagur* hans kom út í frábærri þýðingu Árna Óskarssonar fyrir hátíðir og hefur víðast hvar fengið góða dóma. Nýja skáldsaga McEwan gerist árið 1962 og lýsir sambandi hjóna. Þá er von á nýrri sögu á ensku í vor eftir Murakami, *After dark*, og Graham Smith er tilbúinn með nýja skáldsögu sem heitir *Tomorrow*. Rithöfundurinn Norman Mailer sendir brátt frá sér bókina *The Castle in the Forest* en þar skrifar hann um Adolf Hitler. Á fimmtudaginn gefur leikstjórinn David Lynch út bók sína *Catching the Big Fish: Meditation, Consciousness, and Creativity* en þar er á ferðinni uppbyggjandi rit um innblástur og íhugun þar sem leikstjórinn ráðleggur lesendum sínum hvernig fanga má hugmyndir og framkvæma þær. Lynch er þekktur fyrir frumlegheit svo þarna er án efa forvitnileg bók á ferð.

-pbb

GEFUM KRÖKKUNUM GÓÐAN PAKKA!



STJÖRNU-WEETOS Multigrain Stars

Það er nauðsynlegt fyrir börnin að borða vel á morgnana. Þess vegna viljum við gefa þeim morgunkorn sem þeim finnst gott á bragðið og er líka hollt. Blanda af fjölkornastjörnum og heilhveitihringjum með súkkulaðiþragði er góður pakki – hentar vel fyrir alla fjölskylduna.

Weetos eru vítamín- og járnþættir heilhveitihringir með góðu súkkulaðiþragði.

- ✦ Vítamínþættir
- 🍷 Heilhveitihringir og fjölkornastjörnur
- ✦ Heilsukolvetni (Prebiotic)
- 🍷 Gott bragð
- ✦ Lágt innihald mettaðrar fitu

CCP, dohop OG PYTHON SOFTWARE FOUNDATION BJÓÐA TIL

PYTHON RÁÐSTEFNU

Í SALNUM, KÓPAVOGI, 15. JANÚAR

Komdu og kynntu þér það nýjasta í einu öflugasta forritunarmáli sem notað er um þessar mundir. Meðal fyrirlesara er Steve Holden, stjórnarmaður Python Software Foundation, framkvæmdastjóri Holden Web og einn færasti sérfræðingur heims í notkun, kennslu og þróun Python. Hlustaðu einnig á sérfræðinga frá íslensku fyrirtækjunum CCP og dohop kynna hvernig Python nýtist í þeirra starfsemi og hjálpar þeim við að vera í fremstu röð meðal íslenskra tæknifyrirtækja.

Ekki missa af einstöku tækifæri til að kynna þér framtíðina í Python-forritun.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Skráningu þarf að skila á netfangið python@ccp.is fyrir hádegi 12. janúar.

Nánari upplýsingar á www.ccp.is/python



CHEVY CHASE Gamanleikarinn fór í meðferð á níunda áratugnum vegna fíknar í verkjalyf.

Chase fór í meðferð

Gamanleikarinn Chevy Chase fór í meðferð á níunda áratugnum vegna fíknar í verkjalyf. Fór hann í meðferð á Betty Ford meðferðarheimilið eftir að hafa lesið um að Betty, eiginkona Bandaríkjaforsetans fyrrverandi Gerald Ford, hefði farið í meðferð vegna áfengissýki.

„Ef það hefði ekki verið vegna hugrekks hennar, að viðurkenna áfengisvandamál sitt, hefði ég aldrei fengið þá hjálp sem ég þurfti,“ sagði Chase.

Kate Middleton, kærasta Vilhjálms prins til fjögurra ára, gæti verið bjargvættur Buckingham-hallar en bresku fjölmiðlarnir kalla hana „hina nýju prinsessu fólksins“.

Breskir fjölmiðlar hafa að undanfögnu líkt Kate við hina elskuðu móður Vilhjálms, Díönu prinsessu. Sjálf segist Kate ekki gefa mikið fyrir þann samanburð sem er þó óhjákvæmilegur. Vefútgáfa Guardian skautaði yfir sviðið og bar saman fyrstu fréttirnar af Díönu og nú þá umfjöllun sem Kate hefur mátt þola. Í fyrstu virðast þær keimlíkar en að mati Gurdian virðist Kate líklegri til að lifa af glímuna við draugana í Buckingham.

Meginmunurinn á Díönu og Kate liggur í mönnunum sem komu þeim í kastljós fjölmiðla. Samband Kate og Vilhjálms er talið byggt á vináttu og virðist hafa verið ást við fyrstu sýn. Vilhjálmur fær ekki þá konunglegu meðferð sem hann er vanur heima fyrir hjá kærustu sinni því Kate hefur sést segja honum til syndanna og sagði í gamni að það væri Vilhjálmur sem væri sá heppni. Slík rómantik var ansi fjarlægur hlutur hjá Karli og Díönu á sínum tíma en til gamans má geta að hann bað hennar á heimili Camillu Parker-Bowles, núverandi eiginkonu sinnar. Þá höfðu fjölmiðlar birt lista yfir þær þrjátíu konur sem komu til greina fyrir næsta konung Bretlands, þeirra á meðal var systir Díönu.

Ævintýrið fagra um saklausu stúlkuna og kvennabósann frá Buckingham er ekki sveipað jafnmiklum dýrðarljóma og margir



ALLT TILBÚIÐ Minjagripaverslanir hafa þegar látið útbúa kaffibolla og diska sem verða tilbúnir fyrir stóra daginn.



KATE MIDDLETON Hefur heillað samlanda sína upp úr skónum og þykir líkleg til að verða næsta drottning Breta.

kynnu að halda. Fjölda ástkvenna Karls hafði verið hafnað á þeim forsendum að þær væru ekki hreinar meyjar. Slúðurbliðin reyndu allt hvað þau gátu til að reyna að finna eitthvað krassandi um ástarlíf Díönu en höfðu ekki erindi sem erfiði. Minna er vitað um samlíf Kate með öðrum karlmönnum en breska blaðið Spectator hélt því fram fullum fetum að Kate væri eins óspjölluð og verðandi drottningu sæmdi. Og þar liggja vegir Kate og Díönu saman á ný; baráttan við paparazzi-ljósmyndaranna sem biða á hverju götuhorni og fjölmiðla sem leggja sig í líma við að grafa upp eitthvað „óheppilegt“ úr fortíðinni. Karl Bretaprins hefur séð sig neyddan til að taka í taumana og biðlaði nýverið til fjölmiðla um að þeir sýndu Kate Middleton meira næði en Díönu. Karl vonast vafalítið til þess að þurfa aldrei aftur að heyra

eitthvað í líkingu við lýsingu Díönu prinsessu á hirðlífinu og fjölmiðlum. „Þetta er farið úr böndunum. Ég finn miklu meira fyrir einveru heldur en vanlíðan,“ sagði Díana, buguð af kastljósinu.

Þegar öllu er á botninn hvolft binda Bretar miklar vonir við Kate sem arftaka Díönu, manneskju sem hirðina hefur vantað og þjóðin hefur saknað í áratug.

freyrigja@frettabladid.is

DÍANA SPENCER Var hundelt af fjölmiðlum og nú þarf unnusta sonar hennar að þola sömu meðferð.



KARL BRETAPRINS Hefur tekið í taumana og biðlað til fjölmiðla að þeir gefi Kate smá frið.

Skrifstofuvörur á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka



148 kr.

Bréfabindi A4, 5cm og 8cm kjölur.



898 kr. pk.

Merkipennar, bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.



1.240 kr. ks.

Mopak ljósritunarpappír, 5x500 blöð í ks.



Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Við minnum ríkisstofnanir og sveitarfélög á eftirtalda rammasamninga:
RK 02.15: Ritföng og skrifstofuvörur. RK 02.01: Ljósritunarpappír.

Leikstýrir Avatar

Leikstjórinn M. Night Shyamalan ætlar að gera kvikmynd byggða á hinni vinsælu teiknimyndaseríu Avatar: The Last Airbender.

Þættirnir eru undir sterkum áhrifum frá asískri list, goðafræði og hinum ýmsu slagsmálategundum. Hafa þeir notið vinsælda hjá eldra fólki sem vanalega horfir á teiknimyndir á Nicelodeon-krakkastöðinni í Bandaríkjunum.

Shyamalan mun skrifa handritið, leikstýra og framleiða myndina og vonast menn til að úr verði þriggja mynda sería.

Þetta verður fyrsta myndin í leikstjórn Shyamalan sem er ekki byggð á hans eigin hugmynd. Síðasta barnamynd hans var Stuart Little þar sem hann var annar af handritshöfundunum.



M. NIGHT SHYMALAN Leikstjórinn virti ætlar næst að gera mynd byggða á vinsælli teiknimyndaseríu.

Framdi sjálfsvíg

Nikki Bacharach, dóttir lagahöfundarins Burts Bacharach og leikkonunnar Angie Dickinson, er látin.

Hin fertuga Nikki, sem var eina barn þeirra, þjáðist af Asperger heilkenninu. Hún lést á heimili sínu í Kaliforníu.

Burt Bacharach var kvæntur Dickinson á árunum 1965 til 1981. Hann á þrjú önnur börn úr fyrra hjónabandi. Á meðal þekktustu laga hans eru Raindrops Keep Falling on My Head og What the World Needs Now is Love.



NIKKI OG ANGIE Dóttir Burts Bacharach og Angie Dickinson er látin, fertug að aldri.

Notaðir bílar. Físlétt kaup - engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 3 daga. Komdu strax.

Engin útborgun

Lægra verð. Lægri afborgun.*
Aðeins 38 bílar í 3 daga.
Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Nýttu þér tilboðin
Tökum notaðan uppí notaðan

Engin útborgun - afborgun undir 21.000 kr. á mánuði

14.046 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



18.247 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



19.275 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



20.641 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.



Engin útborgun - afborgun 21.000 - 35.000 kr. á mánuði

21.030 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.



24.443 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



28.431 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



31.494 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.



Engin útborgun - afborgun 35.000 - 51.000 kr. á mánuði

41.958 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 24 mánuði.



43.680 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



43.680 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



50.478 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



Engin útborgun - afborgun yfir 51.000 kr. á mánuði

52.396 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



54.140 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



56.094 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



57.646 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.



Þú vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfrýrtækis.

Nýtt í bíó

Toppmyndin á Íslandi í dag!

KÖLD SLOÐ

★★★★☆
"Köld slóð er afbragsskemmtun, góð og spennandi sakamála-saga. Vel gert."
DÚJ.Kvikmyndir.com

★★★★★
VJV TOPP5.IS

KAUPPING
20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kauppings ef greitt er með korti frá Kauppingi

FRETТАBLAÐID
LUXUS

LITTLE MISS SUNSHINE

Ath: Ekkert hlé á myndum Græna ljóssins.

FRETТАBLAÐID

græna ljósið

ÞEGAR MYRKRIÐ SKELLUR Á... HEFT ÆVINTÝRÍÐ!

★★★
S.V. MBL

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND BYGGÐ Á MAGNADRI METSÖLUBOK

eragon

spron

Frábær ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna!
★★★
H.J. MBL

L

AVANTÜR OG MINIMOARNIR

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

LITTLE MISS SUNSHINE	Kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLOÐ	Kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA
SÝND LUXUS	Kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	Kl. 3.45 og 5.50
ERAGON	Kl. 3.30 og 5.45 B.I. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	Kl. 10.15 B.I. 14 ÁRA
BORAT	Kl. 10.40 B.I. 12 ÁRA
MYRIN	Kl. 8 B.I. 12 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGINN Á **midi.is**

REGNBOGINN Sími 551 9000

LITTLE MISS SUNSHINE	Kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLOÐ	Kl. 5.50, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	Kl. 6
TENACIOUS D	Kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA
CASINO ROYALE	Kl. 8 B.I. 14 ÁRA
MYRIN W.ENGLISH SUBTITLES	Kl. 5.50 B.I. 12 ÁRA

450 kr. í bíó!
Gæði á öllum spjaldum í borgarabíói með reglu

Borgarabíó Sími 462 3500

KÖLD SLOÐ	Kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	Kl. 6
TENACIOUS D	Kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
ERAGON	Kl. 6 B.I. 10 ÁRA

midi.is
U+ Rødgry
RØDGRY
TIX
BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS
BÍÓ • bara lúxus

Clare Cloak Jessica Simpson Zoo Desquard

X **EGG**

L **GEGGJUD GRÍNMYND**
Employee of the Month
FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS
Sýnd kl. 6, 8 og 10.10

MYND EFTIR LUC BESSON
FARAR KYRSTYNNIN
FYRIR ALLA FÖLSKYLDVA
ARTÚR OG MINNIÞAKINN **L**
Sýnd kl. 6 ÍSL TAL

JACK BLACK • KYLE GASS
TENACIOUS D
IN THE PICK OF DESTINY
GEGGJUD TÓNLIST
Sýnd kl. 6, 8 og 10.30 **bj. 12**

★★★★★ **L**
GEGGJUD
★★★★★
Bj. 12
Comen Dan Car Windo Jack Lee Jack Black
the Holiday
Sýnd kl. 10.10
MÍÐASALA ÖPNAR KL. 5.30

www.laugarasbio.is



MICHAEL STIPE Stípe og félagar í R.E.M. verða innvígðir í Frægðarhöll rokksins hinn 12. mars.

R.E.M., Van Halen og Patti Smith valin

Hljómsveitirnar R.E.M., Van Halen, The Ronettes, Grandmaster Flash and the Furious Five og söngkonan Patti Smith verða innvígð inn í Frægðarhöll rokksins í New York hinn 12. mars.

Sex hundruð manns úr tónlistarbransanum sáu um valið. Til að eiga möguleika á að komast í Frægðarhöllina þurftu listamennirnir að hafa gefið út sína fyrstu smáskifu eða plötu fyrir að minnsta kosti 25 árum.

„R.E.M. og sérstaklega ég sjálf-ur eigum mjög erfitt með að horfa til baka,“ sagði söngvarinn Michael Stipe. „Við sem hljómsveit lítum stöðugt fram á við og þess vegna er það frábært að einhver, sérstaklega þó Frægðarhöll rokkissin, horfi til baka og kunni að meta það sem við höfum gert. Það er mikill heiður að þeir skuli hafa hugsað til okkar,“ sagði hann.

R.E.M. vakti mikla athygli með sinni fyrstu plötu, *Murmur*, árið 1983 þar sem sérstæður stíllinn var áberandi. Í framhaldinu varð sveitinn ein sú vinsælasta í heimi með lögum á borð við *Losing My Religion* og *Everybody Hurts*.

Stipe segir að vinkona sín, Patti



PATTI SMITH Patti hélt vel heppnaða tónleika hér á landi á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Smith, sem hélt tónleika hér á landi í fyrra, hafi hringt í sig og óskað sér til hamingju. Sagðist hann hafa ákveðið að hefja tónlistarferil eftir að hann heyrði tónlist Smith fyrst á áttunda áratugnum. „Það var frábært að geta óskað henni til hamingju á móti.“

Kemur The Police saman aftur?

Orðrómur er uppi um að hljómsveitin The Police ætli að koma saman á nýjan leik á þessu ári með tónleikahaldi í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Á þessu ári verða þrjátíu ár liðin frá því að eitt vinsælasta lag sveitarinnar, Roxanne, kom út. Var það jafnframt fyrsta lagið sem vakti athygli á The Police í Bandaríkjunum. Hljómsveitin hætti störfum árið 1986.

„Við getum staðfest að það verður eitthvað sérstakt gert í tilfni af þessu en það er óákveðið hversu mikið hljómsveitin verður viðloðandi verkefnið,“ sagði á heimasíðu söngvarans Sting.

Til stendur að gefa út DVD-mynddisk með The Police á árinu auk þess sem safnbox með öllum hljóðversupptökum sveitarinnar og sjaldheyrðu efni er væntanlegt.

The Police, sem hætti störfum árið 1986, hefur tvisvar komið



STING Fyrrum hljómsveit Sting, The Police, ætlar hugsanlega að koma saman á nýjan leik.

fram síðan þá. Fyrst var það í brúðkaupi Sting árið 1992 og síðan fyrir þremur árum þegar sveitin var innvígð í frægðarhöll rokksins.

Í viðræðum vegna Eurovision

Morrissey, fyrrum söngvari The Smiths, verður hugsanlega fulltrúi Bretlands í Eurovision-söngvakeppninni í ár.

Morrissey lýsti fyrst yfir áhuga á að taka þátt í



keppninni
eftir að lag
Bretlands,
Teenage Life,
lenti í fimmta
MORRISSEY Tón-

MORRISSEY ÞÓTT listarmaðurinn Morrissey er í viðræðum við BBC um að taka þátt í Eurovision.

neðsta sæti á síðasta ári. „Ég fylltist hryllingi en var samt ekki undrandi á því að lagið skyldi ekki ná langt,“ sagði Morrissey. „Hvers vegna báðu þau mig ekki um að taka þátt?“

Breska ríkisútvarpið, BBC, virðist hafa tekið Morrissey á orðinu því það hefur staðfest að það eigi í viðræðum við hann um að semja og hugsanlega flytja lagið í ár.

Morrissey, sem er 47 ára, sló í gegn með hljómsveitinni The Smiths á níunda áratugnum. Eftir að sveitin hætti árið 1987 hóf hann sólóferil sem hefur heppnast vel. Alls hefur hann komið tíu smá-

Valtýr skiptir um lið

„Ég er alfar sáttur,“ segir íþróttarfréttamaðurinn knái, Valtýr Björn Valtýsson, en hann hefur verið ráðinn til útvarpssviðs 365 miðla og mun útvarpsmaðurinn stjórna íþróttætti á X-inu 977. „Hann verður með svipuðum hætti og Mín skoðun á XFM en eitthvað breyttur þó,“ segir Valtýr sem kvaðst glaður yfir því að vera kominn aftur á fornar slóðir en hann var lengi á mála hjá Bylgjunni sem er í sama húsi og rokkhundarnir á X-inu.

Valtýr var einn þeirra fjölmörgu sem neyddust til að taka

sitt hafurtask þegar útvarpsstöðvunum XFM og Kiss FM var lokað um áramótin. Hann telur sig vera kominn á réttan stað enda sé stutt yfir til sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar sem nýlega eignaðist sýningarréttinn á enska boltanum en Valtýr hefur undanfarin ár lýst leikjum úrvalsdeildarinnar á Skjáspott og virðukennir að þessi staðreynd hafi óneitanlega kitlað. „Meginástæðan er samt sú að við heyrumst út um allt land og það skiptir mig miklu máli,“ segir Valtýr.

- fgg



VALTÝR BJÖRN Er genginn til liðs við rokkhundana á X-inu 977.



SCOOBY-DOO Úr kvikmyndinni Scooby-Doo sem var gerð eftir teiknimyndunum.

Teiknaði Scooby-Doo

Bandaríski teiknarinn Iwao Takamoto, sem teiknaði hundana Scooby-Doo og Muttley, er látinn 81 árs gamall. Hann teiknaði ýmsar persónur úr þáttunum The Flintstones og The Jetsons þegar hann starfaði fyrir fyrirtækið Hanna-Barbera.

Takamoto átti einnig þátt í hönnun kvikmynda á borð við Pétur Pan, 101 Dalmatíuhundur og Öskubuska. Spannaði starfsferill hans rúma sex áratugi.

skífum á topp tíu-listann í Bretlandi.

Morrissey hefur áður verið orðaður við Eurovision-keppnina, eða þegar hann starfaði með fyrsta sigurvegvara Bretlands í keppinni, Sandie Shaw, á níunda áratugnum. Til þess að komast í úrslitin þarf kappinn þó fyrst að komast í gegnum undankeppnina. Á meðal þeirra sem hafa döttið úr keppni þar í gegnum tíðina eru Antony Costa, fyrrum söngvari strákabandsins Blue, og ofurfyrrisætan Jordan.

Næsta Eurovision-keppni verður haldin í Finnlandi í maí, heimalandi síðustu sigurvegara, Lordi.

Nám til framtíðar kvikmyndaskoli.is

Will FerrellMaggie GyllenhaalDustin HoffmanQueen LatifahEmma Thompson

Stranger than Fiction

FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG
SNIDUG GAMANMYND...

...SEM KEMUR ÖLLUM Í GOTT SKAP Á NÝJU ÁRI

EKKI MISSA AF
MEST SLÁANDI
OG EINNI
ÁHRIFAMESTU
KVÍKMYND ÁRSINS.

★★★★★
HJ.MBE
★★★★★
RAS 2

Children of men

T6

KÖLD
SLÓÐ

SYND I
HÁSKÓLABÍÓ

SAMBIÓIN

GEGGJUÐ GRÍNMYND

Employee of the Month

FRÁ FRAMLEIÐENDUM
WEDDING CRASHERS

Mynd eftir Óskarsverðunahafinum Clint Eastwood.
Flags of our Fathers

the Holiday

HAPPY FEET

Háskólabíó					
KÖLD SLÓÐ	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B. 16	DÉJÁ VU	kl. 8 - 10:30	A. 16
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B. 16	THE DEPARTED	kl. 7:40 - 10:30	B. 16
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 6 - 9	B. 16	BOSS OF IT ALL	kl. 5:30	B. 17
FRÁIR FÆTUR	kl. 5:40	Leyð			

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA						
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	Leyð	FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal.	kl. 3:20 - 5:40	Leyð
STRANGER THAN FICTION	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	Leyð	FRÁIR FÆTUR	VIP	kl. 3:20 - 5:40	
STRANGER THAN FICT..	VIP	kl. 8 - 10:30	HAPPY FEET	M/- Enska tal.	kl. 3:20 - 5:40	Leyð
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:30	B. 16	DÉJÁ VU		kl. 8 - 10:30	B. 12
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	B. 16	SKOLAÐ Í BURTU	M/- Ísl. tal.	kl. 3:20	Leyð

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI					
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:20	Leyð			
THE CHILDREN OF MEN	kl. 10:20	B. 16			
FRÁIR FÆTUR	M/- Ísl. tal.	kl. 5:40	Leyð	DIGITAL	
HAPPY FEET	M/- Enska tal.	kl. 5:40 - 8	Leyð	DIGITAL	
DÉJÁ VU	kl. 10:30	B. 16	DIGITAL		
THE HOLIDAY	kl. 8	B. 17			

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK					
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 8 - 10:10	Leyð			
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8	B. 16			
SAW 3	kl. 10:30	B. 16			

SAMBÍÓIN / AKUREYRI					
STRANGER THAN FICTION	kl. 8	Leyð			
HAPPY FEET	M/- Ísl. tal.	kl. 6	Leyð		
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40 - 8	B. 16			

Skráðu
þig á

SAMbio.is

Munið VISA tilboðið á miðvikudögum í janúar

Þeir sem greiða með VISA kreditkorti fá tvo miða á verði eins í SAMbíóin og Háskólabíó á miðvikudögum í janúar

Góða skemmtun

SAMBÍÓIN

Háskólabíó

VISA

* GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM, EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG EKKI Í VIP

Kynnið
ykkur
myndir
sýningar
tíma
og fleira á
SAMbio.is

Aðalnörd 10. ára-tugarins snýr aftur

EKKI láta spaugileg „90“s“ kvöld vinar míns Curvers plata ykkur. Þó svo að nostalgia yngri kynslóða snúist yfirleitt um það að gera því hátt undir höfði sem miður fór í tónlist á síðasta áratug og þau kvöld séu full af Aqua, 2Unlimited og öðrum viðbjóði sem fáir myndu leggja á sig að hlusta á edrú var tíundi áratugarinn líka fullur af frábærri tónlist.

Á þeim árum gátu líka kraftaverkin enn gerst í tónlistarbransanum. Þvengmjóir nördar með þykk gleraugu sem kunnu lítið að syngja og höfðu útlitið svo sannarlega ekki með sér gátu þá orðið poppstjörnur. Pulp var sönnun þess að ef þú gast samið sæmilega sméðjuleg popplög var nóg að vera orðheppinn og frumlegur til þess að slá í gegn. Gæti einhver eins og Jarvis Cocker

TÓNLIST
Jarvis
Jarvis Cocker
★★★
Hann tók sinn tíma, en fyrsta sólóplata Jarvis Cocker veldur engum vonbrigðum. Heldur í Pulp-hefðina og kryddar sæmilegar poppsmiðar með afbrigðs textum.

orðið stjarna á nútíma poppmarkaði? Yrði honum ekki bara alltaf ýtt til hliðar af brjóstaskorum og vel snyrtum glaumgosum? Svo látin dúsa í skugga „öndergránd“-stöðva, hvað sem það nú þýðir!?

Það hefur nú ekki farið mikið fyrir Pulp síðustu ár, og því kannski ekkert undarlegt að við höfum ekki orðið mikið vör við útgáfu fyrstu sólóplötu forsprakkans skemmtilega. Það eru nú ekki margar stjórnur sem hafa þolinmæði til þess að biða með útgáfu fyrstu sólóplötunnar til 43 ára aldurs, en Jarvis virðist ekkert hafa verið að flýta sér. Hann er stórkostlegur textahöfundur, þannig er það bara. Honum bregst heldur ekkert bogalistin á þessari plötu sinni. Textar á borð við I Will Kill Again, sem inniheldur afbrigðs lýsingu á nútíma einverumanni, sýna vel að hann getur ennþá kreist upp fersk yrkisefni. Í öðru lagi heldur Jarvis því svo fram að spikfeit börn hafi rænt lífi hans. Við skulum vona að hann sé nú ekki að syngja um eigin afkvæmi.

Tónlistin gæti þess vegna verið flutt af Pulp. Jarvis gerir engar tilraunir til þess að finna sér nýjan hljóðheim á sólóferlinum. Þar finnst mér hann gera svolítið lítið úr hljómsveitinni. Í þessu felst stærsti galli plötunnar. Vegna þess að lögin hljóma eins og Pulp, er ekkert annað hægt en að miða þau við þá sveit. Þá skynjar maður það fljótlega að nýju lögin eru hvergi jafn fersk og gripandi og þau gömlu voru, þó þau vinni vissulega á við ítrekaða hlustun. Eftir stendur að fyrsta sólóplata Jarvis hljómar örlítið eins og hún sé full af afgangslögum frá Pulp. Samt ótrúlega gott að heyra í kauða aftur. Heyr, heyr, lífi Jarvis.

Birgir Örn Steinarrsson

AMPOP Hljómsveitin Ampop heldur ferna tónleika í Bandaríkjunum um næstu mánaðamót.

Fóru í viðtal hjá Playgirl

Hljómsveitin Ampop er í viðtali í nýjasta tölublaði erótíska tímaritsins Playgirl. Þar er sveitin sögð ein af þeim sem eru líklegar til árangurs á árinu 2007 í grein sem ber yfirskriftina „Northern Exposure“.

„Við þóttum tilvalið efni í þetta blað,“ segir Kjartan Friðrik Ólafson, hljómborðsleikari Ampop, í léttum dúr. „Við kynntumst stelpu á Airwaves-hátíðinni og hún vildi endilega að við töluðum eitthvað við Playgirl. Við erum samt dannaðir þar eins og alls staðar annars staðar en ég man samt ekki eftir því að annar Íslendingur hafi birst í Playgirl. Þetta er nú bara umfjöllun um bandið og ekki verið að gera mikið úr kynþokka okkar, nema kannski Bigga söngvara. Þar er verið að leggja merkingu í gælunafn hans, Biggi,“ segir Kjartan og

hlær. „Þetta er meira hugsað sem kynning og þarna er verið að fjalla um skandinavísk bönd.“

Tónleikaferð um Bandaríkin
Ampop mun halda ferna tónleika í Bandaríkjunum um næstu mánaðamót. Hinn 30. janúar spilar sveitin á Cinespace í Hollywood og kvöldið eftir verður hún á Silverlake Lounge í Los Angeles. Fimmta og sjötta febrúar spilar Ampop síðan á TBA og Pianos í New York. „Markmiðið með þessari ferð til Bandaríkjanna er að kynna þessar fínu plötur sem við eigum. Vonandi finnum við einhvern farveg fyrir okkur þarna,“ segir Kjartan.

Vonandi skemmtilegra
Ampop spilaði síðast í Bandaríkjunum árið 2005 þegar hún tróð upp

á South by Southwest-hátíðinni í Texas. Eftir það hélt sveitin tónleika í Kanada en kom við í millitíðinni í New York til að spila á Pianos. „Við fengum þokkalega fínar viðtökur en gíggið á Pianos var reyndar ekkert sérstakt,“ segir Kjartan um síðustu ferð. „Ég vona að það verði skemmtilegra í þetta skiptið.“

Biðstaða í Bretlandi
Hvað varðar Bretlandsmarkað segir Kjartan að hlutirnir séu í biðstöðu þar en stefnan sé tekin á að fara þangað út til að kynna nýjustu plötu Ampop, Sail to the Moon, sem kom út fyrir síðustu jól og fékk góðar viðtökur.

freyr@frettabladid.is

PLAYGIRL Ampop er í viðtali í nýjasta tölublaði Playgirl.

> Dómaramál í hnút

Knattspyrnudómarar funduðu með framkvæmdastjóra KSÍ í gær vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í málum dómara sem eru samningslausir og munu ekki dæma leiki á vegum KSÍ fyrr en skrifað verður undir nýja samninga. Dómarar fara fram á umtalsverður kjarabætur sem KSÍ hefur ekki viljað verða við hingað til. Magnús Þórisson, formaður deildadómara, sagði við Stöð 2 í gær að fundurinn hefði verið jákvæður en hann gat ekki sagt að fundurinn hefði skilað öðru en nýjum fundi. Annars virðist vera kergja á milli dómara og KSÍ en Gylfi Orrason, fyrrum milliríkjadómari, sendi KSÍ tóninn í kvöldfréttum Stöðvar 2 vegna mála Kristins Jakobssonar.

sport
sport@frettabladid.is



LOGI GEIRSSON HANDBOLTAKAPPI: ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM PESSA DAGANA OG KEMST EKKI Á EIGIN TÓNLEIKA

Leitað að staðgengli á gítarinn fyrir Loga

Lifið leikur við lífskústnerinn og handboltakappann Loga Geirsson þessa dagana en hann situr ekki auðum höndum frekar en fyrri daginn. Hann spilar sem atvinnumaður hjá þýska félaginu Lemgo þar sem hann er lykilmáður. Samhliða atvinnumennskunni er Logi í fjarnámi á Bifröst en hann var að klára prófin í skólanum í gær. Logi er í viðskiptafræðinni en hann hefur löngum haft áhuga á henni. Svo er hann einnig gítarleikari í stórhljómsveitinni Be Not sem gaf út frægt lag sem lengi heyrðist er fólk fór inn á heimasíðu Loga, logi-geirsson.de. Sveitin sú heldur tónleika í flugsýli á föstudaginn kemur en Logi getur ekki leikið með að þessu sinni þar sem hann er upptekinn með handboltalandsliðinu.

„Ég verð bara með næst. Annars verður þetta fjór enda er stefnan á að frumflytja ný lög á tónleikunum,“ sagði Logi hress að vanda en leit að staðgengli fyrir hann á gítarinn stendur yfir. Hvaða gítarleikari á Íslandi getur eiginlega fyllt skarð Loga Geirssonar?



„Þegar stórt er spurt. Ég veit það ekki en leit stendur yfir.“ Ótryggar heimildir Fréttablaðsins herma að hafi verið samband við Smára „Tarí“ Jóseppson sem liggja undir feldi en sé eitthvað stressaður enda erfitt að leysa mann á borð við Loga af hólmi.

Logi stóð sig mjög vel með landsliðinu á æfingamótinu í Danmörku um síðustu helgi en gat ekki leikið eins mikið í síðasta leiknum þar sem hann var stífur í kálfunum. „Það er búið að vera mikið álag og maður vill ekki taka neina áhættu. Stefnan er að toppa í Þýskalandi og ég er bjartsýnn á að það náist. Ég held ég hafi aldrei verið í betra formi og get ekki beðið eftir HM,“ sagði Logi sem missti af EM í Sviss vegna meiðsla. „Það kemur ekki fyrir aftur. Ég verð 100% með núna.“

Logi sagði að það færi vel með atvinnumennskunni að vera í fjarnámi og sagði hann vel hafa gengið á fyrstu önninni á Bifröst. „Stefnan er að klára námið á fjórum árum. Þetta hentar mér vel og ég finn mig vel í þessu. Lifið leikur við mig þessa stundina og ég er mjög hamingjusamur,“ sagði Logi einlægur eins og venjulega.

Niðurlægning á Anfield

Arsenal niðurlægði Liverpool á heimavelli þeirra síðarnefndu í gær er liðin mættust í deildarbikarnum. Leikurinn var veisla fyrir stuðningsmenn gest-

FÓTBOLTI Liverpool tók á móti Arsenal á Anfield í annað sinn á skömmum tíma þegar liðin mættust í enska deildarbikarnum. Liðin mættust um síðustu helgi í enska bikarnum en þá fór Arsenal með sætan sigur af hólmi, 1-3. Það voru talsvert breytt lið sem mættu til leiks í gær enda hafa stóru liðin þann síðinn á að gefa minni spámönnum tækifæri í deildarbikarnum sem nýtur ekki sömu virðingar og sjálf bikarkeppnin. Það dró ekki úr skemmtanagildi leiksins og áhorfendur sáu nú góð mark í 3-6 sigri Arsenal.

Arsenal komst yfir eftir 27. mínútna leik í gær þegar Frakkinn Jeremie Aliadiere komst einn í gengum vörn Liverpool. Jerzy Dudek varði skot hans en boltinn hrökk aftur fyrir fætur Aliadiere sem var ekki vandræðum með að koma tuðrunni yfir endalínuna.

Markið hleypti miklu lífi í leikinn og aðeins nokkrum mínútum síðar fiskaði Robbie Fowler aukaspurnu rétt fyrir utan vítateig Arsenal. Hana tók Aurelio og gott skot hans var vel varið af Almunia í marki Arsenal. Boltinn hrökk út í teiginn og hann var síðan sendur á Robbie Fowler sem laumaði boltanum laglega yfir línuna með hælnum.

Fjórði var svo sannarlega ekki á enda því Brasilíumaðurinn Julio Baptista skoraði stórkostlegt mark beint úr aukaspurnu þegar fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleiknum. Martröð Jerzy Dudek, markvarðar Liverpool, var fullkomnuð í uppbótartíma



GLEÐI, GLEÐI Julio Baptista fagnar hér einu af fjórum mörkum sínum í leiknum í gær með Kolo Toure.

fyrri hálfleiks þegar glórulaust úthlaup hans eftir hornspyrnu gerði það að verkum að Alexander Song kom boltanum yfir línuna. Þegar leikmenn voru að gera sig klára fyrir teið í hálfleik kom hreint út sagt frábær sókn hjá Arsenal þar sem vörn Liverpool var leikin sundur og saman og Baptista batt endahnúttinn á með því að leggja boltann í netið. 1-4 og Jerzy Dudek búinn að fá sjö mörk á sig í þrem hálfleikjum gegn Arsenal.

EKKI batnaði ástandið hjá Liverpool í síðari hálfleik. Jerzy

Dudek nældi reyndar í smá sjálfs-traust þegar hann varði vítaspurnu frá Baptista en það sjálfs-traust fór skömmu síðar þegar Baptista skoraði með langskoti og fullkomnaði þar með þrennuna. Steven Gerrard svaraði með laglegu marki nokkru síðar. Sami Hyypia, sem hafði átt ömurlegan leik, bætti örliði fyrir það með marki tíu mínútum fyrir leikslok en Baptista stráði síðan salti í sárin með sínu fjórða marki og sjötta Arsenal eftir frábæra skyndisókn.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna:

GRÓTTA-STJARNAN	20-26 (7-16)
Mörk Gróttu (skot): Natasa Damilijanovic 8/4 (10/6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6 (9), Ragna Karen Sigurðardóttir 3 (4), Þórunn Friðriksdóttir 2 (7), Arndís María Erlingsdóttir 1 (4), Kristín Þórardóttir (1), Sandra Paegle (1), Hera Bragadóttir (1), Eva Margrét Kristinsdóttir (3).	
Varin skot: Iris Björk Simonardóttir 9/1.	
Hraðaupphlaup: 3 (Ragna Karen 1, Þórunn 1, Anna Úrsúla 1).	
Fiskuð víti: 6 (Anna Úrsúla 2, Eva Margrét 1, Þórunn 1, Damilijanovic 1).	
Útan vallar: 0 mínútur.	
Mörk Stjörnunnar (skot): Kristín Guðmundsdóttir 6 (10), Kristín Klausen 4 (5), Anna Bryndís Blöndal 4 (5), Rakel Bragadóttir 4/2 (8/2), Elisabet Gunnarsdóttir 3 (6), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 3 (8), Alina Petrache 1 (1), Ásdís Sigurðardóttir 1 (1).	
Varin skot: Florentina Grecu 12/1, Helga Vala Jónsdóttir 1/1.	
Hraðaupphlaup: 7 (Kristín St. 2, Elísabet 2, Kristín C. 1, Anna 1, Ásdís 1).	
Fiskuð víti: 2 (Elísabet 2).	
Útan vallar: 10 mínútur.	
AKUREYRI-FRAM	13-19
VALUR-HK	29-29

STADA EFSTU OG NÆSTU LIÐA:

VALUR	10	8	1	1269:225	17
GRÓTTA	11	8	0	3286:254	16
STJARNAN	9	7	0	2284:194	14
HAUKAR	11	7	0	4319:270	14
HK	10	3	0	7258:309	6
FH	11	2	1	8241:295	5
AKUREYRI	10	0	0	10190:283	0

Lýsingarbikar karla:

ÍR-SKALLAGRÍMUR	92-88
Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 32 (4 varin), Nate Brown 17 (9 frák., 7 stoðs.), Steinar Arason 15 (5 af 6 þriggja stiga niður), Eiríkur Ónundarson 8, .	
Stig Skallagrims: Darrel Flake 25 (13 fráköst), Jovan Zdravovski 18 (4 varin, 4 stoðs.), Axel Kárasen 15, Dimitar Karadovski 8 (7 stoðs.).	
FSU-KEFLAVÍK	77-117
Enski bikarinn:	
LIVERPOOL-ARSENAL	3-6
Fowler, Hyypia, Gerrard - Baptista 4, Song, Aliad.	
READING-BURNLEY	3-2
Lita, Long, Sodje - Akinbyi, O'Connor.	

Hitablásarar

Hinir einu sönnu
MASTER®
hitablásarar

ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

SIAL HITABLÁSARAR

Hágæða rafmagns- og steinolíublásarar



Margar stærðir og gerðir
- hagstætt verð

MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · 110 Reykjavík
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

Stjarnan vann góðan sigur á Gróttu í DHL-deild kvenna í gærkvöldi:

Frábær fyrri hálfleikur nóg

FÓTBOLTI Stjarnan vann mikilvægan útisigur á Gróttu í DHL-deild kvenna í gærkvöldi þar sem liðið skoraði jafn mörg mörk í fyrri hálfleik og öllum síðasta leik sínum þar sem liðið tapaði illa fyrir toppliði Vals. Forystan í hálfleik var níu mörk og fátt sem ógnaði henni í síðari hálfleik þó svo að leikmenn Gróttu hafi bætt leik sinn heilmikið.

Varnarleikur Stjörnunnar skóp fyrst og fremst sigurinn. Bæði lið hófu reyndar leikinn af miklum krafti en sterk vörn og kröftug markvarsla Stjörnunnar í fyrri hálfleik gerði það að verkum að liðið skoraði mikið af hröðum mörkum og dró þar með kjarkinn úr heimamönnum. Það sást best á því að sóknarleikur Gróttumanna var afar tilviljanakenndur fyrir leikhlé og tapaði liðið boltanum í gríð og erg vegna klaufamistaka. Markvarsla var líka sama og engin og ekki fyrr en í síðari hálfleik sem Iris Björk markvörður fór í gang.

Gestirnir fóru reyndar illa að ráði sínu í upphafi síðari hálfleiks og skoruðu ekki nema þrjú mörk á



EITT AF FJÓRUM Anna Bryndís Blöndal skorar eitt marka sinna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fyrsta stundarfjórðungnum. En munurinn var einfaldlega of mikill til að heimamenn næðu að ógna forskoti þeirra.

„Miðað við síðasta leik er ég mjög ánægður,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsen, þjálfari Stjörnunnar.

„Varnarleikur okkar var frábær í fyrri hálfleik og við fengum fullt af góðum hraðaupphlaupum upp úr því. Svo létum við boltann ganga vel í sóknarleiknum og skyttarnar okkar voru heitar. Kristín Guðmundsdóttir þá sérstaklega í fyrri hálfleik og svo kom Jóna Margrét með mjög mikilvæg mörk í þeim síðari. En það var liðsheildin fyrst og fremst sem var frábær. Við vorum lengi í gang í seinni hálfleik en okkar leikmenn sýndu mikinn karakter með því að hleypa þeim aldrei nær en 5-6 mörkum og við kláruðum leikinn að mér fannst mjög skynsamlega.“

Stjarnan hefur einungis tapað fyrir Val í deildinni, nú síðast á heimavelli og segir Aðalsteinn að ólíkt þeim leik hafi leikmenn Stjörnunnar sýnt gegn Gróttu hvað þær kunna í handbolta. „Okkur er spáð mikilli velgengni og við viljum standa undir þeim væntingum. Það hefði verið slæmt að tapa öðrum leiknum í röð, sérstaklega vegna þess að Valur er búinn að vinna síðustu átta leiki sína fyrir gærkvöldi.“

- esá



GÓÐAR SENDINGAR Martin Thuesen mun stjórna sóknarleik Snæfells í úrslitakeppninni.

Martin Thuesen til Snæfells:

Ekki lengi að ákveða sig

KÖRFUBOLTI Martin Thuesen mun spila með Snæfelli í Iceland Express-deild karla og spilar sinn fyrsta leik með liðinu gegn Þór í Þorlákshöfn 1. febrúar næstkomandi. Thuesen stóðst læknisskoðun í gær og er væntanlegur til Íslands í næstu viku. Þetta er gleðiefni fyrir Hólmara en þjálfari liðsins, Geof Kotila, og Martin unnu saman þrjá stóra titla með Bakken Bears, danska meistaratitilinn 2004 og 2005 og danska bikarmeistaratitilinn 2005.

„Ég sé fram á að fá að spila aftur og vonast til að geta hjálpað mínu liði í lokaúrslitin líkt og þrjú sl. ár. Þegar ég fékk aftur tækifæri til að spila undir mínum fv. þjálfara, Geof Kotila, þurfti ég ekki langan umhugsunarfrest,“ sagði Martin Thuesen í gær í samtali við heimasíðuna danskba-sket.dk.

Graeme Souness:

Reynir að kaupa Úlfana

FÓTBOLTI Graeme Souness staðfesti í gær að hann væri búinn að gera 20 milljóna punda tilboð í Wolves, eða Úlfana eins og liðið er iðulega kallað hér á landi.

Félagið neitar því að hafa fengið tilboð frá Souness sem skilur ekkert í þeim viðbrögðum. „Ég veit ekki af hverju þeir hafna þessum fréttum. Ég gerði tilboð í síðustu viku með fyrirvara um skoðun á bókhaldi félagsins en það tilboð er í kringum 20 milljónir punda,“ sagði fyrrum leikmaðurinn og knattspyrnu-stjórinn.

- hbg

Lyfjaeftirlit ÍSÍ:

Íshökkímaður féll á lyfjaprófi

LYFJAMÁL Íshökkímaðurinn Brynjar Freyr Þórðarson, leikmaður Bjarnarins, hefur verið dæmdur í tveggja ára bann eftir að hafa fallið á lyfjaprófi sem var tekið að loknum leik SR og Bjarnarins í ísknattleik í október síðastliðnum.

Bann Brynjars gildir til og með 28. nóvember 2008. Sýni Brynjars innihélt bæði afleiðu vefaukandi sterans Nandrolons og örvandi fíkniefnið amfetamín.

- óóþ

Körfuboltakona til Hamars:

Sjötta landið á þremur árum

KÖRFUBOLTI Kvennalið Hamars hefur fengið til sín norska landsliðsbakvörðinn Anne Flesland sem er 24 ára gömul og 174 cm á hæð. Flesland er þrátt fyrir ungan aldur orðin sjötta leikjahæsta landsliðskona Noregs en hún á að baki 38 leiki og hefur gegnt stöðu fyrirlíða landsliðsins í nokkrum þeirra.

Flesland hefur aflað sér mikillar reynslu undanfarin þrjú ár en Hamar verður sjötta liðið í sjötta landinu sem hún spilar með síðan haustið 2004.

- óóþ

Hreggviður Magnússon fór á kostum í leik ÍR og Skallagríms í bikarnum:

Getum unnið öll lið í deildinni

KÖRFUBOLTI Það var hart barist í Seljaskóla í gærkvöldi þegar Skallagrímur sótti ÍR heim í Lýsingarbikarnum. ÍR sýndi klærnar í síðari hálfleik og vann sætan sigur, 92-88.

Fyrri hálfleikur var bráðfjörugur þar sem góð sóknartilþrif sáust frá báðum liðum. Heimamenn leiddu með einu stigi, 27-26, eftir fyrsta leikhluta en gestirnir voru komnir með eins stigs forystu í leikhléi, 50-51.

Darrell Flake var sprækur í fyrri hálfleiknum og skoraði 17 stig og Axel Kárason byrjaði vel með 10 stig í fyrsta leikhluta. Hreggviður Magnússon skoraði

13 stig fyrir ÍR í fyrri hálfleik þar sem Steinar Arason fór mikinn er hann skoraði 4 þriggja stiga körfur.

Vendipunktur varð í upphafi síðari hálfleiks þegar Darrel Flake fékk sína fjórðu villu og varð að hvíla. Meðan hann sat utan vallar skoraði ÍR 16 stig gegn 6 stigum Skallanna og náði yfirhöndinni. Hreggviður fór mikinn í 3. leikhluta og skoraði 17 stig en allt lið Skallagríms skoraði 13 stig á sama tíma. Staðan var 73-64 þegar einn leikhluti var eftir. Þar kom fyrirlíði ÍR, Eiríkur Öundurson, sterkur til leiks er hann skoraði átta síðustu stig ÍR

en það voru hans einu stig í leiknum. Skallarnir sóttu að heima mönnum en náðu aldrei að klóra almenninga í bakkann.

„Við erum búnir að spila toppbolta síðan við Nate Brown komum inn af fullum krafti og höfum sýnt að við getum sigrað hvaða lið sem er. Ef við höldum uppteknum hætti þá getum við hæglega skilað tveim dollum í Breiðholtið,“ sagði maður leiksins, Hreggviður Magnússon.

- hbg / - óóþ

STERKUR Nate Brown átti finan leik fyrir ÍR í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

Sýningar eru hafnar aftur á þessari umdeildu en vinsælu þáttaröð. Við fylgjumst grennt með fólki sem fær óskir sínar uppfylltar og leggst undir hnífinn í þeim tilgangi að breyta útliti sínu.

TÖFRAR LÝTALÆKNINGANNA EIGA SÉR ENGIN TAKMÖRK

Ný þáttaröð af Extreme Makeover í kvöld kl. 20:35



> PAUL GIAMATTI

Paul Edward Valentine Giamatti fæddist 6. júní 1967 og sem námsmaður lagði hann stund á ensku og listgreinar. Hann er yngstur af þremur systkinum en bróðir hans, Marcus Giamatti, er einnig leikari. Bart Giamatti, faðir þeirra, var á sínum tíma yfirmaður bandarísku hafnabolta-deildarinnar, og þá skrifaði hann sex bækur. Paul Giamatti leikur í myndinni Sideways sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á VESTFJARÐAVÍKINGINN

Heljarmenni með góðan húmor

Það getur verið stórskemmtilegt að horfa á heljarmenni takast á í aflraunakeppnum á borð við Vestfjarðavíkinginn, sem var nýverið á dagskrá í Ríkissjónvarpinu. Kraftarnir eru þandir til hins ítrasta og reyndar einum of því meiðsli eru ansi tíð í svona keppnum. Alltaf virðist einhver meiða sig og áttu tveir við slíka örðugleika að stríða í Vestfjarðavíkingnum og þurfti annar þeirra því miður frá að hverfa. Það sem gerir keppnir sem þessar að góðu sjónvarpsefni er samt ekki endilega hreysti keppenda í fallettri íslenskri náttúru heldur tilsvör þeirra að lokinni hverri keppnisgrein. Það er nánast krafist af þeim að þeir segi eitthvað fyndið því myndavélinni er iðulega skellt í andlituð á þeim meðan þeir eru enn að reyna að ná andanum. Oftasti standa þeir undir væntingum og í Vestfjarðavíkingnum gerðu þeir það langflestir. Ekki nægir nefnilega að svara með einhverjum úreltum íþróttatrösnum heldur þurfa þessir



kappar helst að segja eitthvað frumlegt í anda Jóns Páls heitis og stundum jafnvel snúa út úr orðum spyrjandans, sem í þessu tilfelli var hinn skáldmælti Samúel Örn Erlingsson.

Allt saman gekk þetta eins og í sögu og það var gaman að sjá hversu andrúmsloftið var létt hjá keppendum. Hikuðu þeir heldur ekki við að skjóta hver á annan í léttu gríni. Minntu þeir stundum á kolbrjálaða fjölbragðaglimukappa, sem er eitthvað sem gerir aflraunakeppnir sem þessar að eins vinsælu sjónvarpsefni og raun ber vitni.

VESTFJARÐAVÍKINGURINN Stefán Sölvi Pétursson vann keppnina um Vestfjarðavíkinginn á síðasta ári.

EKKI MISSA AF



► 18.00 Liar Liar Stöð 2 Bíó



► 19.40 Oprah Stöð 2



► 19.50 Chelsea - Wycombe Sýn



► 21.00 Brat Camp Sirkus



► 21.00 America's Next Top Model Skjár einn

SIJONVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Stjáni (61:65)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir (17:42)
- 18.30 Herkúles (17:28)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Bráðavaktin (21:22) (ER XII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 21.00 Nægtaborð Nigellu (4:13) (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram gimilegum krásum.
- 21.35 Úlfapýtur í úthverfi (7:8) (Suburban Shootout) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Íþróttakvöld
- 22.40 Slysíð í Tsjernobyl (Chernobyl Heart) Heimildamynd um áhrif kjarnorkuslyssins í Tsjernobyl á æsku landsins, en á þeim 20 árum sem liðin eru frá slysinu hefur tíðni skjaldkirtilskrabbameins aukist tíuþúsundfalt og 250% fleiri börn fæðast fötluð en fyrir slysíð. Fylgst er með írskri konu sem ferðast um á milli heilbrigðisstofnana til að kanna ástandið.
- 23.20 Kastljós

00.00 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Sideways (Hliðarspor)
- 08.05 Stuck On You (Óaðskiljanlegir)
- 10.00 Liar Liar (Lygarinn)
- 12.00 Shrek 2 (Skrakkur 2)
- 14.00 Welcome to Mooseport
- 16.00 Stuck On You (Óaðskiljanlegir)
- 18.00 Liar Liar (Lygarinn)
- 20.00 Sideways (Hliðarspor) Kostuleg gamanmynd sem var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna. Bönnuð börnum.
- 22.05 Dickie Roberts. Former Child Star (Dickie Roberts. Fyrrum barnastjarna)
- 00.00 Alfie
- 02.00 The Frighteners (Hræður)
- 04.00 Dickie Roberts. Former Child Star (Dickie Roberts. Fyrrum barnastjarna)

2

- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi 2005
- 09.35 Oprah (83.145)
- 10.20 Ísland í bítið (e)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.40 Neighbours
- 13.05 Amazing Race (12.14)
- 13.50 How I Met Your Mother (22.22)
- 14.10 Osbournes 3 (7.10)
- 14.35 Oliver Beene (14.14) (e)
- 15.50 Shoebox Zoo
- 16.13 Sabrina - Unglingsnornin
- 16.38 Cubix
- 17.03 Könnuðurinn Dóra
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours (Nágrannar)
- 18.18 Íþróttir og veður
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Ísland í dag
- 19.40 Oprah Spánnýr spjallþáttur með valdamestu og vinsælustu sjónvarpskonu í heimi.
- 20.25 Extreme Makeover (2.23) (Nýtt útlit) Sitt sýnist hverjum um feguraraðgerðir en af hverju má fólk ekki breyta útliti sínu ef það óskar þess?
- 21.10 Nip/Tuck (2.15) (Klippt og skor- ið) Sean og Julia taka stóra ákvörðun varðandi óbúið barn sitt. Julian og Sean lenda í vandræðum með nýja yfirmanninn og það fer að renna upp fyrir þeim hvað sala fyrir-tækisins hafði í för með sér. Bönnuð börnum.
- 22.00 Afterlife (5.8) (Framhaldslif) Kona að nafni Gemma kemur hjálparþurfi til Alison eftir að besti vinur hennar er drepinn af draugi.
- 22.50 Strong Medicine (18.22)
- 23.35 Grey's Anatomy (7.22) (Læknalíf)
- 00.20 The Closer (7.15) (Málalök)
- 01.05 Crossing Jordan (13.21) (Réttarl.)
- 01.50 Miss Marple. Murder at the Vi (Morðið á prestssetrinu) Dularfull saka-málamynd, byggð á skáldsögu eftir Agóthu Christie. Aðalhlutverk. Geraldine McEwan, Derek Jacobi, Herbert Lom, Janet McTeer.
- 03.25 How I Met Your Mother (22.22)
- 03.45 Ísland í bítið e
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 18.00 Insider (e)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Seinfeld (9.24) Georg reynir að fá Jerry til að biðjast afsökunar en hann er upptekinn af nakinni vinkonu sinni.
- 20.00 Entertainment Tonight
- 20.30 South Park
- 21.00 Brat Camp USA - NÝTT Hvað gerir þú við ungling sem að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir? Þetta vandamál þurfa níu fjölskyldur að takast á við. Þessar fjölskyldur stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákváðu að lokum að senda börnin sín í Sage Walk-skólann. Sage Walk-skólinn er staðsettur í óbyggðum Oregon og þar þurfa krakkarnir að vera í næstum tvo mánuði þar sem reynt verður að hemja reiði krakkanna og leysa vandamál þeirra. Fá áhorfendur að fylgjast með krökkunum þar sem vandamál þeirra eru greind og viðeigandi ráðstafanir teknar til að hjálpa þeim. Skólinn er ekkert grín og má líkja skólanum við boot camp þar sem krakkarnir þurfa m.a. að ganga upp fjöll með þunga bakpoka og gera fleiri erfiðar æfingar. Ná krakkarnir að róast á þessum tveimur mánuðum?
- 22.00 Sirkus Rvk
- 22.30 Pepper Dennis Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttapúllur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
- 23.20 Insider
- 23.45 Ali G - NÝTT (e) Hinn eituharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno.
- 00.10 The Loop - NÝTT (e) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann.
- 00.40 Seinfeld (9.24) (e)
- 01.05 Entertainment Tonight (e)
- 01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07.15 Beverly Hills 90210 (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.55 Melrose Place (e)
- 09.40 Óstöðvandi tónlist
- 15.35 Bak við tjöldin - Stranger than Fiction
- 16.05 Venni Páer (e)
- 16.35 Beverly Hills 90210
- 17.20 Rachael Ray
- 18.15 Melrose Place
- 19.00 Everybody loves Raymond (e)
- 19.30 The King of Queens (e) Bandarísk gamanþættir um sendibílstjórnann Doug Heffeman, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Eftir að Carrie meiðir Doug óvart reynir hann að mjólka meiðslin eins og hann getur til að losna við leiðinleg verkefni.
- 20.00 Love, Inc. Gamanþáttur um stefnumótþjónustu sem gengur alla leið.
- 20.30 Out of Practice Gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.
- 21.00 America's Next Top Model Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Nú þurfa stúlkurnar að vera sexi en það er hægar sagt en gert. Kvennaljóminn Fabio pósar með stelpunum.
- 22.00 The Real Housewives of Orange County Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Jo tapar veðmáli og verður að vera sexi við heimilisstórf-in, Kimberly ræður hundapjálfa til að fást við stjórmlausa hvuttann sinn og Vicki hefur áhyggjur af því að dóttir hennar hafi gengið of langt með kærastanum.
- 23.00 Everybody loves Raymond
- 23.30 Jay Leno
- 00.20 Close to Home (e)
- 01.10 Da Vinci's Inquest (e)
- 02.00 Beverly Hills 90210 (e)
- 02.45 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

- 18:00 Arsenal - Charlton (frá 2. jan)
- 20:00 Aston Villa - Chelsea (frá 2. jan)
- 22:00 Everton - Newcastle (frá 30. des)
- 00:00 Dagskrárlök

GRÆNMETIS- OG DESERTA NÁMSKEIÐ

SOLLU



DESERTANÁMSKEIÐ 5. og 6. febrúar Nánari upplýsingar á www.himneskt.is

Byrjendanámskeið

Námskeiðið samanstendur af fræðslu og sýniskennslu. Við erum með byrjendanámskeiðin endurbætt og einfölduð. Þar kynnum við og kennum:

- skynsamlega leið til að breyta mataræðinu
- heilsusamlegar eldunaraðferðir
- grunninn að gómsætu, fljótlegu og hollu mataræði
- allt um baunir og korn (leggja í bleyti og sjóða)
- meðhöndlun og notkun á grænmeti og ávöxtum
- sykurlausu eftirrétti
- að búa til viku matseðil

Væn uppskriftamappa ásamt fullri máltíð fylgir.

Nýtt – framhaldsnámskeið!

Frábær viðbót fyrir þá sem hafa verið á byrjendanámskeiði. Við leggjum áherslu á holla, fljótlega, bragðgóða og einfalda rétti. Þar kynnum við og kennum:

- að búa til grænmetis og baunabuff sem aldrei klikka
- að búa til grænmetisbökur, pizzur og hálfmána úr spelti
- að láta spíra, hvað er lífrænt, allt um kókosolíuna
- að búa til sykurlausu deserta
- að búa til viku matseðil

Væn uppskriftamappa ásamt fullri máltíð fylgir

Námskeiðið er eitt kvöld frá kl. 19-22. Námskeiðsdagur: 22. eða 23. janúar - almennt byrjendanámskeið. 29. eða 30. janúar - framhaldsnámskeið. Verð 4.500 kr. Kennari er Sólveig Eiríksdóttir. Skráning á www.himneskt.is.



Í KVÖLD

SIRKUS KL. 23.45

„Ali G“

Hinn eini sanni Ali G er mættur á Sirkus ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og austurrísku tiskulöggunni Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kapp-anna óþægilegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt býður upp á álíka vandræðaleg svör. Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og Bruno er á góðri leið með að bæstast í hópinn því til stendur að hann fái sína eigin blómynd eins og félagar hans frægu. Þættirnir um Ali G og féлага eru frumsýndir á þriðjudögum kl. 20.30 og endursýndir á miðvikudögum kl. 23.45. Þess má geta að höfundur þeirra þremenninga Ali G, Borats og Brunos, Bretinn Sasha Baron Cohen, hefur verið tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir túlkun sína á Borat í myndinni um hann sem sló í gegn síðla síðasta árs og er orðin ein vinsælasta gamanmynd síðari ára.



► VIÐ MÆLUM MEÐ SIDEWAYS Á STÖÐ 2 BÍÓ 20.00

Margrómuð verðlaunamynd, kostuleg gamanmynd með hádramatískum undirtóni, um vínelskandi einmana sálir í leit að hamingjunni; hinni einu sönnu ást og hinu eina sanna rauð-víni. Paul Giamatti og Thomas Haden Church fara á kostum í hlutverki tveggja féлага sem skella sér í vín-smökkunarferð á vínekrur í Kaliforníu fáeinum dögum áður en síðarnefndi, ólæknandi kvennabósinn, gengur í það heilaga. En ferðin á eftir að verða örlagarík fyrir báða og sannarlega grát-brosleg. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og fékk verðlaunin fyrir besta handritið byggt á öðru verki.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45

Veðurfregnir

06.50

Bæn

07.00

Fréttir

07.05

Morgunvaktin

09.00

Fréttir

09.05

Laufskálinn

09.45

Morgunleikfimi

10.00

Fréttir

10.03

Veðurfregnir

10.13

Pípar og salt

11.00

Fréttir

11.03

Samfélagið í nærmynd

12.00

Fréttayfirlit

12.20

Hádegisfréttir

12.45

Veðurfregnir

13.00

Vítt og breitt

14.00

Fréttir

14.03

Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna

14.30

Miðdegistónar

15.03

Ágind (e)

16.00

Fréttir

16.10

Veðurfregnir

16.13

Hlaupanótan

17.00

Fréttir

17.03

Viðsjá

18.00

Kvöldfréttir

18.25

Spegillinn

19.00

Vítinn

19.30

Laufskálinn

20.10

Heima er best

21.00

Út um græna grundu

21.55

Orð kvöldsins

22.00

Fréttir

22.15

Glæta

23.05

Fallegast á fóninn (e)

00.00

Fréttir

00.10

Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9

Talstöðin

FM 99,4

Útvarp Saga

FM 98,9

Bylgjan

FM 95,7

FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2

Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9

Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7

Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5

Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 89,5

Kiss / Nýja bitið í bænum

FM 88,5

XA-Radíó / 12 spora efni

FM 91,9

XFM / Tónlist og afþreying

FM 97,7

X-IB / Enginn viðbjóður

SYN

18.10 Enski deildarbikarinn (Liverpool - Arsenal)

►19.50 Enski deildarbikarinn (Wyc-ombe - Chelsea) Bein útsending frá leik Wycombe Wanderers og Chelsea í ensku deildarbikarkeppninni. Mun Wycombe stríða Englandsmeisturunum? Á sama tíma fer fram leikur Alaves og Barcelona á Sýn Extra í Spænska bikarnum.

21.50 Spænska bikarkeppnin (Alaves - Barcelona) Útsending frá leik Alaves og Bar-celona í spænsku bikarkeppninni í knatt-spymu. Alaves má muna sinn fífil fegri en gætu verið sýnd veiði en ekki gefin fyrir Katalóna.

23.30 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð á Spáni.

00.15 Enski deildarbikarinn (Wycombe - Chelsea)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – Nýjustu eigninar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að ein-býlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00

Den lille prinsesse

6.10

SKRÁL

6.30

OS - det er bare OS

7.00

Gurli Gris

7.05

Thomas og Tím

7.15

Charlie & Lola

7.30

Genbrugsguld

8.00

Opfinderne på Zanzib-ar

8.30

Chefredaktørernes Klub

9.10

Nation-en

9.30

Hva' så Danmark?

10.00

Den sidste slæder-ejse

10.30

Ildsjæle

11.00

TV Avisen

11.10

Kontant

11.35

Grøn glæde

12.00

Hvad er det værd

12.25

Aftenshowet

13.00

Aftens-howet

13.20

Uventet besøg

13.50

Nyhed-er på tegnsprog

14.00

TV Avisen med vejret

14.10

Dawson's Creek

15.00

Boogie Update

15.30

Pucca

15.35

Juniper Lee

16.00

Jun-i-or

16.30

Snip Snap Snude

16.50

Sallies his-torier

17.00

Aftenshowet

17.30

TV Avisen med Sport

17.55

Aftenshowet

18.30

Hånd-bold: Danmark-Frankrig

20.00

TV Avisen

20.25

Penge

20.50

SportNyt

21.00

En sag for Frost

22.40

Onsdags Lotto

22.45

For-brydelsen

23.40

Boogie Update

5.30

Pippi Langstrømpe

6.00

Den lille prinsesse

NRK1

11.00

Siste nytt

11.05

Distriktsnyheter

11.20

Fra Møre og Romsdal

11.40

Fra Hordaland og Sogn og Fjordane

12.00

Siste nytt

12.05

V-cup skiskyting: Stafett kvinner

13.00

Siste nytt

13.05

V-cup skiskyting: Stafett kvin-n-er

13.40

Distriktsnyheter

14.00

Siste nytt

14.05

Drakejegerane

14.30

Kim Possible

15.00

Siste nytt

15.03

Barna på Luna

15.30

Fabrikken

16.00

Siste nytt

16.10

Oddasat - Nyheter på samisk

16.25

Perspektiv: Vikings-kip på siste reis?

16.55

Nyheter på tegnspråk

17.00

Tigeren Edelbert

17.10

H.C. Andersens eventyr: Flaskehalsen

17.40

Distriktsnyheter

18.00

Dagsrevyen

18.30

Forbrukerinspekt-ørene

18.55

Eva og Adam

19.25

Redaksjon EN

19.55

Distriktsnyheter

20.00

Dagsrevy-en

21

20.40

Vikinglotto

20.45

House

21.30

Migrapolis: Jentene tar over

22.00

Kveldsnytt

22.15

Lydverket live: DumDum Boys fra Øya-festivalen

23.15

Den tredje vaken

23.55

Året på Argiano

5.25

Frokost-tv

SVT 1

11.00

Rapport

11.05

Wallenbergs

13.30

Ladykillers

15.00

Rapport

15.10

Gomoron Sverige

16.00

Lunds studentsångare vs Orp-hei Drängar

17.00

Lilla spöket Laban

17.05

Alice från Kina

17.15

Bella och Gustav

17.25

Känsliga bitar

17.30

Felicias magiska ring

17.45

Klister

18.00

Den tatuerade mamm-an

18.30

Rapport

19.00

Naturnollorna

19.30

Falkenbergsgrevyn Blåsningen

20.00

The Line of Beauty

21.00

Klosterliv

21.55

Rapport

22.05

Kulturny-heterna

22.15

AK3

23.45

Sändningar från SVT24

5.00

Gomor-on Sverige

Búlgaría

Perla Svartahafsins – hvergi meira frí fyrir peninginn



Salou og Pineda

Ævintýraparadís fjölskyldunnar



Bibione

Planetarium – glæsileg gisting. 100% ánægja



Sumar 2007

Barcelona frá kr. 29.990

Salou frá kr. 39.995

Bibione frá kr. 49.595

Portoroz frá kr. 68.190

Barcelonafra kr. 23.990

París frá kr. 28.910

Fyrstu 500 sætin 10.000 kr. afsláttur á mann

Veldu bestu gistinguna og fáðu mesta afsláttinn.

Gildir ekki um flugsæti eingöngu. Einungis takmarkaður fjöldi sæta í boði á hverri dagsetningu.

Bókaðu núna á www.terranova.is

Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið.

Terra Nova býður fullt af spennandi nýjungum fyrir sumarfríið 2007. Perla Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu, einn vinsælasti áfangastaður Evrópu. Salou og Pineda á Costa Dorada ströndinni sunnan Barcelona sem er sannkölluð fjölskylduparadís. Bibione á Ítalíu, einnar bestu sólarstrandar Ítalíu, þar sem í boði eru glæsilegir, nýjir gististaðir og frábær aðstaða í sumarfríinu. Einnig bjóðum við ferðir til perlu Adríahafsins Portoroz í Slóveníu og til heimsborganna Barcelona og Parísar. Starfsfólk Terra Nova óskar þér og þínum góðrar ferðar hvert sem leiðin liggur í sumarfríinu í ár.

Kynntu þér glæsilegan sumarbækling okkar sem dreift er með blaðinu í dag eða á www.terranova.is

Mundu MasterCard ferðadæmisumina! MasterCard

Ferðakortstula

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is Akureyri sími: 461 1099



HRÓSIÐ ...



... fær Guðmundur Ingi Þorvaldsson og samstarfsfólk hans, sem blæs í herlúðra og efni til baráttutónleika fyrir framtíð Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar á laugardag.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 nýnemi **6** samtök **8** hár **9** nögl **11** kringum **12** góð lykt **14** safna saman **16** í röð **17** niður **18** samhlíða **20** guð **21** nabbi.

LÖBDRÉTT 1 lífsförunautur **3** tveir eins **4** teygur **5** angan **7** nakinn **10** hljóma **13** þangað til **15** yfirstétt **16** tunna **19** tveir eins.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1 meki, 3 un, 4 slukkur, 5 ilm, 7 allsber, 10 óma, 13 uns, 15 aðal, 16 áma, 19 öð.

LÁRÉTT: 2 busi, 6 aa, 8 ull, 9 kló, 11 um, 12 ilmur, 14 sanku, 16 áb, 17 súð, 18 með, 20 ra, 21 arða.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á s. 8

1. Carl Bildt

2. Ísland

3. Magnús Magnússon

Gefðu dýrmætasta efni í heimi



Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is

Útsala Útsala

BOHEMIA vöruhús

20-80% afsláttur af öllum vörum

Verðdæmi:

Stækkanlegt borðstofufuborð, Eik eða Hnota, stærð: 150/240x190x76

verð áður: 112.970,- verð nú: 69.000,-

40%

Stofuskenkur, Eik eða Hnota, stærð: 150x46x85

verð áður: 92.950,- verð nú: 59.000,-

36%

Tungusófi 6 manna, tauáklæði

verð áður: 141.570,- verð nú: 59.000,-

60%

Stofustóll, PU, svartur, hvítur og rauður

verð áður: 24.500,- verð nú: 4900,-

80%

Bæðinnrétting m/blóndunartækjum

verð áður: 70.070,- verð nú: 29.900,-

57%

Mikið úrval af eikar- og hnotuhúsgögnum á útsöluinni

Sjón er sögu ríkari

Bohemia vöruhús - Askaland 2 - Kópavogi - Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 10-16

34FRÉTTABLAÐIÐ10. janúar 2007MIÐVIKUDAGUR

Sár og svekkjur ef satt reynist

„Það hringdi í mig maður skömmu eftir að keppninni lauk og sagði að verðlaunamyndin væri fölsuð. Ég var með atvinnuljósmyndara í dómnefndinni sem gerði engar athugasemdir við hana,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfréttamaður á Stöð 2, en að undanförmu hefur tölvupóstur gengið manna á milli þar sem því er haldið fram að sigurmynd veðurljósmyndakeppni Stöðvar 2 sé óekta. „Ég stend alveg berskjaldaður gagnvart þessu og mér þykir þetta mjög sárt ef satt reynist,“ bætir Sigurður við.

Í tölvupóstinum er því haldið fram að fjall sem sjáist á myndinni sé alls ekki við Jökuls-

árlón og að speglunin í vatninu í forgrunni gangi ekki upp. Það styðji þá hugmynd að ljósmyndin sé tekin í dagsbirtu en ekki að kvöldi. Sigurður útskýrir að ekki hafi verið neitt sem hafi bannað notkun á photoshop-ljósmyndaforritinu. „Ég ætla að ráðfæra mig við dómnefndina og yfirgrafikerinn vegna þessa,“ sagði Sigurður.

Fréttablaðið hafði samband við Þorstein Ásgeirsson, ljósmyndarann sem tók sigurmyndina, og hann vísaði þessum fullyrðingum algjörlega á bug. „Einhverjir hafa verið að bera út gróusögur um að myndirnar í efstu sætunum séu falsaðar en mín er það ekki,“ lýsir Þorsteinn yfir. Hann segir myndina vera fjögurra ára gamla og að hún sé tekin í átt að brúnni. „Hið meinta fjall er sennilega ein-

hver hluti af Örafajökli,“ útskýrir Þorsteinn sem jafnframt segist varla kunna á photoshop-forritið. „Þetta er bara eitthvert rugl og sennilega bara sama gamla sagan, öfund,“ bætir hann við.

SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON Ætlar að leggja málið fyrir dómnefndina og yfirgrafikerinn.

FALSAD EDA EKKI FALSAD? Greinilegt er að sá sem heldur þessu fram hefur lagt mikið á sig við að sanna sitt mál.

LATIBÆR: BRESKIR FJÖLMIÐLAR ÁHUGASAMIR UM MAGNÚS SCHEVING

Oliver sagður styðja við bakið á Íþróttarálfnum

„Við ætlum að vera með orkuátak í öðrum löndum en hvenær það verður er hins vegar ekki orðið ljóst,“ útskýrir Kjartan Már Kjartansson, upplýsingafulltrúi Latabæjar. Breska blaðið The Sun greindi frá því á mánudaginn að Íþróttarálfurinn og félagar hygðust hleypa slíku verkefni af stokkunum á næstu misserum. Svokallað Orkuátak hefur verið haldið tvívegis á Íslandi og notið mikilla vinsælda en þar geta krakkar unnið sér inn verðlaun fyrir heilsusamlegt líferni og fékk Latibær Norrænu heilsuverðlaunin árið 2004 fyrir framtakið.

Enn fremur var því haldið fram af blaðamanni The Sun að sjónvarpskokkurinn heimsfrægi, Jamie Oliver, hefði lýst yfir stuðningi við áttak Latabæjar en Kjartan segir þetta vera frekar ótímabæra frétt og byggða á sandi. „Oliver er þúsund sinnum stærri heldur en við í Bretlandi og hefur mikinn fjölda starfsmanna í kringum sig. Magnús og hann hafa ekki átt fund saman en við höfum komið okkur í samband við einn af starfsmönnum Olivers. Málið er hins vegar á algjörum byrjunarreit og það getur brugðið til beggja vona í þessu,“ segir Kjartan. „Við erum bara litlir karlar við hliðina á Oliver,“ bætir hann við en velferð og heilsa barna í Bretlandi hefur verið Jamie Oliver hugleikin og fór hann sjálfur í mikla herferð til



JAMIE OLIVER The Sun hélt því fram að kokkurinn frægi hefði lýst yfir stuðningi við Latabæ og Orkuátakið.

að bæta fæðu í skólum fyrir nokkrum árum.

Breskir fjölmiðlar sýndu viðtali sem birtist á sunnudaginn við Magnús Scheving í Sunday Times mikinn áhuga og skrifuðu flestir fréttir byggðar á því viðtali. Kjartan segir að síminn hafi varla stoppað hjá sér í gær eftir að The Sun birti sína frétt og vildu fá að vita hve-

nær Orkuátakið brýsti á enda virðist vera mikil þörf á slíkri herferð í Bretlandi. „Margar af þeim fréttum sem hafa birst eru frekar hæpnar,“ útskýrir Kjartan og áréttar að þetta sé ekki eitthvað sem sé að fara að gerast á allra næstu dögum.

Þessi mikli áhugi breskra fjölmiðla sýnir hins vegar glöggst hversu vinsælt fyrirbærið er orðið í Bretlandi en Latibær er nú sýndur á sjónvarpsstöðvunum BBC og Nickelodeon.

Auk þess komst an Bing Bang með lokalagi þáttarins í fjórða sætið á breska smáskífulistanum sína fyrstu viku á lista og stóra platan er þegar komin í gull.

freyrigia@frettabladid.is



SPORTACUS Ein vinsælasta hetjan meðal breskra barna í dag.

Stórskotalið leikara í Legi

Stórskotalið yngri kynslóðar leikara kom saman í Þjóðleikhúsinu í gær þar sem fyrsti samlestur á söngleiknum Leg eftir Hugleik Dagsson fór fram. Verkið fjallar um örlög óléttu unglingsstúlunnar Kötú í Garðabæ framtíðarinnar, en hlutverk hennar er í höndum Dóru Jóhannsdóttur.

Hugleikur var hæstánægður með útkomuna. „Þetta leggst alveg svakalega vel í mig, enda er þetta besta lið sem höfundur getur vonast eftir. Leikmyndin er bara tímamótaverk. Hún er listaverk út af fyrir sig og búningarnir ættu að fara á eitthvert catwalk í París,“ sagði Hugleikur, sem vildi þó lítið tjá sig og hefur sett sjálfan sig í fjölmiðlabann eftir að hafa verið nokkuð áberandi á síðum blaðanna fyrir jól.

Margt samstarfsfólk Hugleiks úr Forðist okkur, sem Nemenda-leikhúsið setti upp í samvinnu við Common Nonsense árið 2005,



SAMAN Á NÝ Hugleikur Dagsson, Stefán Jónsson og Davíð Þór Jónsson sameina krafta sína á ný í Legi, en þeir unnu líka saman að sýningunni Forðist okkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

snýr aftur til verka í Legi. Stefán Jónsson leikstýrir að nýju, Davíð Þór Jónsson sér um tónlistina ásamt hljómsveitinni Flís, og Ilmur Stefánsdóttir gerir leikmynd. „Hann Stefán skilur mig alveg rosalega vel,“ sagði Hugleikur um samstarfið. „Ég lít á

hann sem svona síamstívbura-bróður.“ Meðal annarra leikara í sýningunni eru þau Atli Rafn Sigurðarson, Halldóra Geirharðsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir og Kjartan Guðjónsson, en Leg mun koma fyrir augu landsmanna í febrúar.

- sun

Hókus pókus dagar!
KvissBAMMbúmm!

33%
afsláttur af
öllu!



Á Hókus Pókus dögum
galdrar Lalli burt 1/3 af
verðinu á öllu í Leikbæ!

Flottasta dótið er
alltaf fyrst að fara!

Leikbær

Laugavegi - Faxafeni - Mjódd - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi



BAKÞANKAR
GERÐAR KRISTNÝJAR

Elskusemi þeirra velstæðu

Fyrir tólf árum var ég blaðamaður á blaði sem reyndi sitt besta til að stinga á samfélagskýlinum. Þar starfaði hugumstór ritstjóri sem þreyttist seint á að segja sömu söguna. Hún var af blaðamanni sem ráðinn hafði verið á blað út á þá hugmynd að skrifa um fátækt á Íslandi. „Hann ætlaði að taka viðtöl við fátækt fólk en hver haldiði að vilji viðurkenna að hann sé fátækur? Maðurinn var auðvitað látinn fara viku síðar, ekki búinn að skrifa staf,“ sagði ritstjórinn. Fátækt var bara eins og hver annar draugagangur, erfitt að festa hendur á henni þótt marga hafi vissulega grunað að hún væri til.

NÚ hafa tímarnir heldur betur breyst. Undanfarinn áratug hafa fjölmiðlar fjallað ótúllega um tekjur hinna ríku, bílaflota, fasteignir og flugvélar og til að lesendur átti sig á því hvað þetta fólk á fyrir bragðgóðu salti í grautinn þurfum við almennileg viðmið. Því taka nú fjölmiðlar reglulega viðtöl við fólk sem hika ekki við að viðurkenna að það búi við sult og seyr.


FYRIR einu eða tveimur árum birti Kastljós til að mynda ekki aðeins viðtal við mann sem hafði látið jólagjafapeningana sína renna til blankrar konu heldur spjallaði konan sjálf líka um þessa rausnarlegu gjöf sem hafði svo sannarlega komið sér vel. Í síðustu viku tók Ingibjörg B. Sveinsdóttir, blaðamaður á Bláðinu, síðan viðtal við eldri konu sem hafði orðið fyrir því happi að ókunnug hjón buðust til að greiða fyrir hana matarkörfuna þar sem hún var stödd í Krónunni. Yfir örlæti hjónanna eru notuð mörg falleg orð sem sjaldséð eru í íslenskum fréttaflutningi, svo sem „kærleiksverk“, „elskusemi“ og „góðvild“.

ÁÐUR fyrr gátum við lifað sæl í þeirri trú að jöfnuður ríkti í samfélaginu. Enginn átti of mikið og enginn of lítið. Þeir sem voru fátækir flögguðu því ekki og það sem meira er, þeir ríku gerðu það heldur ekki. Þeir buðu blaðamönnum einfaldlega ekki upp á að smella myndum af Kjarvalnum og kristalnum. Nú hafa fjölmiðlar sýnt okkur að litla stúlkan með eldspýturnar gengur í sama skóla og ríku börnin í Burberry-fötum og það væri lítið varið í söguna af þeirri króklöppnu snót ef ekki skini „birta úr öllum gluggum og í götunni var svo yndislegur ilmur af gæsasteik“.

Gefðu
dýrmætasta
efni í heimi



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Hraðþjónusta Toyota - engar tímapantanir

Reglubundið viðhald þarf ekki að vera óþægilegt. Með tilkomu Hraðþjónustu Toyota er það bæði einfaldara og fyrirhafnarminna en áður.

Hraðþjónusta Toyota gefur þeim sem eru önnur kafnir kost á að njóta þjónustu sem losar fólk undan óþarfa umstangi og snúningum. Næst skaltu biðja um Hraðþjónustu Toyota og komast að raun um hvað hún getur breytt miklu fyrir þig á annasömum degi.



Hraðþjónusta Toyota - ekið inn að ofanverðu, Dalbrekkumegin



TODAY TOMORROW **TOYOTA**